Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og síma- afgreiðslukona	3130.00	
Sigríður Jónasdóttir, fv. ljósm., Miðhópi	1764.00	
Sigríður Jónasdóttir, fv. ljósm., Þórshöfn	1764.00	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari ..	5000.00	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir .	2000.00	

	kr.	kr.	7 2. febr.
Sigtryggur Guðlaugsson, fyrrv. sóknarpr.	16182.00		
Sigurður Benediktsson, fyrrv. póstur ...	1764.00		
Sigurður Fr. Einarsson, fv. fiskmatism. .	1764.00		
Sigurður Heiðdal	4696.00		
Sigurður Jónsson, fyrrv. fiskmatism. ...	1764.00		
Sigurður Nordal, prófessor	11682.00		
Sigurður M. Pétursson, fyrrv. sóknar- prestur, biðlaun	18000.00		
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur	1463.00		
Sigurður Sigurðsson, fv. barnakennari ..	3600.00		
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli, fyrrv. kennari	3500.00		
Sigurður Sumarliðason, fyrrv. póstur ..	1170.00		
Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður ...	16555.00		
Sigurmundur Sigurðsson, fv. héraðslæknir	3960.00		
Snorri Sigfússon, fyrrv. námsstjóri	5217.00		
Stefán Hannesson, fyrrv. barnakennari .	5217.00		
Stefán Þorvaldsson, fyrrv. póstur	2340.00		
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	2500.00		
Steinunn Bjartmarsdóttir, fyrrv. kennari	5000.00		
Svava Þorleifsdóttir, fyrrv. skólustjóri ..	4174.00		
Sveinn Árnason, fyrrv. fiskmatsstjóri ..	10800.00		
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur ..	1043.00		
Thor Brand, fyrrv. umsjónarmaður	5217.00		
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	1440.00		
Tómas Jónsson, fyrrv. fiskmatism.	2340.00		
Trausti Á. Reykdal, fyrrv. fiskmatism. ..	2338.00		
Valdimar Snævarr, fv. barnaskólustjóri .	9648.00		
Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símtjóri og póstafgreiðslukona	3600.00		
Vernharður Þorsteinsson, fyrrv. mennta- skólakennari	7826.00		
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	1170.00		
Vigfús Guttormsson, fyrrv. kennari	3652.00		
Viktória Kristjánsdóttir	2880.00		
Vilhjálmur Briem, fyrrv. sóknarprestur .	14000.00		
Vilhjálmur Finsen, fyrrv. sendiherra ...	28800.00		
W. Thomas Möller, fyrrv. síma- og póst- afgreiðslumaður	4174.00		
Þóra Bjarnadóttir	1799.60		
Þórarinn Grimsson, fyrrv. símtjóri og vitavörður	3652.00		
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatism. .	1764.00		
Þorbjörn Þórðarson, fyrrv. héraðslæknir	4104.00		
Þórdís J. Carlquist, fyrrv. forstöðukona Ijósmaðraskólans	3600.00		
Þórður Oddgeirsson, fyrrv. sóknarprestur	6300.00		
Þorkell Þorkelsson, fv. veðurstofustjóri .	37300.00		
Þorlákur Þorláksson, fyrrv. póstur	2340.00		
Þorleifur Erlendsson, fv. barnakennari .	2160.00		

7

2. febr.

		kr.	kr.
Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðra- skólastjóri	6261.00		
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsm. . .	2340.00		
Þorsteinn M. Jónsson, fyrrv. skólastjóri	6500.00		
Þorsteinn Þorsteinsson, fv. hagstofustj. .	13396.00		
Þórunn Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir .	1774.00		
Þorvaldur Þorvaldsson, fv. fiskmatsm. . .	2340.00		
	1593004.32		
Verðlagsuppbót	1162892.00		
		2 755 896	
b. Ekkjur:			
Aðalbjörg Jakobsdóttir	2934.00		
Aðalbjörg Sigurðardóttir	7020.00		
Agnethe Kamban	4320.00		
Anína Arinbjarnardóttir	1764.00		
Anna Bjarnadóttir	1764.00		
Anna Kl. Jónsson	2628.00		
Anna Kristjánsdóttir	3500.00		
Anna Ólafsdóttir	3000.00		
Anna Pálsdóttir	4320.00		
Anna Sigurðardóttir	8568.00		
Anna Stefánsdóttir	3510.00		
Anna Þorgrímsdóttir	4174.00		
Anna Þorkelsdóttir	3635.00		
Arndís Sigurðardóttir	1764.00		
Árný Stígsdóttir	1764.00		
Arnþrúður Daniëlsdóttir	3000.00		
Ásdís Þorgrímsdóttir	1764.00		
Áslaug Thorlacius	5400.00		
Ásta Einarson	3510.00		
Ásta Jaden	4800.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja L. Norðdal	4000.00		
Ásta Þorvaldsdóttir	1764.00		
Ástriður Eggertsdóttir	8000.00		
Ástriður Magnúsdóttir	1170.00		
Ástriður Petersen	3510.00		
Auður Gísladóttir	2993.00		
Auður Jónasdóttir	10800.00		
Bentína Hallgrímsson	9747.00		
Björg Guðmundsdóttir	2340.00		
Björg Jónasdóttir	4104.00		
Bryndís Þórarinsdóttir	6261.00		
Camilla Hallgrímsson	4696.00		
Davina Sigurðsson	10000.00		
Dorothea Guðmundsson	4104.00		
Edith Möller	3500.00		
Eleanor Sveinbjörnsson	7020.00		
Elín Guðbjörg Guðmundsdóttir	3686.00		
Elínborg Vigfúsdóttir	2340.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Péturs Guð- mundssonar	1764.00		

		kr.	kr.	7 2. febr.
Elisabet Jónsdóttir, ekkja Rikharðs Kristmundssonar	5217.00			
Elisabet Sigurðardóttir	3130.00			
Ellen Einarsson	23652.00			
Ellen Sveinsson	5841.00			
Emelía P. Briem	10800.00			
Ethel Arnórsson	5400.00			
Finnbjörg Kristófersdóttir	7304.00			
Fríða Hliðdal	19980.00			
Geirlaug Stefánsdóttir	2934.00			
Guðbjörg Hermannsdóttir	3402.00			
Guðbjörg Kristjánsdóttir	7020.00			
Guðbjörg Tómasdóttir	3510.00			
Guðfinna Þórðardóttir	1755.00			
Guðlaug Magnúsdóttir	11682.00			
Guðný Guðmundsdóttir	5000.00			
Guðríður Eiríksdóttir	2934.00			
Guðríður Helgadóttir	3996.00			
Guðríður Ólafsdóttir	3294.00			
Guðrún Arinbjarnar	5400.00			
Guðrún Björnsdóttir	3500.00			
Guðrún Egilson	11682.00			
Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	5850.00			
Guðrún S. Guðmundsdóttir	5217.00			
Guðrún Hálfánardóttir	2087.00			
Guðrún Hermannsdóttir	2340.00			
Guðrún Jónsdóttir, ekkja Einars Þorsteinssonar	1500.00			
Guðrún Jónsdóttir, ekkja S. Z. Gíslasonar	7020.00			
Guðrún P. Jónsdóttir	7020.00			
Guðrún Oddgeirsdóttir	4174.00			
Guðrún Oddsdóttir	6783.00			
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Benedikts Sveinssonar	19008.00			
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Sigurgeirs Sigurðssonar	5217.00			
Guðrún Ragúels	1764.00			
Guðrún Sveinsdóttir	11254.93			
Guðrún Torfadóttir	4104.00			
Guðrún Þorvarðsson	8870.00			
Halldóra Ólafsdóttir	10800.00			
Halldóra Þórðardóttir	3510.00			
Hansína Pálsdóttir	1565.00			
Harriet Jónsson	2628.00			
Hedvig Blöndal	1764.00			
Helga Finnsdóttir	12522.00			
Helga Jónsdóttir	8104.00			
Helga I. Stefánsdóttir	1764.00			
Hildur Björnsdóttir	4615.00			
Hlíf Böðvarsdóttir	4000.00			
Hlín Johnson	10530.00			

7
2. febr.

Hrefna Ingimarsdóttir	7020.00
Hrefna Jóhannesdóttir	3510.00
Ingibjörg Björnsdóttir	3652.00
Ingibjörg Jónasdóttir	4104.00
Ingibjörg Magnúsdóttir	4104.00
Ingveldur Einarsdóttir	4104.00
Ingveldur Ólafsdóttir	1755.00
Jakobína Sigr. Torfadóttir	2500.00
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	3652.00
Jóhanna Gunnarsdóttir	4960.00
Jóhanna Jónsdóttir	5217.00
Jóhanna Magnúsdóttir	4104.00
Jóhanna Pálmadóttir	8304.00
Jóhanna Thorlacius	1764.00
Jóna Jakobsdóttir	3000.00
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	5040.00
Jóney Guðmundsdóttir	3510.00
Júliana M. Jónsdóttir	4748.00
Katrín Sveinsdóttir	3652.00
Klara Helgadóttir	4174.00
Kristín Guðmundsdóttir	1755.00
Kristín Pálsdóttir	2934.00
Kristín Sigurðardóttir	3130.00
Kristín Thorberg	2160.00
Kristín Thoroddsen	2160.00
Kristín Þórarinsdóttir	5217.00
Kristólína Kragh	2340.00
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárus- sonar	4427.00
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	3652.00
Lára Skúladóttir	3130.00
Laufey Vilhjálmsdóttir	13932.00
Lilja Haraldsdóttir	2880.00
Lovísa Sveinbjörnsson	18324.00
Magdalena Ásgeirsdóttir	720.00
Magnea Magnúsdóttir	8870.00
Málfriður Jónsdóttir	4696.00
Margrét Árnadóttir	5075.00
Margrét Ásmundsdóttir	2340.00
Margrét Blöndal	3652.00
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	7652.00
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	1764.00
Margrét Lárusdóttir	5400.00
Margrét Kr. Lárusdóttir	2340.00
Margrét Þórðardóttir	3510.00
Margrethe Kaldalóns	16561.00
María Guðlaugsson	4320.00
María J. Klemenz	1764.00
María Thoroddsen	9000.00
María Tómasdóttir	2609.00

kr.

kr.

		7	
		kr.	kr.
			2. febr.
Nanna Jónsdóttir	5000.00		
Nielsína Ólafsdóttir	3510.00		
Oktavía Sigurðardóttir	4696.00		
Ólafía Einarisdóttir	6261.00		
Ólafía Finnbogadóttir	1170.00		
Ólafía Valdimarsdóttir	3130.00		
Olga E. Jónsson	5217.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	4104.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	5850.00		
Ragnheiður Bjarnadóttir	5850.00		
Ragnheiður Jónasdóttir	10800.00		
Ragnheiður Straumfjörð	1764.00		
Ragnhildur Teitsdóttir	1670.00		
Ragnhildur Thorlacius	6261.00		
Rannveig Tómasdóttir	3510.00		
Rigmor Ófeigsson	4680.00		
Rósa Jónsdóttir	1170.00		
Sesselja Eiríksdóttir	1764.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	4680.00		
Sigríður Bjarnason	9391.00		
Sigríður Einarsson	18000.00		
Sigríður Finnbogadóttir	4680.00		
Sigríður Fjeldsted	4696.00		
Sigríður Gísladóttir	1764.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	1764.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilstöðum	8820.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	2934.00		
Sigríður Kjartansdóttir	7020.00		
Sigríður Pétursdóttir	5217.00		
Sigríður Snæbjörnsdóttir	2934.00		
Sigríður Snæbjörnssen	4696.00		
Sigrún Auðuns	4174.00		
Sigrún Bjarnason	6261.00		
Sigrún Guðbrandsdóttir	4174.00		
Sigrún Kjartansdóttir	4104.00		
Sigurbjörg Bogadóttir	4104.00		
Sigurlaug G. Gröndal	2340.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	5217.00		
Sólveig Árnadóttir	1764.00		
Sólveig Eggerz	15419.00		
Sólveig Pétursdóttir	5217.00		
Stefanía Hjaltsted	2934.00		
Stefanía Stefánsdóttir	5739.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	3110.00		
Steinunn Jóhannesdóttir	3510.00		
Steinunn Oddsdóttir	2934.00		
Steinunn E. Stephensen	3510.00		
Súsanna Friðriksdóttir	5217.00		
Sylvía N. Guðmundsdóttir	5530.00		
Unnur Skúladóttir	5850.00		
Valborg Einarsson	5850.00		

		kr.	kr.
Valborg Haraldsdóttir	5000.00		
Valgerður Halldórsdóttir	8348.00		
Valgerður Ólafsdóttir	4174.00		
Vigdís G. Blöndal	2934.00		
Viktoria Bjarnadóttir	882.00		
Vilborg Bjarnadóttir	3339.00		
Vilborg Torfadóttir	1764.00		
Vilhelmína Ingimundardóttir	3809.00		
Þóra L. Björnsson	6261.00		
Þóra Hjartar	2087.00		
Þóra Jónsdóttir	3000.00		
Þóra Sigurðardóttir	1764.00		
Þóra Skaftason	1764.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	5850.00		
Þórdís Ívarsdóttir	1170.00		
Þórunn Hafstein	2340.00		
Þórunn Pálsdóttir	5850.00		
Þórunn Sigurðardóttir	1764.00		
Þórunn Þórðardóttir	1080.00		
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	3652.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	2880.00		
Þuríður Benediktsdóttir	5868.00		
Þuríður Bjarnadóttir	3000.00		
Þuríður Káradóttir	6783.00		
Þuríður Nielsdóttir	5000.00		
	1035893.93		
Verðlagsuppbót	755202.00		
		1 791 096	
c. Barnastyrkir:			
1. Barn Árna sál. Helgasonar, héraðs- læknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1924, sjúklingur	1764.00		
2. Barn Bergsveins sál. Haraldssonar, kennara, Bergljót Bergsveinsdóttir, f. 1942	1764.00		
	3528.00		
Verðlagsuppbót	2575.00		
		6 103	
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 101/1943 og 8. gr. l. 102/1943 (áætlað)			4 553 095
IV. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunkvenna, skv. 12. gr. l. 103/1943			8 500 000
V. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940			115 000
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og visitöluupp- bóta á lífeyri			28 500
			2 800 000
Samtals	16 649 099

19. gr.

7

2. febr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana		57 000 000
2. Vegna visitöluhækkana		4 000 000
3. Vegna afnáms visitöluskerðingar		1 500 000
4. Vegna nýrra launalaga		23 500 000
5. Til aukinnar löggæzlu og tollgæzlu samkv. ráðstöfun dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis		1 350 000
6. Til óvissra útgjalda		2 500 000
Samtals	89 850 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar		1 850 000
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		500 000
Samtals	2 450 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán	9695284	
b. Lán í dönskum bönkum	1255027	
c. Lán í Bandaríkjunum	81600	
	11 031 911	
2. Lán ríkisstofnana:		
Landssíminn (3. gr. A. 2)	950 000	
		11 981 911
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánnum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað) ..		12 000 000
III. Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2) ...		8 650 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		1 050 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		150 000
VI. Til byggingar björgunar- og varðskips fyrir Norðurland, enda samþykki dómsmálaráðuneytið gerð skipsins		500 000
VII. Til sementsverksmiðju		1 000 000
VIII. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	4 600 000	
2. Til byggingar fávitahælis	500 000	
		5 100 000
IX. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		1 700 000
X. Til byggingar radiomiðunarstöðvar á Garðskaga, fyrsta greiðsla af þremur		120 000
XI. Til flugvallagerða		3 500 000
XII. Til sjúkraflogvalla		500 000
XIII. 1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri	250 000	
2. Til byggingar sjómannaskólans	440 000	
3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	75 000	
4. Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík ..	1 600 000	
5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	500 000	
6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	750 000	

		20. gr.		7
		kr.	kr.	2. febr.
7.	Til bygginga vegna Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni	300 000		
8.	Til byggingar húsmæðrakennaraskóla	200 000		
XIV.	Til bygginga á prestssetrum		4 115 000	
XV.	Til útihúsa á prestssetrum		2 000 000	
XVI.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		700 000	
XVII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		600 000	
XVIII.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		1 000 000	
XIX.	Til byggingar beitarhúsa á Hólum		600 000	
XX.	Til fjósbyggingar að Eiðum		40 000	
XXI.	Til fjós- og hlöðubyggingar á Litla-Hrauni		230 000	
XXII.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		250 000	
XXIII.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglínga		650 000	
XXIV.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Reykjum ..		400 000	
XXV.	Til að lána Sölufélagi garðyrkjumanna til byggingar söluskála		100 000	
XXVI.	Til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er ríkisstjórnin telur heppilegast, og má setja þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt		100 000	
XXVII.	Til byggingar stjórnarráðshúss		5 000 000	
XXVIII.	Lán vegna framkvæmda á Rjúpnahæð		2 000 000	
XXIX.	Til byggingar tollstöðvar í Reykjavík		600 000	
			850 000	
	Samtals	65 486 911	

		kr.	kr.
T e k j u r :			
2. gr.	Skattar og tollar		521 400 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		131 752 988
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af hönkum og vaxtatekjur		1 983 000
5. gr.	Óvissar tekjur		4 100 000
Samtals	659 245 988

II. Sjóðs-

		kr.
I n n :		
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	659 245 988
Aðrar innborganir og fyrningar:		
20. gr. I.	Fyrningar	1 850 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
	Greiðslujöfnuður ...	229
Samtals ...		661 696 217

7 firlit.
firlit.

7
2. febr.

21. gr.

		kr.	kr.
Gjöld :			
7. gr.	Vextir		2 672 505
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		877 740
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkis- reikninga		5 902 797
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		18 082 414
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	35 848 029	
— B.	Opinbert eftirlit	2 737 696	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta ...	14 682 903	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur ..	675 000	
			53 943 628
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		42 332 002
13. gr. A.	Vegamál	61 363 017	
— B.	Samgöngur	13 763 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	14 927 657	
— D.	Flugmál	4 038 483	
			94 092 157
14. gr. A.	Kirkjumál	10 798 727	
— B.	Kennslumál	83 401 651	
			94 200 378
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	8 049 499	
— B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	8 859 894	
			16 909 393
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	48 707 943	
— B.	Sjávarútvegsból	10 741 552	
— C.	Iðnaðarmál	2 572 700	
— D.	Raforkumál	19 349 471	
			81 371 666
17. gr.	Til félagsmála		79 325 527
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		16 649 099
19. gr.	Óviss útgjöld		89 850 000
	Rekstrarafgangur		63 036 682
	Samtals	659 245 988

7 firlit.

		kr.
Út :		
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	596 209 306
20. gr.	Aðrar útborganir: Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	65 486 911
	Samtals ...	661 696 217

Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
- II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.
- III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heima-húsum.
- IV. Að verja allt að 25 þús. kr. í samráði við símamálastjórnina til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi eigi að bera meiri útgjöld af slíkum tækjum en talsímanotendur, sem hafa notendasíma landssímans í sveitum.
- V. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1955 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
- VI. Að verja afgangnum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.
- VII. Að greiða læknavitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknilaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknilaunum þann tíma, sem héraðið er læknilaust.
- VIII. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað og 15 þús. kr. til kvennaskólans á Blönduósi til tóvinnukennslu.
- IX. Að greiða halla á rekstri Þjóðleikhússins allt að 450 þús. kr.
- X. Að greiða menningarsjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur sjóðsins árið 1955 nái 550 þús. kr.
- XI. Að greiða drengnum Garðari Brynjólfssyni, Minna-Knarrarnesi, Vatnsleysuströnd, hæfilegar bætur vegna slyss, er hann varð fyrir 15. júlí 1946 af völdum sprengingar við bæinn Minna-Knarrarnes á Vatnsleysuströnd.
- XII. Að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, vegna daglegs flutnings mjólkur og mjólkurafurða frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja, allt að 50 þús. kr.
- XIII. Að greiða h/f Skallagrími í Borgarnesi allt að 200 þús. kr. viðbótarrekstrarstyrk, ef óhjákvæmilegt reynist.
- XIV. Að ábyrgjast fyrir Skallagrím h/f í Borgarnesi allt að 3.6 millj. kr. innlent eða erlent lán, er félagið kann að taka til smíða á nýju skipi fyrir Reykjavík—Akranes—Borgarnesferðir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó eigi yfir 60% af kostnaðarverði skipsins. (Endurveiting).
- XV. Að ábyrgjast fyrir kirkjubyggingasjóð allt að 500 þús. kr. lán til kirkjubygginga.
- XVI. Að ábyrgjast allt að 8 millj. kr. lán til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjólsværksmiðja, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hvernar framkvæmdar.
- XVII. Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 2 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.
- XVIII. Að ábyrgjast með þeim skilyrðum er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir

tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin samtals nema allt að 7
1.3 millj. kr. 2. febr.

- XIX. Að ábyrgjast fyrir sameignarfélagið Íslenzkir aðalverktakar allt að 1.5 millj. kr. lán vegna þátttöku ríkissjóðs í félaginu. (Endurveiting.)
- XX. Að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, allt að 1 millj. kr. lán, er h/f Kol kann að taka til kolavinnslu á Skarðsströnd.
- XXI. Að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. rekstrarlán vegna öryrkjaheimilis h/f Sunnu gegn því, að Reykjavíkurbær ábyrgist 100 þús. kr. til viðbótar.
- XXII. Að ábyrgjast allt að 250 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó ekki yfir 80% af heildarkostnaði.
- XXIII. Að gera eftirtaldar ráðstafanir vegna óþurrkanna á Suður- og Vesturlandi sumarið 1955:
1. að lána bjargráðasjóði allt að 10.5 millj. kr., er sjóðurinn láni bændum á óþurrkasvæðinu;
 2. að verja allt að 700 þús. kr. vegna heylutninga;
 3. að greiða Sláturfélagi Suðurlands 250 þús. kr. vegna vaxtakostnaðar félagsins í sambandi við óvenjuleg kaup á sláturpeningi haustið 1955 og öðrum aðilum, sem eins stendur á um, hlutfallslega upphæð.
- XXIV. Að gefa eftir aðflutningsgjald af snjóþífreiðum.
- XXV. Að endurgreiða bæjarstjórn Ísafjarðar og stjórn sjúkrahúss Neskaupstaðar aðflutningsgjöld af sjúkrahífreiðum.
- XXVI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluólíum til veðurathugunar- skipa í Norðurhöfum.
- XXVII. Að endurgreiða toll af maniókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.
- XXVIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.
- XXIX. Að lána h/f Baldri í Stykkishólmi allt að 200 þús. kr. vegna stofnkostnaðar flóabáts.
- XXX. Að ákveða, að ef rekstur flugmálanna verður hagkvæmari en gert er ráð fyrir á 13. gr. D, sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á árinu 1957.
- XXXI. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum.
- XXXII. Að verja eða taka að láni allt að 2 800 000 kr. til stækkunar sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík.
- XXXIII. Að taka allt að 5 millj. kr. lán til að auka húsnæði ríkisspítalanna. (Endurveiting).
- XXXIV. Að greiða allt að 200 þús. kr. upp í stofnkostnað við lýsingu á þeim kafla Hafnarfjarðarveggar, sem er í Garðahreppi.
- XXXV. Að kaupa jörðina Grafarholt ásamt byggingum fyrir tilraunastöð háskólans að Keldum.
- XXXVI. Að leyfa stjórn landhelgisgæzlunnar að greiða úr landhelgissjóði hluta af byggingarkostnaði björgunar- og varðskips fyrir Norðurland.
- XXXVII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tiltekna vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins. Verðhækkun á vindlingum af þeim sökum skal undanþegin smásöluálagningu.
- XXXVIII. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

- 7
2. febr.
- XXXIX. Að afhenda Tónlistarfélaginu húseignina Þrúðvang við Laufásveg í Reykjavík.
- XL. Að verja öllu 10% álagi á skemmtanaskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 115 29. des. 1951, til Sinfóníuhljómsveitar, enda verði samkomulag við aðra aðila um rekstur sveitarinnar og fjárframlög til hennar.
- XLI. Að greiða að fullu úr ríkissjóði kostnað við tilraun samkvæmt XVI. lið 22. greinar fjárlaga fyrir árið 1951.
- XLII. Að veita eftirtalin lán af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1955:
- Ræktunarsjóði 22 millj. kr.
 - Veðdeild Búnaðarbanka Íslands 2 millj. kr.
 - Fiskveiðasjóði Íslands 10 millj. kr.
 - Til íbúðalána samkv. lögum nr. 55/1955 13 millj. kr., enda skal fjárhæð þessari skipt til A-lána samkv. I. kafla laganna og til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum samkv. II. kafla í sömu hlutföllum og fé hefur verið heitið til þessa samkvæmt lögum og samningum við bankana.
- Ríkisstjórnin ákveður, með hvaða kjörum lán þessi verða veitt.
- XLIII. Að greiða 1.2 millj. kr. upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar.
- XLIV. Að greiða 1.5 millj. kr. upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir.
- XLV. Að leggja fram allt að 5 millj. kr. til stofnunar framkvæmdasjóðs til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis síðar.

23. gr.

Heimilt er á árinu 1956 að greiða á laun starfsmanna ríkisins 20% grunnlaunauppbót, enda skal lágmarksvinnutími samkvæmt 1. gr. I. reglugerðar nr. 45/1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136/1945 vera á sama tíma 38½ klukkustund á viku.

Á árinu 1956 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

Nú koma ný launalög í gildi á árinu 1956, og fellur þá niður heimild sú, er felst í 1. málsg. þessarar greinar. Halda skulu þó gildi sínu ákvæði málsgreinarinnar um vinnutíma.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1955 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört að Bessastöðum, 2. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

8

18. jan.

um sölu tveggja jarða í opinberri eigu og um makaskipti á löndum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja ábúendum Holts í Árnassýslu, þeim Sigurgrími Jónssyni, Vernharði, Herði og Jóni Sigurgrímssonum, eyðijörðina Breiðumýrarholt fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta, enda séu færðar sönnur á, að býlum verði fjölgað í Holti.
2. Að selja eigendum og ábúendum jarðanna Smjördala, Nýjabæjar og Ljónsstaða í Sandvíkurhreppi í Árnassýslu, þeim Jóni Þorkelssyni, Þorsteini Brynjólfssyni og Leó Viggó Johnsen, hverjum um sig hluta úr þjóðjörðinni Smjördala-Norðurkoti í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta hvern hluta, enda falli ábúendur, hver um sig, frá forkaupsrétti að áveitulöndum þeim (svonefndri Hrísmýri), sem þeir hafa áður afsalað ríkissjóði til greiðslu á áveituskatti.
3. Að hafa makaskipti á löndum við Hafnarfjarðarkaupstað þannig, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái hluta af landi skógræktar ríkisins í landi Þorbjarnarstaða og Straums í Garðahreppi, en láti skógrækt ríkisins hafa þar á móti land í Undirhlíðum frá Vatnsskarði norður í Kaldársel.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. janúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

9

27. jan.

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Spánar.

Með erindaskiptum í Madrid hinn 31. desember 1955 var viðskiptasamningur Íslands og Spánar frá 17. desember 1949 (Stj.tíð. A. 5/1950) framlengdur óbreyttur til ársloka 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 27. janúar 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

10
27. jan.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykjavíkurbæ
eignina Laugarnes í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. janúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

11
2. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laga nr. 13 frá 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, orðist svo:

Engum er heimilt án leyfis þess, er eignarrétt hefur á riti, að gefa út þýðing á því fyrr en 25 ár eru liðin frá því að ritið var gefið út í fyrsta sinn. — Nú hefur rit verið gefið út með fullri heimild á ýmsum tungumálum áður en téður 25 ára frestur er liðinn, og er þá eigi heimilt að gefa út þýðing á því á neinu þeirra tungumála, nema sá, er eignarréttinn hefur, leggi á samþykki sitt. Nú er rit gefið út í heftum, og ber þá að telja ofangreint 25 ára tímabil frá útkomu síðasta heftis. Sé um rit að ræða, sem út eru gefin í bindum, er koma út á nokkrum fresti, eða skýrslur, sem vísindafélög gefa út, þá skulu einstök bindi eða skýrslur teljast sérstök rit að því er umgetinn frest snertir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 2. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþings 1956.

12

14. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1956 skal koma saman 10. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 14. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

um kirkjuítök og sölu þeirra.

13

15. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kirkjuítak er ítak, sem kirkja á.

2. gr.

Um lausn kirkjuítaka og sölu semur sóknarnefnd þeirrar kirkju, sem ítakið á, að því er snertir safnaðarkirkjur og lénskirkjur.

Til sölu kirkjuítaks, sem prestur árlega nýttjar, þarf jafnan samþykki biskups og hlutaðeigandi sóknarprests.

3. gr.

Andvirði kirkjuítaks og landssvæða, sem kirkjur eiga, svo sem varpeyja, engja-teiga, afréttar- eða beitolands, ef eigi eru sérstök býli, sem seld hafa verið eftir 1. janúar 1940 eða seld verða, rennur til þeirrar kirkju, sem ítakið á. Þegar kirkjuítak er selt, skal fella afgjald þess niður úr heimatekjum þess prests, er ítakið hafði.

Gjört að Bessastöðum, 15. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

13

14

15. febr.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um fuglaverndun.

Hinn 28. janúar 1956 var utanríkisráðuneyti Frakklands afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um fuglaverndun, sem gerður var í París hinn 18. október 1950.

Fylgir samningurinn hér með í íslenzkri þýðingu og miðast gildistaka aðildar Íslands að samningnum við afhendingardag aðildarskjalsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 15. febrúar 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

Alþjóðasamþykkt um fuglaverndun.

(París, 18. október 1950.)

Með því að samningsaðilum er ljós sú geryðingarhætta, sem vofir yfir vissum tegundum fugla, og stendur líka stuggur af ískyggilegri fækkun annarra tegunda, einkum farfugla,

og með tilliti til þess, að frá sjónarmiði vísindalegrar þekkingar, náttúruverndunar og þjóðarbúskapar ættu í rauninni allir fuglar að njóta friðunar,

hafa þeir komið að þeirri niðurstöðu, að þörf sé breytinga á Parísarsamþykktinni frá 1902 (Alþjóðasamþykkt um friðun fugla, sem gagnlegir eru landbúnaði), og þar af leiðandi leggja þeir til, að textinn verði á þessa leið:

1. gr.

Samþykkt þessi skal taka til allra villifugla.

2. gr.

Aðilar samþykktarinnar telja, að með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein eigi yfir höfuð að friða:

- a. alla fugla, að minnsta kosti um varptímann, og sömuleiðis farfugla þann tíma, sem þeir hverfa aftur til varpstöðva sinna, einkum í marz, apríl, maí, júní og júlí;
- b. þær tegundir, sem geryðing vofir yfir eða eru vísindalega merkilegir, allt árið.

3. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma tegundarinnar að flytja inn, flytja út, flytja til, selja, bjóða til kaups, kaupa eða geyma nokkurn þann fugl, eða jafnvel hluta af fugli, lifandi eða dauðan, sem ólöglega var drepinn eða fangaður.

4. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma hverrar tegundar, og sér í lagi um varptímann, að færa úr stað eða

ónýta hreiður, sem fuglar eru að gera sér eða liggja í, að taka eða skemma, flytja til, 14
flytja út eða inn, að selja, bjóða til kaups, að kaupa og að ónýta egg eða eggskurn 15. febr.
fugla. Sömu ákvæði skulu og gilda um unga villtra fugla.

Bann þetta skal ekki taka til eggja, sem tekin eru með löglegum hætti, enda fylgi þeim vottorð um, að þau séu ætluð til útungunar eða til vísindalegra nota eða þau séu undan alifuglum. Og vegna sérstakra og viðurkenndra ástæðna skal bann þetta ekki taka til vepjueggja í Hollandi.

5. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að banna eftirtaldar (veiði)-aðferðir, sem valdið geta fjöldadrápi fugla eða föngun eða bakað þeim kvalir að nauðsynjalausu. Og í þeim löndum, þar sem slíkar aðferðir eru nú heimilar samkv. lögum, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til að taka smám saman í lög þau ákvæði, er banni þær eða setji notkun þeirra takmörk:

- a. snörur, lim, gildrur, öngla, net, eitrað eða deyfandi agn, blindaða bandingja;
- b. tálgildrur fyrir endur;
- c. spegla, blys og annan ljósaútbúnað;
- d. net eða aðrar fiskveiðatilfæringar til þess að veiða sundfugla;
- e. marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki;
- f. yfirleitt öll skotvopn önnur en þau, sem skjóta má með frá öxl;
- g. notkun vélknúinna báta til þess að elta eða skjóta fugla á ósöltu vatni og, frá 1. marz til 1. október, á sjó innan landhelgi eða með ströndum fram;
- h. notkun vélknúinna farartækja á landi eða flugvéla til þess að skjóta fugla eða reka þá;
- i. að heitið sé verðlaunum fyrir að fanga fugla eða eyða þeim;
- j. heimild til þess að skjóta fugla eða veiða þá í net skal háð takmörkunum á öllum árstímum og afnumin með öllu um varptímamann á sjó, í fjörum og með ströndum fram;
- k. allar aðrar aðferðir, sem stefna að fjöldaveiði eða fjöldadrápi fugla.

Undnatekningar frá ákvæðum þessarar greinar eru tilgreindar í 6. og 7. grein.

6. gr.

Ef einhver fuglategund á tilteknu svæði er líkleg til þess annað hvort að reynast hættuleg nytjagróðri eða dýrum með skaða þeim, er hún gerir á ökrum, vínökum, matjurtagörðum, aldingörðum, skógum, veiðidýrum eða fiski, eða er líkleg til að eyða eða fækka einni eða fleiri tegundum, sem æskilegt er að viðhalda, skal réttum stjórnarvöldum heimilt, með því að veita einstaklingum leyfisbréf, að létta af banni því, er 2. og 5. grein fyrirskipa, að því er til þeirrar tegundar kemur.

Eigi að síður skal það vera ólöglegt að kaupa eða selja fugla, sem veiddir eru samkvæmt undanþágu þessari, eða flytja þá burt af því svæði, þar sem þeir voru veiddir.

Nú eru í landslögum einhver önnur ákvæði, er gera það kleift að draga úr spjöllum af völdum tiltekinna fuglategunda, og mega þá aðilar að samþykktinni láta þau ákvæði haldast, að því tilskildu, að tryggt sé, að tilveru viðkomandi tegundar sé ekki stefnt í hættu.

Með því að sérstakir atvinnuhagsmunir eru í húfi í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum, mega rétt stjórnarvöld í löndum þessum gera undanþágur og leyfa sérstök frávik frá ákvæðum þessarar samþykktar. Ef Ísland skyldi gerast aðili að samþykktinni, mundu hinar sömu undanþágur og frávik verða leyfð þar, skyldi þess verða æskt.

14 Í engu landi skal neitt það aðhafzt, er leiði til geryðingar þeirra staðfugla 15. febr. eða farfugla, sem um ræðir í þessari grein.

7. gr.

Undanþágur frá ákvæðum þessarar samþykktar mega rétt stjórnarvöld veita í þágu vísinda og fræðslu, eða ef um er að ræða viðreisn fuglastofna, klak, og uppeldi veiðifugla, eða fálkahald, eftir því sem á stendur, og að því tilskildu, að nauðsynlegrar varúðar sé gætt til þess að girða fyrir misnotkun.

Ákvæði 3. og 4. gr. um tilflutning (transport) skulu ekki gilda í brezka konungsríkinu.

Í engu landi skal bann 3. greinar taka til fiðurs af þeim tegundum fugla, sem leyfilegt er að veiða í því.

8. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að gera skrá yfir þá fugla, sem leyfilegt verður að drepa eða fanga í landi hvers þeirra, samkvæmt þeim skilyrðum, er samþykkt þessi setur.

9. gr.

Hvert land skal hafa rétt til að gera skrá yfir þær fuglategundir, staðfugla og farfugla, sem einstaklingar mega halda föngnum, og skal þar kveða á um þær aðferðir, er leyfilegar eru við föngunina, og sömuleiðis um það, við hvaða aðstæður megi flytja fuglana til og geyma þá fangna. Hvert land skal setja reglur um verzlun með slíka fugla og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að takmarka hana.

10. gr.

Aðilar að samþykktinni skuldbinda sig til að rannsaka og gera viðeigandi ráðstafanir til að varna tortímingu fugla af völdum úrgangsolíu frá skipum eða annarri saurgan vatns, eða af völdum vita, rafmagnsstrengja, skordýraeiturs eða annars eiturs, svo og vegna annarra hliðstæðra orsaka.

Þeir skulu leitast við að glæða hjá börnum og almenningi skilning á nauðsyn þess að vernda og friða fugla.

11. gr.

Til þess að bæta úr afleiðingum þess, að hentugum varpsvæðum fyrir fugla fækkar sem óðast fyrir aðgerðir manna, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til þess að hvetja til þess þegar í stað og stuðla að því með öllum viðeigandi ráðum, að bæði á sjó og landi verði friðlýst ákveðin svæði af hentugri stærð og á hentugum stöðum, þar sem fuglar geti orpið og komið upp ungum sínum óáreittir og þar sem farfuglar geti einnig hvílt og aflað sér ætis í friði.

Samþykkt þessa skal fullgilda, og skal hún haldast í gildi meðal allra ríkja, er undirrita hana. Fari svo, að eitthvert þeirra segi henni upp, skal sú uppsögn aðeins taka til hlutaðeigandi ríkis og ekki taka gildi fyrr en að ári liðnu frá því, er uppsögnin var tilkynnt aðilum samþykktarinnar.

Þær þjóðir, sem ekki hafa undirritað samþykktina, skulu hafa rétt til að gerast aðilar að henni, þegar er þær æskja þess.

Þau ríki, er voru aðilar að samþykktinni frá 1902, en hafa ekki fullgilt þessa samþykkt, skulu framvegis vera bundin af ákvæðum samþykktarinnar frá 1902.

(Undirskriftir.)

L Ö G

15

17. febr.

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 1. málsg. orðist svo:

Hver sá, sem flytur heimilisfang sitt í annað sveitarfélag, skal tilkynna það innan 7 daga sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til.

2. Í stað fyrri málslíðar 2. málsg. komi tveir málsl., svo hljóðandi:

Nú kemur maður í aðra sveit en heimilissveit til dvalar í tvo mánuði eða lengur, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitar aðsetur sitt. Nú hefur maður verið staddur tvo mánuði í annarri sveit en heimilissveit, þó að hann hafi í fyrstu ekki ætlað sér að dvelja þar svo lengi, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitar aðsetur sitt.

3. 1. málslíður 3. tölulíðs 3. málsg. orðist svo:

Skólafólk við nám utan heimilissveitar, enda sé dvölin í viðkomandi sveitarfélagi eingöngu eða að mestu vegna námsins.

4. Á eftir 4. tölulíð 3. málsg. komi nýr tölulíður, þannig:

5. Aðkomumenn í þjónustu varnarliðsins, verktaka þess og hliðstæðra aðila, enda hafist þeir við í húsnæði vinnuveitanda á vinnustað eða í grennd. Hins vegar eru slíkir starfsmenn við varnarliðsstörf skyldir til að upplýsa vinnuveitanda sinn um heimilisfang sitt og annað það, sem hann þarf á að halda til þess að geta látið í té nákvæmar skrár um starfslið sitt. — Ákvæði þessa tölulíðs breytir engu um skyldu venzlaliðs aðkomins starfsmanns við varnarliðsstörf til að tilkynna aðsetursskipti.

5. 4. málsg. orðist svo:

Undantekningar þær frá tilkynningarskyldu, sem taldar eru í 3. málsg. þessarar greinar, gilda aðeins meðan ungetin atvik eru fyrir hendi. Ef maður dvelst í sveitarfélagi eftir brottfall þess atviks, er gerði hann undanþeginn tilkynningarskyldu, skal hann tilkynna dvalarsveit aðsetur sitt samkvæmt ákvæðum 2. málsg. þessarar greinar.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitarinnar brottför sína úr henni innan 7 daga. Þó skal ekki tilkynna brottförina, ef dvöl hlutaðeiganda í sveitarfélaginu, sem hann fer til, er undanþegin tilkynningarskyldu samkvæmt 3. málsg. 3. gr. og hann hyggst setjast að í sama húsnæði að dvölinni lokinni.

3. gr.

Á 9. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 2. málsg. orðist svo:

Hver húsráðandi er skyldur til að tilkynna aðsetursskipti einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum eða hverfa úr því, eftir sömu reglum

15
17. febr.

og þeir sjálfir eru tilkynningarskyldir. Sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana. Enn fremur ber hverjum húseiganda að fullnægja tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga í húsnæði hans, þ. e. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.

2. Aftan við 3. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Skylda húsráðanda (húseiganda) til að tilkynna aðsetursskipti samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr. fellur niður, ef hlutaðeigandi sýnir honum, áður en tilkynningarfresti lýkur, kvittun viðkomandi sveitarstjórnar fyrir því, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt.

4. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Hagstofu Íslands er heimilt að krefjast þess af forstöðumönnum einstakra hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana, að þeir tilkynni á venjulegan hátt aðsetursskipti allra einstaklinga, sem hverfa úr húsnæði á vegum stofnunarinnar, hvort sem ber að tilkynna þá samkvæmt 9. gr. þessara laga eða ekki. Hagstofu Íslands er enn fremur heimilt að krefjast þess af umræddum aðilum, að þeir afli handa henni upplýsinga um aðsetursskipti starfsmanna stofnunarinnar, sem hafast ekki við í húsnæði á hennar vegum. Þetta tekur þó aðeins til aðsetursskipta í sambandi við það, að starfsmenn hefja störf eða hætta störfum hjá viðkomandi stofnun.

5. gr.

Aftan við 13. gr. laganna komi 4 nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Sveitarstjórnir skulu gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um aðsetursskipti innansveitar, sem þeim er kunnugt um, að hafi ekki verið tilkynnt. Þær skulu enn fremur gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um einstaklinga, sem talið er að hafi flutt heimilisfang sitt úr sveitarfélaginu, ef ástæða er til að ætla, að það hafi ekki verið tilkynnt sveitarstjórn viðkomandi umdæmis. Þó er sveitarstjórn óheimilt að tilkynna brott úr sveitarfélaginu einstakling, sem dvelst í öðru sveitarfélagi vegna veikinda, ef hann nýtur framfærslustyrks frá heimilisveit sinni eða telja má líklegt, að hann verði styrkþegi hennar.

Sveitarstjórnir skulu, ef Hagstofan telur þess þörf, gera ráðstafanir til öflunar upplýsinga um aðsetursskipti, sem vanrækt hefur verið að tilkynna, sbr. 2. málsgr. þessarar greinar.

Aðseturstilkynningar útgefnar af sveitarstjórnnum samkvæmt 2. og 3. málsgr. þessarar gr. eru fullgild heimild til staðsetningar manna í allsherjarsþjaldskránni, að svo miklu leyti sem öruggari vitneskja samkvæmt tilkynningum hlutaðeiganda sjálfra er ekki fyrir hendi.

Tilkynningum samkvæmt 2. og 3. málsgr. þessarar gr. skal hagað í samræmi við nánari fyrirmæli Hagstofu Íslands þar að lútandi.

6. gr.

2. og 3. málsliður 1. málsgr. 17. gr. falli niður, og í þess stað komi:

Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála, nema kæra falli niður, sbr. 2. málsgr. þessarar gr. Sektarfé vegna brota, sem sveitarstjórn kærir til dómara, rennur í viðkomandi sveitarsjóð, en sektarfé vegna brota, sem Hagstofa Íslands kærir, rennur í rikissjóð.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og lögum nr. 55 20. apríl 1954, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

1. að virkja Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 4000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns. Enn fremur frá Búðakauptúni til Stöðvarfjarðar og frá Egilsstöðum um Eiða að Lagarfossi.

2. gr.

Við 4. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Norður-Þingeyjarsýslu.

3. gr.

Í stað „1000 hestafla“ í 5. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 komi: 1500 hestafla.

4. gr.

Í stað „úr Landeyjum“ í 7. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 komi: frá Hvolsvelli.

5. gr.

Við c-lið 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Þverá í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness, til þess að veita þaðan raforku um nálæga hreppa og suður um Dalasýslu, enda sé tryggt, að eftir sem áður sé nægileg raforka fyrir orkusvæði Þverár í Strandasýslu.

6. gr.

Við 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

- d. að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu til Fljótsdals-héraðs til að tengja saman orkuveitusvæði Norðurlands og Austurlands.
- e. að leggja aðalorkuveitu um Gönguskörð til Húnavatnssýslu til að tengja saman Gönguskarðsárvirkjunina og Laxárvatnsvirkjunina.
- f. að leggja aðalorkuveitu frá Hvolsvelli að Skógaskóla.
- g. að gera ráðstafanir til að auka flutningsgetu eldri aðalorkuveitna.

16

20. febr.

2. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 130 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. laga nr. 22/1952, með síðari breytingum. Af þeirri upphæð má taka nokkurn hluta eða hana alla sem lán úr raforkusjóði, samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 55/1954.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 55/1954 inn í lög nr. 22/1952 og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 20. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

17

21. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldaðra sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal dvalarheimili aldaðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldaðra sjómanna.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 95 30. nóvember 1954, um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

18
21. febr.

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „40.“ (Vestmannaeyjar) í tölusetningu prestakalla í 1. gr. laganna kemur: 40.—41. (Síðari töluliðir í lagagreinininni breytast samkv. því.)

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestspjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða kallið er prestlaust af öðrum ástæðum.

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans milli prestakalla skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann er settur til þjónustu, enda fái hann ekki afnot af embættisbústað prestakallsins, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

FORSETA BRÉF

19
28. febr.

um breyting á forsetabréfi nr. 114 31. des. 1945, um starfsháttu orðunefndar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt tillögu forsætisráðherra fellst á að gera eftirfarandi breytingu á forsetabréfi nr. 114 31. des. 1945, um starfsháttu orðunefndar:

4. gr. nefnds forsetabréfs orðist svo:

Stórmeistari getur veitt allt að tuttugu og fimm Íslendingum fálkaorðuna ár hvert samkvæmt tillögu orðunefndar. Enn fremur getur stórmeistari að tillögu orðunefndar sæmt allt að fimmtán menn, er hlotið hafa heiðursmerkið áður, æðra stigi þess.

19 28. febr. Skulu orðuveitingar aðallega fara fram á nýársdag og 17. júní. Þó má eigi veita fleiri en 10 heiðursmerki hvorn daginn, en hin þegar henta þykir, eitt eða fleiri í senn.

Þótt orðuveitingar til Íslendinga samkvæmt tillögum orðunefndar séu hér með takmarkaðar samkv. 1. mgr. þessarar greinar, er eigi með því skertur réttur stórmeistara til orðuveitinga samkvæmt 2. mgr. 1. gr. hér að framan.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

20

1. marz

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

259. gr. laganna orðist svo:

Hver, sem heimildarlaust notar bifreið annars manns, flugfar, skip eða önnur vélknúin farartæki, skal sæta varðhaldi, fangelsi allt að 4 árum eða sektum, ef brot er smávægilegt eða sérstakar málsbætur eru.

Ef maður notar ella hlut annars manns heimildarlaust og veldur honum með því tjóni eða verulegum óþægindum, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Hver, sem aftrar öðrum manni að neyta réttar síns til umráða yfir hlut, sem hann hefur í vörzlum sínum, eða til þess að halda honum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Mál út af brotum, sem í 2. og 3. mgr. getur, skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

21

1. marz

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Skoðunar- og eftirlitsmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum svo og lestum fiskiskipa. Skal þess sérstaklega gætt, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 1. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

22

9. marz

um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi, o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Um álagningu og innheimtu tekjuskatts og útsvars þeirra útlendinga, sem landvistar- og atvinnuleyfi hafa hér á landi um tiltekinn tíma, dvelja hér um stundarsakir eða eru á förum af landi brott, fer eins og mælt er fyrir í lögum þessum.

Um íslenska ríkisborgara, sem eru á förum úr landi, gilda ákvæði þessara laga um álagningu og innheimtu, en njóta skulu þeir alls frádráttar frá tekjum skv. l. 46/1954.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og útsvör, eftir því sem við á.

2. gr.

Tekjuskattur skal reiknaður samkv. a- og b-liðum 6. greinar laga nr. 46/1954, tekjuútsvar samkvæmt gildandi útsvarsstiga á hverjum stað og tíma, hvort um sig, eftir því sem við á, af skattgjaldstekjum eða hreinum tekjum eins og þær eru ákvarðaðar samkv. 3. og 4. gr. þessara laga.

3. gr.

Frá heildartekjum þeirra, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skal draga beinan kostnað við öflun teknanna eftir sömu reglum og um aðra gjaldendur.

22 9. marz Útlendingar njóta persónufrádráttar sem íslenzkir ríkisborgarar, en sé fjöl- skylda búsett erlendis, skal því aðeins veittur frádráttur hennar vegna, að sönnur séu færðar á, að gjaldandi hafi annazt framfærslu hennar.

Útlendir listamenn, sem afla sér hér tekna með list sinni, hvort heldur þeir starfa í eigin nafni eða á annarra vegum, skulu fá frádreginn $\frac{1}{3}$ hluta af skattgjaldstekjum eða hreinum tekjum, eftir því sem við á, við ákvörðun tekjuskatts og útsvars, enda njóti þeir ekki frádráttar samkv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Hafi gjaldandi dvalið hér aðeins hluta úr ári, skal ákvarða skattgjaldstekjur og tekjuskatt hans samkv. eftirfarandi reglum:

- a. Hreinum tekjum gjaldanda skal deilt með fjölda dvalarvikna hans hér á landi, margfalda þá útkomu með 52 og draga síðan frá persónufrádrátt í hlutfalli við fjölda dvalarvikna. Dvalarvikur telst sá tími, talinn í vikum, sem gjaldandi hefur dvalizt hér á landi á viðkomandi gjald- eða skattári, að viðbættum 20 af hundraði. Viðbót þessi skal þó aldrei vera minni en ein vika og aldrei meiri en fjórar vikur, og hálf vika eða meir telst heil, en minna broti skal sleppa. Þeir einir skulu þó njóta þessarar viðbótar, sem hafa komið hingað í atvinnuskyni og eigi dvalið hér næsta ár á undan brottför sinni úr landi.
- b. Af skattgjaldstekjum eins og þær eru ákvarðaðar samkv. a-lið þessarar greinar, skal síðan reikna tekjuskatt samkv. skattstigum þeim, er í 2. gr. getur, margfalda hann með fjölda dvalarvikna og deila í þá útkomu með 52. Sú fjárhæð er tekju- skattur sá, sem gjaldanda ber að greiða.

Tekjuútsvar skal reikna á tilsvarende hátt og að framan greinir.

5. gr.

Þeir, sem hafa þá menn í þjónustu sinni, sem taldir eru í 1. mgr. 1. gr., og greiða þeim kaup, hverju nafni sem nefnist, bera ábyrgð á greiðslu þinggjalds þeirra og útsvars eins og um eigin þinggjald eða útsvar væri að ræða.

Til tryggingar þessari ábyrgð skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaup- gjaldanda eins og fyrir verður mælt í reglugerð.

6. gr.

Kaupgreiðandi skal tilkynna viðkomandi skattyfirvaldi mánaðarlega um kaup- greiðslu til þeirra, er í 1. mgr. 1. gr. getur.

Tryggingarfé því fyrir sköttum og útsvari, sem kaupgreiðandi heldur eftir sam- kvæmt lögum þessum, skal hann skila til viðkomandi innheimtumanna innan viku frá útborgunardegi.

Jafnskjótt og skattar og útsvar gjaldanda hafa verið ákveðin, skal innheimtu- manni skylt að endurgreiða gjaldanda það, sem of mikið kann að hafa verið haldið eftir af kaup- i.

7. gr.

Nú er einhver þeirra, sem um ræðir í 1. gr., á förum af landi burt, og skal honum þá skylt að tilkynna hlutaðeigandi skattyfirvaldi um það, með a. m. k. einnar viku fyrirvara, og sé kaupgreiðanda kunnugt um brottförina, ber honum einnig að tilkynna um hana. Jafnframt gefur kaupgreiðandi hlutaðeigandi skatt- yfirvaldi skýrslu um allar kaupgreiðslur til gjaldanda á burtfararárinu.

Hlutaðeigandi skattyfirvöld ákveða síðan skatt og útsvar gjaldanda og tilkynna kaupgreiðanda, gjaldanda sjálfum og innheimtumanni um álagningu þegar í stað.

8. gr.

22

Óheimilt er að selja þeim, er um getur í 1. gr., farmiða eða taka þá til flutnings til útlanda, nema færðar séu sönnur á með vottorði innheimtumanns, að þinggjöld og útsvar sé að fullu greidd eða trygging sett fyrir greiðslu.

Einnig er útgerð skips eða flugfélagi óheimilt að leysa starfsmann sinn úr þjónustu erlendis, nema þinggjöld hans og útsvar hafi verið greidd eða trygging sett fyrir greiðslu.

Nú hefur eigi verið gætt ákvæða 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, og er þá útgerð hlutaðeigandi skips eða flugvélar ábyrg fyrir greiðslu þinggjalds og útsvars viðkomandi farþega eða starfsmanns sem eigin þinggjaldi og útsvari. Hver sá aðili, er með ólöglegu atferli kann að vera valdur að því eða meðsekur, að einhver komist úr landi án þess að greiða að fullu þinggjöld og útsvar, ber einnig sams konar ábyrgð.

Lögreglustjóra og útlendingaeftirliti er heimilt að banna farþegum að fara úr landi, hafi eigi verið gætt ákvæða 1. mgr. þessarar greinar við sölu farmiða. Einnig geta sömu aðilar bannað brottför annarra en farþega, ef ætla má, að þeir eigi ólokið skatt- eða útsvarsgreiðslum hér á landi.

9. gr.

Nú fer maður af landi burt um stundarsakir og bregður ekki heimilisfesti hér. Skal þá heimilt að leyfa honum far, án þess að gera honum skatt samkv. lögum þessum, enda setji hann að dómi viðkomandi innheimtumanna næga tryggingu fyrir greiðslu þinggjalda og útsvars.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágur frá lögum þessum að því er varðar íslenska námsmenn, sem erlendis eru heimilisfastir, en koma hingað til atvinnu um stundarsakir.

10. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að innheimta á þinggjöldum og útsvari samkvæmt lögum þessum skuli sameinuð í hverju umdæmi, eftir því sem henta þykir.

Einnig er ráðherra heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Gjöld þau, er um ræðir í lögum þessum, má taka lögtaki hjá gjaldanda sjálfum, svo og þeim er ábyrgð bera á þinggjöldum og útsvari skv. 5. og 8. gr., enn fremur hjá þeim, er taka á sig ábyrgð á greiðslu vegna þeirra, er getur í 9. gr.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkv. þeim, varða sektum allt að kr. 100 000.00.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu skatta og útsvars á árinu 1956. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 96 28. desember 1946.

Gjört í Reykjavík, 9. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

23

10. marz

L Ö G

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Þurramæði (þingeysk mæðiveiki).
3. Garnaveiki (paratuberculosis) í búfé.

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

Ef riðuveiki (neurotrop virus) eða kýlapest (bact. purificiens) valda eða eru taldar líklegar til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessara laga nái einnig til þeirra, eftir því sem við á, svo sem fyrirskipun um hömlur á fjársamgöngum, bann á sölu fjár til lífs, niðurskurð, sóttþreinsun, bætur (uppeldisstyrk), er nánar skal ákveðið með sérstakri reglugerð, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar og yfirdýralæknis.

2. gr.

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands.

II. KAFLI

Um framkvæmdastjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

5. gr.

23

10. marz

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að koma upp varnarlinum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
2. Að hafa stjórn annarra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
3. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
4. Að hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, er framkvæmdar eru með innflutningi erlendra fjárkynja og tæknifrjóvgun.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

III. KAFLI

Um varnarlinur og varnir.

6. gr.

Varnarlinur teljast:

1. Ófærar ár, vötn og jöklar eða fjöll, sem engar líkur eru til, að sauðfé fari yfir.
2. Tvöfaldar gaddavirsgirðingar.
3. Einfaldar gaddavirsgirðingar.

Varðmenn skal hafa á varnarlinum til öryggis þar, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlinum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlinur skulu settar upp á milli fjárskiptasvæða, eftir því sem samkomulag verður um milli framkvæmdastjórna hlutaðeigandi fjárskiptafélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlinur og auka-varnarlinur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

7. gr.

Girðingastæði skulu valin þar, sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum, ef nauðsyn krefur. Þegar svo stendur á, skal leitast við að bæta það með tilsvarendi löndum í skiptum, ef unnt er.

Meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt aðgangi að beitolöndum sínum, skulu þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda, sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggi innan annars upprekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar. Afnot þessi skulu þó aðeins ná til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku áður í landið.

Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hvor og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. Nægi það eigi, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem til vantar, að hálfu hvor.

8. gr.

Girðingar á aðalvarnarlinum skulu lagðar og viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlinur leggur ríkissjóður efnis, en hlutaðeigendur í héraði annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað og uppsetningu girðinganna, en viðhald þeirra kostar ríkissjóður.

23
10. marz Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbún-
aðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs.

Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjár-
sjúkdómanefnd.

9. gr.

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínunum minnst 9 ár, eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlínunum, sem einangra svæði, þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvist þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlínunum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upp-
rekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sann-
gjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smá-
girðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínunum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

10. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlínur þær, sem um ræðir í 6.—9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varð-
maður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirum-
sjón og eftirlit með störfum varðmanna.

11. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

12. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn hera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litar-
merkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

13. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur næstu 9 ár eftir að fjárskiptum lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta. Sleppi kindur yfir varnarlínur, skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínur. Líffæri úr kindum þessum skal merkja greinilega og senda til rannsóknar án tafar. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta þannig, að eigendur fái a. m. k. fullt niðurlagsverð (haust-
verð) fyrir. Greiða skal þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð af-
urðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að láta bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til. 23 10. marz

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlinur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir varanlegu tjóni vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða upphæð bóttanna hverju sinni.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli fjárskiptahólfa í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr hrútum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát eða aðrir næmir sjúkdómar hafa gert vart við sig, nema með samþykki yfirdýralæknis.

14. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerk- inga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlinur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað og líffæri send til rannsóknar.

15. gr.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveitarstjórnnum eða stjórnnum upprekstrarfélaga, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upprekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu fjársóttá eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum.

16. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða óskýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar og þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varnarlinur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, þegar kindunum er slátrað. Líffæri kinda, sem um getur í þessari grein, skulu greinilega merkt og send til rannsóknar án tafar.

17. gr.

Fáiast vissa eða sterkur grunur um, að einhver fjársótt hafi borizt yfir varnarlinu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé tafarlaust, og auk þess kindum, sem líkur eru til að hafi smitazt við samrekstur og í réttum.

18. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sinu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

23

10. marz

19. gr.
Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár eða nautgripa, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

20. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust viðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Sama skylda hvílir á eigendum nautgripa, ef grunsamleg veiki kemur upp í gripum þeirra. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhverja fjársótt geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

21. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

22. gr.

Þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki og sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt, skal rannsóknin gerð svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs. Annan framkvæmdakostnað greiði sauðfjársjúkdómanefnd að hálfu, en hlutaðeigandi hreppsfélag að hálfu. Fjáreigendum er skylt að sjá um og kosta smölun og gæzlu fjárens og alla ófaglega aðstoðarvinnu.

Ef eigendur sauðfjár eða nautgripa neita að láta framkvæma á gripum sínum rannsókn eða varnarbólusetningu, sem ákveðin hefur verið, eða hindra á annan hátt framgang ákveðinna varnarráðstafana, skal framkvæmdastjóri leita fulltingis hlutaðeigandi yfirvalda.

Kostnað, sem leiðir af slíkum tögum, ákveður sauðfjársjúkdómanefnd, og ber að innheimta hann hjá hlutaðeigandi gripaeigendum með frádrætti á bótum eða með aðför að lögum.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því búfé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir búfé, sem er slátrað vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

IV. KAFLI
Um fjárskiptafélög.

23

10. marz

24. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af fjársóttum, í fjárskiptasvæði.

Við skiptingu þessa skal tekið tillit til:

1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrða til að setja upp nýjar varnarlínur á sem öruggastan hátt.
2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila.
3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun og fjárrekstrum í sambandi við hana verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé.
4. Móguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, sbr. V. kafla þessara laga.
5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjársjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti og aðrar aðgerðir til útrýmingar fjársóttum þeim, sem um er að ræða.

25. gr.

Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, snúa sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á hlutaðeigandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi boði fjáreigendur á fund til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið. Ef hluti úr hreppi er innan fjárskiptasvæðis, mæta þaðan fulltrúar í hlutfalli við tölu fjáreigenda í hreppshlutunum.

Á sama hátt getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru $\frac{2}{3}$ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast $\frac{2}{3}$ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skylt er sauðfjársjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum.

26. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram:

1. Stærð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir.
2. Hvenær fjárskipti skuli fara fram.
3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur.
5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlrur og aðrar sóttvarnarráðstafanir.
6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og afstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða.

23

10. marz

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með $\frac{2}{3}$ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félagssvæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið, fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

28. gr.

Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með $\frac{2}{3}$ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

Hreppsnefnd skal þá skylt að boða fjáreigendur til fundar í hreppnum samkvæmt kjörskrá, er hún hefur samið, með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggja fyrir til atkvæðagreiðslu. Leiðrétting á kjörskrá má hlutaðeigandi kjörstjórn gera til kjördags.

Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur, 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.

Afrit af kjörskrá skal fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg. Skal um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar hlíta ákvæðum 26. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar frá 23. júní 1936, eftir því sem við á.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn, þar með kjörskrá, og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

29. gr.

Kjörstjórn skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði. Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum eða hreppshlutum kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir, og tölu atkvæðaseðla.

Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita.

Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti $\frac{1}{5}$ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt.

Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

V. KAFLI

Um fjárskipti.

30. gr.

Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram.

31. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau.

Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum:

1. Að tryggja það, áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæði sé tryggt með öruggum varnarlinum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár, ef ástæða þykir til, í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa lifandi lömb úr.
3. Að ákveða í samráði við félagsstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið, og láta hafa eftirlit með eyðingu sóttneams sláturúrgangs, flutningi og geymslu sláturafurða sjúka fjárins.
4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrir fram en venjulega og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum, eftir að slátrun er lokið, og ekki verr mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
5. Að ákveða, hvaðan líflömb séu tekin, og tilkynna það hlutaðeigandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram.
6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu líflamba, í samvinnu við stjórn hlutaðeigandi fjárskiptafélags.

32. gr.

Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við fjársóttir, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómum er ekki lokið.

33. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð líflamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar. Heimilt er þó, ef ástæða þykir til, að ákveða fast söluverð á lömbunum, miðað við fyrra árs verð og markaðshorfur á sauðfjárafurðum yfirstandandi árs.

34. gr.

Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo að fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum.

35. gr.

Þegar líflömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði, skal gæta þess við skiptingu þeirra að dreifa sem minnst lömbum frá sama bæ. Skal hver fjáreigandi hafa lömbin í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að þau hafa verið flutt, og getur sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipað algera innistöðu þeirra um lengri eða skemmri tíma, ef hún telur þörf á. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að útrýmingarboðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sem tryggilegastan hátt.

Fari svo, að líflömb tapist úr vörzlu næturlangt eða lengur fyrsta missirið eða sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lamb-

23 anna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart.
10. marz Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt.

Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum.

Öllu fjárskiptafé skal halda greinilega merktu, og skylt er fjáreiganda að gera nákvæma skrá yfir allt fjárskiptafé, svo að unnt sé að finna fyrri eigendur. Áður en bætur eru greiddar, skal afrit af slíkri skrá afhent sauðfjársjúkdómanefnd eða fulltrúa hennar.

36. gr.

Veturinn eftir fjárskipti er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt, í samráði við stjórn fjárskiptafélags, að ráða hæfan mann eða menn til að rannsaka sauðfé og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaust sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé.

Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess, að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af hlýzt.

VI. KAFLI

Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.

37. gr.

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattaframtali tæpum tveimur árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1956 skal miða við framtal á árinu 1955, þ. e. fjártölu í árslok 1954 o. s. frv.

Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirferist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.

Réttur manna, sem reisa bú eða eru að byrja fjáreign eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.

Þeir, sem eru hættir búskap eða sauðfjáreign, þegar niðurskurður fer fram, eða eru fluttir burt af fjárskiptasvæðinu, fá ekki bætur. Öðrum, sem eru að hætta búskap eða sauðfjáreign á þeim tíma, sem fjárskipti standa yfir, eða breyta til um atvinnu, skal ekki greiða fullar bætur, heldur í hlutfalli við það tjón, sem ætla má að þeir hafi orðið fyrir við niðurskurðinn. Skal sauðfjársjúkdómanefnd meta slíkar bætur.

38. gr.

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur, sem svarar $\frac{3}{4}$ lambsverðs á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af meðalvænleik lamba tvö undanfarin ár á hverju fjárskiptasvæði og því verðlagi á landbúnaðarafurðum, sem fjáreigendur fá það haust, sem bætur eru greiddar. Fyrstu bætur skal greiða ári eftir niðurskurð.

Kostnað við flutning liflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitarflutning á fé á fjárskiptasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu eiga kost á að fá keypt liflömb, er nemur 80% af bótaskyldri fjártölu. Skal, ef unnt er, útvega þau á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt inn á fjár-

skiptasvæði. Ef ekki fæst sú lambatala, skal útvega það, sem til vantar, á næsta hausti, ef fjáreigendur óska. **23**

10. marz

Takist ekki á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt, að útvega 80% móti bótaskyldri fjártölu, en bændur óski að fá svo mörg lömb, ber ríkissjóði að greiða afurðatjónsbætur, $\frac{3}{4}$ lambsverðs á kind, á þá tölu, sem til vantar. Skal greiða þær bætur tveim árum eftir að lömb eru fyrst flutt inn á svæðið.

Framlag ríkissjóðs skal á hverjum tíma vera til tryggingar greiðslu á andvirði seldra liflamba.

Stjórnnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er áánlegt.

39. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns $\frac{3}{4}$ lambverðs fyrir hverja bótaskylda kind, eða styrkja þá til að breyta til um búskaparhætti, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

40. gr.

Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með 6% ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að $\frac{2}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að $\frac{4}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðin frá útgáfudegi þeirra.

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð bréfanna, vaxtagreiðslu og annað, sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulagi bankanna, skal ákveða nánar með reglugerð.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 39. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða, að nokkru undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.

41. gr.

Veita skal fjáreigendum uppeldisstyrk vegna vanhalds af fjársóttum, þar sem svo hagar til á sýktu svæði, að fjáreigendur geta ekki samkvæmt áætlun nefndarinnar búizt við fjárskiptum næstu 2 ár og hafa ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu.

42. gr.

Nú telur sauðfjársjúkdómanefnd nauðsynlegt að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, og skal hún þá senda landbúnaðarráðherra rökstuddar tillögur þar um. Getur ráðherra þá fyrirskipað niðurskurð, hvort sem atkvæðagreiðsla hefur farið fram á svæðinu eða ekki. Bætur skal greiða fjáreigendum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Verði krafizt mats vegna niðurskurðarins, eftir gildandi lögum um eignarnám, er matsmönnum skylt að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

43. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum, eftir því sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp, svo og fénaðarhöld yfirleitt.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af rikissjóði.

44. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álitur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna læknisráð við þeim og útrýma þeim, t. d. með varnarbólusetningu, heilbrigðiseftirliti, söfnun og rannsókn líffæra og blóðsýnishorna.

Einnig er honum heimilt að láta útbreiða miður næma fjárstofna, innlenda og erlenda, með sæðingu á þeim svæðum, sem fjárskipti eiga ekki að fara fram á næstu tvö árin.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara, allt eftir því sem þurfa þykir og ástæður eru til á hverjum tíma. Sauðfjársjúkdómanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaatriði, er að kalla í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

46. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 50000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur heimild til að lækka bótagreiðslur eftir lögum þessum eða fella þær alveg niður, ef réttarrannsókn sannar, að bótaþegi hafi af ásettu ráði eða vitaverðu hirðuleysi brotið fyrirmæli laganna eða fyrirmæli sauðfjársjúkdómanefndar.

47. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lög nr. 47 1950, lög nr. 98 1951 og lög nr. 71 1953, öll um breyt. á þeim lögum.

48. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

24
29. marz

um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Skipulag og stjórn.

1. gr.

Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Lífeyristryggingar.
2. Slysatryggingar.
3. Sjúkratryggingar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingarnar og slysatryggingarnar, og hefur með höndum umsjón og yfirstjórn sjúkratrygginganna, allt undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins).

Hver grein trygginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs, skrifstofustjóra, sjúkramálastjóra Tryggingastofnunarinnar, sem jafnframt er deildarstjóri sjúkratryggingadeildar, aðra deildarstjóra, tryggingafræðing, aðalgjaldkera og tryggingayfirlækni, að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs.

Ráðherra ákveður laun allra fastra starfsmanna Tryggingastofnunarinnar, að fengnum tillögum forstjóra, þar til launin verða ákveðin í launalögum.

4. gr.

Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru. Hann ræður alla starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru skipaðir af ráðherra.

Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna.

6. gr.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

- 24** Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:
29. marz a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar;
 b. ársreikningum stofnunarinnar;
 c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir;
 d. öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús og önnur slík dvalarheimili;
 e. meginreglum um notkun heimildarákvæða;
 f. öllum lánveitingum og verðbréfa kaupum og sölum;
 g. öðrum þeim atriðum, sem lög þessi ákveða.
- Þá getur forstjóri og borið önnur mál undir tryggingaráð, ef honum finnst ástæða til.
- Formaður tryggingaráðs hefur f. h. ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Vinnuveitendasamband Íslands, Alpýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda og Landssamband íslenzkra útvegsmanna skipa hvert um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

8. gr.

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, hver í sínu umdæmi. Þóknun til sýslumanna og bæjarfógeta fyrir þessi aukastörf skal ákveðin í reglugerð, sem samin sé í samráði við forstjóra Tryggingastofnunarinnar og stjórn félags héraðsdómara.

Ráðherra ákveður þátttöku Tryggingastofnunarinnar í skrifstofukostnaði sýslumanna og bæjarfógeta vegna umboðsstarfa þessara.

9. gr.

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir síðast liðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs, skulu reikningarnir sendir félagsmálaráðuneytinu, sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal gefa út árbók með sem gleggstum upplýsingum um alla starfsemi stofnunarinnar.

II. KAFLI LÍFEYRISTRYGGINGAR

A. Almenn ákvæði.

10. gr.

Landinu er skipt í tvö verðlagssvæði. Til fyrsta verðlagssvæðis teljast kaupstaðir og kauptún með 2000 íbúum eða fleiri, til annars verðlagssvæðis allir aðrir staðir á landinu. Heimilt er að færa sveitarfélag milli verðlagssvæða, ef rökstuddar óskir þess efnis koma frá hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Bætur skulu vera fjórðungi (25%) lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði, sbr. þó 19. og 20. grein.

Iðgjöld skulu vera hlutfallslega lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði, miðað við bótaupphæðir hvors verðlagssvæðis.

B. Bætur.

24

29. marz

11. gr.

Rétt til bóta frá lífeyristryggingunum með þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, hafa:

- a. Íslenzkir ríkisborgarar, búsettir hér á landi.
 - b. Erlendir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, ef fullnægt er ákvæðum milliríkjasamninga um gagnkvæmar tryggingar, sem Ísland er aðili að.
 - c. Aðrir erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi, ef fullnægt er skilyrðum alþjóðasamþykktu um tryggingamál, sem fullgiltar hafa verið af Íslands hálfu.
- Þeir, sem rétt eiga til bóta frá lífeyrissjóðum, er starfa samkvæmt sérstökum lögum, eða hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt 85. gr., eiga ekki rétt til sams konar bóta frá lífeyristryggingunum. Þó skal greiða þeim lífeyrisþegum lögboðinna sjóða, sem látið hafa af störfum fyrir 1. janúar 1947 og njóta lægri bóta frá sjóðnum en lífeyristryggingin veitir, það, sem á vantar. Sama gildir um lífeyrisþega viðurkenndra sjóða, ef þeir hafa látið af störfum áður en sjóðurinn hlaut viðurkenningu.

12. gr.

Lífeyristryggingarnar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

13. gr.

Ellilífeyrir er greiddur þeim, sem orðnir eru 67 ára.

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir, sbr. þó 22., 23. og 76. gr. 3. mgr.:

	1. verðl.svæði	2. verðl.svæði
Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	kr. 7488.00	kr. 5616.00
Fyrir einstaklinga	— 4680.00	— 3510.00

Nú eru hjón eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggningaráð metur jafngildar, og er þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri.

Nú frestar maður töku ellilífeyris, og fær hann þá 7.5% í viðbót fyrir hvert heilt ár, sem líður án þess hann taki lífeyrinn. Sama gildir þótt tekjur hans hefðu valdið skerðingu, sbr. 22. gr., ef hann hefði sótt um lífeyri. Viðbót þessi má þó aldrei nema meiru en 60% lífeyrisins. Frestun á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeiganda er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinni.

14. gr.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar á svo háu stigi, að þeir teljast ekki færir um að vinna sér inn $\frac{1}{4}$ þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að verja allt að 10% þeirrar heildarjánhæðar, sem árlega er greidd í örorkulífeyri samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til greiðslu örorkustyrkja handa þeim, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um slíkar heimildargreiðslur, sem ráðherra staðfestir.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.

Örorkulífeyrir er jafnhár ellilífeyri, sbr. 13. gr., og greiðist samkvæmt sömu reglum, eftir því sem við getur átt.

24

15. gr.

29. marz

Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 60% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

16. gr.

Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum með hverju barni, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, sem eru umfram tvö í fjölskyldu, og eru á fullu framfæri foreldranna.

Við ákvörðun fjölskyldubóta skulu ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar.

Greiða má fósturforeldrum fjölskyldubætur með fósturbarni, ef fullvist er, að barnið sé á framfæri þeirra og hafi verið talið á framfæri þeirra samkvæmt skattframtali undanfarin þrjú ár, enda ekki verið talið jafnframt á framfæri annars. Stytta má tímabil þetta, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef barn er tekið í fóstur á fyrsta aldursári.

Árlegar fjölskyldubætur skulu vera sem hér segir:

	1. verðl.svæði	2. verðl.svæði
Með þriðja barni í fjölskyldu	kr. 600.00	kr. 450.00
Með hverju barni umfram þrjú í fjölskyldu ..	— 1 200.00	— 900.00

17. gr.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 16 ára, ef faðirinn er látinn eða annaðhvort foreldranna er elli- eða örorkulífeyrisþegi.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á.

Þó er ekki greiddur barnalífeyrir með stjúpbörnum, sem eiga framfærsluskyldan föður á lífi, eða með kjörbörnum, nema þau hafi verið á framfæri hins látna eða örorkulífeyrisþegans a. m. k. 2 síðustu árin, eða ellilífeyrisþegans a. m. k. 5 síðustu árin áður en lífeyrisrétturinn gat stofnast. Þó er tryggingaráði heimilt að stytta þessa fresti, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða ekkli allt að fullum barnalífeyri, ef fyrir-sjáanlegt er, að tekjur hans hrökkvi ekki til að sjá fjölskyldunni farborða.

Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 2400.00 á 1. verðlags-svæði og kr. 1800.00 á 2. verðlagssvæði.

Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 50%.

18. gr.

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa tvö börn eða fleiri undir 16 ára aldri á framfæri sínu.

Árleg mæðralaun skulu vera þriðjungur óskerts ellilífeyris einstaklings með hverju barni umfram eitt, og þó aldrei hærri en nemur fullum ellilífeyri.

Tryggingastofnuninni er heimilt að lækka mæðralaunin eða láta þau falla niður, ef efnahagsástæður móðurinnar eru svo góðar, að hún þurfi þeirra ekki með.

19. gr.

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 900.00 við hverja fæðingu.

20. gr.

24

Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í 3 mánuði eftir lát eiginmanns hennar, kr. 600.00 mánaðarlega. 29. marz

Ef ekkjan hefur barn yngra en 16 ára á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót, kr. 450.00 mánaðarlega.

21. gr.

Þegar niður falla bætur samkvæmt 20. gr., skal hver sú kona, sem orðin var 50 ára við lát mannsins, öðlast rétt til árlegs lífeyris, allt að fullum einstaklings ellilífeyri miðað við 67 ára aldur. Lífeyrir þessi, sem miðast skal við aldur konunnar, þegar lífeyrisrétturinn stofnast, skal lækka um 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á að hlutaðeigandi sé 67 ára. Sama rétt eiga ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður, ef þær eru orðnar 50 ára, þegar þær hætta að taka barnalífeyri.

Tryggingaráð ákveður lífeyrinn með hliðsjón af fjárhagsástandum hlutaðeigandi og verðlagssvæðum, þó aldrei lægri en 10% lífeyris.

22. gr.

Til ársloka 1960 skal fullur elli- og örorkulífeyrir samkvæmt 13. gr. því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda en bætur samkvæmt lögum þessum fari ekki fram úr lífeyri á 1. verðlagssvæði, svo sem hér greinir:

- a. Einum og hálfum hluta einstaklingslífeyris, ef um einstakling er að ræða.
- b. Tvöföldum einstaklingslífeyri, ef um hjón er að ræða.
- c. Þreföldum einstaklingslífeyri, ef um hjón er að ræða og aðeins annað fær lífeyri.

Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyrir um sextíu hundraðshluta þess, sem umframtekjurnar nema. Þó skal lífeyrir annars hjóna aldrei vera hærri en lífeyrir hjóna með sömu tekjur.

Heimilt er ríkisstjórninni til þess tíma, er í 1. mgr. segir, að ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum tryggingaráðs, takmörkun á barnalífeyrisgreiðslum samkv. 17. gr., ef tekjur framfæranda fara fram úr ákveðinni upphæð. Þó má aldrei skerða barnalífeyri fyrir en bætur og aðrar tekjur framfæranda samanlagðar nema þreföldum hjónalífeyri, ef um hjón eða sambúðarfólk er að ræða, og þreföldum einstaklingslífeyri að viðbættum barnalífeyri, ef um einstæðar mæður er að ræða. Skerðing lífeyris vegna tekna skal miðast við síðasta skattframtal bótaþega. Breytist hagur hans verulega á bótaárinu, skal þó taka tillit til þess við ákvörðun bótanna.

23. gr.

Greiða má uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef lífeyrisþegi á ekki lögskyldan, af-lögufæran framfæranda á lífi, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1947, og sýnt þykir, að hann geti ekki komizt af án hækkunar.

Uppbót þessa skal aðeins greiða þeim, sem:

- a. þurfa sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika,
- b. dvelja á elliheimili, sjúkrahúsi eða öðru slíku hressingar- eða dvalarheimili,
- c. eru einstæðingar.

Uppbótin skal miðast við ástæður lífeyrisþegans, en þó aldrei vera hærri en lífeyrisupphæð skv. 13. gr. Uppbót og lífeyri samkvæmt b-lið skal hvorutveggja miða við lífeyri 1. verðlagssvæðis.

Uppbót þessi greiðist að $\frac{2}{5}$ af hlutaðeigandi sveitarsjóði og að $\frac{3}{5}$ af Tryggingastofnun ríkisins, og skal stofnuninni heimilt að verja upphæð, sem nemur allt að 7% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris síðastliðins árs, í þessu skyni.

- 24 Tryggingastofnunin ákveður uppbót samkvæmt grein þessari eftir ástæðum líf-
 29. marz eyrisþegans, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar.
 Hlutur Tryggingastofnunarinnar greiðist því aðeins, að hlutur sveitarsjóðs sé jafnframt greiddur.

C. Tekjur.

24. gr.

Útgjöld lífeyrstrygginganna skulu eftirtaldir aðilar bera, og skulu framlög og iðgjöld þeirra ákveðin með það fyrir augum, að kostnaðurinn skiptist í þeim hlutföllum, er hér greinir:

- a. Ríkissjóður 33%.
- b. Hinir tryggðu 33%.
- c. Sveitarsjóðir 19%.
- d. Atvinnurekendur 15%.

25. gr.

Fyrir lok júlímánaðar ár hvert skal Tryggingastofnunin hafa gert áætlun um útgjöld lífeyrstrygginganna fyrir næsta almanaksár, sem þá þegar skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar. Skal áætlunin miðuð við sömu vísitölu og fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að miða fjárlög næsta árs við. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af áætluðum útgjöldum.

Samkvæmt þessari staðfestu áætlun skulu ákveðin iðgjöld og framlög næsta árs, samkvæmt 24. gr.

Nú eru horfur á því fyrir árslok, að vísitala muni breytast verulega frá því, sem gert var ráð fyrir, þegar iðgjöld og framlög voru ákveðin, og getur ráðherra þá breytt framlögum og iðgjöldum til samræmis við væntanlega vísitölubreytingu.

Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag hefur orðið of hátt eða ekki nógu hátt hjá einstökum þátttökuaðiljum samkv. 24. gr., skal áætlað framlag hlutaðeigandi aðila fyrir næsta ár við það miðað, að leiðrétting náist.

26. gr.

Framlag ríkissjóðs til lífeyrstrygginganna samkvæmt 24. og 25. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

27. gr.

Iðgjöld, samkvæmt b-lið 24. gr., greiða allir, sem búsettir eru í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hvorki greiða tekju- né eignarskatt og hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla annarra en fjölskyldubóta, mæðralauna eða fæðingarstyrks tvo mánuði eða lengur eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna eða ríkisframsfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu.

Skal iðgjald kvenna sem næst fjórðungi lægra en karla og iðgjald hjóna sem næst einum tíunda herra en karla.

Félagsmálaráðuneytið ákveður iðgjöldin með reglugerð fyrir næsta ár, um leið og það staðfestir áætlun trygginganna, sbr. 25. gr. 2. mgr., að fengnum tillögum tryggingaráðs.

28. gr.

Framlagi sveitarfélaga skal skipta niður á umdæmi kaupstaða og sýslufélaga á eftirfarandi hátt:

- a. Tveimur fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við samanlögð útgjöld lífeyrstryggingarinnar í hverju umdæmi fyrir sig árið áður.

b. Tveimur fimmtu hlutum í hlutfalli við skattgjaldstekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattframtali. 24

c. Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu um síðustu áramót. 29. marz

Innan hvers sýslufélags skiptist framlagið á milli sveitarfélaganna, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

a. Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við skattgjaldstekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.

b. Einn þriðji í hlutfalli við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu.

c. Einn þriðji skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu um síðustu áramót.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur, sem tryggingargjaldi svarar, af þeim fasteignum, sem framlag sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við þegar því er skipt milli sveitarfélaga innan sýslufélags, sbr. b-lið, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

Framlög sveitarfélaganna skal greiða ársfjórðungslega. Tryggingastofnunin áætlaframlag hvers sveitarfélags í ársbyrjun, og eru gjalddagar síðasta dag hvers ársfjórðungs, en lokaskil skulu gerð, þegar hlutur hvers sveitarfélags hefur verið endanlega ákveðinn samkvæmt framansögðu.

Ríkissjóður ábyrgist framlög sveitarfélaganna.

Verði vanskil af hálfu sveitarfélags á greiðslu framlags lengur en þrjú mánuði, skal það greiða dráttarvexti, $\frac{3}{4}$ af hundraði fyrir hvern mánuð frá gjalddaga til greiðsludags.

29. gr.

Framlagi atvinnurekenda, sbr. 24. gr. d., skal jafna niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega, sbr. 32. gr., með iðgjöldum miðuðum við vinnuvikur, unnar í þjónustu þeirra. Sé um tímavinnu að ræða, telst vinnuvikan 48 stundir. Iðgjald þetta greiða og bifreiðastjórar, sem aka eigin bifreið í atvinnuskyni. Upphæð iðgjalds skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn. Í reglugerð skal og ákveða, hversu meta skuli til vinnuvikna störf barna og fósturbarna eldri en 16 ára, sem dvelja og starfa á heimilum foreldra sinna, svo og störf barna, unglinga, gamalmenna og öryrkja, sem dvelja og vinna hjá vandalausum án verulegrar kaupgreiðslu.

III. KAFLI

SLYSATRYGGINGAR

A. Almenn ákvæði.

30. gr.

Slys er það, samkvæmt lögum þessum, ef maður slasast við vinnu, svo að hann deyr eða verður óvinnufær.

Maður telst vera við vinnu, ef hann er í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um ferðir sjómanna í erindum í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna.

Til slysa teljast atvinnusjúkdómar, svo sem hvers konar fingur- og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, slátrun og aðra þá vinnu, sem sérstaklega er hættuleg að þessu leyti, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir

24 stunda vinnuna eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar. Ákveða
29. marz skal í reglugerð, hverja sjúkdóma aðra skuli telja atvinnusjúkdóma.

31. gr.

Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskyldt samkvæmt lögum þessum, skal atvinnurekandi senda tafarlaust tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið, frá því að slysið bar að höndum.

32. gr.

Launþegi telst hver sá, sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi, án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

Um eftirtalda menn gilda sömu reglur og um launþega:

- a. Nemendur við iðnnám samkvæmt lögum nr. 46/1949.
- b. Útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar.
- c. Ökumenn á eigin ökutækjum og stjórnendur aflvéla, sbr. 43. gr. 5. mgr.
- d. Þá, sem vinna að björgun manna úr lífsháska.

Launþegar teljast ekki þeir, sem eingöngu taka vinnu heim til sín eða á vinnustað, sem þeir sjálfir ákveða, eigi heldur þeir, sem taka að sér lausavinnu. Með reglugerð skal setja nánari ákvæði um það, hvað telja beri starf á heimili og lausavinnu í þessu sambandi. Ekki skal þó undanskilja þá launþega, er stunda lausavinnu, sem sérstök áhætta fylgir.

Hjónin teljast hér bæði atvinnurekendur, og eru börn þeirra, yngri en 16 ára, foreldrar og fósturforeldrar ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

B. Bætur.

33. gr.

Launþegar, samkvæmt 32. gr., sem verða fyrir slysi, samkvæmt 30 gr., eiga rétt til slysabóta, svo og vandamenn þeirra, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

34. gr.

Slysatryggingarnar taka til sjúkrahjálpar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta.

35. gr.

Ef bótaskyldt slys veldur sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, skal greiða hinum slasaða nauðsynlega læknishjálp og sjúkrahúsvist frá þeim tíma, er slysið vildi til, svo og $\frac{3}{4}$ hluta af nauðsynlegum lyfja- og umbúðakostnaði utan sjúkrahúss, og að fullu í sjúkrahúsi. Læknishjálp og sjúkrahúsvist greiðist eftir gjaldskrá, sem staðfest er af heilbrigðismálaráðuneytinu, ef ekki er öðruvísi um samið. Auk þess er heimilt að greiða fyrir sjúkraleikfimi, hjúkrun í heimahúsum og flutning á slösuðum mönnum, fyrst eftir slys, enda séu slíkar aðgerðir taldar nauðsynlegar að dómi tryggingayfirlæknis.

Nú veldur slys óvinnuhæfni skemur en 10 daga, en hefur þó í för með sér sjúkra- **24**
 kostnað, sem ekki er almennt greiddur af sjúkrasamlögum, og getur þá tryggingaráð **29. marz**
 heimilað greiðslu á slíkum kostnaði í hverju einstöku tilfalli.

36. gr.

Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 26 vikur.

Tryggingaráði er heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatíraunum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða, og líkur eru til, að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

Dagpeningar eru kr. 22.50 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 26.00 fyrir kvæntan mann eða gifta konu og kr. 3.50 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr $\frac{3}{4}$ af dagkaupi bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, er slysið varð, og mega ekki, ásamt launatekju, nema meiru en upphæð dagpeninga, að viðbættum þriðjungi.

37. gr.

Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða þeim, er fyrir því varð, örorkulífeyri 1. verðlagssvæðis eftir reglum 14. gr., síðustu mgr., eða örorkubætur í einu lagi. Skerðingarreglur 22. gr. taka þó ekki til slysalífeyris.

Ef örorkan er 50% eða meiri, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

Nú er örorka metin 50% eða meiri, og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 16 ára, sem voru á framfæri bótaþega, þegar slysið bar að höndum, eftir reglum 38. gr. Ef örorkan er alger, skal greiða fullar bætur, en sé örorkutapið minna, lækka bæturnar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku. Barnalífeyrir skal þó ekki vera lægri en verið hefði, ef hann hefði verið ákveðinn eftir fyrirmælum laganna um barnalífeyri til öryrkja, sbr. 17. gr.

Ef orkutap er minna en 50%, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða örorkubætur í einu lagi, sem jafngilda lífeyri hlutaðeiganda, samkvæmt reglum er ráðuneytið setur, að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

Örorkubætur greiðast ekki, ef orkutapið er metið minna en 15%.

38. gr.

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

- a. Ekkja eða ekill, sem var samvistum við hið látna eða á framfæri þess, hljóta kr. 9000.00. Ef ekkja eða ekill eru 50 ára eða eldri, eða hafa tapað 50% eða meiru af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags, kr. 4680.00 á ári, miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrir lækkar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að hlutaðeigandi sé 67 ára.
- b. Barnalífeyrir kr. 2400.00 fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 17. gr.
- c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 3000.00 og allt að kr. 9000.00 eftir

24
29. marz

því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna þegar eins stendur á.

d. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 3000.00 og allt að kr. 9000.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra, sbr. 16. gr., 3. mgr., gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar, hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvorutveggja eru á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 37. gr. vegna sama slyss. Lifeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

39. gr.

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, samkv. a-, c- og d-lið 38 gr., greiða þessar grunnupphæðir:

1. Til ekkju eða ekkils, samkv. fyrri málslið a-liðs kr. 14000.00
2. Til uppkomins barns eða systkinis, samkv. c-lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna skorts á starfsgetu kr. 2000.00 til — 6000.00
3. Til foreldris, samkv. d-lið — 2000.00 til — 6000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 6400 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tl. þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 6400.00, sem skiptast milli barna hins látna, er njóta lifeyris samkv. b-lið 38. gr., ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

40. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn auka-iðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, þegar dagpeningar eru greiddir samkvæmt 36. gr., einnig fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

41. gr.

Atvinnurekendur, sem vinna með verkafólki sínu eða starfa að eigin atvinnurekstri við tryggingarskyld störf án þess að hafa launþega í þjónustu sinni, eiga rétt á að tryggja sér með iðgjaldagreiðslu sams konar slysabætur og launþegar njóta samkv. ákvæðum þessa kafla. Tryggingastofnunin ákveður iðgjald fyrir tryggingar þessar.

Trygging samkv. þessari grein skal bundin við tiltekin nöfn og miðuð við ákveðinn tíma, er eigi skal vera skemmri en 6 mánuðir. Tryggingin er því aðeins gild, að iðgjöld séu greidd fyrir fram eða hlutaðeigandi hafi skráð á skattframtal sitt, að hann óski að kaupa slíka tryggingu.

42. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar á nafngreindum mönnum. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskirteini. Jafnframt er Tryggingastofnuninni heimilt að taka að sér hóptryggingar ónafngreindra manna, svo sem slysatryggingu farþega í bifreiðum, skipum og flugvélum, starfsmanna til-

tekinna fyrirtækja, iþróttamanna við keppni og æfingar og aðrar hliðstæðar trygg- 24
ingar. Tryggingar þessar mega einnig ná til sjúkradagpeninga. Enn fremur getur 29. marz
Tryggingastofnunin, með samþykki ráðherra, tekið að sér persónulegar ábyrgðar-
tryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal, að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

C. Tekjur.

43. gr.

Útgjöld slysatrygginganna skulu borin af atvinnurekendum.

Hver sá, er hefur í þjónustu sinni launþega, sbr. og 32. gr., skal greiða áhættu-
iðgjald.

Upphæð áhættuðgjalda ber að miða við slysaáættuna. Skal skipta störfum og starfsgreinum í áhættuflokka og ákveða iðgjöld fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðunina. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Ákvörðun iðgjaldanna skal miðuð við áætlun Tryggingastofnunarinnar um útgjöld slysatrygginganna. Ef erfitt er að skipta starfsemi fyrirtækis í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin þó ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Í þeirri reglugerð má setja ákvæði um, að meta skuli til vinnuvikna störf þess fólks, er um ræðir í síðasta málslið 29. gr., á sama hátt og gert verður í reglugerð samkvæmt henni.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisafnlvéla.

IV. KAFLI SJÚKRATRYGGINGAR

A. Almenn ákvæði.

44. gr.

Í hverjum kaupstað og hverjum hreppi skal vera sjúkrasamlag til þess að annast sjúkratryggingar.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum tryggingaráðs og með samþykki hlutaðeigandi sjúkrasamlagsstjórna, að eitt og sama sjúkrasamlag annist sjúkratryggingar í fleiri hreppum innan sömu sýslu, eða í kaupstað og nærliggjandi hreppum. Einnig má láta hluta sveitarfélags fylgja sjúkrasamlagi nágrannasveitarfélags.

Nú samþykkja a. m. k. $\frac{2}{3}$ hlutar sjúkrasamlagsstjórna í sama lögsagnarumdæmi að sameinast í eitt sjúkrasamlag, og getur þá ráðherra, að fengnum tillögum tryggingaráðs, ákveðið sameiningu allra samlaga umdæmisins.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

45. gr.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags, að fengnum tillögum tryggingaráðs, en sveitarstjórn kýs til viðbótar tvo eða fjóra menn í stjórnina og jafnmarga til vara, eftir því sem sveitarstjórn ákveður.

24 Standi fleiri en eitt sveitarfélag að sjúkrasamlagi, skulu þau hvert um sig kjósa einn mann í stjórnina, en verði tala stjórnarnefndarmanna þá jöfn, skal sveitarfélag það, sem flesta hefur tryggingarskylda meðlimi, kjósa tvo menn. Nú sameinast öll sjúkrasamlög í lögsagnarumdæmi í eitt sjúkrasamlag, sbr. 44. gr. 3. mgr., og skal þá sýslunefnd kjósa 4 menn í stjórn samlagsins.

Kjörtímabil allra stjórnarnefndarmanna skal vera fjögur ár, og skulu þeir skipaðir og kosnir þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagsjóði.

46. gr.

Í hverju sýslufélagi skal vera héraðssamlag. Öll sjúkrasamlög tilheyrandi 2. verðlagssvæði, sbr. 10. gr., önnur en sjúkrasamlög kaupstaða, skulu vera í héraðssamlagi hlutaðeigandi sýslu.

Ekki skal vera héraðssamlag í sýslu, ef öll sjúkrasamlög í sýslunni hafa sameinast í eitt sjúkrasamlag, sbr. 44. gr. 3. mgr.

Samþykktir héraðssamlags skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar, sem lætur gera fyrirmynd að slíkum samþykktum.

47. gr.

Oddviti sýslunefndar er formaður stjórnar héraðssamlags, en sýslunefnd kýs til viðbótar tvo menn í stjórn héraðssamlagsins.

Sýslunefnd ákveður þóknun stjórnarinnar, er greiðist úr sjóði héraðssamlagsins.

48. gr.

Hlutverk héraðssamlaga er:

- a. Að greiða sjúkradagpeninga, samkvæmt úrskurðum sjúkrasamlagsstjórna, sbr. 53. gr., og annast jöfnun á kostnaði sjúkrasamlaganna, samkvæmt því, er nánar greinir í 49. gr.
- b. Að annast endurskoðun og úrskurðun á reikningum sjúkrasamlaganna og gera heildarskýrslu um rekstur þeirra og efnahag.
- c. Að gefa Tryggingastofnun ríkisins umsögn um einstök mál frá sjúkrasamlögum, sem henni eru send til úrskurðar.
- d. Að vera Tryggingastofnun ríkisins til aðstoðar og leiðbeiningar varðandi tryggingamál almennt í umdæminu.

Reikninga sjúkrasamlaganna og heildarskýrslur, sbr. b-lið, skal árlega senda Tryggingastofnun ríkisins.

Þar sem ekki eru héraðssamlög, skal ákvæði d-liðs gilda um hlutaðeigandi sjúkrasamlag.

49. gr.

Framlag ríkissjóðs og lífeyrisdeildar til sjúkratrygginganna, samkvæmt 58. gr., greiðir Tryggingastofnun ríkisins til héraðssamlaganna, þar sem þau eru, ella til hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

Héraðssamlag greiðir hverju sjúkrasamlagi innan héraðssamlagsins sinn hluta framlaganna, að frádrögnum sjúkradagpeningum, sem stjórn sjúkrasamlagsins hefur úrskurðað, kostnaði við stjórn héraðssamlagsins og því fé, sem ákveðið kann að hafa verið til jöfnunar.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð, að héraðssamlag skuli verja allt að helmingi ríkisframlagsins til jöfnunar sjúkrakostnaði í sýslunni. Slík ákvörðun skal þó aðeins gerð samkvæmt tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, að fengnu samþykki héraðssamlagsstjórnar.

Nú hefur ráðherra ákveðið jöfnun sjúkrakostnaðar í sýslu, og skal þá greiða **24** þeim sjúkrasamlögum í sýslunni, sem hafa meiri sjúkrakostnað en nemur meðal- **29. marz** sjúkrakostnaði í þeirri sýslu, $\frac{3}{4}$ hluta þess, sem umfram er meðalsjúkrakostnað, ef jöfnunarfé er fyrir hendi, ella hlutfallslega.

Ef fé verður afgang að lokinni jöfnun og greiðslu kostnaðar héraðssamlags, getur stjórn þess ákveðið að greiða það til sjúkrasamlaganna eða leggja það í varasjóð, er síðar má verja til jöfnunar, ef fé skortir. Tekjuafgang skal þó ekki greiða samlögum fyrir en 10% af fé því, sem ætlað er til jöfnunar hverju sinni, hefur verið lagt í varasjóð, unz varasjóður nemur 50% þess fjár, sem varið var til jöfnunar næsta ár á undan.

Stjórn héraðssamlags gerir árlega reikning um jöfnunina, sem senda skal Tryggingastofnun ríkisins ásamt fylgiskjölum til endurskoðunar og úrskurðar.

B. Bætur.

50. gr.

Sérhverjum manni, karli eða konu, 16 ára eða eldri, er skylt að tryggja sér rétt til bóta, er sjúkratryggingin veitir, með greiðslu iðgjalda samkv. 57. gr., í því samlagi, er starfar þar, sem hann á heimilisfang. Undanþegnir tryggingarskyldunni eru þeir, sem haldnir eru sjúkdómi, sem lög nr. 78 frá 1936 um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla taka til, á meðan þeir dvelja í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað ríkisframfærslunnar.

Börn samlagsmanna, þar með talin stjúpbörn og fósturbörn, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, eru sjúkratryggð með þeim. Séu foreldrar samvistum, njóta börnin fullra réttinda, ef hvorugt foreldranna er í vanskilum við samlagið, en hálfra réttinda, ef annað er í vanskilum. Séu foreldrarnir ekki samvistum, fylgir barnið tryggingu þess, sem foreldraráðin hefur.

51. gr.

Þeir, sem verða samlagsmenn þegar við 16 ára aldur, eða flytjast milli samlaga, samkvæmt 56. gr., öðlast réttindi án biðtíma. Biðtími annarra, þar á meðal þeirra, sem misst hafa réttindi vegna vanskila, sbr. 78. gr., skal að jafnaði vera 6 mánuðir frá því iðgjaldagreiðsla þeirra hófst. Heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktum samlags, svo og, að biðtími skuli, ef iðgjaldsskuld er greidd að fullu, aðeins gilda um rétt til sjúkrahúsvistar og dagpeninga. Maður, sem verður tryggingarskyldur að aflokinni dvöl í sjúkrahúsi eða hæli á vegum ríkisframfærslunnar, sbr. 50. gr., fær þó full réttindi án biðtíma.

52. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætíð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp, sem hér er talin:

- a. Ókeyppis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefur samning við, eins lengi og nauðsyn krefur, svo og læknishjálp, hjúkrun, lyf og önnur þjónusta, sem þar er veitt. Þó greiðir samlag ekki sjúkrahúsvist lengur en 5 vikur alls vegna ellikramar og alvarlegra, langvinnra sjúkdóma, sem lög nr. 78/1936 taka til.
- b. Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn á 1. verðlagssvæði, skv. 10. gr., greiða þó 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningsstofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun. Breytist kauplagsvísitala um 10% eða meira, skal samræma greiðslurnar þeirri breytingu.

- 24 c. Nauðsynlegar rannsóknir, eftir tilvisun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að $\frac{3}{4}$ hlutum. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmárkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.
- d. Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, að fullu og önnur nauðsynleg lyf að $\frac{3}{4}$ eða $\frac{1}{2}$. Tryggingastofnunin lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem hér um ræðir, og skal skráin staðfest af heilbrigðisstjórninni.
- e. Röntgenmyndir og röntgenskoðun að $\frac{1}{2}$ samkvæmt gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.
- f. Sjúkradagpeninga samkv. ákvæðum 53. gr.
- g. Dvöl á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, sem fram yfir er fyrstu 9 dagana eftir hverja fæðingu.
- Í samþykktum samlaga er heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda svo og greiðslu fyrir tannlækningar. Sjúkradagpeningar mega þó eigi hærri vera en slysdagpeningar, samkv. 36. gr.

53. gr.

Sjúkrasamlögin greiða sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem er eldri en 16 ára og ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, verður óvinnufær vegna veikinda og tekjur hans falla niður að miklu eða öllu leyti.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 26 vikur samtals á hverjum 12 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, að dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða.

Launþegar og einyrkjar njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi, ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. 14 daga, en atvinnurekendur frá og með sjöttu sjúkraviku. Atvinnurekandi telst í þessu sambandi hver sá, sem kaupir svo mikla vinnu, að honum beri að greiða gjald skv. 29. gr. af meiru en 52 vikum. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, sem lækni er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús.

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera lægri en kr. 12.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu; kr. 15.00 fyrir kvæntan mann og gifta konu, sem er fyrirvinna heimilis, og kr. 3.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

Sjúkradagpeningar mega þó ekki vera hærri en svo, að þeir ásamt öðrum tekjum hlutaðeigandi nemi sjúkradagpeningum samkvæmt grein þessari að viðbættum þriðjung, og aldrei fara fram úr þrem fjórðu hlutum þeirra tekna, sem hlutaðeigandi hefur misst vegna veikindanna. Ef ósannað er, að skilyrði þessarar málsgreinar séu uppfyllt, má fresta úrskurði um dagpeninga þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur á veikindaárinu eru fyrir hendi.

Gift kona fær ekki greidda sjúkradagpeninga, þótt hún missi atvinnutekjur, ef maður hennar getur séð henni farborða. Sama gildir um kvæntan mann, ef konan er tekjuaflandi. Ef hlutaðeigandi hefur ekki unnið utan heimilis, er heimilt að greiða dagpeninga, allt að því sem svarar lífeyrisupphæð samkvæmt 13. gr.

54. gr.

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 52. gr., nema Tryggingastofnunin geri sjálf samningana í umboði hlutaðeigandi samlags.

Náist ekki samkomulag við lækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði gerðardómur ekki fullskipaður, fellur niður veiting bóta, eftir því sem við á samkvæmt 52. gr. b. og c., en iðgjöld hinna tryggðu lækka að sama skapi. Þó skal

sjúkrasamlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, í stað 24 þess að lækka iðgjöldin, að verja því fé, sem sparast við það, að bætur eru ekki 29. marz veittar samkvæmt 52. gr. b. og c., til aukinnar greiðslu sjúkradagpeninga, fjölskyldubóta eða til hinna tryggðu upp í kostnað við læknishjálp.

Ef ekki næst samkomulag við opinber sjúkrahús um daggjald, ákveður heilbrigðismálaráðuneytið daggjaldið í einu lagi fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu, sbr. 52. gr. a. Sé um einkasjúkrahús að ræða, getur Tryggingastofnunin ákveðið, að samlag endurgreiði sjúklingum tiltekna upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn. Breyting daggjalda skal jafnan tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins með a. m. k. tveggja mánaða fyrirvara.

55. gr.

Nú vill samlagsmaður leita sér lækninga utan samlagssvæðis, og er þá samlagi hans heimilt að greiða kostnað af því, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi, þegar hann er staddur utan samlagssvæðis síns, á hann rétt á endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, þó eigi hærri upphæð en kostnaðurinn hefði numið á samlagssvæðinu.

Þetta nær þó ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.

56. gr.

Nú flyzt samlagsmaður búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags, og verður hann þá tryggingaskyldur í samlagi því, er þar starfar.

Í reglum, sem Tryggingastofnunin setur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari fyriræli um flutning manna milli samlaga, og um greiðslu sjúkrakostnaðar, þegar svo stendur á. Má þar ákveða, að hinn tryggði skuli sjálfur bera kostnað sinn að nokkru eða öllu leyti, ef hann vanrækir að flytja tryggingu milli samlaga í samræmi við reglurnar.

Í reglum, settum á sama hátt, má og ákveða gagnkvæma þjónustu og aðstoð samlaganna hvers við annars meðlimi. Að svo miklu leyti sem slík gagnkvæm aðstoð verður ákveðin, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða, sjúkrahúsa og annarra, sem láta sjúkrahjálp í té, eftir sömu reglum og um greiðslur fyrir eigin meðlimi samlagsins.

C. Tekjur.

57. gr.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður iðgjöldin í hverju samlagi að fengnum tilögum sjúkrasamlagsstjórna og umsögn stjórnar héraðssamlaga, þar sem þau eru. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess.

Iðgjöld greiða allir þeir, sem heimilisfang eiga í umdæmi sjúkrasamlags og eldri eru en 16 ára. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

58. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður greiða hvor um sig til sjúkrasamlaganna þriðjung greiddra iðgjalda. Greiddast framlög þessi ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

Lifeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir árlega framlag til sjúkrasamlaganna, sem nema skal 4% af samanlögðum bótagreiðslum deildarinnar næsta ár

24 á undan. Framlag þetta greiðist í fernu lagi, í lok hvers ársfjórðungs, og skiptist milli 29. marz þeirra í réttu hlutfalli við greidd iðgjöld á næsta ári á undan.

Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálf t ár eða heilt ár, greiðast framlögin í samræmi við það.

V. KAFLI SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

A. Um bætur.

59. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bæði bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

- Fjölskyldubætur og dagpeningar.
- Barnalífeyrir og dagpeningar.
- Barnalífeyrir, mæðralaun og ekkjubætur samkvæmt 20. gr.
- Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögnum.

Ef maður á rétt á fleiri en einni tegund bóta, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar.

Ef maður, sem nýtur slysabóta samkv. III. kafla, ætti rétt á hærri bótum, eftir öðrum ákvæðum, skal greiða honum mismuninn til viðbótar. Sé hinn slysatryggði einnig tryggður í sjúkrasamlagi, greiðir sjúkrasamlagið sjúkrakostnað hans vegna gegn endurgreiðslu frá slysatryggingunni.

Ef bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem tryggingarnar eða ríkisframbærslan greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, falla bótagreiðslur niður, sem ætlaðar hafa verið til frambærslu hans sjálfs. Þegar um er að ræða sjúkling, sem haldinn er ellikröm eða öðrum slíkum sjúkdómi, skal Tryggingastofnunin þó greiða lífeyri hans að viðbættum 20% upp í dvalarkostnað hans, sbr. þó næstu málsg. r.

Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta.

60. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lífir, þegar hitt deyr.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur.

61. gr.

Tryggingastofnunin getur greitt öðrum en bótaþega eða frambærslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt, að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd, ef um er að ræða fjölskyldubætur eða barnalífeyri.

62. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef ástand það, sem bótaréttur er byggður á, stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja eða öðrum or-

sökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vitaverðu hirðuleysi eða gáleysi, ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrir mælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf. 24
29. marz

Ef farsóttir ganga, svo sem mislingar, influenxa, skarlatssótt o. fl., fellur niður greiðsla bóta vegna slíkra sjúkdóma, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni. Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

63. gr.

Erlendur ríkisborgari, sem öðlazi hefur rétt til dagpeninga eða lífeyris frá slysa-tryggingunni, heldur þeim rétti, þótt hann flytji af landi brott.

64. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur.

Ekki verður krafizt umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

65. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi, sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna, þó eigi lengur aftur í tímann en tvö ár og eigi lengur en 3 mánuði að því er varðar sjúkradagpeninga. Bætur samkvæmt II. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur, reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar þegar bótarétti lýkur.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum, sem orðið hafa.

66. gr.

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný, ef rökstudd umsókn berst.

67. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Tryggingastofnunin getur og dregið upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkv. 1. mgr. stafar af svíksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

68. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns, er hann eða hún hafa valdið, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum, sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins, án þess að til komi sérstakt framsal.

24

29. marz

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelur þar.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

70. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkv. lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

71. gr.

Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara eru grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu, eftir sömu reglum og greitt er á laun þeirra opinberra starfsmanna, sem lægst laun hafa, samkvæmt launalögum.

B. Um iðgjöld, innheimtu o. fl.

72. gr.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar, í Reykjavík fyrir 1. apríl, ár hvert gera skrá í þrem eintökum yfir alla þá, sem heimilisfastir eru innan hlutaðeigandi sveitarfélags og í byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára.

Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir, og enn fremur aðrar þær upplýsingar, er varða iðgjaldagreiðslur hlutaðeiganda. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattyfirvalds, sem leggur á iðgjöld samkvæmt 27. gr. Annað eintakið sendist innheimtumönnum, sbr. 75. gr., hitt eintakið Tryggingastofnuninni.

73. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 29. gr. og 43. gr. skulu skattanefnd og skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti. Iðgjöld þessi skulu innheimt í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af öikumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur atvinnurekanda beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattanefndar eða skattstjóra.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem rétt eiga til slysa-bóta samkvæmt 35.—38. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Í reglugerð samkvæmt síðustu málsgrein 43. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

74. gr.

Gjaldskrár samkvæmt 72. og 73. gr. skulu liggja frammi almenningi til sýnis samtímis skattskrár.

Kæra má til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og 24
 gilda um kærur út af tekjuskatti. Yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd skulu endur- 29. marz
 skoða og leiðrétta gjaldskrárnar með sama hætti og skrár um tekju- og eignarskatt.
 Gjald dagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

75. gr.

Iðgjöld samkvæmt 72. og 73. gr. skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir þó sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða. Skulu ákvæði laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjaldanna.

Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga. Gera má lögtak hjá sveitarfélagi fyrir vangreiddum framlögum, m. a. í álögðum, ógreiddum bæjar- eða sveitargjöldum. Þó getur Tryggingastofnun ríkisins annast innheimtuna sjálf í einstökum lögsagnarumdæmum, ef hún kys það.

Um gjald fyrir innheimtu af iðgjöldum, samkv. lögum þessum, fer eftir launalögum.

Sjúkrasamlagsiðgjöld greiðast til samlaganna. Verði vanskil, innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, og má innheimta iðgjöldin með lögtaki.

76. gr.

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína, og útgerðarmenn sjúkrasamlagsiðgjöld lögskráðra sjómanna. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupum þessara manna.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 27. gr., ef tekjur hans og eignir eru svo rýrar, að honum beri ekki að greiða tekjuskatt eða eignarskatt það ár, og má ekki krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi skattgjaldstekna hans, unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um **endurgreiðslu**. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

Lífeyrstryggingin greiðir sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, er njóta elli- og örorkulífeyris. Hjón eru ábyrg fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum hvors annars og foreldrar og fósturforeldrar fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum barna sinna, sem á vegum þeirra eru. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

77. gr.

Þeir, sem laun greiða, skulu, ef innheimtumaður eða sjúkrasamlag krefst þess, halda eftir iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt, og greiða síðan til innheimtumanna. Nú vanrækir launagreiðandi að halda eftir af kaupum, og má þá krefja hann um upphæðina. Nánari ákvæði varðandi skyldur atvinnurekanda samkvæmt þessari grein, og viðurlög við vanrækslu, skulu sett með reglugerð.

78. gr.

Sjúkratryggingin veitir ekki bætur, nema staðið sé í skilum með iðgjöld samkvæmt 57. gr. Heimilt er að ákveða í samþykktum, að allt að sex mánaða vanskil valdi ekki skerðingu bótaréttar. Nemi vanskil meiru en 6 mánuðum, fer um rétt-

24 indi samlagsmanna samkvæmt 51. gr. Nánari ákvæði um réttindaskerðingu vegna 29. marz vanskila skulu sett í samþykktum.

Tryggingastofnunin getur lækkað aðrar bætur um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim iðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða. Ekki skal þó af þessum ástæðum lækka fæðingarstyrk, sbr. 19. gr., bætur samkv. 20. gr. eða slysabætur samkvæmt III. kafla laganna.

79. gr.

Iðgjöld samkvæmt 29. gr., 43. gr. og 57. gr. vegna sjómanna og stjórnenda öku-tækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkis-sjóðs. Iðgjöld samkvæmt 29. gr. og 43. gr. vegna byggingar húsa og annarra mann-virkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

C. Önnur ákvæði.

80. gr.

Varasjóður Tryggingastofnunar ríkisins verður varasjóður lífeyrstrygginganna og leggjast vextirnir við höfuðstólinn. Það fé, sem er í vörzlu Tryggingastofnunarinnar vegna slystrygginganna, færast á sérreikning þeirra. Annað vörzlufé stofnunarinnar sé framvegis í vörzlu þeirrar deildar, sem fer með lífeyrstryggingarnar.

Tryggingastofnuninni er heimilt að veita lán úr varasjóði til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum, gegn öruggum tryggingum. Handbært fé stofnunarinnar, sem ekki þarf að nota til daglegs rekstrar trygginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánnum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

81. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem um getur í 76. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skulu greiddir hlutaðeigandi sveitarfélögum, er þau hafa komið upp hæli, sem félagsmálaraðherra viðurkennir, fyrir gamalmenni og öryrkja.

82. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að lífeyrisdeild greiði:

- a. kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum;
- b. gjald fyrir rannsóknir, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar rannsóknarstofur, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin;
- c. kostnað samkvæmt milliríkjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dvelja hér um stundarsakir;
- d. allt að 300 þúsund krónur á ári í styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59/1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Úthlutun fjárisins ákveður tryggingaráð og að fengnum tillögum landlæknis, að því er varðar styrk til læknisvitjanasjóða.

83. gr.

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkvæmt 1. mgr., á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir 76. gr. framfærslulaga. 24
29. marz

Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfu vegna barnalífeyris, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Verði vanskil af hálfu meðlagsskylds aðila, skal innheimta kröfuna hjá framfærsluveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærsluveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkvæmt 76. gr. framfærslulaga. Skal Tryggingastofnunin svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 12 mánaða frá greiðslu lífeyrisins bera fram kröfu um endurgreiðslu á hendur framfærsluveit barnsföður, og skal hún þá greiða skuldina innan 6 mánaða frá móttöku kröfunnar.

Nú vanrækir framfærsluveit að sinna kröfunni, og getur þá Tryggingastofnunin krafist rikissjóð greiðslu samkvæmt 50. gr. framfærslulaga, en þó skulu slíkar kröfur gerðar eigi síðar en tveim árum eftir að krafan hefur verið send framfærsluveit. Nánari ákvæði um endurgreiðslu setur ráðuneytið með reglugerð.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu barnalífeyris, sem fráskildar konur fá úrskurðaðan með börnum sínum.

84. gr.

Ógift móðir, sem verður að fella niður vinnu og missir tekjur sínar vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til að afla sér slíks úrskurðar, á rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni, auk fæðingarstyrks skv. 19. gr., allt að kr. 300.00 á mánuði í allt að 3 mánuði samanlagt fyrir og eftir barnsburð, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi á sama hátt og í 83. gr. segir um endurkröfurétt á barnalífeyri.

85. gr.

Tryggingastofnunin skal veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem Tryggingastofnunin setur fyrir slíkri viðurkenningu. Það skal m. a. sett sem skilyrði, að þeir veiti félagsmönnum sínum elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, er ekki sé lægri en tryggður er með lögum þessum. Félagsmenn slíkra sérsjóða og lögboðinna lífeyrissjóða greiði til Tryggingastofnunarinnar iðgjald, er miða skal við þær bætur, er þeir gætu átt kröfu til frá Tryggingastofnuninni. Ráðherra ákveður iðgjöldin að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Tryggingaráð getur krafist þess, að iðgjaldið sé innheimt af sérsjóðunum, svo og að þeir skuldbindi sig til að gera Tryggingastofnunina skaðlausa af þeim félagsmönnum, sem hverfa úr sjóðnum til almannatrygginganna. — Þessir sjóðir skulu greiða sjúkrasamlagsiðgjöld örorkulífeyrisþega sinna og elli- lífeyrisþega, sem orðnir eru 67 ára, enda færi þeir sönnur á, að tekjur þeirra séu ekki svo háar, að valda muni missi lífeyris samkvæmt 22. gr.

Tryggingastofnunin annast reikningshald og daglega afgreiðslu þeirra lífeyrisjóða, sem lögum samkvæmt eiga að vera í hennar vörzlu, og getur tekið að sér sams konar störf fyrir aðra lífeyrissjóði, sem viðurkenndir eru samkvæmt grein þessari.

86. gr.

Fastir starfsmenn skulu aldrei missa néns í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúk-

24 dóma eða slysa, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt 29. marz fyrir í sérstökum lögum, samningum eða slíkt leiðir af venju í þeirri starfsgrein.

87. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenskra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

88. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

89. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10 000 krónum til Tryggingastofnunar ríkisins, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

90. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1956. Ákvæði 22. gr. um skerðingu lífeyris koma þó til framkvæmda frá 1. janúar 1956. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50/1946, III. kafli laga nr. 104/1943 og lög nr. 116/1954.

Frá og með 1. janúar 1956 er 2. málgr. 13. gr. laga nr. 50/1946 úr gildi fallin.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftirtalin ákvæði laga þessara koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1957: 2. gr. 2. mgr., 8. gr. 2. mgr., 10. gr. 3. mgr., 19. gr., 23. gr., 24. gr., 27. gr., 48. gr. a., 52. gr. og 58. gr. 2. mgr.

Til 31. desember 1956 skal fara um atriði þau, sem þessi ákvæði fjalla um, eftir sömu reglum og gilt hafa.

Ríkisstjórnin lætur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins og öryrkjafélögin í landinu fara fram á því athugun, á hvern hátt hagkvæmast verði fyrir komið að nota sem bezt starfsorku öryrkjanna, t. d. með stofnun og rekstri öryrkjaskóla, öryrkjaheimila og öryrkjavinnustöðva, þar sem öryrkjunum yrðu sköpuð viðunandi lífsskilyrði á borð við aðra þegna þjóðfélagsins, og skulu niðurstöður þeirra athugana liggja fyrir ásamt tillögum fyrir lok yfirstandandi árs.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

25

12. marz

um breytingu á viðskiptasamningi frá 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku.

Með erindaskiptum milli utanríkisráðherra og ameríska sendiherrans í Reykjavík, dags. 5. og 6. marz 1956, var gert samkomulag um, að liður 718 (b) á lista II, er fylgdi viðskiptasamningi frá 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku (Stj.tíð. A. 73/1943) skyldi orðast svo:

Númer í tollskrá Bandaríkja-anna 1930	Lýsing vöru	Tollur	United States Tariff Act of 1930 Paragraph	Deskription of Article	Rate of duty
718(b)	Fiskur, verkaður og varinn á hvern hátt sem er í loftþéttum umbúðum, er vega með innihaldi ekki meir en 15 pund hver (að undanteknum fiski í olíu eða olíu og öðrum efnum; að undantekinni síld, reyktri eða kryddreyktri eða í tómatsósu, í næstu umbúðum, sem vega með innihaldi yfir 1 pund hver; og að undanteknum laxi, ansjósum og túnafiski)	12-½% verðtollur	718(b)	Fish, prepared or preserved in any manner, when packed in airtight containers weighing with their contents not more than fifteen pounds each (except fish packed in oil or in oil and other substances; except herring, smoked or kippered or in tomato sauce, packed in immediate containers weighing with their contents more than one pound each; and except salmon, anchovies, and tuna)	12-½% ad valorem

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 12. marz 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

26

14. marz

um fullgildingu menningarsáttmála Evrópuráðsins frá 19. des. 1954.

Hinn 1. marz 1956 var forstjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands að menningarsáttmála Evrópuráðsins, er undirritaður var fyrir Íslands hönd í París hinn 19. desember 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 14. marz 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

27

14. marz

AUGLÝSING

um aðild Íslands að viðbótarsamningi við samning frá 5. júlí 1890
um alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga.

Hinn 10. febrúar 1956 var belgíska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands að viðbótarsamningi gerðum í Brüssel 16. desember 1949 við samning frá 5. júlí 1890, um alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga, er birtur var í Danmarks Traktater, IV. hefti, nr. 98.

Gildistaka aðildar Íslands að viðbótarsamningnum miðast við 1. apríl 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 14. marz 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

28

14. marz

AUGLÝSING

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Póllands.

Á grundvelli viðskipta- og greiðslusamnings milli Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949 (Stj.tíð. A. 40/1950) var hinn 6. marz 1956 undirritað í Varsjá samkomulag um viðskipti milli Íslands og Póllands á tímabilinu 1. marz 1956 til 28. febrúar 1957.

Samkvæmt íslenzka vörulistanum, sem samkomulaginu fylgir, er gert ráð fyrir útflutningi íslenzkra afurða til Póllands á tímabilinu, sem hér segir: Fryst síld 2000 smál., saltsíld 1000 smál., fiskimjöl 1500 smál., meðalalýsi 600 smál., iðnaðarlýsi 200 smál. og saltaðar gærur 100 smál.

Á pólska vörulistanum eru stærstu vörflokkarnir eins og áður: Kol, járn- og stálvörur, vefnaðarvörur, sykur, niðursoðnir ávextir og grænmeti, leirvörur, bú-áhöld o. fl.

Óski hvorugur samningsaðili eftir breytingum á samkomulagi þessu á samningstímabilinu framlengist það óbreytt sjálfkrafa til 28. febrúar 1958.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 14. marz 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

L Ö G

um atvinnuleysistryggingar.

29

7. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal atvinnuleysistryggingasjóð. Stofnfé sjóðsins er verðlækkunarskattshluti samkvæmt lögum nr. 42 14. apríl 1943, sem er í vörzlum Tryggingastofnunarinnar við gildistöku laga þessara.

Árlegar tekjur atvinnuleysistryggingasjóðs eru þessar:

- a. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 5. grein.
- b. Framlag frá sveitarfélögum samkvæmt 11. grein.
- c. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt 12. grein.

Tekjur samkvæmt stafliðum a.—c. skulu færðar á sérreikning verkalýðsfélaganna við sjóðinn, sbr. þó 7. gr. 3. mgr.

2. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og 5 kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir. Skipun stjórnarinnar fer fram eftir gildistöku laga þessara og síðan að loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi þeirra aðalmanna, sem valdir eru af sameinuðu Alþingi.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarnefndarmanna.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu atvinnuleysistryggingasjóðs og skal sjóðurinn vera í vörzlum hennar. Handbært fé sjóðsins skal Tryggingastofnunin ávaxta eftir því sem við verður komið í lánsstofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til. Ef handbært fé verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu bóta samkvæmt lögum þessum, er stjórn sjóðsins heimilt að ávaxta þann hluta fjáris í útlánum eða vaxtabréfum gegn ábyrgð ríkissjóðs eða annarri öruggri tryggingu.

4. gr.

Ákvæði laga þessara taka aðeins til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kaupsþúnum með 300 íbúa eða fleiri, svo og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að lögin taki til annarra staða, ef verkalýðsfélög og atvinnurekendur þar óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því.

Gjaldskyldur atvinnurekandi telst hver sá, er hefur í þjónustu sinni mann, 16 ára eða eldri, sem tekur laun samkvæmt kjarasamningi verkalýðsfélags eða samkvæmt gildandi launataxta verkalýðsfélags.

Verkalýðsfélög teljast samkvæmt lögum þessum félög verkafólks, sem vinnur hvers konar daglaunavinnu, svo og annarra, sem vinna fyrir launum við sams konar vinnu, svo sem félög sjómanna, starfsfólks við iðnað, flutninga á mönnum og vörum og þjónustu í veitingahúsum, starfsfólks í brauða- og mjólkurbúðum og önnur sam-

29 bærileg félög. Félag skrifstofufólks og afgreiðslufólks í verzlunum, fastlaunaðra 7. apríl opinberra starfsmanna, lækna og annarra sambærilegra aðila teljast ekki til verkalýðsfélaga.

Lögin taka til þeirrar vinnu, sem framkvæmd er á stöðum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Enn fremur skulu lögin taka til vinnu utan þessara staða, ef þau taka til hlutaðeigandi verkamanna og atvinnurekandi á heimilisfang á stað, sem um ræðir í 1. mgr., eða er erlendur verktaki.

5. gr.

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, að upphæð kr. 4.88, miðað við vinnuviku, unna í þjónustu hans. Verði breyting á grunnkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, breytist iðgjaldið í samræmi við það. Iðgjald þetta skal greiða með visitöluálagi, samkvæmt meðalvisitölu þeirri, sem umrætt kaup hefur verið greitt eftir árið á undan.

Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 stundir í viku, en brot úr viku telst heil vika.

6. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 5. gr. skulu skattyfirvöld leggja á með tekju- og eignarskatti og semja skrá um gjaldendur og upphæðir þær, sem þeir skulu greiða. Iðgjöld þessi skulu innheimt í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur atvinnurekanda beri að greiða. Skulu skýrslurnar sýna tölu vinnuvikna í hverri starfsgrein og tilgreina það verkalýðsfélag, sem gert hefur samning eða sett taxa þann, sem hverjum launþega um sig er greitt eftir. Svo skulu og skýrslurnar sýna hve margar vinnuvikur eru unnar í kaupstöðum og kaupstúnum með 300 íbúa eða fleiri og hve margar vinnuvikur eru unnar annars staðar. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattyfirvalda. Ef ekki er upplýst um vinnustað samkvæmt framan-sögðu, ber að reikna iðgjald af öllum framtöldum vinnuvikum.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem unnið hafa trygg-ingarskyld störf, sbr. 4. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

7. gr.

Þar sem eru fleiri verkalýðsfélög en eitt í umdæmi, skal fulltrúaráð félaganna, eða félagin sameiginlega, sé fulltrúaráð ekki til, fyrir lok hvers árs afhenda skattyfirvaldi skrá um þau verkalýðsfélög, sem starfandi eru í umdæminu, ásamt upplýsingum um, hverjar starfsgreinar heyri til hverju verkalýðsfélagi. Starfsgrein skal tilheyra því verkalýðsfélagi, sem gert hefur samning við atvinnurekendur eða sett launataxta, sem viðurkenndur er, varðandi launagreiðslur í starfsgreininni.

Að lokinni samningu iðgjaldaskrár, samkv. 6. gr., skal skattyfirvald skipta heild-arupphæð iðgjaldanna eftir starfsgreinum á reikninga hinna einstöku verkalýðsfélaga á staðnum. Skipta skal úr iðgjöldum vegna utansveitarfólks, sem á heimilisfang á þeim stöðum, sem lög þessi taka til, sem síðan skal skipta eftir starfsgreinum á reikninga hinna einstöku verkalýðsfélaga þar. Sams konar skiptingu skulu skráningarstjórar, sbr. 6. gr. 1. mgr., gera. Gera skal skrá um skiptingu þessa, sem síðan skal send Tryggingastofnun ríkisins, sem færir iðgjöldin á sérreikning verkalýðsfélaganna við atvinnuleysistryggingasjóðinn samkvæmt skránni.

Ef skattyfirvaldi hefur ekki borizt skrá sú, sem um er rætt í 1. mgr. þessarar

greinar, fyrir árslok, verða iðgjöld ekki færð á sérreikning félaganna við sjóðinn, en iðgjaldaupphæðin telst þá með stofnfé sjóðsins, ásamt framlagi rikissjóðs.

29
7. apríl

8. gr.

Gjaldskrá samkvæmt 6. gr. skal liggja frammi almenningi til sýnis samtímis skattskránni.

Kæra má til yfirs kattanevndar og rikiss kattanevndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Yfirs kattanevnd og rikiss kattanevnd skulu endurskoða og leiðrétta gjaldskrárnar með sama hætti og skrár um tekju- og eignarskatt.

Gjald dagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

9. gr.

Iðgjöld vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til rikissjóðs og almannatrygginganna. Iðgjöld vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

10. gr.

Iðgjöld samkvæmt lögum þessum koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt.

11. gr.

Sveitarsjóður skal greiða framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs jafnhátt álögðum iðgjöldum, sem samtals eru færð á sérreikning verkalýðsfélaganna í sveitarfélaginu. Framlagið skiptist milli sérreikninga félaganna og færist á þá með sama hætti og iðgjöldin.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir innheimtumönnum, hverjum fyrir sitt umdæmi, hver eru framlög sveitarfélaganna í umdæminu, strax og henni hafa borizt skrár þær um skiptingu iðgjalda, sem um er rætt í 7. gr.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs, er vera skal tvöfalt herra en álögð iðgjöld atvinnurekenda. Upphæð þessari skal skipt á sérreikninga félaganna við sjóðinn og færð á þá með sama hætti og framlög sveitarfélaganna.

Áætlað rikissjóðsframlag greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð, þegar iðgjöld atvinnurekenda hafa endanlega verið ákveðin.

13. gr.

Iðgjöld samkvæmt 6. grein skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir þó iðgjöld, sem rikissjóði eða rikisstofnunum ber að greiða. Skulu ákvæði laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjaldanna, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Um innheimtulaun af iðgjöldum þessum fer eftir launalögum. Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga, sbr. 11. gr., án endurgjalds.

Innheimta skal framlög sveitarfélaganna ásamt manntalsgjöldum og skal innheimta hjá hverju sveitarfélagi sömu fjárhæð og gjaldast á í sveitarfélaginu samtals samkvæmt 5. gr. Skulu innheimtumenn endurgreiða sveitarfélögunum það, sem þau kunna að hafa ofgreitt, eða innheimta það, sem kann að vera vangreitt, þegar fyrir liggur tilkynning frá Tryggingastofnun ríkisins um framlag þeirra samkvæmt 2. mgr. 11. greinar.

29

7. apríl

14. gr.

Úthlutun bótafjár fyrir hvert félag eða félagasamband sé undir stjórn nefndar, sem skipuð er 5 mönnum, þrem frá verkalýðsfélagi eða sambandi, einum af Vinnuveitendasambandi Íslands og einum af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Ef ekki næst einróma samkomulag varðandi úrskurði um bótagreiðslur, getur hver einstakur nefndarmaður áfrýjað til stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, sem fellir endanlegan úrskurð um málið. Sá, sem sækir um bætur, getur jafnan áfrýjað úrskurði úthlutunarnefndar til sjóðsstjórnar. Nefndirnar kjósa sér sjálfar formann og ritara. Þær starfa eftir reglugerð, er þær semja eftir fyrirmynd, er Tryggingastofnun ríkisins lætur gera. Ráðherra staðfestir reglugerðir þessar. Reglugerð má því aðeins breyta, að leitað hafi verið álits úthlutunarnefndar.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun til nefndarmanna og úrskurðar reikninga um kostnað við nefndarstörfin, er hvorutveggja greiðist úr sérreikningi hlutaðeigandi félags við atvinnuleysistryggingasjóðinn. Sameiginlegur kostnaður, svo sem þóknun stjórnarnefndarmanna skv. 2. gr. og kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna starfa þeirra, sem henni eru falin með lögum þessum, greiðist af fé atvinnuleysistryggingasjóðs, og skal þeim kostnaði jafnað niður hlutfallslega miðað við tekjur, er koma á sérreikninga á árinu.

15. gr.

- Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem:
- er fullgildir meðlimir í verkalýðsfélögum, sem lög þessi taka til og hafa 20 meðlimi eða fleiri. Þó skulu meðlimir félaga, sem hafa færri meðlimi en 20, og gert hafa samning við atvinnurekendur um greiðslur til atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir gildistöku þessara laga, öðlast rétt til bóta samkvæmt lögum þessum.
 - hafa á síðustu 12 mánuðum stundað a. m. k. samtals í 6 mánuði vinnu, sem goldin er samkvæmt kjarasamningi eða kaupaxta verkalýðsfélags. Bótaréttur glatast ekki þó að hlutaðeigandi vinni um tíma önnur hliðstæð störf, t. d. kaupavinnu.
 - sanna með vottorði vinnumiðlunar, samkvæmt lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi á síðastliðnum sex mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 36 virka daga, þar af 9 daga á síðustu 18 dögum. Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkþanni, sbr. 16. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta. Í reglugerð, sbr. 14. gr., má ákveða lengri biðtíma og fleiri atvinnuleysisdaga sem almennt skilyrði bótaréttar en gert er í þessum staflið. Enn fremur má í reglugerð setja sérákvæði um lengri biðtíma þeirra, sem hafa árstíðabundna vinnu, hafa tekjur af eigin atvinnurekstri eða hafa haft hærri tekjur en almennt gerist í byggðarlagi þeirra síðustu sex mánuði, svo og um styttri biðtíma fyrir þá, sem hafa búið við skertan vinnutíma undanfarið. Þeir, sem orðnir eru 67 ára, en njóta ekki ellilífeyris, eiga rétt til atvinnuleysisbóta.

16. gr.

Bætur greiðast ekki þeim, sem:

- taka þátt í verkfalli eða verkþann nær til.
- njóta slysa-, sjúkra- eða örorkubóta samkvæmt almannatryggingalögum.
- misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkju-skaparóreglu.
- sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutan.
- ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunarskrifstofu, samkvæmt lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkþann á vinnunni og

kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta eða kjarasamninga hlutaðeigandi verkalýðsfélags, og ekki sé annað vanhæfi á vinnunni, sem úthlutunarnefnd samkv. 14. gr. tekur gilt. Bótaréttur glatast þó eigi, þótt hafnað sé vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, fyrr en hlutaðeigandi hefur notið bóta í 4 vikur.

- f. hafa á síðustu 6 mánuðum haft tekjur, sem fara fram úr 75% af meðalárstekjum almennra verkamanna eða verkakvenna, ef um konu er að ræða, í heimabyggð næstliðið ár. Þó skal ekki miða við hærri tekjur en 300 daga dagvinnu-kaup verkamanns eða verkakonu í Reykjavík.
- g. dvelja erlendis.

17. gr.

Sá, sem öðlast rétt til bóta samkvæmt 15. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá virka daga umfram sex, sem hann hefur verið atvinnulaus á síðustu 18 dögum virkum. Sé um algert og samfelld atvinnuleysi að ræða undanfarna 18 daga virka, getur úthlutunarnefnd ákveðið, að hefjast skuli greiðsla bóta frá og með 16. atvinnuleysisdegi, enda þótt eigi sé fullnægt skilyrðum um 36 atvinnuleysisdaga á síðastliðnum sex mánuðum. Hafi hinn tryggði vinnu eftir að hann hefur öðlast rétt til bóta, skal við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal bætur fyrir, draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu.

Hafi hinn tryggði samfelld vinnu í 12 daga eða 18 daga af síðustu 24 dögum, fellur réttur hans til bóta niður, og þarf hann þá að fullnægja skilyrðum 15. gr., c-liðs, til þess að öðlast bótarétt að nýju.

Heimilt skal að fella niður eða stytta biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir helgidaga og ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga, og engum skal greiða slíkar bætur lengur en fjóra mánuði ár hvert.

18. gr.

Atvinnuleysisbætur skulu vera kr. 12.00 á dag fyrir einhleypan mann, kr. 15.00 á dag fyrir kvæntan mann og kr. 3.00 á dag fyrir hvert barn, allt að þremur, yngra en 16 ára, sem er á fullu framfæri bótaþega. Í reglugerð samkvæmt 14. gr. má ákveða hærri bætur, þó eigi hærri bætur en svo, að þær nemi kr. 26.00 á dag fyrir einhleypan mann, kr. 30.00 á dag fyrir kvæntan mann og kr. 4.00 á dag fyrir hvert barn, allt að þremur, yngra en 16 ára, sem er á fullu framfæri bótaþega.

Upphæð atvinnuleysisbóta má eigi vera hærri en svo, að þær ásamt öðrum tekjum bótaþega nemi 75% af almennu dagvinnukaupi verkamanna í Reykjavík fyrir 8 stunda vinnu, eða kaupi verkakonu, ef um konu er að ræða.

Bótageiðsluupphæðir samkvæmt grein þessari eru grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu, eftir sömu reglum og greitt er á laun almennra verkamanna í Reykjavík.

Eigi má gera fjárnám eða lögtaf í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

19. gr.

Bætur greiðast úr sérreikningi þess félags, sem bótaþegi telst til. Nú er fé eigi fyrir hendi á sérreikningi félags eða sambands til greiðslu bóta, og er þá sjóðsstjórn heimilt að lána stofnfé atvinnuleysistryggingasjóðs í þessu skyni. Ef einnig er þrotið stofnfé sjóðsins, er heimilt að lána milli sérreikninga með ábyrgð ríkissjóðs.

Bætur greiðast ekki, ef fé þrýtur til bótagreiðslna samkvæmt grein þessari.

20. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást hjá úthlutunarnefndum, skrifstofum

29 Tryggingastofnunarinnar, umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem 7. apríl henta þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur.

Umsóknir skulu sendar úthlutunarnefnd til úrskurðar, sbr. 14. gr.

21. gr.

Úthlutunarnefnd gerir vikulega skrá um þá menn, er hún úrskurðar bætur. Sé ágreiningur um úthlutun, skal þess getið á skránni og tilgreint í hverju ágreiningur sé fólgin. Skrá þessi skal send umboðsmönnum Tryggingastofnunarinnar (í Reykjavík, aðalskrifstofunni).

Úthlutunarnefnd annast sjálf greiðslu bóta, nema hún kjósi að fela Tryggingastofnuninni eða umboðsmönnum hennar bótagreiðslurnar. Að fenginni úthlutunarskrá, skal Tryggingastofnunin, að lokinni athugun sinni á skránni, sbr. 15.—18. gr. laga þessara, láta úthlutunarnefnd í té skrá um bæturnar ásamt nægilegu fé til greiðslu þeirra. Úthlutunarnefnd annast þá greiðslu bótanna til einstakra bótaþega, gegn kvittun þeirra á skrána. Að loknum bótagreiðslum skal úthlutunarnefnd afhenda Tryggingastofnuninni skrána.

22. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð eftir tvö ár í samráði við verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda.

23. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00 til atvinnuleysistryggingasjóðs, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó skulu ákvæði þeirra um bætur eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. okt. 1956.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Iðgjöld skulu greidd af vinnulaunum samkvæmt lögum þessum frá 1. júní 1955.
2. Iðgjöld af lögskráðum sjómönnum frá 1. júní 1955 skulu greidd þegar er lög þessi öðlast gildi, og er óheimilt að lögskrá á skipin nema iðgjöldin séu greidd.

Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

30

24. marz

um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknnum hér á landi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Gera skal spjaldskrá yfir alla Íslendinga, er vitað er um frá landnámstíð og ekki hafa verið færðir á spjaldskrá Hagstofu Íslands, er hefst 16. okt. 1952. Sama gildir um fólk af íslenskum eða útlendum uppruna, ef það hefur öðlzt íslenskan ríkisborgararétt á þessu tímabili.

Spjaldskrá þessi skal vera í tvíriti og varðveitt á þjóðskjalasafninu. Þessi ákvæði taka einnig til spjaldskrárafrita þeirra, er um ræðir í 5. gr.

2. gr.

Hvern mann, karl og konu, 15 ára og eldri, skal skrá á sérstakt spjald með fullu nafni og föðurnafni.

Á spjald hvers einstaklings skal enn fremur færa, ef unnt er og eftir því sem heimildir segja til um, fæðingardag hans og ár, sömuleiðis dánardag hans og dánarár, nöfn foreldra hans og upplýsingar um þá, svo að ekki verði um villzt, hverjir þeir voru. Þá skal skrá nafn og föðurnafn maka og giftingardag ásamt hliðstæðum upplýsingum um hann og áður eru taldar. Sama gildir um barnsmóður eða barnsföður, ef um ógiftar persónur er að ræða.

Á spjalðið skal enn fremur færa börn hlutaðeigandi spjaldhafa ásamt fæðingardegum þeirra og ári og nafni barnsmóður eða barnsföður, ef um konu er að ræða. Gera skal í örfáum orðum grein fyrir hverju barni, ef unnt er, hvað um það verður, til aðgreiningar og auðkennis frá öðrum samnefndum.

Við ævilok skal færa á spjald hvers einstaklings helztu æviatriði hans og vitna til heimilda, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Þjóðskjalasafnið hefur með höndum skrásetningu samkv. lögum þessum. Til þess að annast þetta starf skal ráða starfsmann, æviskrárritara, er lagt hefur stund á íslenska ættfræði og mannfræði og sýnt hæfni og áhuga á því sviði.

4. gr.

Æviskrárritari skal annast um samningu spjaldskrár samkvæmt fyrirætlum laga þessara og reglugerðar, er síðar verður sett. Hann skal vinna að því að fá áhugamenn um þessi málefni til liðs við sig, þannig að þeir taki að sér skrásetningu í einstökum héruðum eða byggðarlögum samkvæmt fyrirsögn hans; sömuleiðis leita til félaga, er að þessu vilja vinna, svo sem sögufélaga og áththagafélaga. Skal hann koma skipan á skrásetningu þessara aðila, svo að sem mest not verði að starfi þeirra. Jafnframt er honum skylt að leiðbeina þessum samstarfsmönnum sínum og veita þeim upplýsingar, er lúta að skrásetningarstarfi þeirra, eftir því sem þörf krefur og ástæður hans leyfa.

30

24. marz

5. gr.

Við lok hvers árs lætur Hagstofa Íslands æviskrárritara þjóðskjalasafnsins í té skrá yfir þá, er andazt hafa á undangengnu ári. Hagstofan skal enn fremur veita æviskrárritara afrit gagna, er hún hefur varðandi látna menn á því ári, eftir því sem föng eru á og æviskrárritari þarfnast til upplýsinga úr þeim gögnum, sem hagstofan hefur að geyma.

Að fengnum þessum heimildum færir æviskrárritari hvern einstakling á sérstakt spjald, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., ásamt nokkru ýtarlegri upplýsingum, ef kostur er, um ævistörf hans en gögn hagstofunnar greina frá.

6. gr.

Skýlt er starfsmönnum ríkisins og opinberra stofnana að láta æviskrárritara þjóðskjalasafnsins í té upplýsingar úr bókum embættisins, eða stofnunarinnar, sem hann vanhagar um og þarf að nota við færslu spjaldskrárinnar.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum, 100—3000 krónum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar fé er veitt á fjárlögum til að launa æviskrárritara.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

31

27. marz

L Ö G

um þjóðskrá og almannaskráningu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sérstök stofnun undir eigin stjórn skal annast almannaskráningu samkvæmt lögum þessum og annað það, er þau mæla fyrir um. Nefnist stofnun þessi þjóðskrá, og skal hún taka við almannaskrá þeirri, sem stofnað hefur verið til, ásamt öllu því, er henni fylgir.

2. gr.

Auk þjóðskrárinnar og Hagstofunnar starfa sveitarstjórnir og sóknarprestar utan kaupstaða að almannaskráningu samkvæmt þessum lögum. Í kaupstöðum, þar sem sóknarprestur hefur hingað til starfað að almannaskráningu með bæjarstjórn, skal hann þó halda því áfram á sama hátt og verið hefur.

Ákvæði 14., 19. og 20. gr. varðandi sóknarpresta eiga við þá presta eina, er starfa að almannaskráningu, en þar, sem minnst er á sóknarpresta annars staðar í lögum þessum, er átt við alla starfandi presta og safnaðarstjóra.

3. gr.

Stjórn þjóðskrárinnar er skipuð sex mönnum og sex til vara. Fimm stofnaðilar þjóðskrárinnar, þ. e. berklavarnir ríkisins, bæjarsjóður Reykjavíkur, fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun ríkisins, skipa sinn manninn hver í stjórnina og annan til vara.

Félagsmálaráðherra skipar sjötta manninn í stjórnina og varamann hans í samráði við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fulltrúi Hagstofunnar í stjórninni skal vera formaður hennar.

Stjórn þjóðskrárinnar er ólaunuð.

4. gr.

Hlutverk sitt leysir þjóðskráin af hendi með því:

1. að láta opinberum aðilum í té íbúaskrár og aðrar almannaskrár reglulega á ári hverju samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara,
2. að láta opinberum aðilum og öðrum í té aðrar skrár en þær, sem um ræðir í 1. tölulið, endurgjaldslaust eða gegn greiðslu, hvort tveggja samkvæmt ákvörðunum þjóðskrárstjórnar,
3. að láta opinberum aðilum og almennungi í té upplýsingar úr skráum og öðrum gögnum þjóðskrárinnar samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara,
4. að stuðla að því með skrárgerð sinni, annars vegar að enginn gjaldskyldur einstaklingur sleppi við álagningu lögboðinna gjalda og hins vegar að tvísköttun manna eigi sér ekki stað, — enn fremur að hafa um það meðalgöngu milli sveitarfélaga, að einstaklingar með óljóst eða umdeilanlegt heimilisfang verði skráðir í ákveðnu umdæmi,
5. að láta í té efnivið í mannfjöldaskýrslur Hagstofunnar.

5. gr.

Stjórn þjóðskrárinnar ákveður starfstilhögun hennar í meginatriðum, fylgist með daglegum rekstri hennar og fjárreiðum og hefur úrskurðarvald um öll málefni hennar, að því leyti sem þau eru ekki beinlínis eða óbeinlínis falin ráðherra eða Hagstofunni með ákvæðum þessara laga.

6. gr.

Hagstofan annast daglega stjórn þjóðskrárinnar, og skal hún rekin sem deild í Hagstofunni. Fjárreiður þjóðskrárinnar skulu vera algerlega greindar frá fjárreiðum Hagstofunnar.

Hagstofan leggur þjóðskránni til starfslið eftir þörfum hennar á hverjum tíma, gegn endurgreiðslu launa hlutaðeigandi starfsmanna þann tíma, sem þeir starfa í þágu þjóðskrárinnar.

Hagstofan ræður starfsfólk vegna þjóðskrárinnar miðað við starfsliðsþörf hinar síðar nefndu, þegar hún er minnst á árinu. Þeir, sem ráðnir eru til starfa fyrir þjóðskrána, eru starfsmenn ríkisins jafnt og aðrir starfsmenn Hagstofunnar, enda skal tala þeirra og ráðningarkjör háð samþykki fjármálaráðherra.

7. gr.

Viðhald almannaskrár byggist á þeim gögnum, sem hér eru talin:

1. Tilkynningar um aðsetursskipti, samkvæmt lögum nr. 73 25. nóv. 1952 með síðari breytingum.
2. Skýrslur sóknarpresta til Hagstofunnar um fæðingar, skírnir, nafngiftir, hjónavígslur og mannlát.
3. Mannskaðaskýrslur til Hagstofunnar, samkvæmt lögum nr. 42 10. nóv. 1913, þær þeirra er varða horfna menn, sem taldir eru látnir.

- 31 4. Skýrslur héraðsdómara til Hagstofunnar um hjónavígslur og um leyfi til skilnaðar að borði og sæng.
27. marz 5. Skýrslur dómsmálaráðuneytisins til Hagstofunnar um leyfi til lögskilnaðar, ættleiðingarleyfi og breytingar á ríkisborgararétti o. fl. í því sambandi.
6. Sérstakar upplýsingar sveitarstjórna, sóknarpresta og annarra opinberra aðila um menn.
7. Upplýsingar, sem þjóðskráin aflar sér sjálf með eftirgrennslan eða henni berast á einn eða annan hátt, eftir því sem þörf krefur og heimildir leyfa.
Hagstofan lætur gera eyðublöð undir skýrslur þær, sem um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., og kveður á um skil þeirra.

8. gr.

Landlæknisskrifstofan og Hagstofan geta í sameiningu ákveðið, að sóknarprestar skuli senda Hagstofunni dánarvottorð, er þeir veita viðtöku samkvæmt 5. gr. laga nr. 42 8. maí 1950, á sömu tímum og með sömu frestum og prestar senda Hagstofunni aðrar skýrslur samkvæmt ákvörðun hennar. Hún ber dánarvottorðin saman við dánarskýrslur presta fyrir sömu tímabil og sendir þau að hverju ári liðnu hlutaðeigandi héraðslæknum (í Reykjavík borgarlækni), sbr. 2. málsgr. 7. gr. fyrr nefndra laga.

Þá er maður deyr, ber að tilkynna lát hans þegar í stað sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hins látna var, án tillits til þess, hvar hann á heimilisfang, hvar útför hans er gerð eða hver framkvæmir hana. Beri mannlát að í íbúðarhúsnæði, hvílir þessi skylda á umráðamanni þess. Beri mannlát að í sjúkrahúsi eða annarri stofnun eða á víðavangi, hvílir samsvarandi skylda á hlutaðeigandi forstöðumanni, skipstjóra eða löggæzlumanni (þ. e. bæjarfógeta (í Reykjavík sakadómara), sýslumanni eða hreppstjóra, sbr. lög nr. 42 10. nóv. 1913, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum).

9. gr.

Stjórn þjóðskrárinnar ákveður, um hvaða skráningaratriði hún skuli fjalla.

Nú ákveður stjórn þjóðskrárinnar að taka til meðferðar skráningaratriði til viðbótar þeim, sem fyrir eru, og er Hagstofunni þá heimilt að krefjast þess af opinberum aðilum, sem hafa undir höndum upplýsingar til þessara nota, að þeir láti þær í té á þann hátt og á þeim tímum, sem hún ákveður.

10. gr.

Nú bregzt það, að skýrslur, sem um ræðir í 1. og 2. tölulið 7. gr., séu látnar í té, áður en fresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað hlutaðeiganda með dagsektum, 50—300 kr. á dag, til að láta gögnin í té. Dagsektir skulu taka gildi 5 dögum eftir að Hagstofan tilkynnir hlutaðeigandi aðila þær með símskeyti eða bréfi afhentu sama dag og það er skrifað, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar taka einnig til skila sóknarpresta og héraðslækna (í Reykjavík borgarlækni) á dánarvottorðum, svo og til skila ljósmæðra á tilkynningum um barnsburði, samkvæmt reglugerð nr. 103 23. okt. 1933 eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 158 23. sept. 1942.

Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar og rennur það í ríkissjóð. Hlutaðeigandi skal inna greiðslu sektarfjárins af hendi ekki síðar en 7 dögum eftir að hann afhenti Hagstofunni hinar síðbúnu skýrslur eða setti þær í póst.

11. gr.

Nú kemur það í ljós, að sóknarprestur hefur vanrækt að gera lögboðna skýrslu til Hagstofunnar um fæðingu, skírn, nafngift, hjónavígslu eða mannlát eða skýrsla um slíkt er fyrst látin í té að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr.

Sama gildir, ef sóknarprestur brýtur í bága við ákvæði 5. gr. laga nr. 42 8. maí 1950, **31** um dánarvottorð og dánarskýrslur, þar sem bann er lagt við því að gera útför manns, **27. marz** nema hlutaðeigandi prestur hafi áður fengið í hendur dánarvottorð hans.

Nú framkvæmir annar prestvígður maður en hlutaðeigandi sóknarprestur (safnaðarstjóri) skirn, hjónavígslu eða líksöng, og skal hann þá tilkynna það bæði sóknarpresti prestakallsins og Hagstofunni innan 7 daga. Sé þetta vanrækt, varðar það sekt allt að 500 kr.

Nú vanrækir ljósmóðir að láta í té lögboðna tilkynningu um barnsburð eða tilkynningu um hann er fyrst afhent að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr.

12. gr.

Á grundvelli gagna þeirra, er um ræðir í 7. gr., fylgist þjóðskráin með breytingum á skráningaratriðum frá 1. desember ár hvert til jafnlengdar næsta ár og hefur tiltækar upplýsingar um þær, eftir því sem föng eru á.

13. gr.

Eftir gögnum þeim um breytingar skráningaratriða, sem þjóðskráin fær í hendur, skal gera árlega íbúaskrár fyrir hvert sveitarfélag, miðaðar við 1. desember, með nöfnum allra einstaklinga, er aðsetur hafa í því þann dag, ásamt upplýsingum um fæðingardag og þau atriði önnur um hvern einstakling, er máli skipta fyrir opinber not skrána.

Að því er snertir skráningaratriði, sem vandkvæðum er bundið að fá skýrslur um í tæka tíð, er heimilt að miða íbúaskrár við annan tíma á hausti en 1. desember. Um aðsetur manna skal þó ávallt miða við 1. desember í íbúaskrá.

14. gr.

Í janúarmánuði ár hvert sendir þjóðskráin sveitarstjórnnum, sóknarprestum utan kaupstaða, skattanefndum og skattstjórum eintak af íbúaskrá viðkomandi umdæmis 1. desember næsta ár á undan.

Sveitarstjórnir og sóknarprestar skulu fara yfir íbúaskrána í sameiningu eins fljótt og auðið er eftir móttöku hennar. Sveitarstjórn leiðréttir skrána og gerir athugasemdir um oftalda eða vantalda einstaklinga á henni, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirætlum þjóðskrárinnar. Hlutaðeigandi prestur aðstoðar sveitarstjórn við þetta verk og leggur í því sambandi til upplýsingar um breytingar, sem hann fékk vitneskju um við húsvitjanir haustið áður eða á annan hátt, enda þarfnist skráin lagfæringa hvað þær snertir. Að þessu loknu tilkynnir sveitarstjórn þjóðskránni leiðréttingar sínar við íbúaskrána með athugasemdum um oftalda og vantalda einstaklinga.

Þjóðskráin ákveður sveitarstjórnnum fresti til að tilkynna leiðréttingar og athugasemdir við íbúaskrár. Heimilt er að beita dagsektum í þessu sambandi samkvæmt ákvæðum 10. gr. þessara laga.

15. gr.

Í febrúarmánuði ár hvert sendir þjóðskráin sveitarstjórnnum stofn að kjörskrá þeim, er semja ber í þeim mánuði samkvæmt lögum. Kjörskrárstofn þessi miðast við undangenginn 1. desember, og á honum skal auk nafns og heimilisfangs vera fæðingardagur og fæðingarstaður hvers manns, sem heimilisfastur er í umdæminu samkvæmt skrá.

Þjóðskráin sendir hverri sveitarstjórn árlega 2 eintök af kjörskrárstofni, en þau ár, sem forsetakosningar, kosningar til Alþingis eða til sveitarstjórna fara fram, sendir hún viðbótareintök af kjörskrárstofni, svo að fullnægt verði eðlilegri þörf sveitarstjórna fyrir kjörskrár að dómi stjórnar þjóðskrárinnar.

31

27. marz

16. gr.

Þegar lokið er skilafresti þeim, sem ákveðinn hefur verið samkvæmt 3. málsg. 14. gr., ber þjóðskráin saman athugasemdir sveitarstjórna um oftalda eða vantalda menn á íbúaskrá.

Nú er einstaklingur oftalinn á íbúaskrá samkvæmt athugasemd einnar sveitarstjórnar, en vantar á íbúaskrá samkvæmt athugasemd annarrar sveitarstjórnar, og tilkynnir þjóðskráin þá aðilum breytingar á íbúaskráum viðkomandi sveitarfélaga til samræmis, eins fljótt og auðið er.

Nú ber sveitarstjórn fram þá athugasemd, áður en fresti lýkur, að tiltekinn einstaklingur sé vantallinn á íbúaskrá umdæmis hennar, og skal þjóðskráin þá taka athugasemdina til greina að jafnaði, ef önnur sveitarstjórn, sem hlut á að máli, vanrækir að tilkynna henni leiðréttingar sínar og athugasemdir við skrána, áður en fresti lýkur. Þjóðskráin tilkynnir hlutaðeigandi sveitarstjórnnum breytingar á íbúaskrá þeirra af þessum sökum.

Nú ber tveim sveitarstjórnnum, sem haldið hafa skilafresti, ekki saman um, hvar maður skuli vera á íbúaskrá, og tilkynnir þá þjóðskráin þeim það og skorar á þær að rökstyðja mál sitt fyrir ákveðinn tíma. Að fresti loknum tekur þjóðskráin ákvörðun í málinu samkvæmt fengnum gögnum og tilkynnir þeim sveitarstjórnnum niðurstöðuna án tafar.

17. gr.

Nú telur sveitarstjórn einhvern einstakling oftalinn á íbúaskrá sveitarfélagsins, án þess að nokkur önnur sveitarstjórn telji hann vantallinn á íbúaskrá sinni að svo stöddu, og gerir þjóðskráin þá ráðstafanir til að fá það upplýst, í hvaða sveitarfélagi hann hafðist við undangenginn 1. desember. Síðan tilkynnir hún hlutaðeigandi sveitarstjórn, að hann skuli settur þar á íbúaskrá, nema í ljós komi, að hann teljist heimilisfastur í enn öðru umdæmi. Þjóðskráin getur og, ef ástæða er til, mælt svo fyrir, að einstaklingur, sem þannig er ástatt um, sé tekinn á íbúaskrá sveitarfélags, sem hann settist að í eftir 1. desember. Sömu leiðis getur þjóðskráin lagt fyrir sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hlutaðeigandi var upphaflega á íbúaskrá, að hann sé aftur settur á hana.

18. gr.

Ákvarðanir þjóðskrárinnar samkvæmt 16. og 17. gr. um, hvar menn skuli vera á íbúaskrá, ráða úrslitum um það, í hvaða umdæmi tekju- og eignarskattur og hliðstæð þinggjöld eru á þá lögð, og verður þeim ekki áfrýjað. En það eitt, að maður er á íbúaskrá sveitarfélags samkvæmt slíkri ákvörðun þjóðskrárinnar og án samþykkis sveitarstjórnar, getur aldrei leitt af sér neinn rétt annarra sveitarfélaga eða einstaklinga til að gera fjárkröfu á hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi vegna manns, sem svo er ástatt um.

19. gr.

Allar breytingar á upphaflegri íbúaskrá, sem þjóðskráin tilkynnir sveitarstjórn, ritar hún á íbúaskrá og tilkynnir jafnframt breytingarnar hlutaðeigandi skattanefnd og sóknarpresti. Hverri sveitarstjórn ber skylda til að sjá um, að skattanefnd og sóknarprestur fái tafarlaust vitneskju um allar breytingar, sem gerðar eru á upphaflegri íbúaskrá umdæmisins, bæði þær, sem þjóðskráin tilkynnir sveitarstjórn, og aðrar, enda skulu þessir aðilar rita breytingarnar á íbúaskrár sínar.

Sveitarstjórn skal rita breytingar, sem gerðar eru á íbúaskrá, á aðrar skrár, sem leiddar eru af henni, eftir því sem við á.

20. gr.

Sóknarprestar skulu, er þeir húsvitja á hverju hausti, safna upplýsingum um allar breytingar, sem orðið hafa á aðsetri manna miðað við síðustu íbúaskrá, og í

Því sambandi ber þeim eftir föngum að afla vitneskju um fullt aðsetur hvers ein- **31**
 staklings, sem hefur tekið sér annað aðsetur en hann hafði samkvæmt síðustu íbúas- **27. marz**
 skrá. Leggja skal upplýsingar þessar til grundvallar, þegar næsta íbúaskrá er endur-
 skoðuð af sveitarstjórn og sóknarpresti, sbr. 14. gr., að svo miklu leyti sem þess
 gerist þörf.

Sóknarprestar skulu aðstoða við söfnun aðseturstilkynninga í prestakalli sínu,
 eftir því sem föng eru á.

Þriðja hvert ár skal hver sóknarprestur bera allar upplýsingar íbúaskrárinnar
 um nöfn, fæðingardaga og hliðstæð atriði saman við það, sem skráð er um sömu ein-
 staklinga í embættisbókum prestakallsins. Að loknum þessum samanburði lætur
 sóknarprestur þjóðskránni í té þær leiðréttingar, er hann telur gera þurfa á íbúaskrá
 prestakallsins.

Biskupsskrifstofan og Hagstofan ákveða sameiginlega framkvæmd á ákvæðum
 þessarar gr. í einstökum atriðum.

21. gr.

Hverri sveitarstjórn er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að afla upplýs-
 inga um breytingar, sem kann að þurfa að gera á íbúaskrá umdæmisins til þess að
 hún verði rétt, miðað við 1. desember hvert ár. Þjóðskráin getur, ef svo ber undir,
 lagt fyrir sveitarstjórn að gera tilteknar ráðstafanir í þessu skyni, þar á meðal láta
 fara fram almenna manntalsskráningu í umdæminu.

Nú telur þjóðskráin, að framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr.
 73 25. nóv. 1952 sé ábótavant í umdæmi, og getur hún þá lagt fyrir hlutaðeigandi
 sveitarstjórn að gera tilteknar ráðstafanir til úrbóta, þar á meðal láta fara fram al-
 menna manntalsskráningu í umdæminu.

22. gr.

Iðgjöld til almannatrygginganna, sem skattanefndir og skattstjórar leggja á
 samkvæmt lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og sóknargjöld sam-
 kvæmt lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, skulu lögð á menn á sömu stöð-
 um og tekju- og eignarskattur er á þá lagður eftir íbúaskrá 1. desember hvert ár,
 sbr. 1. málslið 1. málsgr. í 32. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- og eignarskatt.

23. gr.

Þjóðskráin skal verða við óskum opinberra aðila um hvers konar upplýsingar
 um einstaklinga, sem skrár hennar og önnur gögn hafa að geyma, enda þurfi þeir
 upplýsinganna við vegna starfsemi sinnar. Þjóðskráin lætur slíkar upplýsingar í
 té ókeypis, nema um sé að ræða meiri háttar verk, — þá getur hún krafizt þess, að
 hlutaðeigandi endurgreiði henni kostnað við það.

24. gr.

Hver maður hér á landi á rétt á því, að þjóðskráin láti honum í té vottorð um
 aðsetur hans og önnur skráningaratriði, er hann varða, samkvæmt skrá. Þó skal
 hún ekki láta í té vottorð um fæðingartíma manna og önnur atriði, sem er í verka-
 hring presta að votta um samkvæmt embættisbókum, nema fyrir liggja samþykki
 hlutaðeigandi aðila.

Þjóðskráin veitir hverjum sem er upplýsingar um aðsetur manna samkvæmt
 skrá og öðrum gögnum, en veiting upplýsinga um önnur skráningaratriði fer
 eftir reglum, sem stjórn þjóðskrárinnar setur.

Upplýsingar skulu látnar í té skriflega eða munnlega eftir ósk hlutaðeiganda.
 Þjóðskráin tekur gjald fyrir útgáfu vottorða og veitingu upplýsinga samkvæmt
 þessari grein, og fer það eftir gjaldskrá, sem stjórn hennar setur. Þó getur hún,

31 þegar sérstaklega stendur á, veitt afslátt af gjaldi eða felld það niður. Gjald fyrir
27. marz vottorð eða upplýsingar skal greitt um leið og ósk er borin fram þar um.

Gjald það, sem ákveðið er fyrir hvern einstakling, sem um er spurt, greiddist, hvort sem þjóðskráin getur veitt fullnægjandi upplýsingar um hann eða ekki.

Þjóðskráin getur samið um það við einstakar sveitarstjórnir, að þær láti í té vottorð og upplýsingar samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar gr., og ber þjóðskránni þá ekki skylda til að veita íbúum viðkomandi umdæma slíka þjónustu.

25. gr.

Ríkissjóður stendur straum af árlegum kostnaði við rekstur þjóðskrárinnar að $\frac{1}{10}$ hlutum og Tryggingastofnun ríkisins að $\frac{1}{10}$ hluta.

26. gr.

Hið árlega framlag Tryggingastofnunarinnar samkvæmt 25. gr. er endurgjald fyrir not hennar á vélspjöldum þjóðskrárinnar til skrárgerðar, svo og fyrir almenna þjónustu og aðstoð, sem þjóðskráin lætur Tryggingastofnuninni í té og eigi skal koma greiðsla fyrir. Hins vegar á ákvæðið í 2. málslíð 23. gr. við Tryggingastofnunina jafnt og við aðra opinbera aðila.

Sveitarfélög eiga, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir, rétt á árlegum íbúaskráum samkvæmt 13. gr. og kjörskrárstofni samkvæmt 15. gr., og auk þess njóta þau upplýsingaþjónustu þjóðskrárinnar samkvæmt 23. gr. En aðrar skrár en þær, sem hér er gert ráð fyrir, svo og önnur þjónusta heldur en veiting upplýsinga, skal greidd þjóðskránni sérstaklega.

27. gr.

Reikningsár þjóðskrárinnar er almanaksárið. Stjórn hennar undirritar ársreikninga hennar og sendir þá síðan fjármálaráðherra til úrskurðar. Birta skal reikningana í B-deild Stjórnartíðinda.

Ríkisendurskoðunin endurskoðar reikninga þjóðskrárinnar.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

32

13. marz

um skattfrelsi Nóbelsverðlauna Halldórs Kiljans Laxness.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nóbelsverðlaun Halldórs Kiljans Laxness skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

FORSETA BRÉF

33

28. marz

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 75. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, miðvikudaginn 28. marz 1956.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 28. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

34

3. apríl

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur.

Hinn 28. marz var undirritað í Reykjavík samkomulagi um viðskipti milli Íslands og Danmerkur, er gildir fyrir tímabilið 15. marz 1956 til 14. marz 1957.

Samkvæmt samkomulagi þessu munu dönsk stjórnarvöld veita innflutningsleyfi fyrir íslenskum vörum á svipaðan hátt og áður hefur tíðkast og íslensk stjórnarvöld munu einnig heimila innflutning frá Danmörku eins og að unndanfögnu að svo miklu leyti, sem gjaldeyrisástand landsins leyfir.

34 Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.
3. apríl

Utánríkisráðuneytið, 3. apríl 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

35
4. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 20 8. marz 1954, um váttryggingasamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2.—3. másl. 2. mgr. 133. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka jafnframt gildi aftur þau ákvæði í lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, og lögum nr. 103 23. des. 1952, um breyt. á siðarnefndu lögunum, sem felld voru úr gildi með lögum nr. 20 1954.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

36
4. apríl

L Ö G

um breyting á sjúkrahúslögum, nr. 93 31. des. 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsg.::

Þegar byggingarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúss er ákveðinn, skal miða styrkinn við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og, þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærri, aðalröntgentæki, enda sé búnaður þess við hæfi sjúkrahússins. Styrkur ríkissjóðs til kaupa á tækjum samkvæmt þessari málsgrein skal þó ekki nema meiru en $\frac{2}{5}$ hlutum af kostnaðarverði tækjanna.

2. gr.

36

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra einnig ná til sjúkrahúsa, sem tekin hafa verið í notkun síðan 1. janúar árið 1952. 4. apríl

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

37

4. apríl

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga og flutningsgjöld sendibifreiða. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

L Ö G

38

4. apríl

um framlengingu á eignarskattsviðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954 um álag á eignarskatt skulu gilda við álagningu og innheimtu eignarskatts árið 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

39

4. apríl

L Ö G

um heimild til sölu jarðeigna í opinberri eigu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja ábúanda Kleppustaða í Hrófbergshreppi í Strandasýslu eyðijörðina Aratungu í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.
2. Að selja Guðjóni Guðmundssyni hreppstjóra að Eyri í Ingólfsvfirði í Strandasýslu eyðijörðina Engjanes í Árneshreppi í sömu sýslu fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

Enn fremur heimilast Skógrækt ríkisins að selja Birni Jóhannssyni bónda á Skriðufelli land jarðarinnar Skriðufells milli Hvammsár, Sandár, Selgils og Prengslagils, enda samþykki ríkisstjórnin kaupverðið eða það sé ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

40

4. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. málsg. 1. gr. laganna bætist:

Þegar rætt er um málefni, er varða Sölufélag garðyrkjumanna eða Samband eggjaframleiðenda, ber að gefa fulltrúum þeirra félaga, einum frá hvoru, kost á að sitja fund framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Sama rétt getur framleiðsluráð veitt Sambandi smásöluverzlana, ef rætt er um málefni, sem það varða sérstaklega.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu

aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna framleiðsluráðs. Skal þess 40
jafnan gætt, að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram, að innlend 4. apríl
framleiðsla fullnægi ekki neyzluþörfinni, og útflutningur því aðeins, að nægilegt
sé eftir í landinu til nota fyrir almenning af þeirri vöru, sem út er flutt.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ákveða skal verðlag á helztu innlendu garðávöxtum, svo sem kartöflum, gulrófum og gulrótum. Enn fremur er heimilt að ákveða verð á gróðurhúsaframleiðslu hvers konar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að verðskráðar séu fleiri tegundir matjurta. Skal að jafnaði fylgja þeirri reglu að hafa verðið lægst um aðaluppskerutíma hverrar tegundar. Á öðrum tímum árs skal ákveða verðið með tilliti til geymslukostnaðar og vaxtarauka.

4. gr.

Á eftir V. kafla laganna (28. gr.) koma 9 nýjar greinar í nýjum kafla, er verður VI. kafli, með fyrirsögninni: Um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu.

- a. (29. gr.) Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn notist sem allra bezt og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að beztu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Enginn má verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi framleiðsluráðs. Leyfi skal veita til eins árs í senn.
- b. (30. gr.) Undir starfssvið framleiðsluráðs fellur frá 1. september 1956 öll sú starfsemi, sem Grænmetisverzlun ríkisins hefur nú með höndum varðandi ræktun og sölu islenzkra matjurta. Skal sú stofnun, er upp frá því annast verzlun með kartöflur og annað grænmeti í umboði framleiðsluráðs, heita Grænmetisverzlun landbúnaðarins.
- c. (31. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að selja eða leigja eftir mati dómkvaddra manna Grænmetisverzlun landbúnaðarins fasteignir Grænmetisverzlunar ríkisins, eins og þær verða, er lög þessi koma til framkvæmda.
- d. (32. gr.) Ríkisstjórnin (landbúnaðarráðuneytið) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru að áliti hlutaðeigandi tollyfirvalda eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.
- e. (33. gr.) Grænmetisverzlun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum, og skulu samvinnufélög og aðrar verzanir, sem umboð hafa nú fyrir Grænmetisverzlun ríkisins, sitja fyrir sem umboðsmenn.

Framleiðsluráð ræður Grænmetisverzlun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

- f. (34. gr.) Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda svo og Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda, enda starfi þessi félög á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af framleiðsluráði.
- g. (35. gr.) Framleiðsluráð vinnur að því, að komið verði upp þar, sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helztu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

40

4. apríl

Til þess enn fremur að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal framleiðsluráð leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til manneldis hverju sinni.

- h. (36. gr.) Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Framleiðsluráð sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal það þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafbrigða með því að semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.
- i. (37. gr.) Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:
1. um starfsemi Grænmetisverzlunar landbúnaðarins;
 2. um flokkun og mat garðávaxta;
 3. um stofnræktun úrvals tegunda;
 4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

5. gr.

29. gr. (verður 38. gr.) laganna orðist svo:

Verðmiðlun á kjöti, mjólk, mjólkurvörum og eggjum skal haga þannig:

- a. Á kjöti: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af öllu kindakjöti, er nota skal til verðmiðlunar, er nægi til þess, að sláturleyfishafar geti greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta á sláturstað, miðað við meðaltals sláturkostnað og flutningskostnað. Þá er heimilt að taka verðjöfnunargjald af stórgripakjöti, ef ástæða þykir til.
- b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu, til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða, eftir því sem framleiðsluráð telur þörf á, o. fl. (sjá 39. gr.).
- c. Heimilt er að taka verðmiðlunargjald af eggjum.

6. gr.

30. gr. (verður 39. gr.) laganna orðist svo:

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við 38. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, sem þar um ræðir, og standa straum af framkvæmd laga þessara, þar á meðal kostnaði við framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 9. gr.).

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31 2. apríl 1943, um verzlun með kartöflur o. fl., svo og ákvæði annarra laga, er brjóta í bág við lög þessi.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1956.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

41

4. apríl

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 70% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 10 9. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

L Ö G

42

4. apríl

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi átta farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma þrjá til átta farþega. Til áætlunarferða teljast í lögum þessum allar auglýstar ferðir og allar ferðir, þar sem farþegum eru seld einstök sæti í bifreiðunum á ákveðinni leið. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að átta farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum.

42 Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga 4. apríl innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir á héraðsmót eða almenningar skemmtanir. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningaferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma.

Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt á viðkomandi svæðum og þessir aðilar sækja um þau.

2. gr.

Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera fimm manna nefnd og fimm menn til vara. Ráðherra skipar nefndina þannig: Einn að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, annan að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og tvo að fengnu álitni sérleyfishafa. Fimmta nefndarmanninn skipar ráðherra án ihlutunar, og er hann formaður.

Nefndin skal skipuð til fimm almanaksára í senn, enda falli starfstími hennar að mestu saman við sérleyfistímabilið, sbr. a-lið 3. gr. Þóknun fyrir störf nefndarinnar ákveður ráðherra, og greiðast þau af sérleyfisgjaldinu.

3. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er ráðherra þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

- a. Að sérleyfið gildi fyrir fimm ár og sé óframseljanlegt.
- b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig, að flutningaþörfinni sé fullnægt.

Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.

- c. Að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
- d. Að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er ráðherra setur.
- e. Að sérleyfishafi sé skyldur að flytja póst eftir gjaldskrá og reglum, er ráðherra setur.
- f. Að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

4. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu gegn afgreiðslugjaldi, er það ákveður.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

6. gr.

Sérleyfis- og undanþáguhafar skulu greiða sérleyfisgjald, 3% — þrjú af hundraði — af andvirði afhentra farmiða. Gjald þetta greiðist mánaðarlega eftir á.

Sérleyfisgjaldinu skal aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlög í þessu skyni. 42
4. apríl

7. gr.

Ráðuneytið getur falið póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir.

Nefnd sú, sem skipuð er samkvæmt 2. gr., og sú stofnun, sem fer með þessi mál, skulu hafa sem nánasta samvinnu.

8. gr.

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 100—10000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjótí sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi númerin lög nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, lög nr. 12/1947 og lög nr. 3/1952, um breyting á nefndum lögum, nr. 22 frá 30. janúar 1945.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1953, eru veittar kr. 94 143 294.55 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstmál	kr. 1 047 974.32
en tekjur fóru kr. 638 999.90 fram úr fjárlagaáætlun.	
2. Síminn	— 3 984 295.39
af kr. 6 099 979.34 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	

43	3.	Áfengisverzlun ríkisins	kr.	1 259 352.45
4. apríl		en brúttótekjur urðu kr. 12 097 735.39 umfram fjárlagaáætlun.		
	4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	191 891.82
		en brúttótekjur urðu kr. 7 052 746.89 umfram fjárlagaáætlun.		
	5.	Ríkisútværpið	—	782 566.78
		af kr. 1 188 961.79 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
	6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	133 461.26
		af kr. 378 713.24 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
	8.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	51 933.84
		af kr. 128 199.92 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
	9.	Landssmiðjan	—	1 176 245.65
		af kr. 1 177 021.91 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
	10.	Tunnuverksmiðjur ríkisins	—	1 202 316.37
		af kr. 1 202 316.37 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
	11.	Innkaupastofnun ríkisins	—	74 375.44
		af kr. 259 352.60 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
	13.	Vífilsstaðabú	—	676 298.54
		af kr. 712 689.01 brúttótekjum.		
	14.	Kleppsbrú	—	465 010.95
		af kr. 468 454.44 brúttótekjum.		
	15.	Kópavogsbú	—	85 273.33
		af kr. 104 386.16 brúttótekjum.		
	16.	Skólabúið á Reykjum í Ölfusi	—	300 076.03
		af kr. 328 571.69 brúttótekjum.		
	17.	Skólabúið á Hólum	—	364 700.91
		af kr. 364 836.06 brúttótekjum.		
	18.	Skólabúið á Hvanneyri	—	817 819.34
		af kr. 820 414.49 brúttótekjum.		
				Kr. 12 613 592.42
		Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. eru veittar	kr.	1 401 869.61
		— — — — — 8. — — —	—	407 020.55
		— — — — — 10. — — —	—	2 203 460.92
		— — — — — 11. — A. — — —	—	1 594 616.92
		— — — — — 11. — B. — — —	—	556 775.75
		— — — — — 11. — C. — — —	—	1 942 086.21
		— — — — — 13. — A. — — —	—	11 409 212.66
		— — — — — 13. — B. — — —	—	2 848 473.39
		— — — — — 13. — C. — — —	—	846 299.21
		— — — — — 14. — A. — — —	—	246 187.42
		— — — — — 14. — B. — — —	—	2 115 327.68
		— — — — — 15. — A. — — —	—	335 355.55
		— — — — — 15. — B. — — —	—	616 705.42
		— — — — — 16. — A. — — —	—	2 499 839.40
		— — — — — 16. — B. — — —	—	4 510 667.44
		— — — — — 17. — — —	—	1 100 915.59
		— — — — — 18. — — —	—	508 253.87

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. 1.	eru veittar	kr. 11 758 086.29	43
— — — — - 19. — 3.	— —	— 2 721 090.22	4. apríl
		Kr. 62 235 839.52	
Frá dragast launahækkarnir skv. 19. gr. 2. fjárlaga 1953		— 2 500 000.00	
		Kr. 59 735 839.52	
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar		— 34 407 455.03	
Inn fóru kr. 7 571 100.55 fram úr fjárlagaáætlun.			
	Samtals	kr. 94 143 294.55	

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

44
4. apríl

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1953 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum:

Innborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr.	fjárlaga ..	kr. 321 400 000.00	kr. 391 243 199.76	
2.	— — 3. — A.	— ..	— 91 089 750.00	— 112 831 307.08	
3.	— — 3. — B.	— ..	— 10 000.00	— 7 285.32	
4.	— — 4. —	— ..	— 2 085 000.00	— 1 752 970.43	
5.	— — 5. —	— ..	— 4 100 000.00	— 4 464 222.43	
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	— 4 960 000.00	— 31 863 805.74	
	Greiðslujöfnuður			— 15 770 501.64	
			Kr. 423 644 750.00	kr. 557 933 292.40	

Útborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt 7. gr.	fjárlaga ..	kr. 3 658 583.00	kr. 5 060 452.61	
2.	— — 8. —	— ..	— 474 532.00	— 881 552.55	
3.	— — 9. —	— ..	— 3 744 797.00	— 3 125 002.91	
4.	— — 10. — I.	— ..	— 5 661 572.00	— 7 382 865.18	
5.	— — 10. — II.	— ..	— 964 611.00	— 890 131.50	
6.	— — 10. — III.	— ..	— 5 362 300.00	— 5 918 947.24	
7.	— — 11. — A.	— ..	— 25 470 150.00	— 27 064 766.92	
8.	— — 11. — B.	— ..	— 1 636 701.00	— 2 193 476.75	
9.	— — 11. — C.	— ..	— 9 602 765.00	— 11 544 854.21	

44 Útborganir:		Áætlun:		Reikningur:	
4. apríl	10. Gjöld samkvæmt	11. gr. D.	fjárlaga .. kr.	2 250 000.00	kr. 2 127 759.73
	11. — —	12. — —	.. —	28 228 715.00	— 27 766 026.28
	12. — —	13. — A.	— .. —	39 542 438.00	— 50 951 650.66
	13. — —	13. — B.	— .. —	6 679 000.00	— 9 527 473.39
	14. — —	13. — C.	— .. —	11 617 919.00	— 12 464 218.21
	15. — —	13. — D.	— .. —	3 317 841.00	— 1 744 146.60
	16. — —	14. — A.	— .. —	5 988 886.00	— 6 235 073.42
	17. — —	14. — B.	— .. —	56 445 639.00	— 58 560 966.68
	18. — —	15. — A.	— .. —	4 971 199.00	— 5 306 554.55
	19. — —	15. — B.	— .. —	5 916 828.00	— 6 533 533.42
	20. — —	16. — A.	— .. —	41 513 291.00	— 44 013 130.40
	21. — —	16. — B.	— .. —	5 335 055.00	— 9 845 722.44
	22. — —	16. — C.	— .. —	1 863 220.00	— 1 861 718.95
	23. — —	16. — D.	— .. —	5 527 341.00	— 4 716 550.60
	24. — —	17. — —	.. —	51 084 339.00	— 52 185 254.59
	25. — —	18. — —	.. —	12 505 471.00	— 13 013 724.87
	26. — —	19. — 1.	— .. —	36 800 000.00	— 48 558 086.29
	27. — —	19. — 2.	— .. —	2 500 000.00	—
	28. — —	19. — 3.	— .. —	1 500 000.00	— 4 221 090.22
	29. Eignahreyfingar samkv.	20. gr. fjárlaga	—	41 891 670.00	— 134 238 561.23
		Greiðslujöfnuður	—	1 589 887.00	—
				Kr. 423 644 750.00	kr. 557 933 292.40

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

45

5. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50/1940, um lögreglumenn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala í samræmi við það):

Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkvæmt 6. gr. annast löggæzlu frá 15. júní til 15. sept. ár hvert í kaптúnun, þar sem fjöldi aðkomufólks dvelur um stundarsakir vegna sildveiða; enn fremur á öðrum stöðum og árstímum eftir ákvörðun ráðherra, þar sem nauðsyn þykir til slíkra ráðstafana vegna hliðstæðra orsaka.

Ráðherra er heimilt að láta lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkv. 6. gr. annast löggæzlu á samkomum utan kaupstaða, ef hlutaðeigandi lögreglustjóri

gerir grein fyrir þörf þess. Lögreglustjóri getur þó krafizt þess, að forráðamenn 45
samkomuhalds annist hæfilega gæzlu innanhúss. 5. apríl

Í reglugerð skal kveðið nánar á um löggæzlu samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

46

5. apríl

um breyting á lögum nr. 41 25. maí 1949, um gildistöku alþjóðasamnings
um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Meðan Ísland er aðili að alþjóðasamningnum um loftflutninga, er undirritaður
var í Varsjá hinn 12. október 1929, eins og honum hefur verið breytt með viðbótar-
samningi gerðum í Haag 28. september 1955, og birtur er sem fylgiskjal með lögum
þessum, skulu ákvæði Varsjársmningsins með breytingum í Haag 1955 hafa laga-
gildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR

um breytingar á alþjóðasamningi um
samræmingu nokkurra reglna varðandi
loftflutninga milli landa, er undirritaður
var í Varsjá 12. október 1929.

PROTOCOLE

portant modification de la Convention
pour l'unification de certaines
règles relatives au
transport aérien international
signée à Varsovie
le 12 octobre 1929

Undirritaðar ríkisstjórnir telja, að
æskilegt sé að breyta samningnum um
samræmingu nokkurra reglna varðandi

LES GOUVERNEMENTS SOUSSIGNES
CONSIDERANT qu'il est souhaitable
d'amender la Convention pour l'unifica-

46 loftflutninga milli landa, sem undirrit-
5. apríl aður var í Varsjá 12. október 1929, og
hafa því komið sér saman um það, sem
hér segir:

tion de certaines règles relatives au
transport aérien international signée à
Varsovie le 12 octobre 1929,
SONT CONVENUS de ce qui suit:

I. KAFLI BREYTINGAR Á SAMNINGNUM

I. grein.

Í 1. grein samningsins skal —

a) fella brott 2. tölulið og í hans stað
setja: —

„2. Í samningi þessum skal flutningur
vera talinn *milli landa*, þegar brottfarar-
staður og ákvörðunarstaður samkvæmt
flutningssamningi eru innan tveggja
samningsríkja, og gildir það einnig þótt
hlé verði á flutningnum eða skipt sé um
loftfar. Séu brottfararstaður og ákvörð-
unarstaður innan landsvæða sama samn-
ingsríkis, skal flutningurinn talinn vera
milli landa, ef lenda þarf innan annars
ríkis á leiðinni, enda þótt það ríki sé
eigi aðili að samningi þessum. Eigi skal
flutningur án slíkrar viðkomu milli
landsvæða sama samningsríkis teljast
millilandaflutningur í samningi þessum.“

b) fella brott 3. tölulið og í hans stað
setja: —

„3. Nú tekur eitt flugfélag við flutningi
af öðru, og skal sá flutningur vera talinn
óslitinn, ef aðilar flutningssamnings eru
sammála um, að um einn og sama flut-
ning sé að ræða, hvort sem einn eða fleiri
samningar hafa verið um það gerðir. Skal
slíkur flutningur teljast millilandaflut-
ningur, enda þótt einum samningi eða
mörgum beri að fullnægja algerlega inn-
an landsvæðis sama ríkis.“

II. grein.

Í 2. grein samningsins skal fella brott
2. tölulið og í hans stað setja: —

CHAPITRE PREMIER AMENDEMENTS A LA CONVENTION

Article premier

A l'article premier de la Convention —

a) l'alinéa 2 est supprimé et rem-
placé par la disposition suivante: —

„2. Est qualifié *transport interna-
tional*, au sens de la présente Convention,
tout transport dans lequel, d'après les
stipulations des parties, le point de dé-
part et le point de destination, qu'il y
ait non interruption de transport ou
transbordement, sont situés soit sur le
territoire de deux Hautes Parties Con-
tractantes, soit sur le territoire d'une
seule Haute Partie Contractante si une
escale est prévue sur le territoire d'un
autre Etat, même si cet Etat n'est pas
une Haute Partie Contractante. Le
transport sans une telle escale entre
deux points du territoire d'une seule
Haute Partie Contractante n'est pas con-
sidéré comme international au sens de
la présente Convention.“

b) l'alinéa 3 est supprimé et remplacé
par la disposition suivante: —

„3. Le transport à exécuter par plu-
sieurs transporteurs par air successifs
est censé constituer pour l'application
de la présente Convention un transport
unique lorsqu'il a été envisagé par les
parties comme une seule opération, qu'il
ait été conclu sous la forme d'un seul
contrat ou d'une série de contrats, et il
ne perd pas son caractère international
par le fait qu'un seul contrat ou une
série de contrats doivent être exécutés
intégralement dans le territoire d'un
même Etat.“

Article II

A l'article 2 de la Convention —

l'alinéa 2 est supprimé et remplacé
par la disposition suivante: —

„2. Samningur þessi skal eigi gilda um flutning bréfa og pósthöggla.“

„2. La présente Convention ne s'appli- 46
que pas au transport du courrier et des 5. aprîl
colis postaux.“

III. grein.

Í 3. grein samningsins skal —

a) fella brott 1. tölulið og í hans stað setja: —

„1. Þegar farþegar eru fluttir, skal afhenda farseðil og tilgreina í honum:

a) brottfararstað og ákvörðunarstað;

b) ef brottfarar- og ákvörðunarstaður eru innan landsvæðis sama ríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis, skal geta um a. m. k. einn slíkan stað;

c) ákvæði þess efnis, að sé ferð farþega heitið til annars lands eða af henni leiði dvöl í öðru landi, þá komi ákvæði Varsjáringsins til framkvæmda, og að sá samningur gildi um og að jafnaði takmarki bótaskyldu flytjenda vegna dauða, slysa eða tjóns eða skaða á farangri.“

b) fella brott 2. tölulið og í hans stað setja: —

„2. Farseðill skal, ef hið gagnstæða sannast ekki, gilda sem sönnun á því, að flutningssamningur hafi verið gerður, svo og á ákvæðum hans. Nú er farseðill eigi fyrir hendi eða hann er með óreglulegri gerð eða hann hefur glatazt, og breytir það engu um, hvort flutningssamningur sé fyrir hendi né um gildi hans, en háður skal hann engu að síður ákvæðum samnings þessa. Nú hefur farþegi samt sem áður með samþykki flytjanda farið um borð án þess að farseðill hafi verið út gefinn eða án þess að í farseðlinum sé ákvæði það, sem getur í c-lið 1. töluliðs þessarar greinar, og er flytjanda þá óheimilt að notfæra sér ákvæði 22. greinar.“

Article III

A l'article 3 de la Convention —

a) l'alinéa 1^{er} est supprimé et remplacé par la disposition suivante: —

„1. Dans le transport de passagers, un billet de passage doit être délivré, contenant:

a) l'indication des points de départ et de destination;

b) si les points de départ et de destination sont situés sur le territoire d'une même Haute Partie Contractante et qu'une ou plusieurs escales soient prévues sur le territoire d'un autre Etat, l'indication d'une de ces escales;

c) un avis indiquant que si les passagers entreprennent un voyage comportant une destination finale ou une escale dans un pays autre que le pays de départ, leur transport peut être régi par la Convention de Varsovie qui, en général, limite la responsabilité du transporteur en cas de mort ou de lésion corporelle, ainsi qu'en cas de perte ou d'avarie des bagages.“

b) l'alinéa 2 est supprimé et remplacé par la disposition suivante: —

„2. Le billet de passage fait foi, jusqu'à preuve contraire, de la conclusion et des conditions du contrat de transport. L'absence, l'irrégularité ou la perte du billet n'affecte ni l'existence ni la validité du contrat de transport, qui n'en sera pas moins soumis aux règles de la présente Convention. Toutefois, si, du consentement du transporteur, le passager, s'embarque sans qu'un billet de passage ait été délivré, ou si le billet ne comporte pas l'avis prescrit à l'alinéa 1 c) du présent article, le transporteur n'aura pas le droit de se prévaloir des dispositions de l'article 22.“

46

IV. grein.

5. apríl Í 4. grein samningsins —

a) skal fella brott töluliðina 1, 2 og 3 og í stað þeirra setja þessa liði: —

„1. Þegar fluttur er skráður farangur, skal gefa út farangursseðil. Ef hann er ekki í sambandi við farseðil eða innifalinn í farseðli, sem gerður er í samræmi við ákvæði 1. töluliðs 3. greinar, skal á honum tilgreina:

a) brottfarar- og ákvörðunarstað;

b) ef brottfarar- og ákvörðunarstaður eru innan landsvæðis sama ríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis, skal geta um a. m. k. einn slíkan stað;

c) ákvæði þess efnis, að sé ferð farþega heitið til annars lands eða af henni leiði dvöl í öðru landi, þá komi ákvæði Varsjáringsins til framkvæmda, og að sá samningur gildi um og að jafnaði takmarki bótaskyldu flytjenda vegna tjóns eða skaða á farangri.“

b) skal fella brott 4. tölulið og í hans stað setja: —

„2. Farangursseðill skal, ef hið gagnstæða sannast ekki, gilda sem sönnun á skrásetningu farangurs og ákvæðum flutningsssamnings. Nú er farangursseðill eigi fyrir hendi eða hann er með óreglulegri gerð eða hefur glatazt, og breytir það engu um, hvort flutnings-samningur sé fyrir hendi né um gildi hans, en háður skal hann engu að síður ákvæðum samnings þessa. Nú tekur flytjandi samt sem áður við farangri, án þess að farangursseðill hafi verið afhentur, eða farangursseðillinn (nema hann sé í sambandi við eða innifalinn í farseðli, sem gerður er í samræmi við ákvæði 3. greinar, 1. töluliðs c)) inniheldur ekki ákvæði það, sem greinir í c-lið þessarar greinar, og er flugfélaginu þá óheimilt að notfæra sér ákvæði 22. greinar, 2. töluliðs.“

Article IV

A l'article 4 de la Convention —

a) les alinéas 1, 2 et 3 sont supprimés et remplacés par la disposition suivante: —

„1. Dans le transport de bagages enregistrés, un bulletin de bagages doit être délivré qui, s'il n'est pas combiné avec un billet de passage conforme aux dispositions de l'article 3, alinéa 1", ou n'est pas inclus dans un tel billet, doit contenir:

a) l'indication des points de départ et de destination;

b) si les points de départ et de destination sont situés sur le territoire d'une même Haute Partie Contractante, et qu'une ou plusieurs escales soient prévues sur le territoire d'un autre Etat, l'indication d'une de ces escales;

c) un avis indiquant que, si le transport comporte une destination finale ou une escale dans un pays autre que le pays de départ, il peut être régi par la Convention de Varsovie qui, en général, limite la responsabilité du transporteur en cas de perte ou d'avarie des bagages.“

b) l'alinéa 4 est supprimé et remplacé par la disposition suivante: —

„2. Le bulletin de bagages fait foi, jusqu'à preuve contraire, de l'enregistrement des bagages et des conditions du contrat de transport. L'absence, l'irrégularité ou la perte du bulletin n'affecte ni l'existence ni la validité du contrat de transport, qui n'en sera pas moins soumis aux règles de la présente Convention. Toutefois, si le transporteur accepte la garde des bagages sans qu'un bulletin ait été délivré ou si, dans le cas où le bulletin n'est pas combiné avec un billet de passage conforme aux dispositions de l'article 3, alinéa 1 c), ou n'est porte pas l'avis prescrit à l'alinéa 1 c) du présent article, le transporteur n'aura pas le droit de se prévaloir des dispositions de l'article 22, alinéa 2.“

V. grein.

Í 6. grein samningsins —
skal fella brott 3. tölulið og í hans stað setja: —

„3. Flytjandi skal skrifa undir skirteinið áður en vörunum er skipað um borð í loftfarið.“

VI. grein.

Fella skal brott 8. grein samningsins og setja þetta í stað hennar: —

„Í flugfarmskirteini skal greina:

a) brottfararstað og ákvörðunarstað;

b) ef brottfarar- og ákvörðunarstaðir eru innan landsvæðis sama ríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis, skal geta um a. m. k. einn slíkan viðkomustað;

c) aðvörun til sendanda, þess efnis að sé flutningi endanlega heitið til annars lands en brottfararlands, komi ákvæði Varsjársmningsins til framkvæmda, og að sá samningur gildi um og að jafnaði takmarki bótaskyldu flytjenda vegna tjóns eða skaða á farmi.“

VII. grein.

Fella skal brott 9. grein samningsins og setja þetta í hennar stað: —

„Nú hefur farmi verið skipað um borð í loftfar með samþykki flytjanda, án þess að flugfarmskirteini hafi verið gefið út eða í flugfarmskirteininu greinir ekki aðvörun þá, sem tilskilin er í c-lið 8. greinar, og skal flytjanda þá óheimilt að notfæra sér ákvæði 2. liðar 22. greinar.“

VIII. grein.

Í 10. grein samningsins —
skal fella brott 2. tölulið og setja þetta í hans stað: —

„2. Hann ber ábyrgð á hvers konar tjóni, sem flytjandi kann að bíða eða æðrir þeir, sem flytjandi ber ábyrgð

Article V

A l'article 6 de la Convention —
l'alinéa 3 est supprimé et remplacé par la disposition suivante: —

„3. La signature du transporteur doit être apposée avant l'embarquement de la marchandise à bord de l'aéronef.“

46

5. apríl

Article VI

L'article 8 de la Convention est supprimé et remplacé par la disposition suivante: —

„La lettre de transport aérien doit contenir:

a) l'indication des points de départ et de destination;

b) si les points de départ et de destination sont situés sur le territoire d'une même Haute Partie Contractante et qu'une ou plusieurs escales soient prévues sur le territoire d'un autre Etat, l'indication d'un de ces escales;

c) un avis indiquant aux expéditeurs que, si le transport comporte une destination finale ou une escale dans un pays autre que le pays de départ, il peut être régi par la Convention de Varsovie qui, en général, limite la responsabilité des transporteurs en cas de perte ou d'avarie des marchandises.“

Article VII

L'article 9 de la Convention est supprimé et remplacé par la disposition suivante: —

„Si, du consentement du transporteur, des marchandises sont embarquées à bord de l'aéronef sans qu'une lettre de transport aérien ait été établie ou si celle-ci ne comporte pas l'avis prescrit à l'article 8, alinéa c), le transporteur n'aura pas le droit de se prévaloir des dispositions de l'article 22, alinéa 2.“

Article VIII

A l'article 10 de la Convention —
l'alinéa 2 est supprimé et remplacé par la disposition suivante: —

„2. Il supportera la responsabilité de tout dommage subi par le transporteur ou par toute autre personne à l'égard de

46 gagnvart, sakir þess að upplýsingar, er hann hefur gefið, eru óreglulegar, ónákvæmar eða ófullkomnar.“

IX. grein.

Aftan við 15. grein samningsins — skal bæta þessum lið: —

„3. Ekkert ákvæði samnings þessa skal skilið svo, að það geti hindrað útgáfu framseljanlegs flugfarmskirteinis.“

X. grein.

Fella skal brott 2. tölulið 20. greinar samningsins.

XI. grein.

Fella skal brott 22. grein samningsins og setja þetta í hennar stað: —

„22. grein.

1. Við flutning farþega í lofti skal bótaábyrgð flytjanda fyrir hvern farþega eigi fara fram úr tvö hundruð og fimmtíu þúsund frónkum. Geri lög lands þess, er skaðabótamál er höfðað í, ráð fyrir greiðslu með afborgunum, skal heildarupphæðin (höfuðstóll) eigi fara fram úr þessu hámarki. Heimilt er þó flytjanda og farþega að gera með sér sérstakan samning um hærra hámark ábyrgðar.

2. a) Við flutning skráðs farangurs og farms skal bótaábyrgð flytjanda eigi fara fram úr tvö hundruð og fimmtíu frónkum fyrir hvert kíló. Hámark þetta gildir þó eigi, ef sendandi hefur við afhendingu vara til flytjanda gefið sérstaka yfirlýsingu um þá hagsmuni, sem við afhendingu á ákvörðunarstað eru tengdir, og greitt aukagjald, ef á þarf að halda. Hin tilgreinda upphæð skal þá vera hámark bótaskyldu flytjanda, nema hann sanni að raunverulegir hagsmunir sendanda eða farþega hafi verið minni.

b) Nú verður tjón, skaði eða tóf á hluta skráðs farangurs eða farms eða á einhverjum grip þar í, og skal eigi taka meiri þunga til greina við ákvörðun þeirrar upphæðar, sem ábyrgð flytjanda takmarkast við, en samanlagðan þunga

laquelle la responsabilité du transporteur est engagée à raison de ses indications et déclarations irrégulières, inexactes ou incomplètes.“

Article IX

A l'article 15 de la Convention — l'alinéa suivant est inséré: —

„3. Rien dans la présente Convention n'empêche l'établissement d'une lettre de transport aérien négociable.“

Article X

L'alinéa 2 de l'article 20 de la Convention est supprimé.

Article XI

L'article 22 de la Convention est supprimé et remplacé par les dispositions suivantes: —

„Article 22

1. Dans le transport des personnes, la responsabilité du transporteur relative à chaque passager est limitée à la somme de deux cent cinquante mille francs. Dans le cas où, d'après la loi du tribunal saisi, l'indemnité peut être fixée sous forme de rente, le capital de la rente ne peut dépasser cette limite. Toutefois par une convention spéciale avec le transporteur, le passager pourra fixer une limite de responsabilité plus élevée.

2. a) Dans le transport de bagages enregistrés et de marchandises, la responsabilité du transporteur est limitée à la somme de deux cent cinquante francs par kilogramme, sauf déclaration spéciale d'intérêt à la livraison faite par l'expéditeur au moment de la remise du colis au transporteur et moyennant le paiement d'une taxe supplémentaire éventuelle. Dans ce cas, le transporteur sera tenu de payer jusqu'à concurrence de la somme déclarée, à moins qu'il ne prouve qu'elle est supérieure à l'intérêt réel de l'expéditeur à la livraison.

b) En cas de perte, d'avarie ou de retard d'une partie des bagages enregistrés ou des marchandises, ou de tout objet qui y est contenu, seul le poids total du ou des colis dont il s'agit est pris en considération pour déterminer la

bögguls eða böggla þeirra, er um er að ræða. Nú snertir tjón, skaði eða töf hluta hins skráða farangurs eða farms eða gripa þar í, verðmæti annarra böggla, sem sami farangursseðill eða flugfarmskirteini nær til, og skal þá einnig tekinn til greina samanlagður þungi slíks bögguls eða böggla, þegar ákvarða skal hámark bótaskyldu.

3. Að því er snertir farangur, sem farþegi hefur í sínum vörzlum, er hámark bótaskyldu flytjanda takmarkað við fimm þúsund franka fyrir hvern farþega.

4. Þó að hér sé greint hámark bótaskyldu, er dómstólum þó heimilt í samræmi við landslög að dæma aukalega til greiðslu hluta af málskostnaði eða málskostnaðar alls og til greiðslu annars kostnaðar við málssókn, sem kærandi kann að hafa orðið að greiða. Eigi gildir þó þetta ákvæði, ef bótaupphæðin, sem dæmd er, auk málskostnaðar og annars kostnaðar við málssókn, fer eigi fram úr þeirri upphæð, sem flytjandi hefur skriflega boðizt til að greiða innan sex mánaða frá því er atburður sá varð, sem skaðanum olli, eða áður en málssókn var hafin, ef síðar varð.

5. Upphæðir þær, sem greindar eru í frönkum í þessari grein, skulu miðast við gjaldeyriseiningu, er sé sextíu og fimm og hálf milligramm gulls, sem er níu hundruð þúsundustu að skírleika. Þegar breyta þarf slíkum upphæðum í mynt viðkomandi lands, má láta standa á jafnri mynteiningu. Unreikning umræddra upphæða í mynt viðkomandi lands, nema gullmynt sé, skal fara fram eftir skráðu gullgengi umræddrar myntar á þeim degi, er dómur er upp kveðinn, ef um málssókn verður að ræða.“

XII. grein.

Í 23. grein samningsins skal núverandi ákvæði greinarinnar bera tölulíðinn 1 og bæta við annarri grein, svo hljóðandi:

„2. Eigi gildir 1. tölulíður þessarar greinar um ákvæði varðandi tjón eða

limite de responsabilité du transporteur. 46
Toutefois, lorsque la perte, l'avarie ou le retard d'une partie des bagages enregistrés ou des marchandises, ou d'un objet qui y est contenu, affecte la valeur d'autres colis couverts par le même bulletin de bagages ou la même lettre de transport aérien, le poids total de ces colis doit être pris en considération pour déterminer la limite de responsabilité.

3. En ce qui concerne les objets dont le passager conserve la garde, la responsabilité du transporteur est limitée à cinq mille francs par passager.

4. Les limites fixées par le présent article n'ont pas pour effet d'enlever au tribunal la faculté d'allouer en outre, conformément à sa loi, une somme correspondant à tout ou partie des dépens et autres frais du procès exposés par le demandeur. La disposition précédente ne s'applique pas lorsque le montant de l'indemnité allouée, non compris les dépens et autres frais de procès, ne dépasse pas la somme que le transporteur a offerte par écrit au demandeur dans un délai de six mois à dater du fait qui a causé le dommage ou avant l'introduction de l'instance si celle-ci est postérieure à ce délai.

5. Les sommes indiquées en francs dans le présent article sont considérées comme se rapportant à une unité monétaire constituée par soixante-cinq milligrammes et demi d'or au titre de neuf cents millièmes de fin. Ces sommes peuvent être converties dans chaque monnaie nationale en chiffres ronds. La conversion de ces sommes en monnaies nationales autres que la monnaie-or s'effectuera en cas d'instance judiciaire suivant la valeur-or de ces monnaies à la date du jugement.“

Article XII

A l'article 23 de la Convention, la disposition actuelle devient l'alinéa 1^{er}, et l'alinéa 2 suivant est ajouté: —

„2. L'alinéa 1^{er} du présent article ne s'applique pas aux clauses concernant la

46 skaða, sem stafar af eðli eða ágalla í 5. apríl farmi þeim, sem fluttur er.“

XIII. grein.

Í 25. grein samningsins skal — fella brott töluliðina 1 og 2 og í þeirra stað setja: —

„Takmarkanir þær á bótaskyldu, sem í 22. grein eru upp taldar, skulu eigi gilda, ef það sannast, að tjónið hafi orðið af völdum eða aðgerðaleysi flytjanda, starfsmanna hans eða umboðsmanna, hvort sem gert var í þeim tilgangi að valda tjóni eða af kæruleysi, meðvitandi þess að tjón myndi geta af hlotizt. Þó skal í slíkum tilfellum sanna, að slíkur verknaður eða aðgerðaleysi starfsmanns eða umboðsmanns hafi gerzt innan verksviðs þeirra.“

XIV. grein.

Á eftir 25. grein samningsins skal koma ný grein, svo hljóðandi:

„25. grein A.

1. Nú er mál höfðað gegn starfsmanni eða umboðsmanni flytjanda út af tjóni, sem samningur þessi nær til, og skal honum heimilt, ef hann sannar að hann hafi haldið sér við verksvið sitt, að hagnýta sér takmörkun þá á bótaskyldu, sem flytjanda er sjálfum heimilt að hagnýta sér samkvæmt 22. grein.

2. Í slíku tilfalli skal samanlögð bótafjárhæð, sú er flytjandi, starfsmenn hans eða umboðsmenn eiga að greiða, ekki fara fram úr greindu hámarki.

3. Ákvæði 1. og 2. töluliðs þessarar greinar skulu eigi gilda, ef það sannast, að tjónið hefur orðið af völdum eða aðgerðaleysi starfsmanns eða umboðsmanns, gert í þeim tilgangi að valda tjóni eða af kæruleysi, meðvitandi þess, að tjón myndi geta af hlotizt.“

XV. grein.

Í 26. grein samningsins — skal fella brott 2. tölulið og í hans stað setja: —

perte ou le dommage résultant de la nature ou du vice propre des marchandises transportées.“

Article XIII

A l'article 25 de la Convention — les alinéas 1 et 2 sont supprimés et remplacés par la disposition suivante: —

„Les limites de responsabilité prévues à l'article 22 ne s'appliquent pas s'il est prouvé que le dommage résulte d'un acte ou d'une omission du transporteur ou de ses préposés fait, soit avec l'intention de provoquer un dommage, soit témé- rairement et avec conscience qu'un dom- mage en résultera probablement, pour autant que, dans le cas d'un acte ou d'une omission de préposés, la preuve soit également apportée que ceux-ci ont agi dans l'exercice de leur fonctions.“

Article XIV

Après l'article 25 de la Convention, l'article suivant est inséré: —

„Article 25 A

1. Si une action est intentée contre un préposé du transporteur à la suite d'un dommage visé par la présente Convention, ce préposé, s'il prouve qu'il a agi dans l'exercice de ses fonctions, pourra se prévaloir des limites de responsabilité que peut invoquer ce transporteur en vertu de l'article 22.

2. Le montant total de la réparation qui, dans ce cas, peut être obtenu du transporteur et de ses préposés ne doit pas dépasser lesdites limites.

3. Les dispositions des alinéas 1 et 2 du présent article ne s'appliquent pas s'il est prouvé que le dommage résulte d'un acte ou d'une omission du préposé fait, soit avec l'intention de provoquer un dommage, soit témé- rairement et avec conscience qu'un dommage en résultera probablement.“

Article XV

A l'article 26 de la Convention — l'alinéa 2 est supprimé et remplacé par la disposition suivante: —

„2. Verði um tjón að ræða, ber mótakanda að tilkynna flytjanda það jafnskjótt og þess verður vart, í síðasta lagi sjö dögum eftir móttökudag, ef um farangur er að ræða, og fjórtán dögum, ef um farm er að ræða. Ef um tafir er að ræða, ber að senda slíka kvörtun í síðasta lagi tuttugu og einum degi eftir að afhending hefur farið fram.“

XVI. grein.

Fella skal burt 34. grein samningsins og í hennar stað setja þetta: —

„Ákvæði 3.—9. greinar að báðum meðtöldum, sem ná til flutningsskilríkja, skulu eigi gilda, þegar flutningur fer fram undir óvenjulegum kringumstæðum, utan venjulegs flugrekstrar.“

XVII. grein.

Á eftir 40. grein samningsins skal koma ný grein, svo hljóðandi: —

„40. grein A.

1. Í 2. tölulið 37. greinar og 1. tölulið 40. greinar skal orðið *aðili* (*samningsaðili*) (*Haute Partie Contractante*) merkja ríki. Í öllum öðrum tilvikum skal orðið *aðili* merkja ríki, sem fullgilt hefur samninginn eða gerzt aðili að honum með virkum hætti, eða ríki, sem sagt hefur samningnum upp, ef uppsögn þess hefur ekki gengið í gildi.

2. Að því er samning þennan snertir, merkir orðið *landsvæði* (*territoire*) ekki einungis heimaland ríkis, heldur einnig öll önnur landsvæði, sem ríkið fer með utanríkismál fyrir.“

II. KAFLI GILDI SAMNINGSINS SVO SEM HONUM HEFUR VERIÐ BREYTT

XVIII. grein.

Svo sem samningnum hefur verið breytt með viðbótarsamningi þessum, skal hann gilda um flutninga landa í

„2. En cas d'avarie, le destinataire ⁴⁶ doit adresser au transporteur une protestation immédiatement après la découverte de l'avarie et, au plus tard, dans un délai de sept jours pour les bagages et de quatorze jours pour les marchandises à dater de leur réception. En cas de retard, la protestation devra être faite au plus tard dans les vingt et un jours à dater du jour où le bagage ou la marchandise auront été mis à sa disposition.“

5. apríl

Article XVI

L'article 34 de la Convention est supprimé et remplacé par la disposition suivante: —

„Les dispositions des articles 3 à 9 inclus relatives aux titres de transport ne sont par applicables au transport effectué dans des circonstances extraordinaires en dehors de toute opération normale de l'exploitation aérienne.“

Article XVII

Après l'article 40 de la Convention, l'article suivant est inséré: —

„Article 40 A

1. A l'article 37, alinéa 2 et à l'article 40, alinéa 1^{er}, l'expression *Haute Partie Contractante* signifie *Etat*. Dans tous les autres cas, l'expression *Haute Partie Contractante* signifie un Etat dont la ratification ou l'adhésion à la Convention a pris effet et dont la dénonciation n'a pas pris effet.

2. Aux fins de la Convention, le mot *territoire* signifie non seulement le territoire métropolitain d'un Etat, mais aussi tous les territoires qu'il représente dans les relations extérieures.“

CHAPITRE II CHAMP D'APPLICATION DE LA CONVENTION AMENDÉE

Article XVIII

La Convention amendée par le présent protocole s'applique au transport international défini à l'article premier de la

46 milli, svo sem þeim er lýst í 1. grein hans, ef brottfarar- og ákvörðunarstaður, sem tilteknir eru í þessari grein, eru annaðhvort í löndum tveggja aðila að samningnum eða innan landsvæðis sama aðila, ef umsaminn viðkomustaður er innan landsvæðis annars ríkis.

III. KAFLI LOKAÁKVÆÐI

XIX. grein.

Milli aðila að þessum viðbótarsamningi skal samningurinn og viðbótarsamningurinn gilda sem einn og sami samningur og nefnast *Varsjár-samningurinn með breytingum í Haag 1955*.

XX. grein.

Unz viðbótarsamningur þessi kemur til framkvæmda samkvæmt ákvæðum XXII. greinar, 1. töluliðs, skal öllum ríkjum heimilt að undirrita hann, sem til þess tíma hafa fullgilt eða gerzt aðilar að (Varsjár-)samningnum eða tekið þátt í fulltrúafundi þeim, sem lauk með samþykkt þessa viðbótarsamnings.

XXI. grein.

1. Samningur þessi skal háður fullgildingunni þeirra ríkja, sem undirritað hafa.

2. Nú fullgildir eitthvert ríki viðbótarsamning þennan, án þess að það sé aðili að (Varsjár-)samningnum, og skoðast það orðið aðili að samningnum, svo sem honum er breytt með viðbótarsamningi þessum.

3. Fullgildingarskjölin ber að afhenda ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Póllands.

XXII. grein.

1. Þegar þrjátíu ríki, sem undirritað hafa samninginn, hafa afhent fullgildingarskjöl sín á viðbótarsamningi þessum, skal hann ganga í gildi þeirra í milli á nítugasta degi frá afhendingu þrítugasta fullgildingarskjalsins. Að því er

Convention lorsque les points de départ et de destination sont situés soit sur le territoire de deux Etats parties au présent protocole, soit sur le territoire d'un seul Etat partie au présent protocole si une escale est prévue sur le territoire d'un autre Etat.

CHAPITRE III DISPOSITIONS PROTOCOLAIRES

Article XIX

Entre les Parties au présent Protocole, la Convention et le Protocole seront considérés et interprétés comme un seul et même instrument et seront dénommés *Convention de Varsovie amendée à la Haye en 1955*.

Article XX

Jusqu'à sa date d'entrée en vigueur conformément aux dispositions de l'article XXII, alinéa 1^{er}, le présent Protocole restera ouvert à la signature à tout Etat qui aura ratifié la Convention ou y aura adhéré, ainsi qu'à tout Etat ayant participé à la Conférence à laquelle ce Protocole a été adopté.

Article XXI

1. Le présent Protocole sera soumis à la ratification des Etats signataires.

2. La ratification du présent Protocole par un Etat qui n'est pas partie à la Convention emporte adhésion à la Convention amendée par ce Protocole.

3. Les instruments de ratification seront déposés auprès du Gouvernement de la République Populaire de Pologne.

Article XXII

1. Lorsque le présent Protocole aura réuni les ratifications de trente Etats signataires, il entrera en vigueur entre ces Etats le quatre-vingt-dixième jour après le dépôt du trentième instrument de ratification. A l'égard de chaque Etat

snertir þau ríki, sem þaðan í frá fullgilda hann, skal hann ganga í gildi á nitugasta degi frá afhendingu fullgild-ingarskjals.

2. Þegar viðbótarsamningur þessi gengur í gildi, ber ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Póllands að láta skrá hann hjá Sameinuðu þjóðunum.

XXIII. grein.

1. Eftir að viðbótarsamningur þessi hefur gengið í gildi, skal öllum ríkjum, sem ekki hafa undirritað hann, heimilt að gerast aðilar.

2. Aðild að viðbótarsamningi þessum af hálfu ríkis, sem ekki er aðili að samningnum, skal gilda sem aðild að samningnum svo sem honum er breytt með viðbótarsamningi þessum.

3. Aðild ríkis kemur til framkvæmda með afhendingu aðildarskjals til ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Póllands og gengur í gildi á nitugasta degi eftir afhendingu.

XXIV. grein.

1. Öllum aðilum að viðbótarsamningi þessum er heimilt að segja honum upp með tilkynningu stílaðri til ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Póllands.

2. Uppsögn gengur í gildi sex mánuðum eftir að ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Póllands hefur tekið við uppsagnarskjalinu.

3. Milli aðila þessa viðbótarsamnings er svo um samið, að segi einhver þeirra upp samningnum í samræmi við 39. grein hans (Varsjársamningsins), skal sú uppsögn eigi ná til samningsins svo sem honum er breytt með viðbótarsamningi þessum.

XXV. grein.

1. Viðbótarsamningur þessi nær til allra landsvæða, sem aðilar fara með utanríkismál fyrir, nema þeirra landsvæða, sem sérstök yfirlýsing hefur verið gerð um, samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

qui le ratifiera par la suite, il entrera en vigueur le quatre-vingt-dixième jour après le dépôt de son instrument de ratification.

2. Dès son entrée en vigueur, le présent Protocole sera enregistré auprès de l'Organisation des Nations Unies par le Gouvernement de la République Populaire de Pologne.

Article XXIII

1. Après son entrée en vigueur, le présent Protocole sera ouvert à l'adhésion de tout Etat non signataire.

2. L'adhésion au présent Protocole par un Etat qui n'est pas partie à la Convention emporte adhésion à la Convention amendée par le présent Protocole.

3. L'adhésion sera effectuée par le dépôt d'un instrument d'adhésion auprès du Gouvernement de la République Populaire de Pologne et produira ses effets le quatre-vingt-dixième jour après ce dépôt.

Article XXIV

1. Toute Partie au présent Protocole pourra le dénoncer par une notification faite au Gouvernement de la République Populaire de Pologne.

2. La dénonciation produira ses effets six mois après la date de réception par le Gouvernement de la République Populaire de Pologne de la notification de dénonciation.

3. Entre les parties au présent Protocole, la dénonciation de la Convention par l'une d'elles en vertu de l'article 39 ne doit pas être interprétée comme une dénonciation de la Convention amendée par le présent Protocole.

Article XXV

1. Le présent Protocole s'appliquera à tous les territoires qu'un Etat partie à ce Protocole représente dans les relations extérieures, à l'exception des territoires à l'égard desquels une déclaration a été faite conformément à l'alinéa 2 du présent article.

46 2. Öllum ríkjum er heimilt, um leið og þau leggja fram fullgildingarskjöl sín, að lýsa yfir því, að aðild þeirra að viðbótarsamningi þessum nái ekki til eins eða fleiri landsvæða, sem þau fara með utanríkismál fyrir.

3. Öllum ríkjum er heimilt síðar með tilkynningu til ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Póllands að láta ákvæði viðbótarsamnings þessa ná til einhverra eða allra þeirra landsvæða, sem þau hafa undanþegið með yfirlýsingu samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar. Skal slík tilkynning öðlast gildi á nítugasta degi frá því að sú ríkisstjórn tók við henni.

4. Öllum ríkjum, sem aðilar eru að viðbótarsamningi þessum, er heimilt að segja honum upp í samræmi við ákvæði XXIV. greinar, 1. töluliðs, sérstaklega vegna einhvers eða allra landsvæða, sem þau fara með utanríkismál fyrir.

XXVI. grein.

Eigi er heimilt að gera neinn fyrirvara við viðbótarsamning þennan, nema hvað öllum ríkjum er hvenær sem er heimilt að lýsa yfir því með tilkynningu til ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Póllands, að samningurinn svo sem honum er breytt með viðbótarsamningi þessum skuli ekki ná til flutnings manna, farms eða farangurs fyrir herstjórn ríkisins í loftförum, sem skráð eru í ríkinu, enda séu þau loffför að öllu leyti í þjónustu slíkra yfirvalda eða á vegum þeirra.

XXVII. grein.

Ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Póllands ber að tilkynna þegar í stað öllum ríkisstjórnnum ríkjá, sem undirritað hafa samninginn eða viðbótarsamning þennan, öllum ríkjum, sem aðilar eru að samningnum eða viðbótarsamningi þessum, og öllum ríkjum, sem eru aðilar að Alþjóðaflugmálastofnuninni eða Sameinuðu þjóðunum, og Alþjóðaflugmálastofnuninni það, sem hér segir:

2. Tout Etat pourra, au moment du dépôt de son instrument de ratification ou d'adhésion, déclarer que son acceptation du présent Protocole ne vise pas un ou plusieurs des territoires qu'il représente dans les relations extérieures.

3. Tout Etat pourra par la suite notifier au Gouvernement de la République Populaire de Pologne que le présent Protocole s'appliquera à un ou plusieurs des territoires ayant fait l'objet de la déclaration prévue à l'alinéa 2 du présent article. Cette notification produira ses effets le quatre-vingt-dixième jour après la date de sa réception par ce Gouvernement.

4. Tout Etat partie à ce Protocole pourra, conformément aux dispositions de l'article XXIV, alinéa 1^{er}, dénoncer le présent protocole séparément pour tous ou pour l'un quelconque des territoires qu'il représente dans les relations extérieures.

Article XXVI

Il ne sera admis aucune réserve au présent Protocole. Toutefois, un Etat pourra à tout moment déclarer par notification faite au Gouvernement de la République Populaire de Pologne que la Convention amendée par le présent Protocole ne s'appliquera pas au transport de personnes, de marchandises et de bagages effectué pour ses autorités militaires à bord d'aéronefs immatriculés dans ledit Etat et dont la capacité entière a été réservée par ces autorités ou pour le compte de celles-ci.

Article XXVII

Le Gouvernement de la République Populaire de Pologne notifiera immédiatement aux Gouvernements de tous les Etats signataires de la Convention ou du présent Protocole, de tous les Etats parties à la Convention ou au présent Protocole, et de tous les Etats membres de l'Organisation de l'Aviation civile internationale ou de l'Organisation des Nations Unies, ainsi qu'à l'Organisation de l'Aviation civile internationale:

a) allar undirskriftir undir viðbótarsamning þennan og dagsetning þeirra;

b) þegar fram eru lögð skjöl um fullgildingu eða aðild að viðbótarsamningi þessum og dagsetning þess;

c) hvenær viðbótarsamningur þessi gengur í gildi samkvæmt ákvæðum XXII. greinar, 1. töluliðs;

d) hvenær tekið er við uppsögnum og dagsetning þess;

e) hvenær tekið er við yfirlýsingum eða tilkynningum samkvæmt XXV. grein og dagsetning þess;

f) hvenær tekið er við tilkynningum samkvæmt XXVI. grein og dagsetning þess.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar ríkisstjórna, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

GJÖRT í Haag á tuttugasta og áttunda degi septembermánaðar árið nitján hundruð fimmtíu og fimm í þrem jafngildum textum á ensku, frönsku og spænsku. Verði um ósamræmi milli texta þessara að ræða, skal franski textinn skera úr, en á því máli var upprunalegi samningurinn gerður.

Viðbótarsamningur þessi skal geymdur hjá ríkisstjórn alþýðulýðveldisins Póllands og liggja hjá henni til undirskriftar í samræmi við XX. grein. Þeirri ríkisstjórn ber að senda staðfest eftirit hans ríkisstjórnnum allra ríkja, sem undirritað hafa samninginn eða viðbótarsamning þennan, öllum ríkjum, sem aðilar eru að samningnum eða viðbótarsamningi þessum, og öllum ríkjum, sem aðilar eru að Alþjóðaflugmálastofnuninni eða Sameinuðu þjóðunum, svo og til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

(Undirskriftir.)

a) toute signature du présent Protocole et la date de cette signature;

b) le dépôt de tout instrument de ratification du présent Protocole ou d'adhésion à ce dernier et la date de ce dépôt;

c) la date à laquelle le présent Protocole entre en vigueur conformément à l'alinéa 1^{er} de l'article XXII;

d) la réception de toute notification de dénonciation et la date de réception;

e) la réception de toute déclaration ou notification faite en vertu de l'article XXV et la date de réception; et

f) la réception de toute notification faite en vertu de l'article XXVI et la date de réception.

EN FOI DE QUOI les Plénipotentiaires soussignés, dûment autorisés, ont signé le présent Protocole.

FAIT à la Haye le vingt-huitième jour du mois de septembre de l'année mil neuf cent cinquante-cinq, en trois textes authentiques rédigés dans les langues française, anglaise et espagnole. En cas de divergence, le texte en langue française, langue dans laquelle la Convention avait été rédigée, fera foi.

Le présent Protocole sera déposé auprès du Gouvernement de la République Populaire de Pologne où, conformément aux dispositions de l'article XX, il restera ouvert à la signature, et ce Gouvernement transmettra des copies certifiées du présent Protocole aux Gouvernements de tous les Etats signataires de la Convention ou du présent Protocole, de tous les Etats parties à la Convention ou au présent Protocole, et de tous les Etats membres de l'Organisation de l'Aviation civile internationale ou de l'Organisation des Nations Unies, ainsi qu'à l'Organisation de l'Aviation civile internationale.

(Signatures.)

46
5. apríl

47

7. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og lögum nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laga nr. 59/1939 orðist svo:

Þegar talað er um höfn í lögum þessum, er átt við tollhöfn, þ. e. höfn, þar sem tollstjóri er eða umboðsmaður tollstjóra.

2. gr.

Á 4. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: en til þeirra teljast, auk tollvarða í föstu starfi, menn, sem fjármálaráðuneytið eða tollstjórar ráða til tollgæzlu um stundarsakir eða við sérstök tilefni.
2. Í stað orðanna „konungsúrskurði nr. 1 12. febr. 1919 er ríkisfáninn“ í 2. mgr. komi: 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn.
3. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skýlt er mönnum að verða við kvaðningu tolleftirlitsmanns um aðstoð við tollgæzlu á sama hátt og segir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala í samræmi við það:

Frá 1. janúar 1957 skal leggja í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli, um leið og þeir eru innheimtir samkvæmt tollskrá, og viðaukum við þá, svo og öðrum aðflutningsgjöldum, þó eigi söluskatti né framleiðslusjóðsgjaldi samkv. 13. gr. laga nr. 4 frá 1956. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu og/eða kaupa á fasteignum í sama skyni. Ríkisstjórnin úrskurðar um það, hvar og hvenær byggja skuli eða kaupa.

4. gr.

Á 5. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: og ekki fyrr en að fengnu leyfi tolleftirlitsmanns.
2. Síðari málsg. orðist svo:

Þegar talað er um skip í lögum þessum, er átt við sérhvert fljótandi far, en með aðkomuskipi er átt við sérhvert skip, sem kemur frá útlöndum, unz það hefur fengið fyrstu afgreiðslu og samskiptaleyfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Í þessu sambandi jafngildir það komu frá útlöndum, ef skip hefur haft samband við annað farartæki, sem ekki hefur fengið samskiptaleyfi, eða látið hefur úr seinustu höfn héraendis á leið til útlanda. Samskiptaleyfi (tollafgreiðsluskírteini) skal vera skriflegt. Í reglugerð skal nánar kveðið á um gerð þess. Með skip, sem kemur úr utanlandssiglingum og ekki getur sýnt tollafgreiðsluskírteini frá viðurkenndri tollafgreiðsluhöfn, sbr. 8. gr., skal að öllu leyti farið sem um aðkomuskip væri að ræða.

3. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

47

Ákvæði laga þessara um skip og hafnir skulu, eftir því sem við á, gilda um flugför og flugvelli. Flugfar tákna í lögum þessum loftskip, flugvélar og önnur flugtæki.

7. apríl

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má með reglugerð, að öll skip skuli á leið frá útlöndum eða áður en lagt er af stað til útlanda, nema tilneydd séu, koma á tiltekna hafnir til að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Nefnast þær hafnir tollafgreiðsluhafnir. Setja má það skilyrði um tiltekna tollafgreiðsluhafnir, að skip fái þar því aðeins fyrstu afgreiðslu, að koma þeirra þangað hafi áður verið tilkynnt með ákveðnum fyrirvara. Ráðuneytið getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað skipi að fá fyrstu afgreiðslu utan tollafgreiðsluhafnar, en skylt skal skipi þá að greiða kostnað, sem af því leiðir. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni allt að 200000 krónum.

6. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla eða setja lás fyrir farmrúm, vista-geymslur og aðra staði í skipi eftir því, sem þeim þykir nauðsyn til bera. Skylt er skipstjóra að veita toleftirlitsmönnum aðstoð, ef þeir óska eftir henni, við innsiglu eða lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem þessar ráðstafanir mundu ekki koma að haldi.

Innsigli eða læsingar, sem toleftirlitsmenn setja fyrir lestar eða aðra staði í skipi, má enginn nema toleftirlitsmaður opna eða rjúfa meðan skip er hér við land. Skipstjóri eða sá, sem kemur í hans stað, ber ábyrgð á brotum gegn þessu ákvæði.

Hafi tollgæzlumenn ákveðið að innsigla farmrúm eða aðra staði í skipi, en eigi eru á því tók vegna umbúnaðar skips eða skipstjóri telur slíkt ekki óhætt vegna öryggis skips eða farms, ber skipi að kosta þá tollgæzlu um borð, sem af því leiðir, að framangreindum öryggisráðstöfunum verður ekki við komið.

7. gr.

Á 13. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: Kostnaður við flutning toleftirlitsmanna út í skip og í land við komu skips og brottför skal greiddur af skipinu. Kostnaðinn má innheimta með lögtaki og hefur hann lögveð í skipinu.
2. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákveða skal í reglugerð, hvenær hin ýmsu störf tollgæzlunnar skulu unnin án endurgjalds, svo og um greiðslu fyrir störf, sem unnin eru á öðrum tímum.

8. gr.

Við 14. gr. bætist:

Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvöld, að ferming eða afferming skips skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

9. gr.

Við fyrstu málsgrein 15. gr. bætist:

Séu skjöl þessi ekki afhent eða þau eru ófullnægjandi, má synja um leyfi til að ferma eða afferma skipið, unz úr þessu hefur verið bætt.

47

7. apríl

Fyrsta málgrein 17. gr. orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og aðra hluti, hverjir sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem það er flutt sem vörur á farmskrá, póstflutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að krefjast þess, að þetta sé allt flutt í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt, og framvísað þar til skoðunar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

11. gr.

Aftan við 19. gr. komi tvær nýjar málgreinar, svo hljóðandi:

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu, eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum, um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkningarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

12. gr.

20. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatala í samræmi við það.

13. gr.

Á 22. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „fyrir en slíkar vörur eða farangur hefur verið skoðaður af tolleftirlitsmönnum“ í 2. mgr. komi: og skulu þeir aðstoða tolleftirlitsmenn eftir þörfum við skoðun slíkra vara eða farangurs.
2. Á eftir 3. mgr. komi ný málgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er tolleftirlitsmönnum að skrá og merkja muni, sem hafðir eru um borð í íslensku skipi, hvort sem um er að ræða skipsbúnað eða einkaeign skipverja. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr skipi, nema gerð sé grein fyrir, að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr skipi erlendis.

14. gr.

Á 24. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málgrein orðist svo:

Á fyrstu höfn, sem skip, er hefur meðferðis vörur, er setja á í land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenskrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans þrjú samrit af aðalfarmskrá, ásamt vottorði um það, að skipið hafi ekki, síðan það lagði úr tiltekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr skipum eða öðrum farartækjum á leiðinni og að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskrá, og þær, sem hann samstundis lýsir skriflega yfir, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því.

2. Síðari málsliður 2. mgr. verður svo:

47

Eitt samrit af aðalfarmskránni ber tollstjóra eða umboðsmanni hans síðan 7. apríl að senda endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins með fyrstu ferð, en öðru heldur hann sjálfur eða ráðstafar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins.

3. Í stað orðsins „Hitt“ í upphafi 3. mgr. komi: Þriðja.

4. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Að lokinni affermingu á hverri höfn skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt, ef tolleftirlitsmenn krefjast þess, að láta þeim í té nákvæmar skrár um talningu á vörum þeim, sem losaðar hafa verið úr skipinu á þeirri höfn.

15. gr.

Á 25. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „áfram til hans“ í 2. mgr. komi: áfram til annarrar tollhafnar.

2. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákveða má í reglugerð, að flutning á ótollafgreiddum vörum samkvæmt þessari grein megi aðeins fela þeim, sem fengið hafa leyfi ráðuneytisins til að annast slíka flutninga. Leyfi má binda nauðsynlegum skilyrðum til, að tryggt sé eftirlit með flutningi. Ráðuneytið setur að öðru leyti reglur um flutning ótollafgreiddrar vöru innanlands og má þar m. a. mæla fyrir um umbúnað og gerð farartækja, sem notuð eru til slíkra flutninga.

16. gr.

28. gr. falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

17. gr.

Aftan við 29. gr., sem verður 28. gr., bætist:

Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

18. gr.

Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, er verður IV. kafli, svo hljóðandi, og breytist kaflatala og greinatala samkvæmt því:

IV. KAFLI

Um afgreiðslur o. fl.

a-liður (verður 31. gr.).

Þar sem tollgæzlan hefur umráð vörugeymsluhúsa, geta tolleftirlitsmenn jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar þangað beint úr skipi til geymslu og tollafgreiðslu.

Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu varanna. Einnig má þar setja ákvæði, er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

b-liður (verður 32. gr.).

Afgreiðslumenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli hafna innanlands, skulu hafa til umráða næga geymslustaði fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi. Vörur, sem fluttar eru í lokuðum umbúðum eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, skulu fluttar beint úr flutningstækjum í sérstök vörugeymsluhús, sem ráðuneytið hefur viðurkennt til þeirra nota í samráði við viðkomandi tollstjóra. Slíkar geymslur má, er þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar. Í reglugerð skal

47 setja nánari ákvæði um vörugæmslur og vörzlu ótollafgreidds varnings. Má þar 7. apríl ákveða viðurlög við því, ef afgreiðslumenn eða aðrir óhlýðnast fyrir mælum tollstjóra um vörzlu og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Afgreiðslumönnum ber að leggja tolleftirlitsmönnum til aðgreint rúm í vörugæmsluhúsum sínum til rannsóknar á vörum.

c-liður (verður 33. gr.).

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur eða vörur, sem bundnar eru skilyrðum um innflutning, nema með samþykki tollstjóra eða umboðsmanns hans.

19. gr.

Á 36. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „ekki lægri en 100 kr.“ í 1. mgr. komi: ekki lægri en 500 kr. og allt að 200000 krónum.
2. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Það varðar sektum að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr skipi skipsforða eða aðra muni eða varning, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í skipi, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrir mælum laga um innflutning fullnægt. Enn fremur skulu sæta sömu viðurlögum þeir, sem veita viðtöku slíkum varningi til brottflutnings úr skipi eða aðstoða við flutning hans af skipsfjöl.

3. Önnur málsgrein greinarinnar fellur niður.

4. Þriðja málsgrein orðist svo:

Enn fremur er jafnan heimilt að gera upptækar vörur eða andvirði vara, sem undan hefur verið skotið, rangt sagt til um eða ólöglega með farið samkvæmt 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

Fyrsti málslíður 40. gr. orðist þannig:

Það varðar skipstjóra eða útgerðarmann sektum allt að 200000 krónum, ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er samkvæmt 22. gr., eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tolleftirlitsmanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum.

21. gr.

1. málslíður 43. gr. orðist svo:

Brot gegn 31., 32. og 33. gr. varða skipstjóra eða afgreiðslumann sektum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af vörum, sem afhentar eru í bága við ákvæði 33. gr., og má án undanfarandi birtingar gera lögtaf fyrir gjöldunum, ásamt sektum og kostnaði, í eignum sökunnauts og selja hið lögtekna á þann hátt, er segir í 28. gr.

22. gr.

44. gr. orðist þannig:

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

24. gr.

47

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breytingu á lögum nr. 63 frá 1937, um tollheimtu og toll-
eftirlit, að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 63 frá 1937 og gefa þau
út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

48

7. apríl

um náttúruvernd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

I. KAFLI

Umtak náttúruverndar.

A. Um friðlýsingu.

1. gr.

Heimilt er að friðlýsa samkvæmt ákvæðum laga þessara:

- a. Sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa, gígi, hella, dranga, svo og fundar-
staði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að
varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær séu fagrar eða sér-
kennilegar. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru samkvæmt þessu ákvæði, nefn-
ast náttúruvætti.
- b. Jurtir eða dýr, sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða öðru menningar-
legu sjónarmiði, að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt. Friðunin getur ýmist
verið staðbundin eða tekið til landsins alls.
- c. Landsvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstæðs gróðurfars eða dýra-
lífs. Svæði þau, sem friðlýst eru samkvæmt þessum lið, eru nefnd friðlönd.
- d. Heimilt er að friðlýsa landsvæði, sem eru rikiseign og sérstæð eru um landslag,
gróðurfar eða dýralíf, í því skyni að varðveita þau með náttúrufari sínu, og
leyfa almenningi aðgang að þeim. Enn fremur er heimilt að taka lönd manna
eignarnámi í þessu skyni. Svæði, sem friðlýst eru samkvæmt þessum lið, eru
nefnd þjóðvangar (þjóðgarðar).

B. Um náttúruspjöll og náttúruhljóti.

2. gr.

Nú veldur fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask utan kaupstaða og kaup-
túna hættu á því, að sérkennilegt landslag breyti um svip eða merkum náttúru-
minjum sé spillt, og er þá skylt að leita álits náttúruverndarráðs, áður en fram-
kvæmdir hefjast. Þetta tekur þó hvorki til íbúðarhúsa né annarra jarðarhúsa, sem
reist eru á jörðum. Ef vanrækt er að leita álits ráðsins, getur lögreglustjóri komið
í veg fyrir, að fyrirhugað verk sé hafið, eða varnað því, að verki, sem hafið er, verði
haldið áfram. Náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð geta lagt fyrir rétta að-

48 7. apríl íla að gæta sérstakrar varúðar, þegar svo hagar til sem í 1. málslíð segir, eða hlutast til um ráðstafanir, sem komi í veg fyrir óþarfa spjöll. Fyrirmæli náttúruverndarnefnda skal bera undir náttúruverndarráð, sbr. 12. gr.

Nú er sérstök hættu á því, að sérkennilegu landslagi eða merkum náttúru-minjum sé raskað með sandnámi, grjótnámi eða annars konar jarðnámi, og geta náttúruverndarnefndir þá lagt bann við slíku jarðraski eða áskilið, að leyfis þeirra sé leitað hverju sinni til jarðnámsins. Slíkra úrræða má og neyta, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hættu af jarðraski. Skjóta má úrlausn náttúruverndarnefndar til náttúruverndarráðs innan tveggja mánaða frá því, er úrskurðurinn var birtur almenningi í B-deild Stjórnartíðinda, á náttúruverndarskrá. Áfrýjun úrskurðar frestar ekki réttaráhrifum hans.

Nú hefur jarðrask orðið við mannvirkjagerð eða á annan hátt af mannavöldum, og frá því hefur ekki verið gengið á snyrtilegan hátt. Skulu náttúruverndarnefndir þá beina tilmælum um úrbætur til þeirra, sem ábyrgð bera á jarðraski. Ef tilmælum nefnda er ekki sinnt, geta þær lagt fyrir rétta aðila að bæta um innan tiltekens frests, að viðlögðum dagsektum samkv. 33. gr. Skjóta má fyrirmælum náttúruverndarnefnda til náttúruverndarráðs innan fjögurra vikna frá því, er fyrirmæli nefnda voru birt aðila.

3. gr.

Þegar menn eru staddir úti í náttúrunni, ber þeim að sýna varúð. svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmaetum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu samkv. 33. gr.

Á víðavangi er bannað að skilja eftir rusl, sem er til óþrýði eða hættu.

Rétt er að láta hreinsa rusl á kostnað þess, sem sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

4. gr.

Óheimilt er að setja upp auglýsingaspjöld utan kaupstaða eða kauptúna án leyfis náttúruverndarnefndar, festa þar upp auglýsingu eða letra auglýsingu á mannvirki, sem þar eru. Þó er heimilt að setja eða letra auglýsingu um atvinnurekstur eða þjónustu á eign, þar sem slík starfsemi fer fram eða þjónusta er veitt. Lögreglumönnum er rétt að nema brott auglýsingu, sem sett er andstætt banni þessu, á kostnað hins brotlega, ef því er að skipta. Ekki þarf að bera leyfi, er náttúruverndarnefnd veitir samkvæmt málsgrein þessari, undir náttúruverndarráð.

Með auglýsingu í ákvæði þessu er átt við þær auglýsingar einar saman, sem lúta að kaupskap, þjónustu eða öðrum viðskiptum („reklame“). Auglýsingar um mannfundi innan sveitarfélags eru leyfilegar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. Taka skal þær niður eða má þær, þegar er mannfundur hefur verið haldinn.

Nú er auglýsing, sem ekki brýtur í bága við ákvæði greinar þessarar, til óþrýði að mati náttúruverndarnefndar eða náttúruverndarráðs, og má þá leggja fyrir aðila að taka hana niður eða breyta henni. Heimilt er að bæta aðila beinan kostnað, sem hann sætir vegna þessa, af almannafé (sbr. 28. gr.).

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar, án leyfis náttúruverndarráðs.

Á landsvæðum utan kaupstaða og kauptúna er óheimilt að hafa uppi áróðurs-spjöld eða áletranir, sem fela í sér áróður.

C. Innflutningur dýra.

5. gr.

Áður en leyfi er veitt til innflutnings á lifandi dýrum, skal leita umsagnar náttúruverndarráðs.

II. KAFLI

48

Um aðgang almennings að náttúru landsins.

7. apríl

6. gr.

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er heimil för um óræktuð lönd manna utan þéttbýlis og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar (sé land girt, er aðeins heimilt að fara gegnum hlið á girðingunni), enda hafi dvöl manna þar ekki í för með sér óhagræði fyrir landeigendur eða aðra réttihafa að landinu. Nú hlýzt tjón af dvöl manna á landinu, og skal þá greiða réttihöfum fullar bætur fyrir tjónið eftir virðingu náttúruverndarnefndar. Skjóta má úrskurði nefndarinnar til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, samkvæmt 18. gr.

För um ræktuð landsvæði er háð leyfi forráðamanns lands, svo og dvöl þar.

7. gr.

Á ræktuðum landsvæðum er berjatínsla óheimil án leyfis þess, er fyrir landi ræður.

Almenningi er heimilt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðum landsvæðum, er teljast til landareigna lögbýla, til neyzlu á vettvangi. Ef ber eru lesin í öðru skyni, þarf leyfi þess, er fyrir landi ræður.

Öllum er heimil berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla.

Heimilt er fyrir tilstuðlan náttúruverndarnefnda eða náttúruverndarráðs að veita almenningi kost á berjatínslu á tilteknum landsvæðum gegn fullu endurgjaldi, sem náttúruverndarnefndir ákveða, ef samkomulag næst ekki um gjaldið. Skjóta má úrlausn náttúruverndarnefndar um fébætur til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, samkvæmt reglum 18. gr. Landeigendum er skylt að hlíta kvöðum þessum, en þess skal jafnan gætt, að eigendur sjálfir eða ábúendur jarðar geti fullnægt þörf sinni á berjum.

Náttúruverndarnefndum er heimilt að kveða á um hámark fégjalds, sem forráðamaður lands má áskilja fyrir leyfi til berjatínslu, samkv. 1. og 2. mgr. Skjóta má ákvörðun náttúruverndarnefndar til náttúruverndarráðs innan fjögurra vikna frá því, er aðila var birt úrlausn nefndar.

Náttúruverndarráði er heimilt að leggja bann við notkun tækja eða verkfæra við berjatínslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri.

8. gr.

Heimilt er að friða landsvæði og gera þau að fólkvöngum (almenningssvæðum), ef telja má, að þau séu vel fallin til að veita almenningi færi á að njóta náttúrunnar. Heimild þessi tekur einnig til kaupstaða og kauptúna. Taka má land eignarnámi (leigunámi) í þessu skyni, ef samningar takast ekki við rétta aðila.

Náttúruverndarnefndir og sveitarstjórnir eða sýslunefndir eftir atvikum taka ákvörðun um það í sameiningu, hvort neyta skuli heimildar 1. mgr., en bæjarstjórnir einar saman í kaupstöðum. Ákvarðanir náttúruverndarnefnda um þetta efni þarf ekki að bera undir náttúruverndarráð.

III. KAFLI

Stjórn náttúruverndarmála.

9. gr.

Í hverju sýslufélagi skal skipa þriggja manna náttúruverndarnefnd. Sýslumaður er formaður nefndarinnar. Sýslunefnd kýs hina nefndarmennina, tvo til

48 fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn. Leitast skal við að kjósa þá menn til starfa þessara, sem kunnir eru að áhuga og þekkingu á náttúruvernd. Mönnum er skylt að taka kosningu í náttúruverndarnefnd.

Nú telur náttúruverndarráð, að þörf sé á náttúruverndarnefnd í tilteknum kaupstað, og hlutast þá menntamálaráðuneyti til um, að slík nefnd sé skipuð. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur er bæjarfógeti formaður náttúruverndarnefnda, en bæjarstjórn kýs tvo nefndarmenn og tvo til vara til fjögurra ára í senn. Í Reykjavík kýs bæjarstjórn alla nefndarmennina, þrjá talsins, og jafnmarga varamenn til fjögurra ára í senn, og skulu formaður og varaformaður kjörnir sérstaklega.

10. gr.

Menntamálaráðherra skipar náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til fjögurra ára í senn. Er það skipað sjö mönnum, forstöðumönnum þriggja deilda Náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum, samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands, einum manni, sem Skógræktarfélag Íslands nefnir til, einum verkfræðingi, samkvæmt tillögu Verkfræðingafélags Íslands, og einum embættisgengum lögfræðingi, er menntamálaráðherra skipar, án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins.

Þrjú varamenn skal skipa samkvæmt tilnefningu framangreindra félagasamtaka; varaformaður, sem skal vera embættisgengur lögfræðingur, er skipaður án tilnefningar, og enn er menntamálaráðherra rétt að skipa þrjú náttúrufræðinga varamenn forstöðumanna Náttúrugripasafnsins.

Nú varðar náttúruverndarmál, sem náttúruverndarráð fjallar um, að einhverju leyti landsvæði eða náttúrumyndanir, sem hafa fornfræðilegt gildi, og skal þjóðminjavörður þá sitja fundi ráðsins eftir kvaðningu formanns þess.

Náttúruverndarráði er heimilt að kveðja sérfræðinga á fundi ráðsins til ráðuneytis, svo sem skógræktarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og raforkumálastjóra.

11. gr.

Menntamálaráðuneyti hefur yfirstjórn náttúruverndarmála.

IV. KAFLI

Úrlausn og meðferð náttúruverndarmála.

a. Úrlausn náttúruverndarmála.

12. gr.

Náttúruverndarnefndir leysa úr efnum þeim, er ráða þarf til lykta samkvæmt lögum þessum, nema úrlausn máls sé falin öðrum aðila, sbr. 2. gr. 1. mgr. 1. málslíð, 5. gr., 7. gr. 6. málsg. og 27. gr. 4. málsg.

Úrlausnir náttúruverndarnefnda um önnur efni en ákvörðun fébóta skulu bornar undir náttúruverndarráð, nema annars sé getið, sbr. 4. gr. 1. málsg., 8. gr., 15. gr. 4. málsg. og 33. gr. 6. málsg., svo og 2. gr. 2. og 3. málsg. og 7. gr. 5. málsg., þar sem mælt er fyrir um áfrýjun úrskurða til náttúruverndarráðs. Þær úrlausnir, sem skylt er eða heimilt að bera undir náttúruverndarráð, öðlast fullnaðargildi, er ráðið staðfestir þær, sbr. þó 3. málsg. Málskot frestar ekki áhrifum úrskurðar, en bíða skal með beinar framkvæmdir, unz sýnt er, hvort úrskurður hlýtur staðfestingu.

Ákvörðun náttúruverndarráðs um friðlýsingu samkvæmt c- og d-lið 1. gr. kemur ekki til framkvæmda, fyrr en menntamálaráðuneyti hefur lagt samþykki sitt á hana. Sama gildir endranær, ef fébætur vegna náttúruverndaraðgerða nema 20 þúsund krónum eða hærri fjárhæð.

13. gr.

48

Nú varðar náttúruverndarmál náttúruminjar, sem eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, og kveður menntamálaráðuneyti þá á um, hvaða náttúruverndarnefnd leysa skuli úr máli. Sama er, ef óljóst er, í hvaða sýslufélagi náttúruminjar séu.

7. apríl

b. Meðferð náttúruverndarmála fyrir náttúruverndarnefndum.

14. gr.

Formaður náttúruverndarnefndar kveður nefndina til fundar, svo fljótt sem unnt er, eftir að honum hefur borizt beiðni um það frá menntamálaráðuneyti, náttúruverndarráði, sýslunefnd, sveitarstjórn eða landeiganda, sem óskar náttúruverndaraðgerða á landi sínu. Auk þess getur nefndin komið saman að frumkvæði einhvers nefndarmanna.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar.

Nefndinni er rétt að fara á stað þann, sem mál varðar, og kveðja aðila á vettvang.

Gerðir nefndar og úrskurðir skulu færðir til bókar, sem formaður löggildir. Nefnd er ályktunarfær, þegar tveir nefndarmenn eru á fundi, enda sé annar þeirra formaður nefndar. Þegar leysa skal úr máli með úrskurði, skal nefnd þó vera fullskipuð. Afl atkvæða ræður úrslitum.

15. gr.

Nú er stofnað til máls fyrir náttúruverndarnefnd, og skal formaður nefndar þá kveðja eigendur og aðra réttihafa eignar þeirrar, er mál varðar, fyrir nefndina og veita þeim kost á að gæta hagsmuna sinna. Kvaðningu þessa skal senda í ábyrgðarbréfi eða koma henni á framfæri á annan jafntryggilegan hátt. Enn fremur skal formaður tilkynna þeim, sem frumkvæði á að fyrirtöku máls, um frumfund nefndar. Um síðari fundi nefndar þarf ekki að tilkynna með fyrrgreindum hætti, nema máli sé frestað um óákveðinn tíma.

Aðilar eða fyrirvarsmenn þeirra, sem sækja fundi nefndarinnar, eiga kost á að tjá sig munnlega eða skriflega um sakarefnið, hafa uppi kröfur og rökstyðja þær. Þeim, sem fengið hafa kvaðningu um að sækja fund og ekki hafa sótt hann, er og heimilt að senda skriflegar greinargerðir um málið, enda berist greinargerðir svo tímanlega, að það tefji ekki störf nefndarinnar.

Nú horfir náttúruverndarmál að því að friðlýsa landsvæði, og skal formaður þá hlutast til um, að takmörk landsvæðis séu mörkuð skýrlega á uppdrátt, ef unnt er.

Náttúruverndarnefnd getur lagt fyrir landeigendur eða aðra réttihafa lands á frumfundi með aðilum eða síðar að hafast ekkert það að, er tálmað geti því, að náttúruverndaraðgerðum þeim, er mál fjallar um, verði hrundið í framkvæmd, ef til kemur. Ákvörðun nefndar þarf ekki að leggja undir náttúruverndarráð. Brot á fyrirmælum nefndar varðar sektum samkvæmt 33. gr.

16. gr.

Náttúruverndarnefnd skal kosta kapps um að ná samkomulagi við eigendur og aðra réttihafa eignar um friðun og önnur efni, sem varða náttúruvernd. Skal reynt eftir föngum að haga samkomulagi svo, að ekki horfi til útgjalda af almannafé. Nú næst samkomulag á þessum grundvelli, og er það þá fært til bókar. Ella verður að ráða máli til lykta með úrskurði.

Ef eigandi og aðrir réttihafar fallast á, að lagt sé haft á eign, svo sem að tiltekinn hluti hennar sé friðaður, án þess að til bótagreiðslu komi, getur formaðurinn einn gert þær ráðstafanir, sem við þarf, til að búa tryggilega um haftið að lögum.

48

7. apríl

17. gr.

Náttúruverndarnefnd getur ákveðið með úrskurði, að landsvæði eða aðrar náttúruminjar innan umdæmis nefndarinnar skuli friðuð, og mælt fyrir um, hvaða ráðstafanir gera skuli af opinberri hálfu vegna friðunarinnar, þ. á m. að friðlýst landsvæði sé girt eða auðkennt með glöggum mörkum. Enn fremur getur nefndin óheimilað mönnum að reisa mannvirki eða valda annars konar jarðraski á svæði þessu eða í grennd við það, nema með leyfi náttúruverndarnefndar.

Sporna má við umferð um friðuð svæði algerlega eða á vissum hlutum þeirra og á tilteknum árstímum.

Nú verður friðun ekki komið við, nema eigandi láti af hendi land eða muni, og er þá heimilt að taka slíkar eignir eignarnámi, ef samkomulag næst ekki. Fer um það eignarnám eftir almennum reglum.

18. gr.

Nú er náttúrufriðun ráðin með úrskurði náttúruverndarnefndar eða aðrar náttúruverndaraðgerðir, og skal nefndin þá jafnframt kveða á um, hvers eigendur og aðrir réttthafar skuli gæta í sambandi við friðunina. Enn fremur skal nefndin taka afstöðu til þess, hvort gjalda skuli bætur vegna aðgerðanna. Ef bætur skal gjalda, skal nefndin ákveða fjárhæð bóta og taka til, hversu þeim skuli skipt milli eigenda og annarra réttthafa eignar, sem kunna að hafa gert tilkall til bóta. Nú er vafasamt, að dómi nefndarinnar, hvort bætur skuli gjalda eða bótapátturinn er sérstaklega vandasamur, og er þá heimilt að fresta þeim þætti málsins, þótt náttúruverndaraðgerðir séu ákveðnar með úrskurði, unz sýnt er, hvort náttúruverndarráð muni staðfesta úrskurðinn.

Þegar sérstaklega stendur á, getur náttúruverndarnefnd ákveðið friðun með þeim skildaga, að ekki komi til bótagreiðslu af almannafé, eða með þeim fyrirvara, að bætur séu greiddar innan tiltekins tíma.

Nú unir aðili ekki úrlausn náttúruverndarnefndar um bætur, og er honum þá rétt að beiðast yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, og er úrlausn þeirra fulln- aðarúrlit bótamálsins, að því er varðar ákvörðun á fjárhæð bóta. Beiðni um yfirvirðingu skal hafa borizt dómara innan sex vikna frá þeim tíma, er úrlausn náttúruverndarnefndar um fébætur var birt aðila. Yfirvirðingarmenn ákveða í virðingargerð sinni, hvor aðili eða hverjir gjalda skuli kostnað af yfirvirðingu.

Nú unir aðili ekki úrlausn náttúruverndarnefndar eða yfirvirðingarmanna um bótaskyldu eða bótagrundvöll, og er honum þá heimilt að leita úrlausnar dómstóla um þau efni. Höfða skal dómsmál innan þriggja mánaða frá því, er virðingargerð var lokið, eða frá lokum yfirvirðingargerðar, ef því er að skipta. Nú ónýttist málið, og má þá höfða mál að nýju innan þriggja mánaða frá því, er það ónýttist.

19. gr.

Náttúruverndaraðgerðum má létta með úrskurði náttúruverndarnefndar, ef talið verður, að þeirra sé ekki framfar þörf. Úrskurður nefndar öðlast gildi, er náttúruverndarráð hefur staðfest hann, sbr. 12. gr.

Gæta skal reglnanna í 15. gr. eftir því, sem við á, þegar skera skal úr þessum atriðum, svo og 20. gr., að því er birtingu úrskurðar varðar, og 25. og 26. gr.

20. gr.

Úrskurði um friðun eða aðrar aðgerðir samkvæmt lögum þessum skal birta eiganda og öðrum rétthöfum eignar, sem sótt hafa fund nefndar eða sent greinargerð, í ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt. Nú er úrskurður þess efnis, að náttúruverndaraðgerðir skuli ekki fara fram, og skal þá tilkynna sömu aðilum þau úrslit bréflega.

Endurrit af úrskurði skal senda sýslunefnd og sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum 48 þar í umdæmi, sem náttúrumyndanir þær eru, er mál varðar. Enn fremur skal 7. apríl senda endurrit þeim aðila, sem frumkvæði á að málinu.

21. gr.

Formaður náttúruverndarnefndar hlutast til um, að endurrit af úrskurði nefndar sé sent náttúruverndarráði, ásamt gögnum máls, svo fljótt sem föng eru á, enda sé þörf samkvæmt lögum þessum að bera úrskurð undir náttúruverndarráð, eða úrskurði er áfrýjað til ráðsins. Endranær skýrir og formaður nefndar náttúruverndarráði frá ákvörðun nefndar.

c. Meðferð náttúruverndarmáls fyrir náttúruverndarráði.

22. gr.

Formaður náttúruverndarráðs kveður ráðið til fundar og stýrir fundum þess. Ráðið er ályktunarhæft, ef fimm ráðsmenn hið fæsta eru á fundi, og sé einn þeirra formaður eða varaformaður. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns (varaformanns).

Gerðir ráðsins, þ. á m. úrskurðir, skulu færðar til bókar, er menntamálaráðuneyti löggildir. Ráðinu er rétt að veita aðilum kost á að tjá sig munnlega eða skriflega um úrlausnarefni hverju sinni.

23. gr.

Náttúruverndarráði er frjálst að breyta úrlausnum náttúruverndarnefndar, þ. á m. að rýmka eða þrengja umtak náttúruverndar frá því, sem ákveðið er í úrlausn nefndar. Skiptir ekki máli í því efni, hver frumkvæði hefur átt að náttúruverndarmáli eða hvaða kröfur voru hafðar uppi fyrir náttúruverndarnefnd. Náttúruverndarráð getur ákveðið, að tiltekna náttúruverndaraðgerðir skuli ná fram að ganga, þótt náttúruverndarnefnd hafi hafnað þeim. Þegar svo stendur á, leggur náttúruverndarráð fyrir náttúruverndarnefnd að meta bætur, og fer að öðru leyti um ákvörðun þeirra samkv. 18. gr.

24. gr.

Nú öðlast úrlausn náttúruverndarráðs ekki fullnaðargildi, nema menntamálaráðuneyti fallist á hana, sbr. 12. gr. 3. málsg., og skal náttúruverndarráð þá senda menntamálaráðuneyti gögn máls svo fljótt sem unnt er. Tekur ráðuneytið svo fljótt sem kostur er afstöðu til þess, hvort úrlausn skuli koma til framkvæmdar.

Nú fellst ráðuneytið á, að úrlausn komi til framkvæmdar, og er sýslusjóði þá skylt að greiða þá fjárhæð, sem í hans hlut kemur.

Ákvæði þetta á ekki við um aðgerðir samkv. 8. gr.

25. gr.

Þegar fullnaðarúrlausn er fengin um náttúruverndargerðir, skal formaður náttúruverndarráðs hlutast til um, að úrlausn sé birt með sama hætti og úrlausnir náttúruverndarnefnda, sbr. 30. gr. Auk þess skal birta meginefni úrskurðar eða úrlausnar í B-deild Stjórnartíðinda, á náttúruverndarskrá. Efni náttúruverndarskrár skal talið manni kunnugt, þegar er atriði hefur sætt birtingu.

26. gr.

Náttúruverndarráð tilkynnir formanni náttúruverndarnefndar um úrslit náttúruverndarmáls og leggur fyrir hann að hlutast til um nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda í framkvæmd því skipulagi, sem úrlausn lýtur að, þ. á m. að annast um tryggingaráðstafanir, svo sem þinglýsingu, ef hennar er þörf. Formaður náttúruverndarnefndar sér og um greiðslu bóta samkv. 28. gr.

d. Ýmis störf náttúruverndarráðs.

27. gr.

Náttúruverndarráð er menntamálaráðuneyti til aðstoðar um öll efni, er varða náttúruvernd. Áður en ráðuneytið setur reglugerðir eða aðrar reglur um slík mál-efni, skal leita umsagnar ráðsins.

Náttúruverndarráð skal kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða er til að friðlýsa samkvæmt lögnum, og getur ráðið átt frumkvæði að því að stofna til náttúruverndarmáls.

Náttúruverndarráð skal hið fyrsta, eftir að það hefur verið skipað, semja skrá um náttúruminjar, sem æskilegt er að friðlýsa samkvæmt lögum þessum. Við samningu skrárinnar er rétt að hafa samvinnu við náttúruverndarnefndir í héruðum, sveitarstjórnir og áhugamenn. Lýsa skal glögglega náttúruminum, sem friðlýsa á, og hvert gildi friðlýsing muni hafa. Á grundvelli skrárinnar skal semja áætlun um náttúruvernd og leggja mál fyrir náttúruverndarnefndir í þeirri röð, sem ráðið telur heppilegast.

Nú telur náttúruverndarráð æskilegt að friðlýsa tiltekna náttúruminjar, staði eða svæði, en ekki þykir gerlegt vegna kostnaðar að stofna þegar til náttúruverndarmáls, og er ráðinu þá rétt að skýra náttúruverndarnefnd í héraði frá fyrirætlun um friðun og leggja fyrir hana að hafa vakandi auga með því, að engu sé raskað, er tálmað geti friðun síðar. Enn fremur má leggja fyrir eiganda að raska ekki náttúruminum án leyfis náttúruverndarnefndar, þegar svo stendur á, að viðlagðri refsingu samkvæmt 33. gr.

Náttúruverndarráð færir skrá um úrlausnir ráðsins, svo og um úrlausnir náttúruverndarnefnda, er því berst tilkynning um. Náttúruverndarráð hefur yfirumsjón með friðlýstum náttúruminum, og það skal kosta kapps um að skýra fyrir almenningi gildi náttúruverndar og kynna almenningi lagaákvæði um náttúruvernd.

e. Um bætur.

28. gr.

Bætur þær, sem greiða þarf samkvæmt I. og IV. kafla laga þessara, skal ríkissjóður gjalda að þremur fjórðum, en sýslusjóður þar í umdæmi, sem aðgerðir fara fram, geldur fjórðung bóta. Nú liggur landsvæði það, sem náttúruverndaraðgerðir taka til, í fleiri sýslufélögum en einu, og kveður þá menntamálaráðuneyti á um, hversu skipta skuli bótagreiðslum milli sýslufélaganna.

Nú liggja náttúruminjar, sem vernda á, ofar byggð, og geldur þá ríkissjóður óskiptar fébætur samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hafa náttúruverndaraðgerðir í för með sér skyldu til greiðslu bóta, er nema 40 þús. kr. eða hærri fjárhæð, og aðgerðirnar hafa gildi fyrir landið allt, en ekki sérstaklega fyrir það eða þau sýslufélög, þar sem landsvæðið er eða aðrar náttúruminjar, sem aðgerðir varða. Getur náttúruverndarnefnd þá ákveðið, að ríkissjóður greiði bæturnar að fullu. Áður en slíkur úrskurður gengur, skal veita fjármálaráðherra færi á að koma við greinargerð um málið. Bera skal úrskurð náttúruverndarnefndar undir náttúruverndarráð til staðfestingar eða synjunar.

Bætur vegna aðgerða samkvæmt II. kafla laganna skulu greiddar af ríkissjóði, nema annan veg sé mælt. Kostnaður við að koma upp fólkvöngum fellur í hlut sveitarfélags, þar sem fólkvangur er. Nú hafa slíkir fólkvangar mikið gildi fyrir íbúa tiltekinnar sýslu í heild eða fyrir íbúa margra sveitarfélaga innan sýslu, og getur náttúruverndarnefnd þá kveðið svo á, samkvæmt kröfu sveitarfélags, að sýslusjóður greiði helming af kostnaði við fólkvanga. Ákvæði 3. málsg. á einnig við um þetta efni, eftir því sem við getur átt, að því er varðar hluttöku ríkissjóðs í kostnaði, svo og um meðferð máls.

Um bætur vegna tjóns, er menn vinna á landi með umferð um land eða dvöl 48 þar, fer samkvæmt almennum bótareglum.

7. apríl

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

29. gr.

Nú telur náttúruverndarnefnd eða náttúruverndarráð, að ógerlegt sé að leysa úr náttúruverndarmáli, nema áður sé fengin úrlausn dómstóla um tiltekin ágreiningsefni, svo sem um eignarrétt að landsvæði eða tilvist annarra réttinda yfir landsvæði, og er nefndinni þá rétt að leggja þessi ágreiningsefni fyrir dómstóla, enda náist ekki sættir um efnið. Náttúruverndarnefnd er sóknaraðili máls og nýtur gjafsóknarhagræðis. Til slíkra mála skal þó ekki stofna, nema náttúruverndarráð hafi lýst sig samþykkt málshöfðun og menntamálaráðuneyti fallizt á hana.

Eigendum og öðrum réttihöfum er skylt að veita meðlimum náttúruverndarnefndar og náttúruverndarráðs frjálssa för um lönd sín og aðstöðu til rannsókna í sambandi við náttúruverndarmál.

30. gr.

Náttúruverndarráð felur náttúruverndarnefndum umsjón og eftirlit með náttúruminum, sem verndaðar kunna að verða samkvæmt lögum. Nefndunum er heimilt að ráða sérstaka menn til vörzlu á friðlýstum svæðum í samráði við náttúruverndarráð. Um skiptingu kostnaðar af þessum sökum fer eftir 28. gr. 1. og 2. málsg.

Menntamálaráðuneyti er heimilt að setja nánari reglur um vörzlu og gæzlu friðlýstra svæða og annarra náttúruminja og enn fremur um aðgang almennings að þeim og umgengni.

31. gr.

Meðlimir náttúruverndarnefnda og náttúruverndarráðs fá þóknun fyrir störf sín, eftir því sem menntamálaráðuneyti ákveður.

Sýslusjóðir skulu standa straum af kostnaði við náttúruverndarnefndir, en ríkissjóður greiði kostnað við náttúruverndarráð. Nú varðar náttúruverndarmál fleiri sýslufélög en eitt, og kveður menntamálaráðuneyti þá á um, hversu skipta skuli kostnaðinum milli sýslufélaganna.

Ríkissjóður ber annan kostnað vegna framkvæmdar laganna, að undanskildum bótum, samkvæmt sérákvæðum 28. gr.

Þar sem talað er um sýslufélög og sýslusjóði í lögum þessum, er einnig átt við bæjarfélög og bæjarsjóði, þar sem náttúruverndarnefndir eru starfandi og eftir því, sem við á.

32. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera ráðstafanir til þess, að Ísland gerist aðili að alþjóða náttúruverndarsambandinu (International Union for the Protection of Nature), og fela náttúruverndarráði að koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum.

VI. KAFLI

Refsingar og önnur viðurlög.

33. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara eða á reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi.

Nú spilla menn eða raska náttúruminum, sem friðlýst eru eftir lögum þessum, af ásetningi eða gáleysi, og varðar það sektum eða varðhaldi.

48 Nú er almenningi veittur aðgangur að landsvæðum fyrir atbeina náttúruvernd-
7. apríl arnefndar, og varðar ill eða hirðuleysisleg umgengni um slík svæði þá sektum.

Brot á fyrirmælum samkvæmt 27. gr. 4. málsg. varða sektum.

Sektir samkvæmt lögnum renna í sýslusjóð, þar sem brot er framið. Nú er brot framið í fleiri sýslufélögum en einu, og skal þá skipta sektarfénu að jöfnu milli þeirra sýslufélaga, sem í hlut eiga.

Beita má dagsektum, er renna í sýslusjóð, allt að 500 krónum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögnum, eða til þess að láta af atferli, sem er ólöglegt eftir lögnum. Náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð geta kveðið upp úrskurði um dagsektir, en úrskurði þeirra má bera undir dómstóla innan tveggja vikna frá birtingu úrskurðar fyrir aðila. Úrskurði náttúruverndarnefnda um dagsektir þarf ekki að bera undir náttúruverndarráð.

Beita má eignarupptöku samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga við brotum á lögum þessum. Andvirði verðmæta, er sætt hafa upptöku, rennur í sýslusjóð, þar sem brot var framið. Nú er brot framið í fleiri sýslum en einni, og skal þá skipta verðmætum, er sætt hafa upptöku, að jöfnu milli þeirra sýslufélaga, sem í hlut eiga.

VII. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

34. gr.

Menntamálaráðuneyti hlutast til um, að náttúruverndarnefndir séu skipaðar hið fyrsta eftir gildistöku laganna, og um skipun náttúruverndarráðs.

35. gr.

Frá gildistöku laganna fellur úr gildi 1. gr. 2. málsg. laga nr. 123/1940, um bann gegn jarðraski, og 36. gr. 7. og 8. mgr. vegalaga, nr. 34/1947.

2. gr. laga nr. 123/1940 breytist svo, að í stað orðsins „vitamálastjóra“ á þremur stöðum í ákvæðinu kemur orðið: náttúruverndarráðs.

Við 2. gr. 1. málsg. laga nr. 15/1948, um innflutning búfjár, bætist þessi málslíður: Áður en leyfi er veitt samkvæmt 1. gr., skal og leita umsagnar náttúruverndarráðs, sbr. 5. gr. laga um náttúruvernd.

Lög nr. 59/1928, um friðun Þingvallar, halda gildi sínu þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

Lög nr. 27/1940, um friðun Eldeyjar, falla úr gildi, er náttúruverndarráð hefur birt úrskurð um friðlýsingu eyjarinnar samkvæmt lögum þessum.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

ÍPRÓTTALÖG

49

7. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um stjórn ípróttamála.

1. gr.

Í lögum þessum merkja ípróttir hvers konar líkamsæfingar, er stefna að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón allra ípróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka. Til aðstoðar ráðuneytinu um stjórn og framkvæmd ípróttamála er ípróttafulltrúi í skrifstofu fræðslumálastjóra og ípróttanefnd.

3. gr.

Ípróttafulltrúi skal hafa alhliða þekkingu um ípróttamál og auk þess þekkingu á sviði almennra uppeldismála. Hann skal ráðinn af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum ípróttanefndar, og greiddast laun hans úr ríkissjóði. Skipa má hann í embættið eftir þrjú ár, að fengnum tillögum nefndarinnar.

Ípróttafulltrúi skal hafa á hendi þessi störf:

1. Að hafa umsjón með ípróttastarfsemi í skólum.
 2. Að vinna að útbreiðslu og efling ípróttamála í landinu.
 3. Að gera tillögur um framkvæmdir til eflingar ípróttum og hafa eftirlit með slíkum framkvæmdum.
 4. Að veita ípróttafélögum og einstaklingum leiðbeiningar og aðstoð varðandi ípróttamál.
 5. Að safna skýrslum um ípróttastarfsemi í landinu.
 6. Að gera tillögur um úthlutun fjár úr ípróttasjóði.
 7. Annað það, sem honum er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.
- Ráðherra setur ípróttafulltrúa erindisbréf.

4. gr.

Ípróttanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Menntamálaráðherra skipar ípróttanefnd, og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tillögum stjórnar Ípróttasambands Íslands, en annar samkvæmt tillögum stjórnar Ungmennafélags Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Ípróttanefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Nefndarmenn allir skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Ípróttanefnd tekur eigi laun fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði. Kostnað við sérfræðilega aðstoð skal þó greiða úr ípróttasjóði.

Ípróttanefnd stjórnar ípróttasjóði og úthlutar fé úr honum eftir fyrirmælum laga þessara. Að öðru leyti skal nefndin hafa á hendi þessi störf:

1. Að vinna að eflingu ípróttamála, og getur hún gert tillögur um allt, sem að þeim lýtur.

- 49 2. Að vinna ásamt íþróttafulltrúa að því að koma skipulagi á íþróttamál í landinu, sbr. 21. gr.
7. apríl 3. Annað það, sem henni er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.
- Íþróttafulltrúi á sæti á fundum íþróttanefndar, en á þar eigi atkvæðisrétt nema hann sé skipaður í nefndina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd.

II. KAFLI

Um íþróttasjóð.

5. gr.

Alþingi veitir árlega fé í sjóð til eflingar íþróttum í landinu, eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt. Nefnist hann íþróttasjóður.

6. gr.

Styrkveitingar úr íþróttasjóði skulu miða að því að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áherzla lögð á, að þær komi að sem almennustum notum.

Styrki má veita til:

1. Hvers konar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar iðnaðarmanna.
2. Til íþróttakennslu og námskeiða.
3. Til útbreiðslu íþróttar og aukinnar íþróttamenntunar.

Þó má eigi veita styrki til íþróttamóta, kappleika eða kaupa á verðlaunagripum. Enn fremur er óheimilt að veita styrki til greiðslu annars rekstrarkostnaðar einstakra félaga en kostnaðar við íþróttakennslu. Þá er og óheimilt að veita styrki til fastrar íþróttakennslu í almennum skólum og til ferðalaga.

7. gr.

Þessir aðilar geta notið styrks úr íþróttasjóði:

1. Íþróttasamband Íslands (Í.S.Í.), Ungmennafélag Íslands (U.M.F.Í.), svo og félög og félagasambönd innan vébanda þeirra.
2. Bæjar-, sveitar- eða sýslufélög.
3. Samtök þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, svo sem íþróttasamtök slík, er ræðir um í 21. gr. laga þessara.

8. gr.

Umsóknir um styrk úr íþróttasjóði skulu sendar íþróttanefnd samkvæmt reglum, er hún setur.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka tillit til þessa:

1. Hve almenna íþróttalega, heilbrigðis- og félagslega þýðingu úthlutunin getur haft.
2. Að styrkurinn dreifist með tímanum sem jafnast um landið samkvæmt fólksfjölda.
3. Að hve miklu leyti félögin standa undir rekstrarkostnaði sínum með iðgjöldum félagsmanna.
4. Að hliðstæð íþróttamannvirki njóti jafns hundraðshluta styrks miðað við stofnkostnað, og getur styrkveiting numið allt að 40 af hundraði.

9. gr.

Nú vill einhver þeirra aðila, sem taldir eru í 7. gr., koma upp íþróttamannvirki og fá til þess styrk úr íþróttasjóði, og þarf þá samþykki íþróttanefndar um gerð mannvirkisins og staðsetningu þess.

Skylt er íþróttanefnd að láta aðilum ókeypis í té allar leiðbeiningar og sérfræðilega aðstoð um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa. 49
7. apríl

10. gr.

Setja skal reglugerð um mannvirki þau, er styrks hafa notið eða njóta úr íþróttasjóði, og skal hún staðfest af menntamálaráðuneytinu. Í reglugerðinni skulu vera ákvæði um stjórn mannvirkisins, viðhald og notkun.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota eftir því, sem við verður komið, en eigi má nota þau til neins þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþróttá.

III. KAFLI

Um íþróttir í skólum.

11. gr.

Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því, sem mælt er fyrir í lögum þessum, eða reglugerðum, er ráðherra setur samkvæmt þeim.

12. gr.

Barnaskólum í kaupstöðum og kaптúnunum með 400 íbúum eða fleiri, öllum æðri skólum og heimavistarskólum skal séð fyrir hæfu húsnæði með heitu og köldu vatni og nauðsynlegum áhöldum til íþróttakennslu, og er hvort tveggja háð úrskurði íþróttafulltrúa. Í barnaskólum í sveitum og kaптúnunum með færri en 400 íbúum skal kenna nemendum þær íþróttir, sem við verður komið í húsnæði skólanna, enda sé eigi völ á öðru húsnæði betra. Allir fastir barnaskólar og æðri skólar skulu hafa til umráða hæfilegt landsvæði eða leikvang til þess að leika knattleiki og útiþróttir.

13. gr.

Öll börn í landinu skulu læra sund, nema þau séu óhæf til þess að dómi skólalæknis. Höfuðáherzlu skal leggja á að kenna bringu- og baksund og helztu aðferðir við björgunarsund og lífgun úr dauðadái. Skal hver nemandi hafa lokið þessu námi áður, eða eigi síðar, en hann lýkur prófi úr barnaskóla, og hafa leyst af hendi ákveðnar raunir í sundi og björgun samkvæmt reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur. Þar sem sundlaugar eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verður við komið samhliða öðru námi, skal ætla þeim tíma á stundaskrá skólanna. Að öðrum kosti skal kenna sund í námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á sem næst þriggja vikna sundkennslu.

Í öðrum skólum en barnaskólum skulu nemendur iðka sund, nema þeir teljist til þess óhæfir að dómi skólalæknis, enda eigi þeir kost á sundkennslu og aðgang að sundlaug. Skulu nemendur leysa af hendi prófraunir, er miðist við aldur þeirra og þroska. Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

Þar, sem sækja þarf langt til sundnáms, skal ríkissjóður taka þátt í ferðakostnaði nemenda, eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

14. gr.

Í öllum skólum skal leggja áherzlu á það, að nemendur fái tækifæri til þess að stunda íþróttir úti, eftir því sem fært þykir og staðhættir leyfa. Þá skal og stuðla að því, að nemendur iðki íþróttir í tómstundum sínum. Enn fremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í glímu.

49

7. apríl

15. gr.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum íþróttanefndar og íþróttfulltrúa, ákvæði um tilhögun og stundafjölda íþróttaiðkana í skólum. Nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis þarfnast sérstakrar sjúkraleikfimi, skal þar sem því verður við komið séð fyrir slíkum æfingum á vegum skólans. Enn fremur skal sjá nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í hinum almennu íþróttaiðkunum skólans, fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi, eftir því sem fært þykir.

16. gr.

Í öllum barnaskólum og öðrum almennum skólum skal fara fram kennsla í heilsufræði. Leggja skal sérstaka áherzlu á fræðslu um heilsuvernd, gildi íþróttar og skaðsemi eiturnautna.

17. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að láta gera íþróttamerki fyrir skóla, samkvæmt reglugerð, sem það setur. Merkin skulu allir skólanemendur eiga kost á að fá fyrir lágt verð, er þeir hafa unnið tilskilið afrek og náð tilskilinni leikni.

IV. KAFLI

Um réttindi til íþróttakennslu.

18. gr.

Enginn getur starfað sem kennari í íþróttum við skóla, nema hann hafi öðlazzt íþróttakennararéttindi.

Þeir íslenzkir ríkisborgarar, er að dómi menntamálaráðuneytisins hafa öðlazzt íþróttakennararéttindi við viðurkennda íþróttakennaraskóla erlendis, skulu hljóta full réttindi sem íþróttakennarar, ef nám þeirra og próf samsvara kröfum Íþróttakennaraskóla Íslands um íþróttakennarapróf.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef í hlut eiga menn, sem um stundarsakir eru ráðnir til þess að hafa íþróttakennslu með höndum hjá skólum, enda komi samþykki stjórnar Íþróttakennarafélags Íslands til.

19. gr.

Við Íþróttakennaraskóla Íslands skal starfrækja leiðbeinendadeild, sem veiti takmörkuð réttindi til leiðbeininga um iðkun eða þjálfun í einni eða fleiri íþróttgreinum hjá félögum, stofnunum eða einstaklingum.

Heimilt er héraðsskólum, svo og Í. S. Í. og U. M. F. Í., að starfrækja slíkar sérdeildir.

V. KAFLI

Um frjálsa íþróttastarfsemi.

20. gr.

Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna, og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt lögum þessum. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.) er æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu og kemur fram erlendis af Íslands hálfu í íþróttamálum, nema að því leyti, sem ríkisstjórnin kann að velja til þess fulltrúa sjálf.

Öll opinber íþróttakeppni skal fara fram samkvæmt reglum, er Í. S. Í. setur, enda séu þær ætíð í samræmi við alþjóðaiþróttareglur. Þó getur íþróttanefnd mælt

svo fyrir, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttagreinum, nema 49
læknir hafi áður skoðað hann. 7. apríl

21. gr.

Landið skiptist í íþróttahéruð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um íþróttaiðkanir. Íþróttanefnd annast skiptingu þessa í samráði við Í.S.Í. og U.M.F.Í. Íþróttanefnd og íþróttafulltrúi skulu vinna að því, að allir aðilar um íþróttamál í íþróttahéraði hverju bindist samtökum um hagsmuni sína. Þar sem aðilar þessir hafa eigi myndað slík samtök, skal íþróttanefnd skipa þriggja manna stjórnarnefnd í héraði hverju. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Í.S.Í., annar samkvæmt tilnefningu U.M.F.Í. og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu menntamálaráðuneytisins. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður er umboðsmaður íþróttanefndar og íþróttafulltrúa í héraði sínu. Eigi þiggur hann laun fyrir það starf.

Þá er héraðssamtök íþróttaaðila hafa myndast, tekur stjórn þeirra við starfi nefndarinnar.

22. gr.

Til þess að félög séu viðurkennd til styrkveitinga samkvæmt lögum þessum, verða þau að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Inntaka manna í þau sé ekki bundin skilyrðum um trúar- eða stjórnmála-skoðanir.
2. Allir félagsmenn séu skyldir að greiða iðgjöld í sjóði félaganna.
3. Félögin séu í Í.S.Í. eða U.M.F.Í., greiði þeim tilskilin gjöld, sendi árlegar fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
4. Félögin hafi lækniseftirlit með íþróttamönnum sínum, eftir því sem við verður komið.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Skylt er bæjar-, sveitar- og sýslufélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir íþróttamannvirki, sem styrkt eru úr íþróttasjóði eða íþróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka land til þessa eignarnámi, ef þörf krefur.

24. gr.

Ef félag eða skóli, sem fengið hefur styrk úr rikissjóði eða íþróttasjóði til mannvirkja eða íþróttatækja, leggst niður, skulu þessar eignir þess renna til íþróttasjóðs, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum eða reglugerðum. Íþróttanefnd sér um, að þær komi að notum til íþróttaiðkana á þeim stað, sem þær eru, eftir því sem ástæður leyfa. Íþróttamannvirki, sem styrk hefur hlotið úr íþróttasjóði, má hvorki gefa né selja, nema samþykki íþróttanefndar komi til, enda endurgreiðist þá til íþróttasjóðs sú styrkuppþæð, sem veitt hefur verið til viðkomandi íþróttamannvirkis.

25. gr.

Viðurkenndir skólar og íþróttafélög skulu hafa forgangsrétt að notkun íþróttamannvirkja og tækja, sem þegar eru til í landinu, eða byggð kunna að verða, að því leyti, sem eigendur nota þau ekki til íþróttaiðkana, enda sé greitt fyrir það sanngjarnt verð.

49

26. gr.

7. apríl

Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn, að hann heyri undir dómstóla.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin íþróttalög nr. 25 12. febrúar 1940.

Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

50

L Ö G

7. apríl

um breyting á lögum nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2.—4. töluliða 2. gr. laganna komi 4 töluliðir, svo hljóðandi:

- a. Kópavogskaupstaður.
- b. Kjósarsýsla.
- c. Hafnarfjörður og Garða-, Bessastaða- og Vatnsleysustrandarhreppur í Gullbringusýslu.
- d. Keflavík og Gullbringusýsla frá takmörkum Vatnsleysustrandar- og Njarðvíkurhreppa.

2. gr.

3. gr. laganna breytist svo:

Á eftir 2. tölulið komi nýr töluliður: Hlégarður í Mosfellssveit.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

51

7. apríl

um ríkisútgáfu námsbóka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Börnum við skyldunám barnafræðslustigsins, skv. 2. gr. laga nr. 34/1946, skal séð fyrir ókeypis námsbókum í greinum þeim, sem kenndar eru.

Unglingum í unglingaskólum skal séð fyrir ókeypis námsbókum í þeim greinum, sem kenndar eru.

2. gr.

Námsbókanefnd, skipuð fimm mönnum, annast útgáfu námsbóka skv. 1. gr. og kveður á um efni þeirra og gerð. Reynt skal að tryggja, að öll ytri gerð bókanna standist almennar kröfur um útlit og gæði.

Menntamálaráðherra skipar námsbókanefnd til fjögurra ára í senn: tvo menn skv. tillögu Sambands ísl. barnakennara, einn skv. tillögu Landssambands framhaldsskólakennara, en formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Fræðslumálastjóri á sæti í nefndinni.

3. gr.

Námsbókanefnd skal sjá um, að á hverjum tíma sé fyrir hendi námsbók í hverri grein. Nú eru gefnar út tvær námsbækur í sömu grein, og ákveða þá skólastjórar og kennarar hvers skóla, hvor bókin skuli notuð við kennslu í skólanum.

Námsbókanefnd ákveður ritlaun til handa höfundum námsbóka, er skulu við það miðuð, að hæfir menn fái til starfans. Nefndinni er og heimilt að efna til samkeppni um ritun einstakra námsbóka.

Námsbókanefnd er heimilt að láta gera önnur kennslutæki eða sjá um útvegum þeirra, enda séu þau seld nemendum og skólum við kostnaðarverði.

4. gr.

Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs skulu skólanefndir eða fræðsluráð, hver í sínu héraði, senda námsbókanefndinni greinargerð um þær bækur, sem þær óska eftir til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skólaskyldra barna í skólahéraðinu. Námsbókanefndin sendir síðan nægilegan fjölda bóka.

Hverjum nemanda skal afhenda eitt eintak af hverri bók, sem hann á að nota til námsins. Ef sú bók glatast eða skemmist, skal nemandanum gert að skyldu að kaupa nýja bók við kostnaðarverði. Viðkomandi skóli annast um sölu slíkra bóka, ef námsbókanefnd óskar þess, og stendur henni skil á andvirði seldra bóka.

Heimilt skal að hafa allar námsbækur ríkisútgáfunnar til sölu á frjálsum bókamarkaði.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar, að fengnum tillögum námsbókanefndar, framkvæmdastjóra, er vinnur undir yfirstjórn nefndarinnar að störfum þeim, sem undir hana ber samkvæmt lögum þessum. Menntamálaráðherra setur framkvæmdastjóranum erindisbréf.

51

7. apríl

Menntamálaráðherra ákveður laun námsbókanefndar og framkvæmdastjóra hennar.

6. gr.

7. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist að $\frac{1}{3}$ hluta úr ríkissjóði og að $\frac{2}{3}$ hlutum með sérstöku námsbókagjaldi, sem lagt skal á hvern þann, sem hefur á framfæri sínu eitt eða fleiri börn við skyldunám samkvæmt 1. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag ríkisins og námsbókagjald, hvort tveggja með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 10/1951, um breytingu á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, sem kunna að fara í bága við lög þessi.

Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

52

9. apríl

L Ö G

um vinnumiðlun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í hverjum kaupstað og kauptúni með 300 íbúa skal starfrækt vinnumiðlun.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt annars staðar í landinu, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Sveitarstjórn annast vinnumiðlun, hver í sínu sveitarfélagi, undir yfirumsjón félagsmálaráðuneytisins. Hún getur falið oddvita sínum, sveitarstjóra, bæjarstjóra eða öðrum manni framkvæmd hennar. Til þess að vera sveitarstjórn — eða þeim, er hún hefur falið vinnumiðlun fyrir sína hönd — til ráðuneytis um allt það, sem vinnumiðlun varðar, skulu tilnefndir af aðilum á staðnum fjórir menn: Tveir af verkalýðsfélögum eða fulltrúaráði þeirra, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands eða af deild þess eða meðlim og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eða af deild þess eða meðlim. Í Reykjavík skulu þó trúnaðarmenn atvinnurekenda báðir tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, en þegar þar er um að ræða málefni, sem varðar Vinnumálasamband samvinnufélaganna, skal í stað annars þeirra kveðja til trúnaðarmann frá því. Sé trúnaðarmaður ekki tilnefndur sam-

kvæmt framansögðu, skal hann kosinn af sveitarstjórn úr hópi verkamanna og atvinnurekenda, eftir því sem við á. 52

9. apríl

Bæjarstjórn er heimilt að reka sérstaka skrifstofu, er annast vinnumiðlun. Trún-aðarmenn þeir, er um getur í 1. mgr., skulu vera forstöðumanni skrifstofunnar til aðstoðar og ráðuneytis. Nánar skal kveðið á um rekstur og starfssvið skrifstofunnar í samþykkt, er bæjarstjórn semur, en ráðherra staðfestir.

3. gr.

Hlutverk vinnumiðlunar er:

- a. að veita verkamönnum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi og atvinnurekendum við að fá hæfa verkamenn, hvorutveggja án endurgjalds;
- b. að miðla vinnu milli verkamanna um land allt, eftir því sem unnt er;
- c. að veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi;
- d. að úthluta atvinnubótavinnu, svo og annarri vinnu, sem ríki, sveitarstjórn eða opinberar stofnanir óska, að úthlutað sé;
- e. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði;
- f. að annast atvinnuleysiskráningar 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert og láta auk þess fram fara atvinnuleysiskráningar eftir fyrirmælum sveitarstjórnar eða félagsmálaráðherra;
- g. að veita opinberum stofnunum svo og verkalýðsfélögum og félögum atvinnurekenda upplýsingar um ástandið á vinnumarkaðnum, eftir því sem unnt er;
- h. að láta launþegum, sem óskað hafa aðstoðar við vinnuráðningar, í té vottorð um atvinnu þeirra eða atvinnuleysi það tímabil, sem þeir hafa verið skráðir sem umsækjendur um atvinnu;
- i. að inna af höndum önnur þau störf, sem lög og reglugerðir kunna að ákveða.

4. gr.

Rétt er þeim, sem annast vinnumiðlun, sbr. 2. gr., að krefjast þess, að þeir, sem óskað hafa vottorðs samkvæmt 3. gr. h., hafi samband við þá eins oft og þurfa þykir og geri grein fyrir atvinnu sinni.

5. gr.

Allir þeir, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna í kaupstöðum og kaupúnum með 300 íbúa eða fleiri, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda þeim, er vinnumiðlun annast á staðnum, afrit af kaupgjaldsskrám sínum, enda séu þær þannig úr garði gerðar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd í vinnulaun hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Þeir, sem vinnumiðlun annast, skulu, að fengnum tillögum frá Vinnuveitendasambandi Íslands, láta útbúa eyðublöð fyrir þessar kaupgjaldsskrár og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.

6. gr.

Þeir, sem annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum, skulu hafa sín á milli sem nánast samband og samstarf, en félagsmálaráðuneytið samræmir starfsemi þeirra og setur nánari ákvæði um vinnumiðlunina með reglugerð.

Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna sinn trún-aðarmanninn hvort, er vera skal félagsmálaráðuneytinu til aðstoðar við allt það, er varðar vinnumiðlunina í landinu.

7. gr.

Almenn vinnumiðlun, rekin í ágóðaskyni, er óheimil.

52

8. gr.

9. apríl Kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 6. gr., greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna vinnumiðlunar samkvæmt lögum þessum að $\frac{2}{3}$ hlutum úr hlutaðeigandi sveitarsjóði og að $\frac{1}{3}$ hluta úr ríkissjóði.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10000.00 til ríkissjóðs, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1951, um vinnumiðlun, og lög nr. 57/1928, um atvinnuleysissskýrslur.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

53

L Ö G

9. apríl

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi, sem undirritaður var á fundi félagsmálaráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn 15. september 1955 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

Fylgiskjal.

53

9. apríl

SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands,
Noregs og Svíþjóðar um félagslegt
öryggi.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finn-
lands, Noregs og Svíþjóðar, sem
eru þeirrar skoðunar, að ríkisborgarar
sérhvers samningsríkis eigi í öðru
samningsríki að njóta í meginatrið-
um jafnréttis við þess ríkis borgara,
að því er varðar löggjöf um félags-
legt öryggi,
vilja að þetta jafnrétti taki til allra
þátta félagslegs öryggis, og
eru þeirrar skoðunar, að jafnrétti þessu
skuli komið á með sameiginlegum
samningi milli ríkjanna,

eru ásáttar um eftirfarandi ákvæði:

I. HLUTI**Svið samningsins.****1. gr.**

Samningur þessi tekur til greiðslna,
sem samkvæmt gildandi félagsmálalög-
gjöf á hverjum tíma eru inntar af hendi
í hlutaðeigandi ríki, vegna elli, skertrar
starfshæfni, veikinda, slysa og atvinnu-
sjúkdóma, atvinnuleysis, meðgöngu og
barnsburðar, svo og til barna, eftirlif-
enda og bágstaddra.

II. HLUTI**Ákvæði um einstaka þætti félagslegs
öryggis.****I. KAFLI**

Greiðslur vegna skertrar starfshæfni,
til eftirlifenda og vegna elli.

2. gr.

Ríkisborgarar samningsríkis eiga rétt á
örorkulífeyri og viðbótargreiðslum í öðru
samningsríkjanna með sömu skilyrðum

KONVENTION

mellem Danmark, Finland, Island,
Norge og Sverige om social
tryghed.

Regeringerne i Danmark, Finland, Is-
land, Norge og Sverige,
som er af den opfattelse, at stats-
borgere fra et af de kontraherende
lande i et andet af landene i prin-
cippet skal ligestilles med landets
egne statsborgere med hensyn til
lovgivningen om social tryghed,
som ønsker, at denne ligestilling skal
omfatte alle grene af social tryghed,
og
som er af den opfattelse, at denne lige-
stilling bør gennemføres ved en fæl-
les overenskomst mellem landene,

er blevet enige om følgende bestemmelser:

AFSNIT I**Konventionens område.****Artikel 1.**

Denne konvention omfatter ydelser,
som efter den i vedkommende land til
enhver tid gældende sociale lovgivning
og i forbindelse hermed stående bestem-
melser udredes ved alderdom, nedsat er-
hvervsevne, sygdom, ulykkestilfælde og
erhvervssygdomme, arbejdsløshed, svan-
gerskab og fødsel samt til børn, efter-
levende og trængende.

AFSNIT II**Bestemmelser for de enkelte grene
af social tryghed.****KAPITEL I**

Ydelser ved nedsat erhvervsevne, til
efterlevende og ved alderdom.

Artikel 2.

Statsborgere fra et af de kontraherende
lande er i et andet af landene på samme
betingelser og efter samme regler som

53 og eftir sömu reglum og ríkisborgarar
9. apríl þess ríkis,

enda hafi sá, er hlut á að máli, dvalið í síðarnefnda ríkinu samfleytt a. m. k. fimm síðustu árin, áður en umsókn um örorkulífeyri er lögð fram, eða

hafi dvalið í síðarnefnda ríkinu samfleytt a. m. k. síðasta árið áður en umsókn um örorkulífeyri er lögð fram og hafi á þeim tíma a. m. k. eitt ár verið líkamlega og andlega fær um að inna af höndum venjulegt starf.

Ríkisborgarar hvers samningsríkis, sem eiga fast heimili í öðru ríkjanna, eiga rétt á gervilimum og öðrum hjálpartækjum svo og þátttöku í ráðstöfunum varðandi lækningar, þjálfun og vinnu, með sömu kjörum og eftir sömu reglum og ríkisborgarar síðarnefnda ríkisins.

3. gr.

Ríkisborgarar hvers samningsríkis eiga rétt á ekkjulífeyri ásamt viðbótargreiðslum og greiðslum til ekkna og ekkla með börn í öðru samningsríki með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum og borgarar þess ríkis,

enda hafi hinn látni dvalið í síðarnefnda ríkinu samfleytt a. m. k. 5 síðustu árin, áður en hann lézt, eða notið örorkulífeyris, hvorutveggja með því skilyrði, að hinn eftirlifandi hafi átt heima í hlutaðeigandi ríki er andlátið bar að, eða

að eftirlifandi maki hafi sjálfur dvalið í síðarnefnda ríkinu samfleytt a. m. k. 5 síðustu árin áður en umsókn um slíka greiðslu er lögð fram.

4. gr.

Ríkisborgarar hvers samningsríkis eiga rétt á ellilífeyri ásamt viðbótargreiðslum í öðru samningsríki með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum og borgarar þess ríkis, enda hafi sá, er hlut á að máli, dvalið í síðarnefnda ríkinu samfleytt a. m. k. 5 síðustu árin, áður en umsókn um ellilífeyri er lögð fram.

Ef hlutaðeigandi maður fær greiðslur þær, sem um ræðir í 2. og 3. gr., í dvalarlandinu, flyzt hann án tillits til dvalar-

landets egne statsborgere berettiget til invaliderente med tillægsydeler,

såfremt pågældende har opholdt sig i sidstnævnte land uafbrudt i mindst 5 år, umiddelbart før begæring om invaliderente fremsættes, eller

såfremt pågældende har opholdt sig i sidstnævnte land uafbrudt i mindst 1 år, umiddelbart før begæring om invaliderente fremsættes, og under dette ophold i mindst 1 år har været fysisk og psykisk i stand til at udøve et normalt erhverv.

Statsborgere fra et af de kontraherende lande, der har fast bopæl i et andet af landene, er på samme betingelser og efter samme regler som sidstnævnte lands egne statsborgere berettiget til proteser og andre hjælpemidler samt til at deltage i helbredelses-, optrænings- og erhvervsforanstaltninger.

Artikel 3.

Statsborgere fra et af de kontraherende lande er i et andet af landene på samme betingelser og efter samme regler som landets egne statsborgere berettiget til enkepension med tillægsydeler og ydeler til enker og enkemænd med børn,

såfremt den afdøde har opholdt sig i sidstnævnte land uafbrudt i mindst 5 år umiddelbart før dødsfaldet eller oppebar invaliderente, alt under forudsætning af, at den efterlevende ved dødsfaldet var bosat i det pågældende land, eller

såfremt den efterlevende ægtefælle selv har opholdt sig i sidstnævnte land uafbrudt i mindst 5 år, umiddelbart før begæring om sådan ydelse fremsættes.

Artikel 4.

Statsborgere fra et af de kontraherende lande er i et andet af landene på samme betingelser og efter samme regler som landets egne statsborgere berettiget til aldersrente med tillægsydeler, såfremt pågældende har opholdt sig i sidstnævnte land uafbrudt i mindst 5 år, umiddelbart før begæring om aldersrente fremsættes.

Oppebærer pågældende fra opholdslandet de i artiklerne 2 og 3 nævnte ydel-

tíma yfir á ellilífeyri eftir sömu reglum og ríkisborgarar dvalarlandsins.

5. gr.

Ef aðrar greiðslur vegna skertrar starfshæfni, til eftirlífenda eða vegna elli eru inntar af hendi í samningsríkjunum í stað greiðslna þeirra, sem nefndar eru í 2.—4. gr., eða jafnhliða þeim og kostnaðurinn af þeim greiðist að öllu eða mestu leyti af hinum tryggðu eða vinnuveitendum þeirra, eiga ríkisborgarar annarra samningsríkja, sem eiga fast heimili í fyrrnefnda ríkinu, rétt á slíkum greiðslum með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum og borgarar þess ríkis.

II. KAFLI

Greiðslur vegna veikinda.

6. gr.

Að því er varðar þátttöku í sjúkrastryggingum í samningsríki og greiðslur frá þeim, skulu gilda sömu skilyrði og reglur fyrir ríkisborgara annars samningsríkis og eigin borgara ríkisins.

7. gr.

Menn, sem eru sjúkratryggðir í samningsríki og taka sér bólfestu í öðru samningsríki, eiga, án tillits til aldurs og heilsufars, rétt á því að flytjast í sjúkratryggingarnar í nýja aðsetursríkinu með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem ákveðin eru í sérstökum samningi, er skal byggja á grundvallarákvæðunum um flutning milli sjúkrasamlaga, sem gilda í nýja aðsetursríkinu.

Ekki er hægt að krefjast flutnings, ef ætla má að tilgangurinn með búferlaflutningnum hafi verið að fá sjúkrahjálp í síðara ríkinu.

8. gr.

Menn, sem eru sjúkratryggðir í samningsríki og verða skyndilega veikir og þarfnast læknishjálpar eða sjúkrahússvistar, er þeir dvelja um stundarsakir í öðru samningsríki, eiga rétt á sjúkrahjálp frá sjúkratryggingunum í dvalarríkinu

ser, overgår han uden hensyn til opholdstid til aldersrente efter samme regler som opholdslandets egne statsborgere.

Artikel 5.

Såfremt der i et af de kontraherende lande udredes andre ydelser ved nedsat erhvervsevne, til efterlevende eller ved alderdom i stedet for eller ved siden af de i artiklerne 2—4 nævnte, og udgifterne hertil helt eller i overvejende grad dækkes af de forsikrede eller deres arbejdsgivere, har statsborgere fra de andre kontraherende lande, der har fast bopæl i førstnævnte land, ret til sådanne ydelser på samme betingelser og efter samme regler som landets egne statsborgere.

KAPITEL II

Ydelser ved sygdom.

Artikel 6.

For statsborgere fra et af de kontraherende lande gælder med hensyn til optagelse i og ydelser fra sygeforsikringen i et andet af landene samme betingelser og regler som for landets egne statsborgere.

Artikel 7.

Personer, som er sygehjælpsforsikrede i et af de kontraherende lande, og som bosætter sig i et andet af landene, har uanset alder og helbredstilstand ret til at blive overflyttet til sygeforsikringen i det nye bopælsland på de betingelser og efter de regler, som fastsættes i særlig overenskomst, der skal bygge på principperne i de bestemmelser om overflytning mellem sygekasser, der gælder i det nye bopælsland.

Overflytning skal ikke kunne kræves, såfremt formålet med flytningen må antages at være at opnå sygehjælp i det andet land.

Artikel 8.

Personer, som er sygehjælpsforsikrede i et af de kontraherende lande, og som under midlertidigt ophold i et andet af landene pludselig bliver syge og trænger til lægehjælp eller sygehusbehandling, har ret til sygehjælp fra sygeforsikringen

53 með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem ákvæðin eru um slíka sjúkrahjálpi í sérstökum samningi, þ. á m. um, hversu lengi hjálpin verði veitt.

Sjúkrasamlag, sem veitt hefur sjúkrahjálpi í samræmi við þessa grein, á ekki rétt á endurgreiðslu frá því sjúkrasamlagi, sem hlutaðeigandi maður er tryggður í, og getur heldur ekki krafist hinn tryggða um iðgjald.

III. KAFLI

Greiðslur vegna slysa og atvinnusjúkdóma.

9. gr.

Ríkisborgarar samningsríkis eru tryggðir í öðru samningsríki við vinnu, sem löggjöf þess ríkis um tryggingu gegn vinnuslysum og atvinnusjúkdómum tekur til, með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum og gilda um ríkisborgara hins síðarnefnda samningsríkis, enda leiði ekki annað af ákvæðum 10. gr. Vist í skiprúmi á skipi, er siglir undir fána samningsríkis, jafngildir vinnu þar í landi.

Ríkisborgari samningsríkis, sem löggjöf annars samningsríkis um slysatryggingu tekur til, er ekki háður þeim ákvæðum nefndrar löggjafar, sem takmarka réttindin vegna þess að hlutaðeigandi er ekki ríkisborgari í fyrrnefnda ríkinu, eða hefur ekki fasta búsetu þar.

Beita skal reglum 1. og 2. málsgr., eftir því sem við getur átt, við greiðslur samkvæmt lögum um bætur fyrir slys, öðrum en hér að framan greinir.

10. gr.

Frá reglu 9. gr. um það, hvers lands lögum skuli beitt, eru eftirfarandi undantekningar:

a) Ef fyrirtæki, sem hefur aðsetur í einhverju samningsríkjanna, sendir mann til vinnu í öðru samningsríki, gilda lög fyrrnefnda ríkisins fyrstu tólf mánuði dvalarinnar í hinu ríkinu. Standi vinna í hinu ríkinu lengur, getur löggjöf fyrrnefnda ríkisins gilt áfram, ef og svo

í opholdslandet þá de betingelser og efter de regler for ydelse af sådan sygehjælp — herunder med hensyn til hjælpens varighed — som fastsættes i særlig overenskomst.

En sygekasse, som har ydet sygehjælp efter denne artikel, har ikke ret til refusion fra den sygekasse, i hvilken vedkommende er forsikret, eller til at kræve kontingent af den forsikrede.

KAPITEL III

Ydelser ved ulykkestilfælde og ved erhvervs sygdomme.

Artikel 9.

Statsborgere fra et af de kontraherende lande er — hvis ikke andet fremgår af artikel 10 — under arbejde i et andet af landene omfattet af dette lands lovgivning om forsikring mod følger af ulykkestilfælde under arbejde og erhvervs sygdomme på samme betingelser og efter samme regler som landets egne statsborgere. Lige med arbejde i et af landene anses forhyring med et skib, der fører vedkommende lands flag.

Statsborgere fra et af de kontraherende lande, som omfattes af lovgivningen om ulykkesforsikring i et andet af landene, er ikke undergivet de bestemmelser i nævnte lovgivning, som indskrænker rettighederne, fordi vedkommende ikke er statsborger i eller ikke har fast bopæl i sidstnævnte land.

Reglerne i stk. 1 og 2 finder tilsvarende anvendelse med hensyn til ydelser efter anden lovgivning om erstatning ved ulykkestilfælde end ovenfor nævnt.

Artikel 10.

Fra reglen i artikel 9, om hvilket lands lovgivning der skal anvendes, gælder følgende undtagelser:

a) Udsendes en person af en virksomhed, der har sit sæde i et af de kontraherende lande, til arbejde i et andet af landene, vedbliver det førstnævnte lands lovgivning at finde anvendelse i de første 12 måneder af opholdet i det andet land. Strækker arbejdet i det andet land sig

lengi sem þar til bær stjórnvöld í hinu ríkinu veita samþykki sitt til.

b) Óstaðbundið starfsfólk, sem vinnur við flutninga á landi eða í lofti, sem framkvæmdir eru í fleirum en einu samningsríki, fellur undir löggjöf ríkis, þar sem fyrirtækið hefur aðsetur sitt. Ef hlutaðeigandi maður er ekki heimilisfastur í síðarnefnda ríkinu, heldur í öðru samningsríki og vinnur þar störf fyrir fyrirtækið, er þó beitt lögum þess ríkis.

Hliðstæðar reglur gilda um menn, sem vinna við aðra starfsemi, sem framkvæmd er í beinu samhengi báðum meg- in landamæra tveggja samningsríkja.

c) Þegar skip frá einhverju samningsríki hefur viðvöl í öðru samningsríki og ráðnir eru þarlendir menn til fermingar eða affermingar skipsins, viðgerðarstarfa eða varðmennsku um borð, skulu lög síðarnefnda ríkisins gilda um þá.

d) Um opinbera starfsmenn stjórnarstofnana (pósts, tolls og vegabréfaeftirlits o. fl.), sem sendir eru frá einu samningsríki til annars, gilda lög fyrernefnda ríkisins.

11. gr.

Ef ríkisborgari samningsríkis hefur öðlzt rétt til greiðslu samkvæmt lögum annars samningsríkis, helzt sá réttur, ásamt rétti til hækkana og viðauka, gagnvart tryggingastofnun þess ríkis, þótt flutt sé til annars samningsríkis. Réttur til greiðslu í öðru en peningum helzt þó ekki, ef tryggingastofnunin samþykkir ekki flutninginn vegna heilsufars hlutaðeigandi manns.

12. gr.

Þegar atvinnusjúkdómur hefur komið í ljós eftir unnið starf, sem hefur í för með sér sýkingarhættu, og unnið hefur verið í ýmsum samningsríkjum, skal tryggingastofnun þess ríkis, þar sem

53
9. apríl
udover dette tidsrum, kan førstnævnte lands lovgivning undtagelsesvis fortsat finde anvendelse, forsåvidt og i så lang tid som det andet lands kompetente myndigheder meddeler samtykke hertil.

b) Rejsende personale beskæftiget med land- eller lufttransportarbejde, som udføres i mere end eet af de kontraherende lande, omfattes af lovgivningen i det land, hvor virksomheden har sit sæde. Er pågældende ikke bosat i sidstnævnte land, men i et andet af landene, og dér udfører arbejde for virksomheden, finder dog lovgivningen i dette land anvendelse.

Tilsvarende regler gælder for personer, der er beskæftiget med anden virksomhed, der drives i umiddelbar sammenhæng på begge sider af grænsen mellem to af de kontraherende lande.

c) Er der til lastning, losning, reparationsarbejde eller vagttjeneste ombord på et skib hjemmehørende i et af de kontraherende lande under skibets ophold i et andet af disse lande antaget personer fra det land, hvor opholdet finder sted, omfattes disse af lovgivningen i sidstnævnte land.

Ellilífeyrir samkvæmt lögum frá 31. maí 1937 um almannelífeyri ásamt við-bótarlífeyri, þar með taldar greiðslur vegna barna samkvæmt 41. og 42. gr. laga um almannelífeyri.

Endurgreiðsla iðgjalda látins tryggðs manns til eftirlifenda hans samkvæmt 39. gr. nefndra laga.

Ellistyrkur samkvæmt lögum frá 15. febrúar 1952 um ellistyrk.

Örorkulífeyrir samkvæmt lögum frá 31. maí 1937 um almannelífeyri svo og sjúkrahjálpi, starfskennsla og veiting verkfæra og annarra hjálpartækja, sem um getur í 51. gr. nefndra laga.

Styrkur samkvæmt lögum frá 4. febrúar 1955 um örorkustyrk.

Framfærsla öryrkja samkvæmt lögum frá 30. desember 1946 um framfærslu til öryrkja.

Öryrkjafé samkvæmt lögum frá 14. júní 1951 um öryrkjafé.

II. Greiðslur vegna veikinda.

Sjúkrahjálpi frá sjóðum þeim, sem fjallað er um í lögum frá 19. júní 1942 um styrktarsjóði, samkvæmt samþykktum þeirra sjóða.

III. Greiðslur vegna slysa og atvinnusjúkdóma.

Bætur í samræmi við:

Lög frá 20. ágúst 1948 um slysatryggingar.

Tilskipun frá 10. desember 1948 um bætur fyrir slysi við kennslu.

Ydelser ved alderdom i henhold til lov nr. 50/1946 om folkeforsikring og tillægslov nr. 116/1954: 9. april

Aldersrente i henhold til folkeforsikringslovens art. 15 og provisorisk bestemmelse 1, jfr. tillægslovens art. 5, 29 og 40 samt provisorisk bestemmelse.

Børnerente i henhold til folkeforsikringslovens art. 20 og 21 og provisorisk bestemmelse 1, jfr. tillægslovens art. 5, 29 og 40.

Ydelser til ægtefælle i henhold til folkeforsikringslovens art. 38, jfr. tillægslovens art. 5 og 29.

Forhøjelse af aldersrente på grund af udsættelse af rentemodtagelse i henhold til folkeforsikringslovens art. 16, jfr. tillægslovens art. 41.

Hjælpeløshedstillæg for aldersrente-modtagere i henhold til folkeforsikringslovens art. 17.

Sygekassekontingent i henhold til tillægslovens art. 24, nr. 6.

II. Ydelser ved sygdom.

Lægehjælp, medicin, sygehusbehandling m. v. i henhold til lov nr. 104/1943 om socialforsikring kap. III, art. 32—41, og tillægslov nr. 116/1954 art. 23—25.

Sygedagpenge i henhold til lov nr. 50/1946 om folkeforsikring art. 39—44, jfr. tillægslov nr. 116/1954 art. 5, 13—17 og 29.

III. Ydelser ved ulykkestilfælde og erhvervssygdomme.

Ydelser i henhold til lov nr. 50/1946 om folkeforsikring og tillægslov nr. 116/1954:

Sygehjælp ved ulykkestilfælde under arbejde i henhold til folkeforsikringslovens art. 51, jfr. art. 85, sidste stk.

Dagpenge ved ulykkestilfælde i henhold til folkeforsikringslovens art. 51—55, jfr. tillægslovens art. 18 og 29.

Lønning eller fangstandel til påmønstrede sømænd og fiskere i henhold til tillægslovens art. 20.

Invaliderende i henhold til folkeforsikringslovens art. 56, jfr. art. 57, og tillægslovens art. 18, 21 og 29.

53 Tilskipun frá 10. desember 1948 um tiltekið tjón, sem bætt er eins og slys við vinnu.

Lög frá 12. maí 1939 um atvinnusjúkdóma.

Lög frá 22. maí 1942 um bætur fyrir slys við frjálsa vinnu í einstökum tilfellum.

Lög frá 12. apríl 1935 um bætur fyrir slys við björgun úr lífsháska.

47. gr. brunalaga frá 22. júní 1933.

Lög frá 30. desember 1946 um slysa-bætur til manna, sem dvelja á sérstökum hegningar-, framfærslu- eða hjúkrunarstofnunum.

Lög frá 6. október 1939 um slysatryggingu sjómanna á styrjaldartímum.

Lög frá 28. maí 1948 um slys í herþjónustu.

IV. Greiðslur vegna atvinnuleysis.

Styrkur frá atvinnuleysissjóðum, sem falla undir lög frá 23. marz 1934 um atvinnuleysissjóði, sem eiga rétt á ríkisstyrk, eftir því sem ákveðið er í samþykktum hvers sjóðs.

V. Greiðslur vegna meðgöngu og barnsburðar.

Styrkur samkvæmt lögum frá 13. júní 1941 um aðstoð til mæðra.

Fæðingarhjálp samkvæmt lögum frá 31. marz 1944 um ljósmæður sveitarfélaga.

Upplýsingar, leiðbeiningar og hjálpar, sem ráðgefandi skrifstofur sveitarfélaga veita samkvæmt lögum frá 31. marz 1944 um ráðgefandi skrifstofur sveitarfélaga fyrir mæðra- og barnahjálpar.

VI. Barnastyrkir.

Styrkur samkvæmt lögum frá 22. júlí 1948 um barnastyrki.

Styrkur samkvæmt lögum frá 30. apríl 1943 um fjölskyldustyrki.

VIII. Hjálpar til bágstaddra.

Framfærsluhjálpar samkvæmt lögum frá 1. júní 1922 um fátækrahjálpar.

Ydelser på grund af dødsfald til efterlevende ægtefælle, børn, forældre m. fl. i henhold til folkeforsikringslovens art. 57 og 58 og tillægslovens art. 18 og 29.

Tillægsydelse ved påmønstrede sømænds og fiskeres dødsfald i henhold til tillægslovens art. 19 og 29.

V. Ydelser ved svangerskab og fødsel.

Ydelser ved fødsel i henhold til lov nr. 50/1946 om folkeforsikring, art. 34, og tillægslov nr. 116/1954, art. 12 og 29.

Ydelser ved fødsel eller ophold på sygehus eller fødeklinik i henhold til lov nr. 104/1943 om socialforsikring, art. 33, nr. 4.

VI. Børnebidrag.

Ydelser i henhold til lov nr. 50/1946 om folkeforsikring og tillægslov nr. 116/1954:

Almindelige børnebidrag i henhold til folkeforsikringslovens art. 30—33 og tillægslovens art. 11, jfr. art. 5, 10 og 29.

Ydelser til enlige mødre i henhold til tillægslovens art. 11, jfr. art. 5 og 29.

Børnerente i henhold til folkeforsikringslovens art. 20 og 23 og provisorisk bestemmelse 1, jfr. tillægslovens art. 5, 7, 29 og 40.

Børnebidrag til forældreløse børn i henhold til folkeforsikringslovens art. 20 og 24, jfr. tillægslovens art. 5 og 29.

Børnerente til børn af personer, der opholder sig i fængsel eller har forladt hjemmet, i henhold til folkeforsikringslovens art. 20, 26 og 29, jfr. tillægslovens art. 5 og 29.

VII. Forskudsvis udbetaling af underholdsbidrag.

Bidragforskud til ugifte mødres og fraskilte kvinders børn i henhold til lov nr. 50/1946 om folkeforsikring, art. 20, 27 og 28, jfr. tillægslov nr. 116/1954 art. 5, 6, 8 og 29.

VIII. Hjælpar til trængende.

Hjælpar i henhold til lov nr. 80/1947 om offentlig forsorg.

Í NOREGI:

I. Greiðslur vegna skertrar starfshæfni, til eftirlifenda og vegna elli.

Greiðslur samkvæmt eftirtöldum lögum:

Lög frá 19. júní 1936 um fatlaða.

Lög frá 16. júlí 1936 um ellilífeyri.

Tímabundin lög frá 16. júlí 1936 um hjálp til blindra og fatlaðra.

Lög frá 3. desember 1948 um lífeyris-tryggingar sjómanna.

Lög frá 30. júní 1950 um lífeyristryggingar fyrir verkamenn hjá ríkinu.

Lög um lífeyristryggingar fyrir skógarhöggsmenn.

Starfskennsla og endurbjálfun þeirra, sem eru vinnufærir að nokkru leyti, við stofnanir, sem kostaðar eru af ríkinu að einhverju eða öllu leyti.

II. Greiðslur vegna veikinda.

Greiðslur samkvæmt lögum frá 6. júní 1930 um sjúkratryggingar.

III. Greiðslur vegna slysa og atvinnusjúkdóma.

Greiðslur samkvæmt eftirtöldum lögum:

Lög frá 10. desember 1920 um slysa-tryggingar fiskimanna.

Lög frá 24. júní 1931 um slysatryggingar iðnverkamanna o. fl.

Lög frá 24. júní 1931 um slysatryggingu sjómanna.

Lög frá 13. desember 1946 um stríðslífeyri fyrir hermenn.

Lög frá 13. desember 1946 um stríðslífeyri fyrir heimavarnaliðsmenn og óbreytta borgara.

Lög frá 27. júní 1947 um slysatryggingar verkamanna við norsk fyrirtæki á Svalbarða.

Lög frá 19. júní 1953 um örorkulífeyri hermanna.

Lög frá 17. júlí 1953 um landvarnir.

Lög frá 26. nóvember 1954 um greiðslur vegna stríðstjóns á mönnum.

FOR NORGE:

53

9. aprí

I. Ydelser ved nedsat erhvervsevne, til efterlevende og ved alderdom.

Ydelser i henhold til:

Lov af 19. juni 1936 om vanføre.

Lov af 16. juli 1936 om alderspension.

Midlertidig lov af 16. juli 1936 om hjælp til blinde og vanføre.

Lov af 3. december 1948 om pensionsforsikring for sømænd.

Lov af 30. juni 1950 om pensionsforsikring for statens arbejdere.

Lov af 3. december 1951 om pensionsforsikring for skovarbejdere.

Erhvervsoplæring og omskoling af delvis arbejdsføre ved institutioner, som helt eller delvis finansieres af staten.

II. Ydelser ved sygdom.

Ydelser i henhold til lov af 6. juni 1930 om sygeforsikring.

III. Ydelser ved ulykkestilfælde og ved erhvervs sygdomme.

Ydelser i henhold til:

Lov af 10. december 1920 om ulykkesforsikring for fiskere.

Lov af 24. juni 1931 om ulykkesforsikring for industriarbejdere m. v.

Lov af 24. juni 1931 om ulykkesforsikring for sømænd.

Lov af 13. december 1946 om krigspensionering for militærpersoner.

Lov af 13. december 1946 om krigspensionering for hjemmestyrkepersonel og civilpersoner.

Lov af 27. juni 1947 om ulykkesforsikring for arbejdere ved norske virksomheder på Svalbard.

Lov af 19. juni 1953 om invaliderente til militærpersoner.

Lov af 17. juli 1953 om civilforsvaret.

Lov af 26. november 1954 om ydelser ved krigsskade på person.

IV. Ydelser ved arbejdsløshed.

Ydelser i henhold til lov af 24. juni 1938 om forsikring mod arbejdsløshed.

- 53** IV. Greiðslur vegna atvinnuleysis.
9. apríl Greiðslur samkvæmt lögum frá 24. júní 1938 um atvinnuleysistryggingar.

V. Greiðslur vegna meðgöngu og barnsburðar.

Greiðslur samkvæmt eftirtöldum lögum:

Lög frá 10. apríl 1915 um umönnun barna.

Lög frá 6. júní 1930 um sjúkratryggingar.

VI. Barnastyrkir.

Greiðslur samkvæmt lögum frá 24. október 1946 um barnastyrki.

VIII. Hjálp til bágstaddra.

Greiðslur samkvæmt eftirtöldum lögum:

Lög frá 19. maí 1900 um framfærslu.

Lög frá 17. júlí 1953 um barnavernd.

Lög frá 26. febrúar 1932 um áfengisvarnanefnd og meðferð drykkfelldra, 12. gr.

Í SVÍÐJÓÐ:

I. Greiðslur vegna skertrar starfshæfni, til eftirlifenda og vegna elli.

Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir ásamt sjúkrastyrk svo og viðauka við þessar greiðslur samkvæmt lögum frá 29. júní 1946 um almannalífeyri.

Styrkir til ekkna og ekkla með börn samkvæmt lögum frá 26. júlí 1947.

Ráðstafanir, sem ríkið lætur gera eða styrkir, til varnar gegn örorku svo og fyrirsjá, sem ríkið annast eða styrkir, varðandi vinnu eða örorku þar með talin framfærsla heyrnarlausra og blindra.

II. Greiðslur vegna veikinda.

Sjúkrahjálpi samkvæmt lögum frá 3. janúar 1947 um almennar sjúkratryggingar.

Lyf samkvæmt tilskipun frá 4. júní 1954 um ókeypis eða ódýr lyf.

V. Ydelser ved svangerskab og fødsel.

Ydelser i henhold til:

Lov af 10. april 1915 om forsorg for børn.

Lov af 6. juni 1930 om sygeforsikring.

VI. Børnebidrag.

Ydelser i henhold til lov af 24. oktober 1946 om børnebidrag.

VIII. Hjælp til trængende.

Ydelser i henhold til:

Lov af 19. maj 1900 om forsorgsvæsenet.

Lov af 17. juli 1953 om børneværn.

Lov af 26. februar 1932 om ædruelighedsnavn og behandling af drikfældige § 12.

FOR SVERIGE:

I. Ydelser ved nedsat erhvervsevne, til efterlevende og ved alderdom.

Alders-, invalide- og enkepension samt sygebidrag tillige med tillæg til disse ydelser i henhold til lov af 29. juni 1946 om folkepensionering.

Bidrag til enker og enkemænd med børn i henhold til lov af 26. juli 1947

Foranstaltninger indenfor den statslige og statsunderstøttede invaliditetsforebyggende virksomhed samt statslig og statsunderstøttet arbejds- og vanføreforsorg, deri indbefattet forsorg for døde og blinde.

II. Ydelser ved sygdom.

Sygehjælp i henhold til lov af 3. januar 1947 om almindelig sygeforsikring.

Lægemedler i henhold til forordning af 4. juni 1954 om vederlagsfrie eller billige lægemedler.

III. Ydelser ved ulykkestilfælde og ved erhvervs sygdomme.

Erstatning i henhold til:

Lov af 14. maj 1954 om ulykkesforsikring.

Lov af 14. maj 1954 om krigsforsikring for sømænd m. fl.

III. Greiðslur vegna slysa eða atvinnusjúkdóma.

Bætur samkvæmt eftirtöldum ákvæðum:

Lög frá 14. maí 1954 um slysatryggingar.

Lög frá 14. maí 1954 um stríðstryggingar sjómanna o. fl.

Tilskipun frá 14. maí 1954 um bætur af opinberu fé fyrir slys, sem sjómenn o. fl. verða fyrir af völdum hernaðaraðgerða.

Tilskipun frá 14. maí 1954 um bætur af opinberu fé fyrir tjón, sem fiskimenn verða fyrir af völdum hernaðaraðgerða.

Tilskipun frá 14. maí 1954 um bætur vegna líkamstjóns, sem menn verða fyrir á stofnunum o. fl.

Tilskipun um bætur fyrir hernaðaraðgerðir frá 2. júní 1950.

Tilskipun frá 14. maí 1954 um bætur vegna líkamstjóns við störf við landvarnir.

Auglýsing frá 26. maí 1954 um bætur vegna líkamstjóns, er orðið hefur við slökkvistörf o. fl.

IV. Greiðslur vegna atvinnuleysis.

Greiðslur samkvæmt tilskipun frá 15. júní 1934 um viðurkennda atvinnuleysis-sjóði.

Fjárstyrkir samkvæmt auglýsingu frá 27. maí 1949 um tilteknaðgerðir gegn atvinnuleysi, sem ríkið framkvæmir eða styrkir.

Greiðslur samkvæmt auglýsingu frá 29. júní 1945 um verknámskeið fyrir atvinnulausa.

V. Greiðslur vegna meðgöngu og barnsburðar.

Fæðingarhjálp samkvæmt lögum frá 21. maí 1954 um fæðingarhjálp.

Mæðrahjálp samkvæmt tilskipun frá 11. júní 1937 um mæðrahjálp.

Greiðslur samkvæmt auglýsingu frá 15. júní 1944 um ríkisframlög til verndar mæðrum og börnum.

Lyf samkvæmt auglýsingu frá 22. júní 1939 um ókeypis afhendingu varnarlyfja til ákveðinna kvenna og barna.

Forordning af 14. maj 1954 om erstatning af statsmidler ved ulykkestilfælde, som på grund af krigsforanstaltninger rammer sømænd m. fl. 53
9. april

Forordning af 14. maj 1954 om erstatning af statsmidler ved ulykkestilfælde, som på grund af krigsforanstaltninger rammer fiskere.

Forordning af 14. maj 1954 om erstatning i anledning af legemsskade, pådraget under ophold på anstalt m. m.

Militærerstatningsforordningen af 2. juni 1950.

Forordning af 14. maj 1954 om erstatning i anledning af legemsskade, pådraget under virksomhed i civilforsvaret.

Kundgørelse af 26. maj 1954 om erstatning i anledning af legemsskade, pådraget under virksomhed ved brandslukning m. m.

IV. Ydelser ved arbejdsløshed.

Ydelser i henhold til forordning af 15. juni 1934 om anerkendte arbejdsløsheds-kasser.

Kontantunderstøttelse i henhold til kundgørelse af 27. maj 1949 om visse statslige og statsunderstøttede foranstaltninger ved arbejdsløshed.

Ydelser i henhold til kundgørelse af 29. juni 1945 om erhvervsuddannelseskurser for arbejdsløse.

V. Ydelser ved svangerskab og fødsel.

Moderskabshjælp i henhold til lov av 21. maj 1954 om moderskabshjælp.

Mødrehjælp i henhold til forordning af 11. juni 1937 om mødrehjælp.

Ydelser i henhold til kundgørelse af 15. juni 1944 om statsbidrag til forebyggende mødre- og børneforsorg.

Lægemedler i henhold til kundgørelse af 22. juni 1939 om vederlagsfri udlevering af forebyggende lægemedler til visse kvinder og børn.

Lægemedler i henhold til kundgørelse af 15. juni 1944 om vederlagsfri udlevering af lægemedler til visse kvinder lidende af svangerskabssygdomme.

Ydelser i henhold til kundgørelse af 21. december 1945 om statstilskud til virk-

53 Lyf samkvæmt auglýsingu frá 15. júní 9. apríl 1944 um ókeypis afhendingu lyfja til kvenna, sem þjást af þungunarsjúkdómum.

Greiðslur samkvæmt auglýsingu frá 21. desember 1945 um ríkisframlag til starfsemi, sem miðar að því að veita barnshafandi konum aðstoð og ráðleggingar til varnar fósturláti.

Ljós módúraðstoð samkvæmt tilskipun frá 3. júní 1955 um héraðsljós mæður.

Fæðingarhjálp á stofnunum sem ríkið starfrækir eða styrkir.

Umsjá á vöggustofum eða mæðraheimilum, sem ríkið styrkir.

VI. Barnastyrkir.

Almennir barnastyrkir samkvæmt lögum frá 26. júlí 1947 um almenna barnastyrki.

Sérstakir barnastyrkir samkvæmt lögum frá 26. júlí 1947 um sérstaka styrki til barna ekkna, öryrkja o. fl.

VII. Fyrirframgreiðsla meðlaga.

Fyrirframgreiðsla meðlaga samkvæmt lögum frá 11. júní 1943.

VIII. Hjálp til bágstaddra.

Hjálp samkvæmt lögum frá 14. júní 1918 um fátækraframbærslu.

Hjálp samkvæmt lögum frá 6. júní 1924 um framfærslu barna, 22. gr. a) og b) og 29. gr.

Þessi lokabókun gengur í gildi samtímis ofanefndum samningi og skal hafa sama gildi og ná til sama tíma og hann.

Lokabókunina skal varðveita í skjalasafni danska utanríkisráðuneytisins, og skal það senda ríkisstjórnnum allra samningsríkjanna staðfest afrit af henni.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn allra samningsríkjanna undirritað lokabókun þessa.

somhed for støtte og rådgivning til svangre kvinder i abortforebyggende øjemed.

Jordemoderhjælp i henhold til forordning af 3. juni 1955 om distriktsjordemødre.

Fødselshjælp på statsanstalter og statsunderstøttede anstalter.

Forsorg i statsunderstøttede spædbørnehjem eller mødre hjem.

VI. Børnebidrag.

Almindelige børnebidrag i henhold til lov af 26. juli 1947 om almindelige børnebidrag.

Særlige børnebidrag i henhold til lov af 26. juli 1947 om særlige børnebidrag til enkers og invaliders m. fl. børn.

VII. Forskudsvis udbetaling af underholdsbidrag.

Bidragforskud i henhold til lov af 11. juni 1943.

VIII. Hjælp til trængende.

Hjælp i henhold til lov af 14. juni 1918 om fattigforsorg.

Hjælp i henhold til lov af 6. juni 1924 om børneforsorg § 22 a) og b) samt § 29.

Denne slutprotokol træder i kraft samtidig med ovennevnte konvention og skal have samme virkning og varighed som konventionen.

Slutprotokollen skal være deponeret i det danske udenrigsministeriums arkiv, og bekræftede afskrifter skal af det danske udenrigsministerium tilstilles hver af de kontraherende landes regeringer.

Til bekræftelse heraf har de respektive befuldmægtigede undertegnet denne slutprotokol.

Gert í Kaupmannahöfn í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland, en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 15. september 1955.

Udfærdiget i København i et eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk således, at der på svensk er udfærdiget to tekster, en for Finland og en for Sverige, den 15. september 1955.

53
9. april

Undirskriftir.

L Ö G

54
9. april

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustundir á sólarhring hverjum til hvíldar og matar. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í lögum þessum skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

55

9. apríl

L Ö G

um breytingu á gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Pykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Aftan við lið I í gjafabréfi Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur, dags. 13. des. 1913, fyrir hálfri jörðinni Pykkvabæ í Landbroti komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábúanda skal þó heimilt, að fengnu samþykki hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps, að veðsetja jörðina til tryggingar lánnum, sem tekin eru til húsabóta og annarra varanlegra umbóta á jörðinni, enda sé um þær lántökur að öllu leyti farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, og þeim breytingum, er gerðar hafa verið eða gerðar kunna að verða á þeim lögum.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

56

10. apríl

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahrens, Erlendur Arne, húsasmiður í Reykjavík, fæddur 13. okt. 1913 í Danmörku.
2. Blak Nielsen, Willy, rakarameistari í Reykjavík, fæddur 6. des. 1913 í Danmörku.
3. Brinks, Frode, garðyrkjumaður að Reykjalandi í Grímsnesi, fæddur 16. febr. 1921 í Danmörku.
4. Brückner, Carmen, húsmóðir á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 31. maí 1914 í Frakklandi.
5. Brückner, Karl Helmut, dýralæknir í Rangárvallasýslu, fæddur 17. okt. 1915 í Þýskalandi.
6. Christiansen, Einar Daniel Jakob Garðshodn, smiður í Reykjavík, fæddur 8. febr. 1926 í Færeyjum.

7. Devulder, Jutta Georgette Anni, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd 26. júlí 1931 í 56
Þýzkalandi. Fær réttinn 18. júlí 1956. 10. apríl
8. Erik Örn Gíslason, verkamaður í Reykjavík, fæddur 30. marz 1922 í Danmörku.
9. Fender, Marie Anna, húsmóðir í Reykjavík, fædd 17. júlí 1910 í Þýzkalandi.
Fær réttinn 25. apríl 1956.
10. Fick, Maria Elisabeth, húsmóðir í Hrísdal í Miklaholtshreppi í Snæfellsnessýslu,
fædd 19. febr. 1925 í Þýzkalandi.
11. Filbert, Karl William Johansen, málari í Reykjavík, fæddur 5. des. 1919 í
Danmörku.
12. Gandil, Ernst Wally, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. marz 1938 í Danmörku.
13. Gandil, Hedda Louise, símastúlka í Reykjavík, fædd 17. ágúst 1933 í Danmörku.
14. Gotfred, Berthina, ráðskona í Reykjavík, fædd 24. des. 1907 í Færeyjum.
15. Hannes Jón Sigurður Sigurðsson, barn í Reykjavík, fæddur 14. jan. 1950 á
Íslandi.
16. Hansen, Eskild Henrik, verkamaður í Sandgerði, fæddur 1. sept. 1920 í Fær-
eyjum.
17. Hansen, Robert Goldberg, matsveinn í Reykjavík, fæddur 11. okt. 1931 í Dan-
mörku.
18. Holm, Flemming, cand. oecón., Reykjavík, fæddur 16. júní 1928 í Færeyjum.
19. Hovgaard, Karl Frithjof, skósmiður á Akureyri, fæddur 21. nóv. 1924 í Fær-
eyjum.
20. Isaksen, Niclas Anthon Christian, vélstjóri, Njarðvíkurhreppi, fæddur 27. maí
1918 í Færeyjum.
21. Johannesen, Peter Herluf, verkamaður á Fáskrúðsfirði, fæddur 13. júní 1929
í Færeyjum.
22. Jensen, Carlo Marinus, vefari á Álafossi, fæddur 18. okt. 1918 í Danmörku.
23. Jensen, Jón Harry, sjómaður, Sandhólaferju, Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu,
fæddur 7. nóv. 1939 í Danmörku.
24. Jensen, Leif Guido, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. jan. 1939 í Danmörku.
25. Kissmann, Dorothea, húsmóðir í Hörgsdal á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu,
fædd 24. maí 1926 í Þýzkalandi. Fær réttinn 11. sept. 1956.
26. Körner, Anneliese Ruth, húsmóðir á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 29. jan.
1929 í Þýzkalandi.
27. Meckle, Olga, húsmóðir í Höfn í Hornafirði, fædd 5. júlí 1925 í Þýzkalandi.
28. Mikulcak, Miroslav Randolph, forstjóri í Reykjavík, fæddur 10. sept. 1927 í
Tékkóslóvakíu.
29. Müller, Erna, húsmóðir á Signýjarstöðum í Hálsasveit í Borgarfjarðarsýslu, fædd
24. júlí 1931 í Þýzkalandi.
30. Müller, Kurt Heinrich Friedrich, járnsmiður, Seltjarnarnesi, fæddur 25. nóv.
1921 í Þýzkalandi.
31. Nagel, Hans Peter, nemandi í Reykjavík, fæddur 21. okt. 1937 í Þýzkalandi.
32. Nielsen, John Fog, verkamaður, Felli í Mosfellssveit, fæddur 31. ágúst 1933
í Danmörku.
33. Olsen, Martin Kornelius, sjómaður í Vestmannaeyjum, fæddur 30. nóv. 1907
í Noregi.
34. Poulsen, Jens, bifreiðarstjóri í Borgarnesi, fæddur 9. okt. 1924 í Færeyjum.
35. Poulsen, Joen Hilmar, sjómaður, Vopnafirði, fæddur 5. ágúst 1926 í Færeyjum.
36. Riba, José Magrina, hljóðfæraleikari, Kópavogi, fæddur 2. okt. 1907 á Spáni.
37. Riba, Pedro Magrina, nemandi, Kópavogi, fæddur 22. okt. 1935 á Spáni.
38. Thorsteinsen, Johannes Andreas Edmund, verkamaður í Njarðvíkurhreppi, fædd-
ur 24. okt. 1924 í Færeyjum.
39. Welding, Dagny, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. nóv. 1926 í Eistlandi.

56

10. apríl

2. gr.
 Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-
 rétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um
 mannanöfn.

3. gr.
 Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

57

10. apríl

L Ö G

um prentrétt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Rit samkvæmt lögum þessum telst hvert það rit, sem prentað er eða letrað á
 annan vélrænan eða efnafræðilegan hátt. Til rita teljast og upprættir, teikningar
 og myndir, þótt ekki sé á letrað mál, svo og nótur, ef letrað mál fylgir.

2. gr.

Ákvæði laga þessara taka einungis til rits, sem gefið hefur verið út. Rit telst
 vera gefið út hér á landi, þegar það hefur verið afhent til sölu eða dreifingar á
 annan hátt.

3. gr.

Útgefandi rits, sem prentað er hér á landi, skal nafngreina sig á hverju ein-
 taki þess.

Ef útgefandi ræður ritstjóra, einn eða fleiri, að riti, skal hver þeirra einnig
 nafngreina sig á ritinu.

Nú er nafngreining samkvæmt 1. eða 2. málsg. vanrækt eða rangt frá skýrt, og
 varðar það sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

II. KAFLI

Prentarar og prentsmiðjur.

4. gr.

Hverjum þeim, er starfrækir prentsmiðju hér á landi eða starfsstöð, þar sem
 rit eru letruð með öðrum þeim hætti, er getur í 1. gr. laga þessara, er skylt, í síð-
 asta lagi tveim vikum áður en nokkurt rit er látið af hendi úr prentsmiðjunni, að
 tilkynna lögreglustjóra í umdæminu starfrækslu prentsmiðjunnar, nafn sitt eða firma

svo og nákvæmt heimilisfang. Á sama hátt skal tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, 57
ef breyting verður á nafni, firma eða heimilisfangi.

10. apríl

5. gr.

Sá, sem annast prentun eða letrun rits hér á landi, skal á hverju eintaki ritsins geta nafns síns eða firma, prentstaðar og prentárs.

Ákvæði 1. málsg. tekur ekki til þeirra eintaka, þótt prentuð séu eða letruð, sem getur í 7. gr. laganna.

6. gr.

Samtímis því, sem rit, sex arkir að stærð eða minna, er gefið út, er þeim, sem annast prentun þess eða letrun, skylt að afhenda lögreglustjóra í umdæminu eitt eintak ritsins. Ef lögreglustjóra þykir ástæða til, getur hann þó krafizt afhendingar á eintaki stærra rits.

Eintak þetta skal vera óskert og að öðru leyti í sömu mynd og eintök þau, sem ætluð eru til sölu eða dreifingar.

Ákvæði 1. málsg. tekur ekki til eintaka þeirra, er getur í 7. gr., eða tilkynninga frá opinberum stjórnvöldum.

7. gr.

Sérákvæði 2. málsg. 5. gr. og 3. málsg. 6. gr. taka til póstkorta og mynda, nafn- og þakkarspjalda, boðskorta, vörumiða, eyðublaða og annarra slíkra eintaka, þótt prentuð séu eða letruð, er ætla má, að geti ekki falið í sér ólögmett efni.

8. gr.

Nú er tilkynning samkvæmt 4. gr. vanrækt eða rangt frá skýrt, vanrækt að greina atriði þau, er í 5. gr. getur, eða rangt frá skýrt, eða brotið gegn ákvæðum 6. gr., og varðar það þá sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ef nafngreining samkvæmt 5. gr. skortir eða rangt er frá skýrt og ekki verður leitt í ljós, hver hefur prentað eða letrað ritið, ber útgefandi rits refsíabýrgð samkvæmt 1. málsg.

III. KAFLI

Útgáfa blaða og tímarita.

9. gr.

Blöð og tímarit teljast samkvæmt lögum þessum rit, sem eiga að koma út með sama heiti ekki sjaldnar en tvisvar á ári, svo og fregnmiðar þeirra og fylgirit.

10. gr.

Útgefandi blaðs eða tímarits skal vera íslenzkur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi, eða íslenzkur ópersónulegur aðili.

Ritstjóri blaðs eða tímarits skal vera íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi og lögráða.

Ef ópersónulegur aðili er einn útgefandi blaðs eða tímarits, skal ráðinn ritstjóri, er fullnægi skilyrðum 2. málsg.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

IV. KAFLI Dreifing rita.

11. gr.

Hverjum íslenzkum ríkisborgara eða ópersónulegum aðilja er rétt sjálfum eða með aðstoð annarra að annast sölu eða dreifingu rits með öðrum hætti.

12. gr.

Sá, sem hefur til sölu eða dreifingar rit, sem skortir nafngreiningu samkvæmt 3. gr. eða 5. gr., eða veit, að rangt er skýrt frá þeim atriðum, skal sæta sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

V. KAFLI Ábyrgð á efni rita.

13. gr.

Hver sá, sem birtir eða dreifir eða á hlut að birtingu eða dreifingu annars rits en blaðs eða tímarits, ber refsí- og fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum laga, ef efni ritsins brýtur í bága við lög.

14. gr.

Nú er um að tefla blað eða tímarit, sem að meginefni fjallar um afbrot eða lostugt efni, eða efni slíks rits er með þeim hætti, að varðar við 86.—89. gr., 1. málsgr. 90. gr., 1.—3. málsgr. 91. gr., 93. gr., 98.—100. gr. og 102. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eða brotið er af ásetningi gegn 92. gr. sömu laga, og gilda þá ákvæði 13. gr. einnig um ábyrgð á efni þeirra rita.

15. gr.

Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra, er getur í 14. gr., gilda þessar reglur:

Höfundur ber refsí- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenzkri lögsögu, þegar mál er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina, því næst sá, er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.

16. gr.

Nú gefa fleiri en einn út blað eða tímarit í sameiningu eða fleiri en einn eru ritstjórar að riti og annar eða einn þeirra greinir sig ábyrgðarmann að ritinu eða tilteknum köflum þess, og bera þá aðrir útgefanda eða ritstjóra ekki ábyrgð á því efni ritsins frammar en leiðir af ákvæðum 17. gr.

17. gr.

Nú er ritstjóri, sem ekki er jafnframt útgefandi blaðs eða tímarits, dæmdur til greiðslu sektar, fébóta, málskostnaðar eða til greiðslu kostnaðar af birtingu dóms vegna efnis í ritinu, og má þá samkvæmt ákvæðum dómsins innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá útgefanda eða útgefendum ritsins.

Ef einn útgefandi blaðs eða tímarits er dæmdur til greiðslu sektar, fébóta eða annars þess kostnaðar, er getur í 1. málsgr., má með sama hætti innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá öðrum útgefanda eða útgefendum ritsins.

VI. KAFLI

Leiðréttingarskylda útgefanda (ritstjóra).

57

10. apríl

18. gr.

Útgefanda (ritstjóra) blaðs eða tímarits er skylt að birta í ritinu endurgjalds-laust leiðréttingu við frásögn eða tilkynningu um málshöfðun út af frásögn, sem birzt hefur í ritinu, ef sá krefst þess, sem hlotið getur verulegt fjártjón eða miska af frásögninni óbreyttri.

Krefjast skal birtingar á leiðréttingu eða tilkynningu svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi innan mánaðar frá birtingu frásagnarinnar. Í leiðréttingu eða tilkynningu skal aðeins greina frá staðreyndum, og hún má ekki fela neitt í sér, er varði lög.

19. gr.

Nú telur útgefandi (ritstjóri), að efni leiðréttingar eða tilkynningar sé ekki í samræmi við ákvæði 2. málsg. 18. gr. eða hann vill ekki birta leiðréttinguna eða tilkynninguna, eins og hún er samin, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það þeim, sem krafizt hefur birtingar. Brot á tilkynningarskyldu varðar sektum.

20. gr.

Nú vill aðili ekki una synjun útgefanda (ritstjóra) samkvæmt 19. gr., og getur hann þá borið ágreininginn undir héraðsdómara, sem getur skyldað útgefanda (ritstjóra), að viðlögðum dagsektum, sem renni til þess, er krefst birtingar, að birta leiðréttinguna eða tilkynninguna í lögmatu formi í fyrsta tölublaði, er út kemur eftir birtingu dóms, eða í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla.

Málum þessum skal hraða, svo sem kostur er. Úrskurð héraðsdómara má kæra til Hæstaréttar samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.

21. gr.

Leiðréttingu eða tilkynningu samkvæmt 18. gr. skal birta í fyrsta tölublaði rits, er út kemur, eftir að birtingar er krafizt, eða í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla, nema aðilja hafi áður verið tilkynnt, að krafa hans verði ekki tekin til greina.

Leiðréttingu eða tilkynningu skal prenta með sama letri og meginmál ritsins og á þeim stað í ritinu, að eftir henni verði tekið.

Brot gegn ákvæðum 1. og 2. málsg. varða sektum.

22. gr.

Nú er höfundur eða útgefanda (ritstjóra) dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar vegna efnis í blaði eða tímariti, og má þá ákveða í dómi, eftir kröfu þess, sem misgert er við, að tiltekinn hluti dómsins skuli birtur í ritinu.

Útgefanda (ritstjóra) er skylt að birta framangreindan hluta dóms eftir kröfu dómhafa í fyrsta tölublaði, sem út kemur, eftir að dómur er birtur, og í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla.

Birta skal dómshlutann án endurgjalds og prenta hann með sama letri og meginmál ritsins og á þeim stað í ritinu, að eftir verði tekið.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða sektum.

57

10. apríl

VII. KAFLI

Rit, sem prentuð eru erlendis.

23. gr.

Nú er rit, sem prentað er erlendis, flutt til landsins, og getur þá lögreglustjóri í umdæmi því, sem ritið er fyrst flutt í, krafizt afhendingar á einu eintaki þess með þeim hætti, er getur í 6. gr.

Skylda til afhendingar rits samkvæmt 1. málsg. hvílir á þeim, sem afhendir það til sölu eða dreifingar hér á landi.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

24. gr.

Ákvæði 13. gr. gilda um ábyrgð á efni allra rita, sem prentuð eru erlendis og gefin út hér á landi.

25. gr.

Um rit, sem prentuð eru erlendis og gefin út hér á landi, gilda að öðru leyti ákvæði 1. gr., 7. gr. og 11. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

26. gr.

Dómsmálaráðherra getur fengið lagt lögbann við sölu eða dreifingu hérlandis á riti, sem prentað er erlendis, ef talið er, að efni þess varði við lög. Lögbann verður lagt á hjá þeim, sem hefur ritið til sölu eða dreifingar. Nú er eigi vitað, hver sá er, og má þá leggja lögbannið á hjá hverjum þeim, er hefur ritið í vörslum sínum. Um framkvæmd lögbanns þessa fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann.

27. gr.

Nú skal gert upptækt rit, sem flutt hefur verið til landsins, og má þá ákveða í dómi, að ritið skuli sent úr landi innan tiltekens frests, að viðlagðri upptöku, ef ákvörðun þessari verður ekki sinnt.

VIII. KAFLI

Ákvæði um upptöku, málsmeðferð og gildistöku laganna.

28. gr.

Nú er rit gert upptækt samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga, og skal þá með fara, eins og hér segir:

Ef upptaka byggist eingöngu á tilteknum hluta rits, skal greina hann í dómi, og ber þá, eftir því sem unnt er og á kostnað dómþola, að greina hina hlutana frá og skila þeim aftur.

Upptaka getur einnig tekið til prentstafa þeirra, mynda og annars, sem notað hefur verið til að framkvæma prentunina eða letrunina.

29. gr.

Nú hefur rit verið gert upptækt með dómi, hald lagt á það samkvæmt VI. kafla laga nr. 27/1951 eða sala þess og dreifing verið bönnuð hér á landi, og ber lögreglustjóra þá tafarlaust að láta birta dóminn eða ákvörðunina í Lögbirtinga- blaðinu. Ef upptaka, hald eða lögbann er fellt úr gildi, ber að birta þá ákvörðun með sama hætti.

30. gr.

57

Sala eða önnur dreifing prentaðs rits er bönnuð, þegar birting um ákvörðun samkvæmt 29. gr. hefur farið fram eða þegar aðilja er fyrir kunnugt um upptöku, hald eða lögban.

Brot gegn ákvæðum 1. málsg. varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

31. gr.

Mál út af öðrum brotum á lögum þessum en því, er getur í 20. gr., sæta meðferð opinberra mála.

Mál út af broti á 19. gr., 21. gr. og 22. gr. skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Aðiljar þeir, er reka starfsstöð samkvæmt 4. gr., þegar lög þessi öðlast gildi, skulu senda lögreglustjóra tilkynningu þá, er í greininni getur, innan eins mánaðar frá gildistöku laganna.

33. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 1., 3. og 4. málsg. 3. gr., 4. gr., 11. gr. og 13.—16. gr. tilskipunar 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi, ákvæði laga nr. 105 17. desember 1954, um breytingu á tilskipun þessari, svo og önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

FORSETA BRÉF

58

27. marz

um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 24. júní 1956.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur í dag borið upp fyrir mér tillögu um að Alþingi verði rofið og að almennar kosningar til Alþingis verði látnar fara fram sunnudaginn 24. júní 1956.

Ég hef fallizt á tillöguna og mæli svo fyrir, að Alþingi skuli rofið frá og með 24. júní 1956. Jafnframt ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnudaginn 24. júní 1956.

Gjört í Reykjavík, 27. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

59

12. maí

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 4. maí 1956 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1956 til 31. marz 1957. Er það gert á grundvelli viðskiptasamnings landanna frá 19. júní 1947 (Stj.tið. A 99/1947).

Sænsk stjórnarvöld munu leyfa innflutning á saltsild, kryddsild og sykursalt-aðri sild frá Íslandi á samningstímanum og innflutningur á öðrum íslenskum afurðum verður leyfður á sama hátt og áður hefur tíðkazt. Innflutningur sænskra vara verður leyfður á Íslandi með tilliti til þess hversu útflutningur verður mikill á íslenskum vörum til Svíþjóðar og með hliðsjón af venjulegum útflutningshagsmunum Svíþjóðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 12. maí 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

60

26. maí

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.**FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem upp hafi komið ágreiningur um gildi framlagðra landslista við alþingiskosningar 24. júní n. k. og fyrirsjáanlegt sé, að landskjörstjórn muni ekki fella úrskurð um þennan ágreining fyrir en 28. þ. m., beri brýna nauðsyn til að breyta kosningalögum nr. 80 7. sept. 1942 á þá leið, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla við kosningar þessar skuli eigi hefjast fyrir en landskjörstjórn hefur unnizt tími til að úrskurða um gildi landslista og merkja lista bókstöfum.

Fellst ég því á, með skírskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara sunnudaginn 24. júní n. k., skal eigi hefjast fyrir en þriðjudaginn 29. þessa mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 26. maí 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Stjórnartíðindi 1956, A. 9.

BRÁÐABIRGÐALÖG

61

18. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.**FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Bæjarútgerðin hefur ákveðið að láta smíða nýjan togara í stað h.v. Jóns Baldvinssonar, er fírst á s. l. ári. Er í ráði að gera samning við þýzka skipasmíðastöð, Aktien-Gesellschaft „Weser“ Werk Seebeck, um smíði togarans, og er kostnaðarverð hans í samningnum kr. 12 658 555.

Bæjarútgerðin hefur fengið samþykki hlutaðeigandi aðila til að nota tryggingarfé, er greitt var fyrir h.v. Jón Baldvinsson, til greiðslu á kostnaðarverði togarans, svo langt sem það nær, en þar að auki er bæjarútgerðinni nauðsyn á, að fá ríkisábyrgð á láni allt að kr. 5 100 000, en ríkisstjórnina skorti lagaheimild til að veita slíka ábyrgð.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

61

18. júní

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán allt að kr. 5 100 000 til kaupa á nýjum diesel-togara fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur í stað togarans Jóns Baldvinssonar. Þó má ábyrgð þessi að viðbættum lánnum og ábyrgðum, sem ríkissjóður veitir af váttryggingarfé togarans Jóns Baldvinssonar eigi fara fram úr 85% af kostnaðarverði nýja togarans.

Ábyrgðin er háð því, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, þar á meðal um tryggingar, lánstíma og lánskjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. júní 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

62

21. júní

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 4 31. jan. 1956, um framleiðslusjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að sökum aukins framleiðslu-kostnaðar við veiði, verkun og vinnslu síldar, sé nauðsynlegt, til þess að hægt sé að stunda þennan atvinnurekstur, að heimila framleiðslusjóði með lögum að hlaupa hér undir bagga á sama hátt og gert er um aðrar útflutningsvörur.

Með því að ég fellst á að brýna nauðsyn beri til að gera breyting á lögum um framleiðslusjóð eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinna gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð síldar, sem söltuð verður árið 1956 norðanlands og austanlands. Uppbætur þessar mega nema kr. 57.50 fyrir hverja útflutta tunnu saltaðrar síldar miðað við 100 kg nettó þyngd. Heimildin er bundin við allt að 250 þús. tonnur;
2. að greiða úr framleiðslusjóði 10 kr. uppbætur á fyrstu 250 þús. mál síldar, sem lögð er á land til bræðslu á Norður- og Austurlandi á árinu 1956;
3. að greiða út framleiðslusjóði váttryggingariðgjöld af fiskiskipum í einn og hálfan mánuð, er síldveiðar stunda fyrir Norður- og Austurlandi sumarið 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. júní 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

BRÁÐABIRGÐALÖG**63**

21. ágúst

um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.**FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að það sé nú alltítt í sumum kaupstöðum landsins, að íbúðarhúsnæði sé notað til annarra þarfa en íbúðar, þó að þar sé enn mikill skortur íbúðarhúsnæðis, svo að brýna nauðsyn beri til þess að setja nú þegar bráðabirgðalög um afnot íbúðarhúsa, sem leggi hann við því, að íbúðarhúsnæði sé tekið til annarra afnota en íbúðar.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Íbúðarhúsnæði telst samkvæmt lögum þessum húsnæði, sem við gildistöku laganna er notað til íbúðar og er íbúðarhæft án verulegra endurbóta, samkvæmt vottorði heilbrigðisnefndar, enn fremur húsnæði, sem ætlað er til íbúðar, samkvæmt teikningu hlutaðeigandi húss, staðfestri af byggingaryfirvöldum, og hefur við gildistöku laga þessara ekki verið tekið til annarra afnota.

2. gr.

Íbúðarhúsnæði, sbr. 1. gr., má aðeins nota til íbúðar. Önnur afnot slíks húsnæðis varða húseiganda sektum samkvæmt 4. gr. laga þessara. Sömu viðurlögum varðar einnig, að halda ónotuðu íbúðarhúsnæði, sem kostur er á að leigja.

Húsnæðismálastjórn skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara verði fram fylgt.

3. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt, að undanþiggja kaupstaði ákvæðum laga þessara, ef fyrir liggur ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar um það, og ekki er þar um að ræða skort á íbúðarhúsnæði.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. varða 10000 til 1000000 króna sektum, er renna skulu í varasjóð hins almenna veðlánakerfis, samkvæmt lögum nr. 55 frá 20. maí 1955.

5. gr.

Með brot á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. ágúst 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.**(L. S.)**

Hannibal Valdimarsson.

64

28. ágúst

BRÁÐABIRGÐALÖG

um festingu verðlags og kaupgjalds.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna atvinnuöryggis í landinu beri nauðsyn til að koma í veg fyrir áframhaldandi hækkun verðlags og kaupgjalds á meðan athugun fer fram á varanlegri lausn efnahagsvandamállanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á tímabilinu 1. sept. til 31. des. 1956 skal greiða verðlagsuppbót á kaupgjald og laun samkvæmt kaupgjaldsvisitölu 168 að viðbættum 10 stigum. Sömu verðlagsuppbót skal á þessu tímabili greiða á allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgjaldsvisitölu.

2. gr.

Við útreikning á verðgrundvelli landbúnaðarvara 1956 samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., skal miða laun bónda og verkafólks hans í verðgrundvellinum við kaupgjaldsvisitölu 168 að viðbættum 10 stigum.

Verðgrundvöllur sá, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, gildir fyrir tímabilið 1. sept. til 31. des. 1956.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, er það á hausti 1956 reiknar nýtt heildsöluverð á landbúnaðarvörum og smásöluverð á vörum, sem eigi er á heildsöluverð, miða við kaupgjaldsvisitölu 168 að viðbættum 10 stigum, að því er varðar launakostnað við vinnslu og dreifingu þeirra vara.

Ákvarðanir framleiðsluráðs landbúnaðarins um smásöluálagningu á heildsöluverð landbúnaðarvara haustið 1956 skulu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Bannað er til 31. des. 1956 að hækka söluverð innanlands á öllum vörum í heildsölu og smásölu, svo og á hvers konar verðmæti og þjónustu frá því, sem var 15. ágúst 1956. Bann þetta tekur þó ekki til þeirrar verðhækkunar vöru, sem jöfnuð kann að verða með niðurgreiðslu á verði annarrar vöru samkvæmt 6. gr. laganna.

Verðgæzlustjóri hefur eftirlit með því, að ákvæði 1. mgr. þessarar greinar séu haldin.

5. gr.

Innflutningsskrifstofan getur veitt undanþágu frá banni því, er um ræðir í 1. mgr. 4. gr., ef hún telur verðhækkun algerlega óhjákvæmilega, enda sé hún samþykkt af ríkisstjórninni.

6. gr.

Á tímabilinu til desemberloka 1956 greiðir ríkisstjórnin niður, með fjárframlagi úr ríkissjóði, hækkun þá á verði einstakra landbúnaðarvara, sem leiðir af nýjum verðgrundvelli haustið 1956, þannig að smásöluverð þeirra haldist óbreytt frá því, sem var 1. ágúst 1956. Ríkisstjórnin getur þó, eftir að hafa leitað álits stjórnar Alþýðusambands Íslands og Stéttarsambands bænda, ákveðið minni niðurgreiðslu á einni vöru en sem svarar verðhækkun hennar og þá samsvarandi meiri

niðurgreiðslu á annarri vöru, þannig að vísitala framfærslukostnaðar haldist óbreytt frá því, sem ella væri.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar taka aðeins til landbúnaðarvara, sem verðskráðar eru af framleiðsluráði landbúnaðarins.

7. gr.

Nú ris ágreiningur um það, hvort greiðsla fellur undir ákvæði 1. gr. þessara laga, eða hvort verð á vöru eða verðmæti fellur undir ákvæði 4. gr. laganna, og skal þá málinu skotið til ríkisstjórnarinnar, sem fellir á því fullnaðarúrskurð.

8. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum 500—500 000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. ágúst 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég hef látið fella meginmál laga nr. 16 20. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, ásamt lögum nr. 55/1954 inn í hin fyrrnefndu lög nr. 22/1952, og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 4000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðarfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns. Enn fremur frá Búðakauptúni til Stöðvarfjarðar og frá Egilsstöðum um Eiða að Lagarfossi;
2. að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu frá orkuveri til Vopnafjarðarkauptúns;
3. að virkja eftirfarandi ár í Vestur-Barðastrandarsýslu:
 - a. Fossá í Suðurfjörðum eða Seljadalsá við Bíldudal í allt að 450 hestafla orkuveri,
 - b. Suðurfossá á Rauðasandi í allt að 850 hestafla orkuveri, og leggja frá orkuverunum aðalorkuveitur til Bíldudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir;
4. að virkja Sandá í Þistilfirði til raforkuvinnslu í allt að 2900 hestafla orku-

65
8. maí

- veri og leggja frá því aðalorkuveitur til Þórshafnar og Raufarhafnar, eða leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Norður-Þingeyjarsýslu;
5. að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1500 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir;
 6. að virkja Viðidalssá eða Bergsá í Vestur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1800 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitu til Hvamms-tanga;
 7. að leggja aðalorkuveitu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja;
 8. að leggja háspennulínu frá væntanlegu raforkuveri við Fossá í Fróðárhreppi, um Fróðárhrepp og Eyrarsveit, um Helgafellssveit að Hrisum og niður Þórsnes til Stykkishólms;
 9. að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakaup-túns;
 10. að virkja Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa fimm syðstu hreppum Dalasýslu;
 11. að virkja Múlaá í Geiradalshreppi í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa nálægum hreppum eða leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Þverá í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness, til þess að veita þaðan raforku um nálæga hreppa og suður um Dalasýslu, enda sé tryggt, að eftir sem áður sé nægileg raforka fyrir orkusvæði Þverár í Strandasýslu;
 12. að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu til Fljótsdals-héraðs til að tengja saman orkuveitusvæði Norðurlands og Austurlands;
 13. að leggja aðalorkuveitu um Gönguskörð til Húnavatnssýslu til að tengja saman Gönguskarðsárvirkjunina og Laxárvatnsvirkjunina;
 14. að leggja aðalorkuveitu frá Hvolsvelli að Skógaskóla;
 15. að gera ráðstafanir til að auka flutningsgetu eldri aðalorkuveitna.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 130 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. laga nr. 22/1952, með síðari breytingum. Af þeirri upphæð má taka nokkurn hluta eða hana alla sem lán úr raforkusjóði, samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna.

3. gr.

Framkvæmdir samkvæmt 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur þessara orkuvera og þeirra orkuveitna, sem um ræðir í lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

66

24. júlí

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Eftir tillögu forsætisráðherra og samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag sett eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

- I. Forsætisráðherra Hermann Jónasson.** Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, mál, er varða forsetaembættið, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákvæðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, er varða stjórnarráðið í heild, hin íslenska fálkaorða og önnur heiðursmerki, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla. Ríkisbúið á Bessastöðum. Kirkjumál. Dómaskipan, dómsmál, önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsídóma, hegninga- og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þ. á m. gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sífjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignaréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins. Landbúnaðarmál, þ. á m. útflutningur landbúnaðarafurða, ræktunarmál, þ. á m. skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélög, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál, Áburðarverksmiðjan h.f., Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur rafmagnsmál, þ. á m. rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Námurekstur. Vega- og brúamál.
- II. Ráðherra Eysteinn Jónsson.** Undir hann heyra fjármál ríkisins. Þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna, undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjár- aukalög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Framkvæmdabanki Íslands. Hagstofan. Mæling og skrásetning skipa. Samgöngumál, önnur en vega- og brúamál, þar undir vita- og hafnamál. Strandferðir. Flugmál, þ. á m. flugvallarekstur. Póst-, síma- og loftskýtamál. Kaupfélög og samvinnufélög.
- III. Ráðherra Guðmundur Í. Guðmundsson.** Undir hann heyra utanríkismál, framkvæmd varnarsamningsins, þ. á m. lögreglumál, dómsmál, tollamál, póst- og símamál, flugmál, radarstöðvarnar, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál, er leiða af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu. Gildir þetta um varnarsvæðin og mörk þeirra. Veðurstofan. Almannatryggingar og Brunabótafélag Íslands.
- IV. Ráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason.** Undir hann heyra menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun. Menntamálaráð Íslands, Þjóðleikhús og önnur leiklistarmál, tónlistarmál, kvikmyndar-

66
24. júlí

mál, söfn og aðrar menningarstofnanir, sem reknar eru eða styrktar af ríkinu. Atvinnudeild háskólans, Rannsóknarráð ríkisins. Önnur mál, er varða vísindi og listir. Barnaverndarmál. Skemmtanaskattur. Félagsheimilasjóður. Íþróttamál. Bókasöfn og lestrarfélög. Iðju- og iðnaðarmál, þar undir Iðnaðarbanki Íslands, Iðnaðarmálastofnun Íslands, útflutningur iðnaðarvara, sementsverksmiðja ríkisins. Landssmiðjan, iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög, öryggiseftirlit. Einkaleyfi. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Efnahagssamvinnan (OEEC), alþjóðafjár-
málastofnanir og erlend tæknaístoð.

V. Ráðherra Hannibal Valdimarsson. Undir hann heyra félagsmál, þau, sem eigi eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, atvinnubótamál, atvinnuleysis-
tryggingar, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Barnaheimili. Fé-
lagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúk-
linga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkra-
sjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðarsjóðir
og aðrir tryggingasjóðir, nema sérstaklega séu undan teknir. Húsnæðismál, þar
undir byggingafélög. Mælitækja- og vogaráhaldamál. Heilbrigðismál, þar undir
sjúkrahús og heilsuhæli. Verðlagsmál. Stýrimannaskólinn. Matsveina- og veit-
ingabjónaskólinn. Verzlunarnám.

VI. Ráðherra Lúðvík Jósepsson. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, þar undir
Fiskifélagið, Fiskimálasjóður og Fiskveiðasjóður Íslands, síldarútvegsmál (síld-
arverksmiðjur og síldarútvegsnefnd), sjávarvöruíðnaður og útflutningur sjá-
varafurða. Almenn siglingamál, þar undir atvinna við siglingar. Skipaskoðun
ríkisins, Eimskipafélag Íslands h.f. Önnur atvinnumál, sem ekki eru sérstak-
lega í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum. Viðskiptamál, sem ekki eru
í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir útflutningsverzlun og
gjaldeyrismál. Innkaupastofnun ríkisins.

Skipun og starfsemi nefndar, er geri tillögur um öflun nýrra atvinnutækja og
dreifingu þeirra um landið, svo og öflun atvinnutækjanna, heyrir undir ríkisstjórn-
ina sameiginlega.

Bankamál heyra undir ríkisstjórnina sameiginlega að því leyti, sem einstakir
bankar heyra ekki samkvæmt úrskurði þessum undir einstaka ráðherra.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni.
Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 11. sept. 1953,
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., og breyting á þeim úrskurði frá 2. júlí
1954.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 24. júlí 1956.

Hermann Jónasson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

67

3. ágúst

um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 24. júlí 1956,
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag fallizt á að gera þá breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 24. júlí 1956, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að í forföllum Guðmundar Í. Guðmundssonar, ráðherra, fer Emil Jónsson, ráðherra, með þau mál, sem Guðmundi Í. Guðmundssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 3. ágúst 1956.

Hermann Jónasson.

Birgir Thorlacius.

L Ö G

68

17. ágúst

um tollheimtu og tolleftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 24. gr. laga nr. 47 7. apríl 1956, um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og lögum nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyting á þeim lögum, hef ákveðið að fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyting á lögum nr. 63 frá 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 63 frá 1937 og gefa þau út svo breytt:

I. KAFLI

Um tollstjórn.

1. gr.

Yfirstjórn tollmála hefur fjármálaráðherra. Sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og sérstakir lögreglustjórar í kaптúnunum eru tollstjórar í umdæmum sínum, hvers um sig. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri.

2. gr.

Sérstakir tollgæzlumenn eru tollstjórum til aðstoðar, eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð. Með reglugerð skulu og sett fyrirmæli um störf, starfssvið og stjórn tollgæzlumanna. Þeim skal gefið erindisbréf og nákvæmar reglur til að fara eftir í starfi sínu.

3. gr.

Á höfnum, þar sem ekki er tollstjóri, en fjármálaráðuneytið telur nauðsyn á að hafa tollheimtu og tolleftirlit, skal tollstjóri í því umdæmi, sem höfnin er, hafa umboðsmann. Ráðuneytið gerir skrá um það, hvar tollstjórar hafa aðsetur og á hvaða höfnum þeir hafa umboðsmenn, og birtir skrána í Lögbirtingablaðinu

68 og B-deild Stjórnartíðindanna. Verði breytingar á skránni, auglýsir ráðuneytið 17. ágúst það á sama hátt.

Þegar talað er um höfn í lögum þessum, er átt við tollhöfn, þ. e. höfn, þar sem tollstjóri er eða umboðsmaður tollstjóra.

4. gr.

Tolleftirlitsmenn samkvæmt lögum þessum eru tollstjórar, umboðsmenn þeirra og sérstakir tollgæzlumenn, en til þeirra teljast, auk tollvarða í föstu starfi, menn, sem fjármálaráðuneytið eða tollstjórar ráða til tollgæzlu um stundarsakir eða við sérstök tilefni.

Þegar tollgæzlumenn eru að störfum, skulu þeir vera einkennisklæddir eða hafa í vörzlum sínum og framvísa, ef með þarf, einkennismerki, sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina: Tollmerki Íslands. Rétt er og, að farartæki tolleftirlitsmanna hafi tollgæzlufánann, sem samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn, klofinn að framan, með stóru téi (T) í efri stangarreit fánans.

Komi tolleftirlitsmenn fram í einkennisbúningi sínum eða hafi þeir framvísað framangreindu einkennismerki eða dregið tollfánann við hún, hafa þeir á fullnægjandi hátt gefið til kynna, að þeir séu réttir tolleftirlitsmenn að starfi.

Skýlt er mönnum að verða við kvaðningu tolleftirlitsmanns um aðstoð við tollgæzlu á sama hátt og segir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951.

5. gr.

Frá 1. janúar 1957 skal leggja í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli, um leið og þeir eru innheimtir samkvæmt tollskrá, og viðaukum við þá, svo og öðrum aðflutningsgjöldum, þó eigi söluskatti né framleiðslusjóðsgjaldi samkvæmt 13. gr. laga nr. 4 frá 1956. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu og/eða kaupa á fasteignum í sama skyni. Ríkisstjórnin úrskurðar um það, hvar og hvenær byggja skuli eða kaupa.

II. KAFLI

Um tolleftirlit.

6. gr.

Ekkert aðkomuskip má, nema tilneytt sé, hleypa mönnum eða farangri á land, né hafa annað samband við land eða landsbúa, annars staðar en á höfnum og ekki fyrr en að fengnu leyfi tolleftirlitsmanns.

Skipstjóra aðkomuskipis, sem er innan landhelginnar, ber að sigla skipi sínu til ákvörðunarstaðar eins beina leið og eins hraðfara og ástæður leyfa.

Þá er tollstjórninni heimilt, ef henni þykir ástæða til, að mæla svo fyrir, að skip megi ekki liggja eða hafast að utan hafna innan landhelginnar.

Þegar talað er um skip í lögum þessum, er átt við sérhvert fljótandi far, en með aðkomuskipi er átt við sérhvert skip, sem kemur frá útlöndum, unz það hefur fengið fyrstu afgreiðslu og samskiptaleyfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Í þessu sambandi jafngildir það komu frá útlöndum, ef skip hefur haft samband við annað farartæki, sem ekki hefur fengið samskiptaleyfi, eða látið hefur úr seinustu höfn hérlendis á leið til útlanda. Samskiptaleyfi (tollafgreiðsluskírteini) skal vera skriflegt. Í reglugerð skal nánar kveðið á um gerð þess. Með skip, sem kemur úr utanlandssiglingum og ekki getur sýnt tollafgreiðsluskírteini frá viðurkenndri tollafgreiðsluhöfn, sbr. 8. gr., skal að öllu leyti farið sem um aðkomuskip væri að ræða.

Ákvæði laga þessara um skip og hafnir skulu, eftir því sem við á, gilda um 68 flugför og flugvelli. Flugfar tákna í lögum þessum loftskip, flugvélar og önnur 17. ágúst flugtæki.

7. gr.

Íslenzk skip mega ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan, taka við mönnum, vörum eða öðrum farangri úr aðkomuskipum, hleypa mönnum út í slík skip né hafa önnur mök við þau eða menn úr þeim, nema tilneydd séu.

8. gr.

Ákveða má með reglugerð, að öll skip skuli á leið frá útlöndum eða áður en lagt er af stað til útlanda, nema tilneydd séu, koma á tilteknar hafnir til að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Nefnast þær hafnir tollafgreiðsluhafnir. Setja má það skilyrði um tilteknar tollafgreiðsluhafnir, að skip fái þar því aðeins fyrstu afgreiðslu, að koma þeirra þangað hafi áður verið tilkynnt með ákveðnum fyrirvara. Ráðuneytið getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað skipi að fá fyrstu afgreiðslu utan tollafgreiðsluhafnar, en skylt skal skipi þá að greiða kostnað, sem af því leiðir. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni allt að 200 000 krónum.

9. gr.

Öll skip eru háð tolleftirliti, hvort sem þau eru á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, en landhelgi telst samkvæmt lögum þessum 4 sjómíllur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólum, er upp úr sjó koma. Firðir og víkur teljast í landhelgi 4 sjómíllur til hafs frá línu, sem dregin er þar, sem 12 sjómíllur verða milli nesja, næst fjarðarmynni.

10. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að stöðva skip á höfnum inni og utan hafna innan landhelginnar til rannsóknar, og þegar tolleftirlitsmenn gefa til kynna, að þeir vilji hafa samband við skip, er skipstjóra skylt að hægja ferð skipsins eða stöðva það, til þess að slíkt samband geti átt sér stað.

Ef tolleftirlitsmenn óska eftir því að komast á skipsfjöl eða frá borði, er skipstjóra skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

11. gr.

Við rannsókn eða afgreiðslu er tolleftirlitsmönnum heimilt að leita alls staðar í skipi, í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tolleftirlitsmönnum þykir ástæða til að ætla, að leyfi á sér vörum eða hlutum til að skjóta undan rannsókn, tollgreiðslu, eða bannað er að flytja í land eða úr landi.

Meðan stendur á afgreiðslu skips, er tolleftirlitsmönnum heimilt að mæla svo fyrir, að enginn megi hvorki koma á skipsfjöl né fara frá borði, meðan á rannsókn eða afgreiðslu stendur, nema leyfi tolleftirlitsmanna komi til. Svo er tolleftirlitsmönnum og heimilt að banna skipstjóra að leggja skipi að bryggju eða öðru hafnarvirki fyrr en þeir segja til, að það megi.

12. gr.

Þegar tolleftirlitsmenn eru að rannsókn eða afgreiðslu í skipi, er skipstjóra skylt að veita þeim alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að rannsókn gangi sem greiðast og án tafar og tálmana, svo og að gefa þeim upplýsingar um farmrúm, geymslurúm, farrúm, vistarverur skipverja, kjölfesturúm og aðra staði í skipi, og um farþega, skipshöfn og annað það, sem tolleftirlitsmönnum er nauðsynlegt að vita vegna rannsókna eða starfa sinna í skipi.

68

17. ágúst

13. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla eða setja lás fyrir farmrúm, vista-geymslur og aðra staði í skipi eftir því, sem þeim þykir nauðsyn til bera. Skyllt er skipstjóra að veita toleftirlitsmönnum aðstoð, ef þeir óska eftir henni, við innsíglun eða lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem þessar ráðstafanir mundu ekki koma að haldi.

Innsigli eða læsingar, sem toleftirlitsmenn setja fyrir lestar eða aðra staði í skipi, má enginn nema toleftirlitsmaður opna eða rjúfa meðan skip er hér við land. Skipstjóri eða sá, sem kemur í hans stað, ber ábyrgð á brotum gegn þessu ákvæði.

Hafi tollgæzlumenn ákveðið að innsigla farmrúm eða aðra staði í skipi, en eigi eru á því tók vegna umbúnaðar skips eða skipstjóri telur slíkt ekki óhætt vegna öryggis skips eða farms, ber skipi að kosta þá tollgæzlu um borð, sem af því leiðir, að framangreindum öryggisráðstöfunum verður ekki við komið.

14. gr.

Þegar aðkomuskip hafnar sig í íslenskum höfnum, skulu tollafgreiðslumenn annast afgreiðslu þess, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum og öðrum lögum, sem í gildi eru og til greina geta komið. Kostnaður við flutning toleftirlitsmanna út í skip og í land við komu skips og brottför skal greiddur af skipinu. Kostnaðinn má innheimta með lögtaki og hefur hann lögveð í skipinu.

Skip, sem koma frá innanlandshöfnum eða af fiskveiðum, skulu, ef toleftirlitsmenn telja þess þörf, háð sömu reglum og aðkomuskip, og skulu þá toleftirlitsmenn, þegar þeir koma á skipsfjöl, tilkynna skipstjóra eða þeim, sem þar er í hans stað, að framkvæma eigi eftirlit á sama hátt og með aðkomuskipum.

Ákveða skal í reglugerð, hvenær hin ýmsu störf tollgæzlunnar skulu unnin án endurgjalds, svo og um greiðslu fyrir störf, sem unnin eru á öðrum tímum.

15. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að afkvía skip, sem lagzt er að bryggju, eða öðru hafnarvirki, og banna mönnum að koma úr landi á skipsfjöl, þar til afgreiðslu er lokið, svo og að mæla svo fyrir, að farþegar og aðrir megi aðeins fara frá borði á tilteknum stað á skipinu. Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvöld, að fering eða afferming skips skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

16. gr.

Skipstjóra ber að láta toleftirlitsmönnum í té tollskjöl og önnur afgreiðsluskjöl, sem skipið hefur fengið á síðustu höfn, er það hefur fengið afgreiðslu á, hvort sem sú höfn hefur verið erlendis eða hér á landi, svo og farmskrár, farmskrárútdrætti, farmskirteini og önnur skjöl varðandi vörur í skipi. Séu skjöl þessi ekki afhent eða þau eru ófullnægjandi, má synja um leyfi til að ferma eða afferma skipið, unz úr þessu hefur verið bætt.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt, þegar þeir hafa lokið við að afgreiða skip, að taka í sínar vörzlur, þegar þess er þörf, þjóðernisskirteini skipsins, svo og skips-hafnarskrána, ef um veiðiskip er að ræða, og önnur skjöl, eftir því sem við á. Varðveita toleftirlitsmenn síðan skjöl þessi. En er skipið hefur lokið erindum sínum, greitt öll lögboðin gjöld og uppfyllt aðrar skyldur, er lög þjóða, afhenda toleftirlitsmenn skipstjóra aftur skjöl þessi.

17. gr.

68

Heimilt er að setja tollvörð í hvert það skip, sem þörf telst á að hafa tollvörð í, svo og að láta tolleftirlitsmenn fara með skipum hafna á milli til eftirlits, og ber í þeim tilfellum skipstjóra fyrir skipsins hönd ávallt að sjá tolleftirlitsmönnum endurgjaldslaust fyrir fæði á skipinu og fari með því, eftir því sem hæfa þykir fyrir opinbera starfsmenn, sem ferðast í starfserindum.

18. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og aðra hluti, hverjir sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem það er flutt sem vörur á farmskrá, póstflutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að krefjast þess, að þetta sé allt flutt í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt, og framvísað þar til skoðunar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Á þeim stöðum, þar sem ekki eru tolleftirlitsmenn, eða þeir geta ekki annað skoðun á böggulsendingum í pósti, má láta póstafgreiðslumenn annast hana, eftir því sem nauðsyn kynni að krefja.

Setja má með reglugerð ákvæði um, að póstbögglar skuli senda frá útlöndum aðeins til tiltekinnna póststöðva hér á landi, enda sé erlendum póststjórnnum send tilkynning um það með hæfilegum fyrirvara.

19. gr.

Auk þess, sem tolleftirlitsmönnum er heimilt að leita alls staðar í skipum, er þeim og heimilt að leita að tollsvikum vörum í geymsluhúsum, bifreiðum, vögnum og öðrum flutningstækjum, og er stjórnendum farartækjanna skylt að nema staðar, þegar tolleftirlitsmenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tolleftirlitsmönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á til þess, að rannsókn geti gengið sem greiðast og án tafa og tálmana.

20. gr.

Tollstjóri hefur vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæður þykja til að ætla að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, þá hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu, eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum, um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkningarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

68

17. ágúst

21. gr.

Nú er varðskipi eða flugbát falið, í erindisbréfi foringja eða formanns þeirra, að aðstoða tollgæzluna við tolleftirlit, og hafa þá foringi eða formaður og skipverjar þeirra sömu réttindi í því starfi og tolleftirlitsmönnum eru veitt í lögum þessum.

III. KAFLI

Um aðflutning.

22. gr.

Öll skip og önnur farartæki, sem flytja hingað til lands vörur, sem á að setja á land eða umskipa eða flytja í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, skulu hafa meðferðis vöruskrá eða farmskrá (manifest) yfir vörur þessar. Ónauðsynlegt er þó, að settar séu á farmskrá eða vöruskrá þessa vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu á því, venjulegur farangur ferðamanna og skipverja.

Allir, sem hafa meðferðis vörur eða farangur, sem ekki er nauðsynlegt að skráður sé á farmskrána eða vöruskrána, skulu ótilkvaddir framvísa slíkum vörum eða farangri fyrir tolleftirlitsmönnum, og má enginn án leyfis tolleftirlitsmanna flytja í land farangur eða vörur, sem ekki er nauðsynlegt að skráðar séu á farmskrána eða vöruskrána, og skulu þeir aðstoða tolleftirlitsmenn eftir þörfum við skoðun slíkra vara eða farangurs. Nánari ákvæði um framvísun vara og skýrslu um skipsforða og farangur má setja í reglugerð, svo og um það, hvað telja beri hæfilegan skipsforða og hvað venjulegan farangur ferðamanna.

Allar vörur, sem ætlaðar eru skipi, farþegum eða skipverjum til neyzlu í því og ekki verða taldar hæfilegur skipsforði, skulu tolleftirlitsmenn setja undir innsigli.

Heimilt er tolleftirlitsmönnum að skrá og merkja muni, sem hafðir eru um borð í íslenzku skipi, hvort sem um er að ræða skipsbúnað eða einkaeign skipverja. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr skipi, nema gerð sé grein fyrir, að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr skipi erlendis.

Aldrei má gefa eða selja í land af skipsforða, nema tollar séu greiddir af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning, sem lög hafa að geyma.

23. gr.

Farmskrá skal frá hverju landi vera samin í minnst 3 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni, yfir vörur, sem eiga að fara á hverja einstaka höfn.

Aðalfarmskrá og útdrættir skulu vélritaðir eða greinilega skrifaðir, svo að auðvelt sé að lesa þá. Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer hverrar vörusendingar, sendandi og viðtakandi, heiti og þungi hverrar vörutegundar, eða ef um trjávið er að ræða, rúmmál, svo og flutningsgjald. Vörusendingar skulu á skrá og útdráttum tilfærðar í óslitinni töluröð.

Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar hafnar, þar sem þær eiga að flytjast úr skipinu, sem flutti þær hingað til lands.

Afgreiðslumenn þeirra skipa, sem eiga að flytja tollskyldar vörur hingað til lands, og skipstjórar þeirra skipa skulu á síðasta brottfararstað skipsins frá hverju landi, þegar skipið hefur tekið allar vörur, sem það á að taka, undirrita tvö samritin af aðalfarmskránni, sem afhenda ber samkvæmt 24. gr., svo og vottorð ritað á skránnar um það, að skipið hafi ekki frá hinni tilteknu höfn eða landi tekið aðrar eða meiri vörur til Íslands en þær, sem tilfærðar séu á aðalfarmskránni, að

undanteknum þeim, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu á skipinu.

68
17. ágúst

24. gr.

Á fyrstu höfn, sem skip, er hefur meðferðis vörur, er setja á í land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans þrjú samrit af aðalfarmskrá, ásamt vottorði um það, að skipið hafi ekki, síðan það lagði úr tiltekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr skipum eða öðrum farartækjum á leiðinni og að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskrá, og þær, sem hann samstundis lýsir skriflega yfir, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því.

Tolleftirlitsmenn á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi, skulu gæta þess, hvort farmskrár séu samdar og útbúnar í fyrirskipuðu formi, svo og hvort skipstjóri hafi meðferðis alla útdrætti, sem afhenda ber á hverri einstakri höfn, sem skipið samkvæmt aðalfarmskrá á að flytja vörur til, og enn fremur hvort útdrættirnir séu samhljóða aðalfarmskrá. Eitt samrit af aðalfarmskránni ber tollstjóra eða umboðsmanni hans síðan að senda endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins með fyrstu ferð, en öðru heldur hann sjálfur eða ráðstafar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins.

Þriðja eintak aðalfarmskrár skal toleftirlitsmaður afhenda aftur skipstjóra, sem ber að skila því tollstjóra eða umboðsmanni hans á síðustu höfn hér á landi, sem skipið flytur vörur til. Sá tollstjóri eða umboðsmaður ráðstafar síðan því eintaki samkvæmt fyrirskipun, sem fjármálaráðuneytið hefur gefið um það.

Tolleftirlitsmenn skulu jafnan, hvort sem skip er í höfn eða utan hafna innan landhelgi, hafa aðgang að farmskrám og útdráttum, sem eru í skipi.

Á hverri höfn, sem skip hafnar sig hér á landi til þess að setja tollskyldar vörur á land, ber skipstjóra að afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans útdrátt úr aðalfarmskrá yfir vörur þær, sem eiga að fara til þess staðar, og vottorð um það, að á þeim stað verði ekki látnar í land aðrar eða meiri tollskyldar vörur en þær, sem á útdrættinum eru. Útdrættir þessir og vottorð skulu síðan fylgja tollreikningnum frá hverjum tollstjóra.

Eigi má byrja að afferma skip nema með leyfi toleftirlitsmanns, en slíkt leyfi má ekki veita fyrr en skipstjóri hefur afhent öll framangreind skjöl.

Eftir því, sem nánara verður ákveðið í reglugerð, skal rita á aðalfarmskrá, sem fylgir skipinu, það, sem affermt er á hverri höfn, og þegar affermingu er lokið á síðustu höfn, sem skipið flytur vörur til, vottorð um það, að allt, sem á aðalfarmskrá er talið, sé affermt, eins og áritanir á skrána beri með sér.

Að lokinni affermingu á hverri höfn skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt, ef toleftirlitsmenn krefjast þess, að láta þeim í té nákvæmar skrár um talningu á vörum þeim, sem losaðar hafa verið úr skipinu á þeirri höfn.

25. gr.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra eða umboðsmanni hans, þar sem vöru, samkvæmt aðalfarmskrá skipsins, á að flytja úr skipinu, sem flutti vöruna hingað til lands, nema svo standi á, sem segir þegar hér á eftir.

Ef viðtakandi vöru er ekki á þeim stað, þar sem vara er flutt úr skipi, og vöruna á að senda áfram til annarrar tollhafnar, þá skal afgreiðslumaður skips þess, sem vöruna flutti frá útlöndum, eða ef hann er enginn á staðnum, skipstjóri, afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans, þar sem vara er flutt úr skipi, áður en hann sendir vöruna áfram til viðtakanda, eintak af farmskírteini því, sem varan er send með áfram, eða eftirrit af því. Farmskírteini þetta sendir tollstjóri eða

68 umboðsmaður hans svo til tollstjóra eða umboðsmanns hans á ákvörðunarstað 17. ágúst vörunnar um leið og varan er send, með tilkynningu um það, að aðflutningsgjöld séu ógreidd af vörunni, og eftir atvikum, að ekki sé fullnægt þeim skilyrðum, sem lög setja fyrir innflutningi vörunnar. Tollstjóra eða umboðsmanni hans á ákvörðunarstað ber síðan að innheimta og gera ríkissjóði skil fyrir aðflutningsgjöldum af vöru þessari á sömu leið og varan hefði verið innflutt beint frá útlöndum þangað og gæta þess, að lögmætum skilyrðum fyrir innflutningi vörunnar sé fullnægt.

Enn fremur skal afgreiðslumaður sá, sem vöruna sendir áfram, eða skipstjóri, senda með vörunni til afgreiðslumanns skipsins á ákvörðunarstað vörunnar, eða ef hann er enginn þar, afhenda skipstjóra eintak af farmskírteini yfir vöruna, eða eftirrit af því, með áritun um það, að ekki megi afhenda viðtakanda eða öðrum vöruna, nema með leyfi tollstjóra eða umboðsmanns hans á ákvörðunarstað vörunnar.

Fyrirskipa skal sérstök eyðublöð undir bréf þau, sem tollstjórar á sendingarstað og ákvörðunarstað vara senda á milli sín samkvæmt framangreindum ákvæðum, svo og sérstök eyðublöð fyrir farmskírteini, sem gefin verða út fyrir vörum, sem sendar verða milli innanlandshafna, eins og gert er ráð fyrir hér á undan.

Ákveða má í reglugerð, að flutning á ótollaafgreiddum vörum samkvæmt þessari grein megi aðeins fela þeim, sem fengið hafa leyfi ráðuneytisins til að annast slíka flutninga. Leyfi má binda nauðsynlegum skilyrðum til, að tryggt sé eftirlit með flutningi. Ráðuneytið setur að öðru leyti reglur um flutning ótollaafgreiddrar vöru innanlands og má þar m. a. mæla fyrir um umbúnað og gerð farartækja, sem notuð eru til slíkra flutninga.

26. gr.

Aðflutningsgjöld, sem miðuð eru við vörumagn, skulu ákveðin eftir vegnu eða mældu vörumagni, eða eftir því, sem farmskrá eða farmskírteini segja til um vörumagnið.

Viðtakendur eru skyldir að leggja fram fyrir toleftirlitsmenn farmskírteini, innkaupsreikning og önnur skjöl, sem við koma innfluttri vöru og toleftirlitsmenn þurfa að nota vegna starfa sinna.

27. gr.

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga þegar skip það, er vörunar flytur, hefur hafnað sig þar, sem gjöldin eiga að greiðast. Ákveða má í reglugerð um meðferð á vörum, sem tollur er þannig fallinn á.

Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum, sem skráðar eru í sama farmskránuméri.

28. gr.

Hinar aðflutningsgjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjaldi, sektum og málskostnaði, og hefur eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim fyrr en búið er að greiða gjöld þessi, sektir og málskostnað. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörunar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu skil ekki gerð, hefur tollstjóri eða umboðsmaður hans vald til að selja vörunar, án undanfarins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi, sektum og kostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollstjóri eða umboðsmaður hans krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til þeirrar vöru, sem gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, sektum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um gjaldskylda vöru. Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollaafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

29. gr.

Nú vill svo til, að aðflutningsgjaldskyld vara hefur ónýtt á leið hingað til lands, eða við uppskipun, og skal þá ekki greiða aðflutningsgjöld af henni, ef viðtakandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði tolleftirlitsmanns, að farmskrá skips telji meira en viðtakandi fær, enda skal jafnan kveðja tolleftirlitsmenn til, þegar það kemur í ljós, að vara hefur ónýtt á leið hingað til lands eða við uppskipun.

Séu seldar á uppboði sjóskemmdar vörur, sem vörumagnstollur hvílir á, skal greiða þann toll fyrir fram af uppboðsandvirðinu, og fáist ekki svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið allt í ríkissjóð, að kostnaði fráðregnum. Séu hins vegar seldar á uppboði sjóskemmdar vörur, sem verðtollur hvílir á, telst söluverðið sannvirði, og greiðist verðtollurinn af uppboðsandvirðinu, með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði.

30. gr.

Ef vara, sem aðflutningsgjöld hafa verið greidd af, er endursend aftur ónotuð í því ástandi, er hún var í, þegar hún var flutt hingað til lands, getur sá, er endursendi vöruna, fengið skirteini þar að lútandi hjá tollstjóra, sem innheimt hefur aðflutningsgjöld af vörunni. Ef hann síðar skilar því skirteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skirteininu, sé þangað innflutt, endurgreiðir fjármálaráðuneytið honum aðflutningsgjöldin, að 2% fráðregnum.

Þó skal ekki endurgreiða aðflutningsgjöld, ef lengri tími en eitt ár liður frá því, að varan var flutt hingað til lands, þar til hún var endursend úr landinu aftur.

Af pósthöggjum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert aðflutningsgjald greiða.

Nú er vara, sem hefur ekki verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundizt að eða neitað hefur verið viðtöku á, endursend innan árs frá því hún var flutt hingað til lands, og endursending vörunnar fer fram undir umsjón tolleftirlitsmanns, sem gefur út skirteini þar að lútandi, sem fylgir síðan vörunni til útlanda, þá skal ekki heimta af henni aðflutningsgjöld, ef sá, sem endursendir vöruna, afhendir framangreint skirteini tolleftirlitsmanni þeim, er gaf það út, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem í skirteininu greinir, sé þangað innflutt. Skal skirteinið svo fylgja tollreikningum. Nú afhendir sá, sem endursendir vöruna, ekki tolleftirlitsmanni innan hæfilegs tíma skirteinið, svo útbúið sem að framan greinir, og ber endursendanda þá að greiða aðflutningsgjöld af vörunni, enda ber tolleftirlitsmanni að ákveða þau áður en varan er flutt út.

IV. KAFLI

Um afgreiðslur o. fl.

31. gr.

Þar sem tollgæzlan hefur umráð vörugeymsluhúsa, geta tolleftirlitsmenn jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar þangað beint úr skipi til geymslu og tollafgreiðslu.

Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu varanna. Einnig má þar setja ákvæði, er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

32. gr.

Afgreiðslumenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli hafna innanlands, skulu hafa til umráða næga geymslustaði fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi. Vörur, sem fluttar

68 eru í lokuðum umbúðum eða af öðrum ástæðum, þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, skulu fluttar beint úr flutningstækjum í sérstök vörugeymsluhús, sem ráðuneytið hefur viðurkennt til þeirra nota í samráði við viðkomandi tollstjóra. Slíkar geymslur má, er þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar. Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um vörugeymslur og vörzlur ótollafgreidds varnings. Má þar ákveða viðurlög við því, ef afgreiðslumenn eða aðrir óhlýðnast fyrirmælum tollstjóra um vörzlu og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Afgreiðslumönnum ber að leggja toleftirlitsmönnum til aðgreint rúm í vörugeymsluhúsum sínum til rannsóknar á vörum.

33. gr.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur eða vörur, sem bundnar eru skilyrðum um innflutning, nema með samþykki tollstjóra eða umboðsmanns hans.

V. KAFLI

Um útflutning.

34. gr.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda, skulu útflytjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu yfir hina útfluttu vöru, svo og samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteini, er út hefur verið gefið fyrir vörunni. Skýrslur þessar skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað. Vottorð lögskipaðra matsmanna um vöruna skulu þó yfirleitt látnar nægja, enda er matsmönnum skylt að gefa toleftirlitsmönnum þær upplýsingar um vörunar, sem þeir óska eftir. Skýrslur þar þó ekki að gefa um vörur, sem skip tekur héðan úr landi og ætlaðar eru útflutningsskipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, venjulegan farangur skipverja og ferðamanna, nema þegar toleftirlitsmenn óska eftir því, að slíkum vörum skuli framvísað, eða ákveðið verður í reglugerð, að jafnan skuli gefa skýrslur um slíkan flutning.

Skýrslu um afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða, ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla á erlendan markað, þegar það næst leitar hafnar hér á landi. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað, þar sem það er skrásett, ber að senda skýrslu þess tollstjóra þeim, þar sem skipið er skrásett að eiga heima.

Útflytjendur eru skyldir til að leggja fram fyrir toleftirlitsmenn farmskírteini og önnur skjöl og skilríki um útflutningsvörur, sem toleftirlitsmenn þurfa að sjá vegna eftirlits og starfa sinna.

35. gr.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa skulu gera farmskrá yfir allar þær vörur, sem skip tekur til útflutnings á hverri höfn, og afhenda þær í tveim samritum, áður en skip leggur úr höfn, toleftirlitsmanni, og skulu á farmskránni standa tala, magn, tegund og merki varanna, nöfn sendanda og móttakanda, svo og flutningsgjald. Farmskrár skulu vélritaðar eða greinilega skrifaðar, og skulu vörusendingar tilfærðar á skrá in í óslitinni töluröð.

Samrit af öllum farmskrám yfir vörur, sem skip tekur á hverri höfn, skulu vera í skipi þar til skipið leggur úr síðustu höfn hér á landi, en þá skal skipstjóri eða afgreiðslumaður skips hefta samritin saman og vottorð, útbúið á þann hátt,

er getur í 155. gr. hegningarlaganna, um það, að skipið hafi ekki tekið og taki ekki hér á landi aðrar eða meiri útflutningsvörur en þær, sem tilfærðar séu á viðfestum samritum af farmskrám, og afhenda síðan tolleftirlitsmanni aðalfarmskrá þessa. Tolleftirlitsmaður ráðstafar síðan aðalfarmskránni, samkvæmt fyrirskipun, sem fjármálaráðuneytið hefur gefið um það.

Ónauðsynlegt er, að settar séu á útflutningsfarmskrá vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, og venjulegur farangur ferðamanna og skipverja.

Vörur skulu settar á farmskrá frá þeirri höfn, þar sem þær fara um borð í skipið, sem flytur þær til útlanda.

36. gr.

Skýrslur þær, sem um ræðir í 34. gr., skal afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, þar sem varan fer um borð í skipið, sem flytur vöruna til útlanda. Heimilt er þó, ef vörur eru fluttar milli hafna til umskipunar í útflutningsskip, að afhenda útflutningsskýrslur og greiða útflutningsgjöld tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, þar sem varan fer um borð í skipið, sem flytur vöruna til þeirrar hafnar, þar sem umskipunin á að eiga sér stað og varan á að koma á farmskrá, en vöru þessari ber að fylgja vottorð frá tollstjóra þeim eða umboðsmanni hans, sem skýrslur voru afhentar og útflutningsgjöld greidd til, um að fullnægt sé þeim fyrirmælum, sem lög áskilja fyrir því, að flytja megi vöru til útlanda.

VI. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög.

37. gr.

Brot gegn 6., 7., 10. og 13. gr. laga þessara varða sektum, svo og fangelsi, ef brot er ítrekað, nema brotið sé svo vaxið, að þyngri refsing liggji við því samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum.

Brot gegn 2. mgr. 11. gr., 12., 15., 16., 17. og 19. gr. varða sektum, ef brotið er ekki svo vaxið, að þyngri refsing liggji við því.

38. gr.

Nú verður maður uppvis að því að hafa vanrækt að skýra tolleftirlitsmanni frá vörum, sem hann hefur innflutt, haft meðferðis eða tekið við, eða að hafa sagt ranglega til um vörur, og skal hann þá sæta sektum, ekki lægri en 500 kr. og allt að 200 000 krónum, svo og fangelsi, ef mjög miklar sakir eru eða ef brot er margítrekað.

Það varðar sektum að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr skipi skipsforða eða aðra muni eða varning, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í skipi, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt. Enn fremur skulu sæta sömu viðurlögum þeir, sem veita viðtöku slíkum varningi til brottflutnings úr skipi eða aðstoða við flutning hans af skipsfjöli.

Það varðar sektum eða varðhaldi eða hvoru tveggja að eiga kaup eða skipti um vörur, sem hermenn, sem tilheyra herflokkum eða herskipum, sem hér eru, bjóða fram eða þeir hafa undir höndum, og að taka við slíkum vörum að gjöf frá þeim, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur fyrir þá, enda liggja ekki fyrir, er viðskiptin fara fram eða gjöfin þegin, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og fullnægt hafi verið öðrum almennum innflutningsskilyrðum.

68 Enn fremur er jafnan heimilt að gera upptækar vörur eða andvirði vara, sem undan hefur verið skotið, rangt sagt til um eða ólöglega með farið samkvæmt 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í 1., 2. og 3. mgr., skal sá, er þrisvar hefur gerzt sekur um þar nefnd brot, sviptur leyfi til verzlunar um ákveðinn tíma eða fyrir fullt og allt.

39. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum, fjárframlögum, heitum eða ráðum, að vörur séu ólöglega innfluttar eða tollsviknar, eða sá, sem fær annan til þess að flytja ólöglega inn fyrir sig vörur eða tollsvikja þær, enda þótt þessir menn verði ekki álitnir aðalmenn í verknáðinum sjálfum, skulu sæta sektum, svo og fangelsi, ef sakir eru miklar eða ef brot er margítrekað.

Sömu refsingu skulu þeir sæta, sem aðstoða þá, sem hafa ólöglega innflutt vöru eða tollsvikið hana, við að selja hana, svo og þeir, sem kaupa vörur, sem þeir vita, að eru ólöglega innfluttar, eða mega vita það, eftir öllum atvikum að dæma.

Enn fremur er heimilt að svipta þá menn, sem sekir verða eftir þessari grein, leyfi til verzlunar um ákveðinn tíma, eða fyrir fullt og allt, ef brot er margítrekað.

40. gr.

Það varðar sektum, ef vanrækt er að afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslur þær, sem um ræðir í 34. gr.

Ef slíkar skýrslur eru gerðar rangar, varðar það sektum eða fangelsi, eða hvoru tveggja, ef sakir eru miklar. Sömu refsingu sætir sá, sem hefur eða hefði hagnað af rangri skýrslugerð og hin ranga skýrsla er gefin með hans vitund, enda liggja ekki við brotum þessum þyngri refsing samkvæmt hegningarlögunum eða öðrum lögum.

41. gr.

Ef nokkur tregðast við að gefa vottorð þau, sem um ræðir í 20. gr. laga þessara, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og má tollstjóri ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda. Aðför má gera í eignum sökunauta fyrir sektum samkvæmt grein þessari.

42. gr.

Það varðar skipstjóra eða útgerðarmann sektum allt að 200 000 krónum, ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er samkvæmt 22. gr., eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tolleftirlitsmanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum. Ef svo stendur á eða skrá er áfátt, getur tolleftirlitsmaður og krafizt þess, að skipstjóri eða afgreiðslumaður skips riti upp farmskrár og útdrætti, og ef hann telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipi eða látið rannsaka skipsfarm á kostnað skipseiganda. Annars má tolleftirlitsmaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta telja vörur úr eða í skip eða rannsaka skipsfarm, en ekki ber skipseigandi kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talningu eða rannsókn.

43. gr.

Sé afferming byrjuð án leyfis tolleftirlitsmanns, varðar það skipstjóra sektum.

44. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 menn í stjórn útflutningssjóðs og jafnmarga til vara. Skal einn stjórnarmaður skipaður eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, annar eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna og þrír án tilnefningar. Sömu reglum skal fylgt um skipun varamanna. Ríkisstjórnin skipar formann sjóðsstjórnar.

Kostnað við stjórn og rekstur sjóðsins svo og annan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, skal greiða af fé sjóðsins.

II. KAFLI

3. gr.

Fé útflutningssjóðs skal varið til að verðbæta útflutningsafurðir og styðja útflutningsatvinnuvegi landsmanna á þann hátt, er greinir í 4. til 13. gr. laga þessara.

86

22. des.

4. gr.

Fastar daggreiðslur til togara, sem byggðir eru eftir 1946, skulu vera fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið til veiða, sem hér segir:

1. Á saltfiskveiðum kr. 6000.00 á dag.
2. Á ísfiskveiðum fyrir innanlandsmarkað kr. 5000.00 á dag.
3. Á ísfiskveiðum þegar landað er erlendis kr. 4000.00 á dag.

Þessu til viðbótar skal greiða togurum þeim, sem komu til landsins eftir 1949, kr. 600.00 fyrir hvern dag, sem skipinu er haldið til veiða.

5. gr.

Veita skal eins árs greiðslufrest á afborgun lána, er stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands hefur veitt til kaupa á togurum, og lánstíminn lengjast samkvæmt því. Fresturinn telst frá gjalddaga hverrar afborgunar, einnig þó að um áfallnar, en ógreiddar afborganir lána þessara sé að ræða.

Sama gildir um afborganir af lánunum, er ríkissjóður hefur veitt til kaupa á togurum, sem komu til landsins eftir 1949.

6. gr.

Frá 1. jan. 1957 skal greiða váttryggingariðgjöld fiskibáta þannig:

Sé úthaldstími til fiskveiða, miðað við eitt ár, 9 mánuðir eða lengri, skal greiða heilt ársiðgjald, en sé úthaldstíminn skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega.

7. gr.

Greiða skal bátaútvegsmönnum í heild úr útflutningssjóði útflutningsuppbætur, sem nema 24.45 af hundraði af fob.-verði freðfisks, saltfisks og skreiðar, sem framleitt er eftir 1. jan. 1957.

Enn fremur skal greiða bátaútvegsmönnum 24.45 af hundraði af fob.-verði útfluttra hroгна, sem framleidd eru eftir 1. jan. 1957.

8. gr.

Frá 1. jan. 1957 skulu fiskvinnslustöðvum (hraðfrystihúsum, framleiðendum saltfisks og skreiðar, niðursuðuverksmiðjum svo og fiskimjölsverksmiðjum) greiddar verðuppbætur úr útflutningssjóði, sem hér segir:

1. Greiða skal bætur úr útflutningssjóði á allan smáfisk af bátum, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlinu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda. Verðbætur þessar skulu nema 34 aurum á hvert kg miðað við slægðan fisk með haus. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er það, að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk.
2. Af útfluttum bátafiski, að undanskilinni ýsu og steinbít, 19.37% af fob.-verði.
3. Af útfluttum togarafiski:
 - a. af karfa 22.5% af fob.-verði.
 - b. af öðrum fiski 15.82% af fob.-verði.
4. Af útfluttri ýsu úr togurum og bátum 40.07% af fob.-verði.
5. Af útfluttum steinbít úr togurum og bátum 34.03% af fob.-verði.
6. Af útfluttum þunnildum, fiskimjöli og fiskroði úr bátafiski 27.74% af fob.-verði.
7. Af útfluttum hrognum 20.33% af fob.-verði.
8. Af saltfiski, fluttum af togurum til sölu erlendis, skal greiða þeim úr útflutningssjóði 15.82% af fob.-verði.

Það skilyrði er sett fyrir greiðslum útflutningssjóðs samkvæmt þessari grein, að **86** fiskvinnslustöðvar greiði útvegsmönnum báta ekki lægra verð en kr. 1.15 fyrir hvert **22. des.** kg af þorski, slægðum með haus, og tilsvarendi fyrir aðrar fisktegundir, og útgerðarmönnum togara kr. 1.07 fyrir þorsk, slægðan með haus, kr. 0.98 fyrir karfa, óslægðan, og kr. 0.82 fyrir ufsa, slægðan með haus. Enn fremur að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir ýsu úr togurum og bátum.

Enn fremur er það skilyrði sett fyrir greiðslum útflutningsuppbóta til fiskimjölsverksmiðja, að samningar hafi tekizt við fiskframleiðendur um verð á fiskúrgangi til mjölvinnslu, eða ef slíkir samningar hafa ekki tekizt, þá hlíti verksmiðjurnar þeim ákvörðunum, sem stjórn útflutningssjóðs setur um verð á fiskúrgangi.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að greiða megi úr útflutningssjóði uppbætur á aðrar útfluttar bátaafurðir og togaraafurðir en þær, sem tilgreindar eru í 7. og 8. gr. og framleiddar eru eftir 1. janúar 1957, og skulu útflutningsuppbæturnar nema tilteknum hundraðshluta af fob.-verði varanna.

10. gr.

Við gildistöku þessara laga fellur úr gildi reglugerð um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, nr. 15/1954. Þó skal Landsbanki Íslands halda áfram að gefa út A-skirteini fyrir framleiðslu ársins 1956 og áranna þar á undan eftir sömu reglum og gilt hafa. Sjóðurinn kaupir síðan með venjulegu álagi B-skirteini útgefin samkvæmt slíkum A-skirteinum. Sami háttur skal hafður á um ónotuð A-skirteini útgefin fyrir gildistöku laganna.

B-skirteini gilda ekki eftir gildistöku laganna sem innflutningsheimild. Ónotuð B-skirteini, að nokkru eða öllu leyti, skulu að ósk skirteinishafa innleyst af sjóðnum þannig, að álagsupphæðin endurgreiðist, að svo miklu leyti sem B-skirteinið hefur ekki verið notað til tollafgreiðslu.

Útflutningssjóði skal þó eigi skylt að greiða skuldbindingar þessar örar en gera má ráð fyrir, að sala B-skirteina hefði gengið.

11. gr.

Úr útflutningssjóði er heimilt að greiða hluta af verði brennsluolíu til báta, togara og fiskvinnslustöðva.

12. gr.

Að svo miklu leyti, sem tekjur framleiðslusjóðs samkvæmt lögum nr. 4/1956 hrökkva ekki til að greiða þær skuldbindingar, sem á sjóðinn hafa verið lagðar, skal greiða þær af fé útflutningssjóðs.

13. gr.

Greiða skal framleiðsluráði landbúnaðarins uppbætur á fob.-verð útfluttra landbúnaðarafurða, sem séu sambærilegar við beztu kjör, sem sjávarútvegurinn fær, þ. e. heildaruppbætur bátaafurðanna af þorskveiðum. Hagstofan skal reikna uppbæturnar og framleiðsluráðið nota fé þetta til verðuppbóta á þær landbúnaðarvörur, sem reiknaðar eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og seljast við lægra verði á erlendum markaði en nemur söluverði þeirra innanlands. Ákvæði þessi ná til þeirra landbúnaðarvara, sem framleiddar eru frá byrjun verðlagsársins 1956—57.

14. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd 1.—13. gr. laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir gjaldkræfum greiðslum úr

86 útflutningssjóði, valdsvið sjóðsstjórnarinnar og endurskoðun reikninga sjóðsins. Þá 22. des. getur ríkisstjórnin falið samtökum útvegsmanna og/eða útflytjenda að annast um ákveðna þætti í sambandi við framkvæmd laganna.

III. KAFLI

15. gr.

Bankar þeir, er selja erlendan gjaldeyri, skulu leggja 16% yfirfærslugjald á allan erlendan gjaldeyri, sem þeir láta af hendi eða nota til eigin þarfa.

Landsbanki Íslands skal sjá um framkvæmd þessarar gjaldheimtu og hafa eftirlit með því, að gjaldið sé greitt svo sem fyrir er mælt í lögum þessum og reglugerð, er sett kann að verða samkvæmt þeim. Enn fremur skal gjaldeyriseftirlit Landsbankans sjá um, að yfirfærslugjald samkv. 1. mgr. sé greitt af þeim greiðslum til útlanda, sem eigi fara beint um hendur bankanna, nema þær falli undir a- eða b-lið 16. greinar. Ríkisstjórnin getur þó undanþegið yfirfærslugjaldi nauðsynleg skipagjöld og flugvélagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti og sett þau skilyrði um það, er þurfa þykir.

Landsbankinn skal gefa mánaðarlega skýrslu til ríkisstjórnarinnar um gjaldcyrissölu bankanna og greiðslu yfirfærslugjalds af henni.

16. gr.

Undanþegnar yfirfærslugjaldi samkv. 15. gr. eru eftirtaldar gjaldeyrisgreiðslur:

- a. Til kaupa á vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá:
 - Nr. 4—6 í 10. kafla, nr. 6, 12, 22 og 23 í 11. kafla, lucernemjöl í nr. 5 í 12. kafla, nr. 12 í 23. kafla, nr. 10 í 25. kafla, nr. 1—2, 14, flugvélabenzín í nr. 15 og 17—18 í 27. kafla, nr. 1—10 í 35. kafla, nautshúðir í botnvörpur í nr. 1 í 36. kafla, nr. 2 í 39A. kafla, gúmmíbjörgunarbatár í nr. 19a í 39B. kafla, fisktrönuspírir í nr. 7 í 40. kafla, tunnuefni í nr. 21 í 40. kafla, sildartunnur í nr. 28 í 40. kafla, og nr. 47 í 40. kafla, nr. 6 í 41. kafla, nr. 11, 17 og 33 í 44. kafla, óspunnir nylonþræðir til netjagerðar í nr. 1 í 46B. kafla, einlitt netjagarn úr nylon í nr. 5 í 46B. kafla, nr. 6 í 48. kafla, nr. 2, 5, 8, 9 og 22 í 49. kafla, nr. 12, 13, 18, 19—19a og 21—22 í 50. kafla, nr. 28 og stórir jútupokar undir fiskimjöl o. þ. h. í nr. 30 í 52. kafla, nr. 15 í 60. kafla, nr. 11, 27, 85 og 92 í 63. kafla, nr. 13 í 64. kafla, nr. 6 í 66. kafla, nr. 5 í 67. kafla, málmþynnur, um útflutningsvörur, í nr. 25 í 71. kafla, nr. 3 í 75. kafla, flugvélar, sem flugfélög flytja inn til áætlunarflugs í nr. 1 í 76. kafla, fiskiskip í nr. 2—3 í 76. kafla og nr. 9 í 84. kafla.
- b. Til greiðslu á námskostnaði, sjúkrakostnaði, vinnulaunum, skipaleigum og tryggingariðgjöldum. Enn fremur skulu undanþegnar yfirfærslugjaldi færslur og vextir vegna gjaldeyrisreikninga bankanna, svo og yfirfærslur á frjálsum innstæðum erlendra aðilja í íslenskum bönkum. Sama gildir um yfirfærslur, sem tryggt er fyrir fram að verði endurgreiddar í erlendum gjaldeyri. Ríkisstjórnin skal, í samráði við Landsbankann, kveða nánar á um framkvæmd þessara atriða.

17. gr.

Bankar þeir, sem selja erlendan gjaldeyri, skulu greiða 50% af gengismun og þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Gildir einu, hvort greiðslur þessar fara fram með ábyrgðum, innheimtum eða á annan hátt.

18. gr.

Af lánum, sem bankar eða ríkissjóður hafa veitt á þann hátt, að lántakandi skal greiða afborgun og vexti miðað við sölugengi erlends gjaldeyris, skal lántakandi

greiða yfirfærslugjaldið samkv. 15. gr. laga þessara. Sama gildir, ef ríkissjóður er í 86 ábyrgð fyrir erlendu láni og verður að taka á sig greiðslur vegna vanskila lántakanda. 22. des.

19. gr.

Nú á aðili eign í erlendum gjaldeyri, og má hann þá eigi nema með leyfi Innflutningsskrifstofu ráðstafa henni til vörukaupa eða annarra greiðslna, sem háðar eru yfirfærslugjaldi. Hlutaðeigandi skal greiða 16% yfirfærslugjald af gjaldeyrisupphæð þeirri, sem honum er heimilað að ráðstafa á þann hátt, enda sé greiðslan háð yfirfærslugjaldi samkv. 15. gr. Yfirfærslugjaldið skal greitt Innflutningsskrifstofunni um leið og leyfi er afhent, og skal síðan afhenda leyfið tollyfirvaldi, þegar vara kemur til tollafgreiðslu, ef um vöruinnflutning er að ræða.

Ráðstöfun gjaldeyris með leyfi Innflutningsskrifstofunnar samkv. 1. mgr. þessarar greinar er undanþegin yfirfærslugjaldi, ef um er að ræða gjaldeyri, sem íslenskur banki hefur selt eftir gildistöku laga þessara, enda hafi tilskilið yfirfærslugjald verið innt af hendi þegar yfirfærsla fór fram.

20. gr.

Af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkvæmt b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 79/1955 eða önnur lög, er í stað þeirra koma, skal greiða sérstakt gjald, er nemi 6% af umræddri sölu og veltu.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær og velta, sem talið er í 23. gr. III. kafla laga nr. 100/1948. Skulu og ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sem í gildi eru, gilda um álagningu, innheimtu, greiðslu, viðurlög og öll önnur atriði gjalds þessa, þar með talin heimildin til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanskila.

21. gr.

Leggja skal sérstakt gjald á sölu farmiða til og frá útlöndum, sem greiddir eru í íslenskum krónum. Skal gjald þetta vera 10% af andvirði farmiðanna, enda skal slík farmiðasala vera undanþegin gjaldi samkv. 20. gr.

Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu að öllu leyti gilda ákvæði 20. gr. hér að framan.

22. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af iðgjöldum váttryggingarsamninga þeirra, er lög nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga, taka til. Gjaldið skal nema 10% af iðgjaldsfjárhæðinni og greiðast af iðgjöldum, er gjaldkræf verða eftir gildistöku laga þessara.

Iðgjöld af eftirtöldum tryggingum eru undanþegin gjaldi því, sem um ræðir í þessari grein:

- a. líftryggingum, sbr. III. kafla laga nr. 20 1954;
- b. brunatryggingum á húsum;
- c. tryggingum skipa og flugvéla ásamt venjulegum búnaði, munum skipverja og aflu fiskiskipa;
- d. búfjártryggingum.

Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu að öllu leyti gilda reglur 20. gr. hér að framan.

23. gr.

Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, eins og það er nú með viðaukum, sem felast í d-lið 1. gr. laga nr. 91/1955 eða öðrum lögum, sem í stað þeirra koma, skal innheimta með 80% álagi.

86

22. des.

24. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum. Má gjald þetta nema allt að 125% af fob.-verði hvernar bifreiðar eða bifhjóls, og innheimtir Innflutningsskrifstofan það.

Ef fob.-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat farartækjanna, að frá-dregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

Ríkisstjórnin úrskurðar, hvaða bifreiðar skulu gjaldskyldar.

25. gr.

Auk þess gjalds, sem innheimt er samkvæmt 5. gr. laga nr. 112 1950, a-lið, sbr. 1. gr. laga nr. 79 1955 eða önnur lög, er í stað þeirra koma, skal Innflutningsskrifstofan innheimta sérstakt gjald af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga. Gjald þetta skal nema 15% af leyfisfjárhæð.

26. gr.

Af vörum þeim, sem taldar eru í 27. gr., A—E-liðum, skal greiða sérstakt innflutningsgjald þegar þær eru fluttar til landsins, svo sem segir í þeirri grein. Gjaldið miðast við tollverð vöru að viðbættu yfirfærslugjaldi, aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu.

Innheimtumenn ríkissjóðs heimta gjaldið um leið og aðflutningsgjöld. Skal gjald þetta njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá og sömu reglur gilda um innheimtu þess, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum.

27. gr.

A. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 80% innflutningsgjald:

Nr. 8 í 6. kafla, nr. 5 og 7—8 í 7. kafla, nr. 4—16 og 17 í 9. kafla, nr. 2 í 16. kafla, nr. 7 í 17. kafla, nr. 3—6 í 19. kafla, nr. 1—4 og 11—12 í 20. kafla, nr. 3—5 í 21. kafla, nr. 3 í 42. kafla, nr. 6 í 46A. kafla, nr. 7 í 46B. kafla, nr. 7—9 í 47. kafla, nr. 9—11 í 48. kafla, nr. 12—15 í 49. kafla, nr. 8 í 51. kafla, nr. 22—26 í 72. kafla, nr. 37—45, 55—58, 59—62, innanhúsljósatæki í nr. 64 og útvarpstæki í nr. 84 í 73. kafla, nr. 13—14 í 75. kafla og nr. 1, 2 og 4 í 78. kafla.

Af ávöxtum, hnetum og hnetumjöli, sem teljast til nr. 1—36 í 8. kafla tollskrár, skal greiða 70% innflutningsgjald.

B. Af vörum þeim, sem taldar eru hér á eftir, greiðist 55% innflutningsgjald:

1. Vörum, sem taldar eru í 7. gr. reglugerðar nr. 15 11. febrúar 1954, um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, og síðari breytingum á henni, þó ekki vörum, sem taldar eru í A-lið þessarar greinar, og ekki vélum þeim í nr. 49 og 53 í 72. kafla, sem eru gjaldskyldar samkv. E-lið þessarar greinar.

2. Vörum, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá:

Nr. 9 í 4. kafla, nr. 5 og 14 í 5. kafla, nr. 3 í 7. kafla, nr. 19 í 11. kafla, nr. 1 í 12. kafla, nr. 2 í 19. kafla, nr. 6—8 í 21. kafla, nr. 22, 28, 39—41 í 30. kafla, nr. 1—14 og 15a í 31. kafla, nr. 45 í 40. kafla, nr. 3 í 41. kafla, nr. 6 í 42. kafla, nr. 1, 3—6, 8, 8a, 10, 10a, 12, 13—15, 20—22, 24, 26—29, 31—32, 34—36, 37—41 og 43 í 44. kafla, nr. 14, 16 og 20—22 í 45. kafla, nr. 1—5 í 56. kafla, nr. 1—3 í 57. kafla, nr. 18—19 í 60. kafla, nr. 48, 50 og 101 í 63. kafla, nr. 15 og 20 í 64. kafla, nr. 3—5, 9—10, 16—20, 22 og 24 í 71. kafla, nr. 2 og rjómaisgerðarvélur í nr. 63 í 72. kafla, nr. 67 og 69—72 í 73. kafla, nr. 1—8, 13 og 26—27 í 77. kafla, nr. 14 í 79. kafla og nr. 1 og 3 í 85. kafla.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja tilteknar vörur, sem taldar eru undir A- og B-liðum hér að framan, á sérstakan innflutningslista. Af vöru, sem á þennan lista er sett, skal greiða 55% innflutningsgjald, ef hún fellur undir A-lið, en 35% innflutningsgjald, ef hún telst til B-liðs.

C. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 35% innflutningsgjald:

1. Búsáhöld, sem í tollskrá teljast til nr. 58 í 40. kafla, nr. 44 í 44. kafla, nr. 29 í 58. kafla, nr. 9 og 12 í 59. kafla, nr. 20 og 21 í 60. kafla, nr. 83 í 63. kafla, nr. 23 í 64. kafla, nr. 5 í 65. kafla, nr. 9 í 66. kafla, nr. 7 í 67. kafla, nr. 6 í 68. kafla, nr. 6 í 69. kafla, nr. 3 í 70. kafla, nr. 2, 2a og 7 í 71. kafla og nr. 6—7 í 72. kafla.

2. Smíðatól og verkfæri, sem í tollskrá teljast til nr. 33 og 35 í 40. kafla, nr. 9—13 í 58. kafla, nr. 67 og 71—80 í 63. kafla, nr. 21—22 í 64. kafla, nr. 11 í 66. kafla og nr. 6 í 71. kafla.

D. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 8% innflutningsgjald:

Nr. 17 í 25. kafla, nr. 1—4 í 40. kafla, nr. 15—18 í 48. kafla, nr. 6—8 í 54. kafla, nr. 6 í 63. kafla og miðstöðvarofnar og miðstöðvarkatlar í nr. 57—58 í 63. kafla.

E. Af öðrum innfluttum vörum skal greiða 11% innflutningsgjald. Undanþegnar gjaldi samkvæmt þessum staflíð eru:

1. Vörur, sem taldar eru í A—D-liðum hér á undan.

2. Vörur, sem undanþegnar eru yfirfærslugjaldi samkvæmt a-lið 16. gr.

3. Vörur, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá:

Nr. 1 og 2 í 9. kafla, nr. 1—3 í 10. kafla, nr. 1—5, 7—12, 15 og 20 í 11. kafla, nr. 10 í 12. kafla, nr. 10, 14, 15 og 17 í 15. kafla, nr. 1—2 í 17. kafla, nr. 6 í 32. kafla, nr. 5 í 42. kafla, nr. 3 í 45. kafla, nr. 26a í 63. kafla, nr. 10—21 í 72. kafla, nr. 78 í 73. kafla, aðrar flugvélar en áætlunarflugvélar flugfélaga í nr. 1 í 76. kafla, nr. 4 í 76. kafla og radartæki, dýptarmælar og fisksjár í nr. 16 í 77. kafla.

4. Vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaga.

Af vélum, sem settar eru í íslensk skip erlendis, skal greiða jafnhá gjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé ekki um nýbyggingu að ræða. Endurgreiða má þó yfirfærslugjald af slíkum vélum svo sem segir í 28. gr.

28. gr.

Endurgreiða skal yfirfærslugjald samkv. 15. gr. af vélum í fiskibáta, sem teljast til nr. 30 í 72. kafla tollskrár. Sama gildir um vélar til rafstöðva á sveitabæjum, sem teljast til sama tollskrárákvæðis. Ef um bátavél er að ræða, skal fylgja endurgreiðslubeiðni vottorð Fiskifélags Íslands um, að vélin hafi verið sett í fiskibát. Endurgreiðslubeiðni um aflvél til rafstöðvar skal fylgja vottorð Rafmagnseftirlits ríkisins um, að vélin hafi verið notuð sem aflvél við raflýsingu á sveitabæ.

Auk þess, sem hér að framan greinir, er heimilt að endurgreiða yfirfærslugjald samkv. 15. gr. og innflutningsgjald í þeim tilvikum, sem heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld samkv. lögum um tollskrá. Enn fremur er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald samkv. þessum lögum, að einhverju eða öllu leyti, af pappa, er telst til nr. 8 og 10a í 44. kafla tollskrár, ef hann er notaður í umbúðir um nauðsynjavörur, sem og af umbúðum um slíkar vörur, sbr. nr. 28 og 29 í 44. kafla tollskrár. Ríkisstjórninni er einnig heimilt að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugetar, sem teljast til nr. 13b í 31. kafla tollskrár.

86

22. des.

Gjald samkv. 27. gr. skal greiða af öllum vörum, sem tollafgreiddar eru eftir gildistöku laganna. Nú stendur svo á sem segir í 1. tölulið 2. mgr. 19. gr. tollskrárlaga, og skal þá eigi innheimta gjöld samkvæmt þessum lögum, ef vara er tollafgreidd og aðflutningsgjöld greidd innan 6 virkra daga frá því að lög þessi öðlast gildi.

Ef tollfyrvald hefur, áður en lög þessi öðlast gildi, afhent eða leyft að afhenda vöru til viðtakanda gegn tryggingu, sbr. 15. gr. tollskrárlaga, skal eigi heimta gjöld samkv. lögum þessum af þeim vörum. Skyld er tollfyrvaldi að senda verðlagsstjóra skrá um slíkar vörur.

30. gr.

Nú koma til tollafgreiðslu eftir gildistöku laganna vörur, sem háðar eru yfirfærslugjaldi samkv. 15. gr., en vörur þessar eru greiddar áður en lög þessi öðlast gildi, og skal þá innheimta 16% yfirfærslugjald af fob.-verði þeirra, þegar þær eru tollafgreiddar. Þetta á þó eigi við um þær vörur, sem undanþágu njóta samkv. næstu grein hér á undan.

31. gr.

Af gjöldum þeim, sem innheimt eru samkv. þessum kafla laganna, skulu 80% renna til útflutningssjóðs og 20% til ríkissjóðs.

Skulu aðilar þeir, er innheimta gjöldin, skila þeim mánaðarlega til útflutningssjóðs og ríkissjóðs, svo sem kveðið er á í 1. mgr. þessarar greinar.

32. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort vara sé gjaldskyld samkv. ákvæðum 27. gr. eða í hvern gjaldflokk hún skuli koma, og sker þá ríkisstjórnin úr. Er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

Sama gildir, ef ágreiningur verður um greiðslu yfirfærslugjalds samkv. 15. gr.

IV. KAFLI

33. gr.

Eigi mega heilðsöluverðanir, smásöluverðanir eða iðnfyrirtæki hækka söluverð á vörum, sem fluttar hafa verið til landsins áður en ákvæði laga þessara koma til framkvæmda. Enn fremur er bannað að hækka verð á vörum, sem framleiddar hafa verið innanlands fyrir gildistöku laganna. Aðrar vörur og þjónusta má eigi hækka í verði næstu 3 mánuði eftir gildistöku laganna, nema samþykki Innflutningsskrifstofunnar komi til. Ákvæði síðasta málsli. taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru eftir sérstökum lögum, né vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

34. gr.

Í stað verðgæzlustjóra, sem skipaður er samkvæmt lögum nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, skipar ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, verðlagsstjóra. Jafnframt er lögð niður nefnd sú, sem skipuð var samkvæmt 2. gr. laganna. En verðlagsstjóri skal leita samvinnu við verkalýðsfélög eða önnur hagsmunasamtök neytenda viðs vegar um landið til að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit.

Verðlagsstjóri og þeir aðrir aðilar, sem fara með verðlagsákvæðanir og verðlagseftirlit, mega ekki hafa persónulegra hagsmuna að gæta á neinum þeim sviðum viðskipta eða þjónustu, er háð er verðlagseftirliti.

35. gr.

86

Stjórn Innflutningsskrifstofunnar fer með verðlagsákvarðanir að fengnum tillögum verðlagsstjóra. Innflutningsskrifstofan getur fyrirskipað að verðmerkja vörur, festa upp verðskrár í verzlunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hún telur auðveldu viðskipti og eftirlit með verðlagi.

Dómsmálaráðherra skipar meðdómendur í verðlagsdóm að fengnum tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Að öðru leyti halda ákvæði laga nr. 35/1950 með áorðnum breytingum gildi sínu.

V. KAFLI

36. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 28. febrúar 1957 skal greiða verðlagsuppbót á kaupgjald og laun samkvæmt kaupgjaldsvísitölu 168 að viðbættum 10 stigum. Eftir það skal ákveða vísitölu þá, sem verðlagsuppbót er greidd eftir, á þann hátt, er nú skal greina, fyrir 3 mánuði í senn: Á tímabilinu 1. marz til 31. maí 1957 skal greiða verðlagsuppbót eftir vísitölu 178 að viðbætti eða fráðreginni þeirri stigatölu, sem vísitala framfærslukostnaðar 1. febrúar 1957 er hærri eða lægri en 186 stig. Frá 1. júní, 1. september og 1. desember 1957, og framvegis, skal á sama hátt greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 178 að viðbætti eða fráðreginni þeirri stigatölu, sem vísitala framfærslukostnaðar 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember, og framvegis, er hærri eða lægri en 186 stig. Sömu verðlagsuppbót skal greiða á allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu.

Verðgrundvöllur landbúnaðarvara fyrir tímabilið 1. september til 31. desember 1956 (sbr. 2. gr. laga nr. 64/1956, um festingu verðlags og kaupgjalds, og II. kafla laga nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.) skal gilda til 31. ágúst 1957.

37. gr.

Þar sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum, er átt við ríkisstjórnina í heild.

38. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga með reglugerð eða á annan hátt.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500000 krónum, nema þingri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennta hegningarlaga skal vera heimil.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 4 1956, um framleiðslusjóð. Ákvæði þeirra laga gilda þó um vörur, sem tollafgreiddar eru samkvæmt 2. másl. 1. málsgr. 29. gr. þessara laga.

86 Enn fremur gilda ákvæði laga um framleiðslusjóð til 1. jan. 1957 um gjöld
22. des. þau, sem ákveðin eru í 2. tölul. 13. gr. þeirra laga og 16. gr. sömu laga. Koma því
ákvæði 20. gr. og 23. gr. þessara laga eigi til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1957.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

87
6. des.

AUGLÝSING

um fullgildingu viðbótarbókunar við alþjóðasamning um verndun
fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi.

Hinn 23. nóvember 1956 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent fullgild-
ingarskjal, undirritað af forseta Íslands, að viðbótarbókun við alþjóðasamning um
verndun fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi (Protocol to the International Conven-
tion for the Northwest Atlantic Fisheries), sbr. auglýsingu 26/1950. Viðbótarbókun
þessi var undirrituð fyrir Íslands hönd í Washington hinn 9. júlí 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 6. desember 1956.

Guðmundur Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

88
17. okt.

um niðurfelling á breytingu, er gerð var 3. ágúst þ. á., á forsetaúrskurði frá 24. júlí 1956, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands felld breytingu þá, sem gerð var 3. ágúst 1956 á forsetaúrskurði frá 24. júlí þ. á., um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., þar sem Emil Jónsson, ráðherra, var í forföllum Guðmundar Í. Guðmundssonar, ráðherra, falið að fara með þau mál, sem Guðmundi Í. Guðmundssyni voru þar falin. Fer Guðmundur Í. Guðmundsson, ráðherra, því aftur með þau mál, sem honum voru falin með forsetaúrskurði frá 24. júlí 1956.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 17. október 1956.

Hermann Jónasson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

89
20. des.

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Ítalíu.

Hinn 10. desember 1956 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Ítalíu, sem gildir í eitt ár frá 1. nóvember 1956.

Samkvæmt samkomulaginu mun íslenska ríkisstjórnin heimila innflutning fyrir tiltekna upphæðir á ýmsum ítölskum vörum, svo sem eplum, vefnaðarvöru, vélum, rafbúnaði, jarðstrengjum, rafmagnsvírum, bifreiðum, hjólbörðum og gólfduík. Í Ítalíu er innflutningur algerlega frjálst á saltfiski, skreið og öðrum útflutnings-afurðum Íslendinga og þurfti því ekki að semja um innflutningsheimild ítalskra stjórnarvalda fyrir íslenskar afurðir.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 20. desember 1956.

Guðmundur Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

90
22. des.

um vináttusamning milli Íslands og Íran.

Hinn 15. júlí 1950 var undirritaður í Stokkhólmi vináttusamningur milli Íslands og Íran. Skipzt var á fullgildingarskjölum í Stokkhólmi 27. nóvember s. l. Samningurinn gengur því í gildi, samkvæmt 5. gr. hans, hinn 12. desember 1956.

Þetta er hér með gerð almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 22. desember 1956.

Guðmundur Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

37

91

27. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1957.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1957 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

92

27. des.

L Ö G

um að banna hnefaleika.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bönnuð er öll keppni eða sýning á hnefaleik. Enn fremur er bannað að kenna hnefaleik.

2. gr.

Bönnuð er sala og notkun hnefaleikaglófa og annarra tækja, sem ætluð eru til þjálfunar hnefaleikara. Í reglugerð skal ákveða, hvernig fara skuli með slík tæki, sem nú eru til í landinu.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal varða sektum allt að 10000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

L Ö G

93

27. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1957 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1957 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

94

27. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera fyrir hönd ríkissjóðs samninga um kaup og smíði allt að 15 togara og selja þá við kostnaðarverði eða ráðstafa til útgerðar að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, er skipuð var með bréfi ríkisstjórnarinnar 5. sept. 1956, og eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

94

27. des.

2. gr.

Til togarakaupa samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán allt að kr. 150 000 000.00 — eitt hundrað og fimmtíu milljónum króna — í erlendum gjaldeyri og endurlána það kaupendum togaranna með sömu kjörum og lánið er tekið með erlendis. Má endurlána allt að 85% — áttatíu og fimm af hundraði — af andvirði hvers skips gegn 1. veðrétti í skipinu, sbr. þó 3. gr.

Heimilt er að bjóða út smíði 1—2 þessara togara innanlands og láta smíða þá í landinu, ef byggingarkostnaður þeirra telst viðunandi.

3. gr.

Tillögur atvinnutækjanefndar skulu gerðar með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ríkissjóði er, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., heimilt að endurlána allt að 90% af verði skips, sem keypt er til bæjar eða kauptúns, þar sem brýn þörf er á að auka atvinnu á staðnum, og skal það einkum gert til kaupa á togurum, sem skráðir verða og gerðir út á Vestur-, Norður- og Austurlandi.

4. gr.

Ríkisstjórninni er, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, heimilt að setja á stofn ríkisútgerð togara í því skyni, að þeir leggi afla sinn á land í þeim bæjum og kauptúnum, einkum á Vestur-, Norður- og Austurlandi, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé talið, að skortur á atvinnu á þeim stöðum hamli eðlilegum vexti þeirra. Um ríkisútgerðina fer að öðru leyti eftir lögum um ríkisútgerð togara.

5. gr.

Auk þeirra 15 togara, sem kveðið er á um í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að gera fyrir hönd ríkissjóðs samninga um kaup og smíði allt að sex 150—250 tonna fiskiskipa og taka til þess lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 15 000 000.00 — fimmtán milljónum króna. Um fiskiskip samkvæmt þessari grein gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á. Heimilt er að endurlána allt að 80% — áttatíu af hundraði — af andvirði hvers skips.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

95
27. des.

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1957 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
2. Bifreiðaskattur samkvæmt c.—e.-liðum 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 fyrir árið 1956, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1957, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1957, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
3. Á árinu 1957 skal innheimta af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 6 — sex — krónur í innflutningsgjald af hverju kg. Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

96
27. des.

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1957 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

96

27. des.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsbóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, skal ekki greiða söluskatt, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.

b. Greiða skal 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsbóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

97
27. des.

um breyting á lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir
Samband íslenzkra berklasjúklinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

a-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr sextíu og fimm þúsundum. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. janúar ár hvert og síðan 5. hvers mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 1. gr. laga nr. 76 26. nóv. 1952.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

98
27. des.

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1957 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:

- a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
- b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

Á árinu 1957 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og hækkunum samkvæmt þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tollefirlit, frestað til ársloka 1957.

98

2. gr.

27. des. Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	— — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikja-samninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1957 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

- Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

99

L Ö G

27. des.

um framlenging á eignarskattsviðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954 um álag á eignarskatt skulu gilda við álagningu og innheimtu eignarskatts árið 1957.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

100

27. des.

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1957.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til 28. febrúar 1957 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1956, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

AUGLÝSING

101

28. des.

um framlengingu á viðskipta- og greiðslusamningi milli Íslands og Rúmeníu.

Hinn 20. nóvember 1956 var undirritað í Búkarest samkomulag um framlengingu á viðskipta- og greiðslusamningi Íslands og Rúmeníu frá 13. apríl 1954 (Stj.tíð., A. 74 1954) óbreyttum til ársloka 1957. Jafnframt framlengist samningurinn um eitt ár í senn, nema annar hvor samningsaðilinn segi honum upp þrem mánuðum áður en gildistími er útrunninn.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. desember 1956.

Guðmundur Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

